Nýir tímar

Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta

Verkefnasafn

Gunnar Karlsson
Sigurður Ragnarsson

Netútgáfa
Mál og menning
Reykjavík 2007

Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta.
Verkefnasafn

Netútgáfa
Mál og menning
Reykjavík, 2007

© Höfundar (sbr. nánari upplýsingar um hlut hvors höfundar fyrir sig í *Nýjum tímum*, bls. 4): Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson.

Verkefnasafnið fylgir bókinni *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta.* Það er til afnota fyrir kennara og nemendur og aðra þá sem nota bókina.

Um verkið gildir hefðbundinn höfundarréttur og því er óheimilt að fjölfalda það eða dreifa því, að hluta eða í heild, í öðru skyni en til notkunar með bókinni *Nýir tímar.*

I. DRAUMAR UM BETRA LÍF

I.2 : Napóleonsöldin

Athugunarefni í texta

°1. Taktu saman annál yfir ævi og feril Napóleons.
°2. Hvaða viðfangsefni einkenndu einkum valdaskeið Napóleons sem fyrsta ræðismanns?
°3. Hvað einkenndi einkum tíma hans á keisarastóli?
°4. Glöggvaðu þig á því hvernig veldi Napóleons var uppbyggt þegar hann stóð á hátindi valda sinna.
°5. Hvernig hafa menn viljað skýra hversu sigursæll Napóleon lengst af var á vígvöllunum?

Umræðuefni

#1. Tengsl Napóleons við frönsku byltinguna og arfleifð hennar eru ekki einföld. Hann hefur ýmist verið kallaður sonur hennar og sáðmaður eða líkmaður hennar og grafari. Hvernig má réttlæta eða rökstyðja einkunnir og umsagnir af þessu tagi?
Viðbótarlesning:
Sverrir Kristjánsson. „Franska byltingin og Napóleon“. *Andvari* 1970.
#2. Hvers vegna skyldi Jósef Göbbels, áróðursmeistari Hitlers, hafa lagt blátt bann við að nefna Napóleon á nafn í blöðum og útvarpi í Þýskalandi veturinn 1941–42? Geturðu ímyndað þér annan evrópskan herkonung í sams konar banni á þeim tíma?
#3. Veltu fyrir þér samspili byltingar- og Napóleonsstyrjaldanna við tilurð og útbreiðslu þjóðernishyggju í Evrópu.

Heimildaverkefni

*1. Lögbók Napóleons (Code Napoleon) hafði mikil áhrif á sinni tíð. Á það jafnt við um Frakkland sem ýmis önnur lönd Evrópu. Rannsakaðu ákvæði hennar á einhverju afmörkuðu sviði, til dæmis um réttarstöðu kvenna miðað við karla.
*2. Taktu saman fyrirlestur um Rússlandsherferð Napóleons og afleiðingar hennar fyrir stöðu hans.
Heimildir:
Jón Guðnason. *Mannkynssaga 1789–1848*, bls. 83–105, einkum þó bls. 93 o.áfr. Reykjavík, 1960.
Leonard Cooper. *Í heljarklóm rússneska vetrarins*. Þrjár sögulegar innrásir, bls. 81–178. Reykjavík, 1972.
Kåre Tønnesson. *Saga mannkyns. Byltingatímar 1750–1815*, bls. 249–53. Reykjavík 1987.

Afburðamenn og örlagavaldar. Æviþættir 20 mikilmenna sögunnar (þáttur um Napóleon).
Jón R. Hjálmarsson. *Af spjöldum sögunnar.* 22 þættir um fræga menn og mikla atburði (þáttur um Napóleon).

Auk þess er bent á þann möguleika að leita heimilda á netinu.

I.3 : Stjórnmál austan hafs og vestan

Athugunarefni í texta
°1. Hvaða aðilar voru áhrifamestir á Vínarfundinum?
°2. Hvers konar skipan komst á í Þýskalandi eftir 1815?
°3. Berðu saman aðstæður í nyrðri og syðri nýlendum Englendinga vestanhafs.
°4. Gerðu yfirlit yfir þau óánægjuefni sem leiddu til uppreisnar í nýlendum Englendinga vestanhafs.
°5. Hvert er inntak valdgreiningarkenningarinnar og hver er höfundur hennar?
°6. Hvernig er háttað valdaskiptingunni milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins skv. stjórnarskrá Bandaríkjanna og hvernig hlýtur hver þeirra um sig umboð sitt?
°7. Hvert er inntak Monroekenningarinnar og hvert var tilefni þess að hún var sett fram?
°8. Hvers vegna voru Englendingar andvígir stuðningi bandalagsins helga við Spánarkonung í viðleitni hans að endurheimta yfirráðin yfir nýlendum Spánverja vestan hafs?

Umræðuefni
#1. Hvaða viðhorf og sjónarmið voru efst í huga þeirra sem mestu réðu um niðurstöður Vínarfundarins?
#2. Hvernig er háttað möguleikum einstakra aðila í stjórnkerfi Bandaríkjanna til að tempra eða jafnvel stöðva ákvarðanir annarra handhafa ríkisvaldsins?
#3. Hvað olli því að þrjú stórveldi Evrópu, Rússland, England og Frakkland, komu til liðs við Grikki í frelsisstríði þeirra, þótt uppreisn Grikkja stríddi augljóslega gegn ríkjandi viðhorfum á Vínarfundinum og græfi undan þeirri skipan sem þar var ákveðin?

Heimildaverkefni
*1. Kynntu þér efni og inntak sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna á grundvelli eftirfarandi texta.

Útdráttur úr sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna

Sjálfstæðisyfirlýsingin var samþykkt hinn 4. júlí árið 1776.

Við teljum eftirfarandi augljósan sannleika: Að allir menn eru skapaðir jafnir, að skaparinn hefur gætt þá réttindum sem ekki verða frá þeim tekin og að þar á meðal eru rétturinn til lífs, frelsis og til að leita sér farsældar. Að til tryggingar þessum réttindum stofna menn með sér landsstjórnir, og helgast umboð þeirra til stjórnar af samþykki þegnanna. Hagi landsstjórnarmenn störfum sínum á þann veg að fari í bága við áðurgreind markmið, er þjóðinni rétt að setja slíka valdsmenn af og koma á nýrri stjórnskipan á þeim grunni og í þeirri mynd sem vænlegust er talin til að tryggja hagsæld og hamingju. Að vísu er hyggilegt að umbreyta ekki gamalgróinni landsstjórn fyrir dægurmál eða vegna mála er litlu varða. Reynslan sýnir að mönnum er tamara að þrauka meðan þolanlegt má teljast en taka sér þann rétt að breyta skipan sem þeir hafa vanist. En þegar hvort rekur annað að staðaldri, rangsleitni og yfirgangur, og engum fær dulist tilgangurinn, að brjóta menn til hlýðni við harðstjórn og einræði, þá er þeim í senn rétt og skylt að létta af sér slíkri landsstjórn og finna önnur meðul til að tryggja öryggi sitt til frambúðar. Íbúar þessara nýlendna hafa lengi þraukað við þjáningar, en nú er orðið óhjákvæmilegt fyrir þær að breyta þeirri stjórn sem þær hafa búið við. Saga núverandi Bretakonungs er saga endurtekinna lögbrota og ofbeldis, og allar hafa aðgerðir hans beinlínis miðað að því að leggja ríkin okkar undir hreina harðstjórn. Þessu til staðfestingar leggjum við fram sannanir sem umheimurinn getur metið á hlutlægan hátt: Bretakonungur hefur haldið úti föstum her í landi okkar á friðartímum án þess að löggjafarsamkundur einstakra ríkja hafi lagt blessun sína yfir það. Hann hefur bundist samtökum við óviðkomandi aðila (þ.e. breska þingið) til að þröngva upp á okkur löggjöf sem samræmist ekki stjórnskipan okkar og brýtur í bága við gildandi lög hérlendis, og þessa löggjöf sem svo kallast, hefur hann staðfest með undirskrift sinni. Hann hefur í raun sagt sig frá stjórn nýlendnanna þrettán með þeirri yfirlýsingu sinni að þær njóti ekki lengur verndar hans og með því að heyja stríð gegn þeim. (...) Sem fulltrúar Bandaríkja Norður-Ameríku lýsum við því yfir sjálfstæði nýlendnanna þrettán, enda stendur réttur þeirra ótvírætt til frelsis og sjálfstæðis. Jafnframt lýsum við yfir að þær eru óbundnar af hvers konar trúnaði gagnvart bresku krúnunni og öllum stjórnmálatengslum þeirra við Bretland er slitið að fullu. ...

Athugunarefni

1. Hvernig birtast grundvallarhugmyndir stjórnmálaheimspekinga upplýsingarinnar í sjálfstæðisyfirlýsingunni?

*2. Hvaða sýn á stjórn Spánverja í Rómönsku Ameríku kemur fram í eftirfarandi texta?

Frelsishetjan Simon Bolivar varð að flýja til Jamaica og dveljast þar um hríð, svo að spænska lögreglan handsamaði hann ekki. Þar samdi hann bréf, sem ætlað var að hafa áhrif á almenningsálitið í Bretlandi, svo að líkur ykjust á því að Bretar styddu uppreisn og frelsisbaráttu nýlendubúa gegn Spánverjum.

Tengslin milli Ameríku og Spánar hafa rofnað. Hatur okkar í garð Spánverja er dýpra en úthafið sem aðskilur okkur. – Hvernig má það vera? – Til skamms tíma sóttum við nánast allt til Spánar: hlýðnisafstöðuna, hagsmunasamstöðu, sömu trú og viðhorf, gagnkvæmt dálæti og samstöðu um að halda á lofti frægðarverkum forfeðranna. Af þessu spratt trúnaður, sem virtist mundu verða ævarandi. (...) En nú er öldin önnur: Okkur er hótað dauða, og við lifum í skugga dauðans, vansæmdar og alls þess sem illt má kalla. Þær hremmingar eru naumast til, sem við höfum ekki mátt sæta af hendi stjúpu okkar – Spánar. Við brutum af okkur hlekkina, og erum nú frjálsir menn, en þá reynir óvinur okkar að hreppa okkur í þrældóm að nýju.

Íbúar Ameríku hafa um aldaraðir verið algerlega áhrifalausir í stjórnmálum. Þeir voru ekki til þegar stjórnmál voru annars vegar. Hlutskipti okkar er enn verra en þrælsins og því er það svo torsótt fyrir okkur að öðlast frelsi og njóta þess. Ríki og mannfólk sæta undirokun ýmist með því að stjórnvöld misbeita valdi sínu eða vegna einhverra eiginleika sinna. (...) Við höfum verið ofurseld stjórn, sem hefur ekki bara svipt okkur öllum réttindum, heldur litið svo á að við ættum að vera ómyndug um aldur og ævi, þegar stjórnarmálefni eru annars vegar. Það var ekki einu sinni svo vel að við fengjum íhlutunarrétt um sveitarstjórnarmál, svo að við gætum fengið innsýn í hvernig stjórnkerfi starfa. Þá hefði sjálfsmynd okkar styrkst og við fyrir vikið áunnið okkur virðingu almennings, en hún gegnir miklu hlutverki á byltingartímum.

Eins og stjórn Spánverja er nú háttað hér um slóðir, er þjóðfélagsstaða Ameríkumanna engu betri en staða þræls sem ekki er lengur vinnufær. Já, ástand mála nú er kannski verra en nokkru sinni fyrr. En þó er

ekki nema hálf sagan sögð. Við þessar aðstæður eru Ameríkumenn reyrðir í viðjar hvimleiðustu boða og banna: Það er bannað að rækta evrópskar korntegundir, einokunarfyrirtæki konungs eru yfir og allt um kring og það er bannað að koma á fót iðnaði, jafnvel þótt sambærilegur iðnaður fyrirfinnist ekki á Spáni. Þessu til viðbótar koma svo sértæk verslunarfríðindi Spánverja, sem jafnvel taka til verslunar með nauðsynjavöru, og sú staðreynd að landamærin milli einstakra spænskra nýlendna í Ameríku eru lokuð til að koma í veg fyrir verslun, samgang og hugmyndastreymi. – Á ég að fræða ykkur um það hvers konar framtíð okkur er ætluð? Jú, við eigum einfaldlega að rækta indígó, maís, kaffi, sykurreyr, baðmull og kakó, ala kvikfé á sléttunum stóru, veiða villibráð í skógunum og grafa gull úr jörðu til að setja í þá óseðjandi peningahít sem Spánn er.

Það hefur aðeins gerst í algerum undantekningartilvikum að heimamenn gegndu embættum varakonungs eða landstjóra, sárafáir úr okkar röðum hafa verið erkibiskupar eða biskupar og enginn okkar hefur komist í utanríkisþjónustuna. Í hernum náðum við ekki lengra en að verða liðsforingjar af lágri tignargráðu ... Í stuttu máli sagt gátum við þar að auki hvorki orðið embættismenn né stjórnendur lánastofnana, sárasjaldan kaupmenn, enda taldist slíkt lögbrot samkvæmt gildandi lögum. (...)

Þeir sem fæddir eru í Ameríku hafa ekki notið lögbundinna réttinda sinna, því að lög Karls keisara 5. um réttindi nýlendubúa hafa verið þverbrotin. Þegar herir Frakka steyptu af stóli duglausri ríkisstjórn Spánar, má segja að við höfum orðið munaðarleysingjar. Erlendir valdsmenn höfðu lengi látið okkur finna fyrir duttlungum sínum. Nú átti að tæla okkur með fyrirheitum um að forn réttindi okkar skyldu í heiðri höfð og það var smjaðrað fyrir okkur með loforðum sem alltaf stóð til að svíkja. Við bárum í brjósti ugg um framtíðina; stjórnleysi vofði yfir, því að ekki var til staðar nein lögmæt, réttsýn og frjálslynd stjórn. Því sigldum við að lokum inn í öngþveiti byltingarinnar. ...

Heimild
Frá *Natur och Kultur: Revolutionernas tid* I, 1776–1914. Uppsala, 1974.

I.4 : Stjórnmálastefnur: Íhald, frjálslyndi, lýðræði

Athugunarefni í kafla

°1. Hverjir voru hugmyndafræðilegir frumkvöðlar íhaldsstefnu, frjálslyndisstefnu og lýðræðis í stjórnmálum?
°2. Hverjar voru megináherslur í efnahags- og atvinnustefnu frjálslyndra á fyrri hluta 19. aldar?
°3. Taktu saman stutta greinargerð um afstöðu frjálslyndra til stjórnarfars og stjórnmálaréttinda almennings á fyrri hluta 19. aldar.
°4. Hver var arfleifð jakobínismans í evrópskum stjórnmálum og hvað varð um hann?
°5. Greindu helstu áfanga í þróun breskra stjórnmála í lýðræðisátt fram um 1870.
°6. Taktu saman stutt yfirlit um aðdraganda og atburði júlíbyltingarinnar í Frakklandi 1830. Hvernig reiddi af byltingum í öðrum löndum sem kviknuðu í kjölfar hennar?

Umræðuefni

#1. Hvers vegna skyldi Edmund Burke hafa verið jafngagnrýninn á frönsku byltinguna og raun ber vitni?
#2. Rýndu í þær breytingar sem urðu á stéttagrundvelli og kjósendahópi íhaldsflokka og frjálslyndra flokka á síðasta fjórðungi 19. aldar. Athugaðu í framhaldi af því hvaða áhrif þessar breytingar höfðu á stjórnmálaafstöðu þessara flokka. Hvernig viltu skýra þá ummyndun sem þarna varð?

Heimildaverkefni

*1. Hér fer á eftir stuttur kafli úr ritinu *Auðlegð þjóðanna* eftir Adam Smith. Kynntu þér efni kaflans og taktu síðan til skoðunar þau athugunarefni sem fram eru borin að honum loknum.

Adam Smith um lögmál markaðarins

Eftirfarandi kafli er tekinn úr ritinu *Auðlegð þjóðanna* (1776).

> Gerum ráð fyrir að um sé að ræða 100 hanskaframleiðendur. Allir kysu þeir helst að hækka verð á framleiðslu sinni til að tryggja sér viðbótargróða.
>
> Það er hins vegar ekki framkvæmanlegt.
>
> Ef einhverjir skerast úr leik og hækka ekki verðið fá þeir viðskiptavinina til sín, því að þeir bjóða hagstæðasta verðið.
>
> Áformið um verðhækkun í gróðaskyni gengi því aðeins upp, að allir framleiðendurnir sammæltust um sömu verðhækkun. Slíkt ástand mundi þó einungis vara skamma hríð, uns t.d. einhver skósmiður fengi þá hugmynd að hefja framleiðslu á hönskum og seldi þá við eins lágu verði og honum væri unnt. Ef það gerðist næði hann flestum viðskiptavinunum til sín.
>
> Þannig sjá markaðslögmálin um að verðlag vöru og þjónustu sé ekki hærra en sem svo að jafngildi tilkostnaði að viðbættum eðlilegum gróða.
>
> Markaðslögmálin tryggja einnig að hæfilegt framboð sé á hvers konar varningi. Sem dæmi má hugsa sér að neytendur vildu meira framboð á hönskum, en hefðu ekki að sama skapi áhuga á að eignast stöðugt nýja skó. Þá mundi fólk verja meira fé til að kaupa hanska, en skósala væri dræm. Ef ónógt framboð væri á hönskum, hækkaði verð á þeim sjálfkrafa vegna hinnar miklu eftirspurnar. Á hinn bóginn færi verð á skóm lækkandi, því að eftirspurn væri lítil.
>
> Þegar verð á hönskum hækkar, eykst líka gróðinn. Ábatinn af því að framleiða skó færi á hinn bóginn minnkandi. Þetta færi varla lengi framhjá hanskaframleiðendunum, og þeir mundu ráða fleira fólk til starfa, og fleiri hanskagerðarmenn hygðu að eigin rekstri.
>
> Margir skósmiðir yrðu aftur á móti atvinnulausir, því að skóframleiðsla gæfi of lítið í aðra hönd. Þannig sæju markaðslögmálin sjálfkrafa til þess að framleiðsla á hönskum yrði aukin og dregin saman á skóm – í fullu samræmi við óskir neytenda.
>
> Það er þetta samhengi sem kallast *lögmál framboðs og eftirspurnar*. Það sýnist einfalt, en varpar ljósi á margt:
>
> Í fyrsta lagi skýrir það hvers vegna einkaframtakið ber ætíð niður þar sem það á sama tíma þjónar hagsmunum heildarinnar.
>
> Í annan stað skýrir það hvernig neytendur sjá sjálfkrafa til þess að framleiddar séu þær vörur sem þeir þarfnast.
>
> Í þriðja lagi sýnir það að hátt verðlag er sjúkdómur sem læknast sjálfkrafa.
>
> Fyrir það fjórða segir það okkur hvers vegna gróðinn verður alltaf viðlíka mikill í flestum atvinnugreinum.
>
> Allt gerist þetta sjálfkrafa, ef allir sjá markaðinn til friðs og láta vera að grípa með truflandi hætti inn í það sem þar gerist.

Athugunarefni

1. Hvað á Adam Smith við með „lögmálum um framboð og eftirspurn“?
2. Hvaða viðhorf hefur Adam Smith til hlutverks ríkisvaldsins á sviði efnahagsmála?
3. Hvernig líta menn á hugmyndir hans nú á dögum?

Bent skal á að rit Adams Smiths, *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóðanna,* kom út í íslenskri þýðingu árið 1997.

*2. Farðu vandlega gegnum texta mannréttindayfirlýsingar frönsku byltingarinnar og reyndu í framhaldinu að glöggva þig á því hvernig grundvallaratriðum hennar og áherslum reiddi af í pólitískum ólgusjó 19. aldar.

Mannréttindayfirlýsing frönsku byltingarinnar
Hún var samþykkt í ágúst 1789 og myndaði síðan innganginn að stjórnarskrá þeirri sem Frakkar settu sér árið 1791.

1. Menn eru bornir í þennan heim frjálsir og jafnir að réttindum og skulu vera það upp frá því.
2. Öll stjórnmálaleg samtök miða að því að varðveita þau náttúrlegu réttindi manna sem eigi verða af hendi látin. Þessi réttindi eru frelsi eignarréttur, friðhelgi fyrir kúgun og réttur til uppreisnar gegn harðstjórn.
3. Öll stjórnvöld verða eðli málsins samkvæmt að sækja umboð sitt til þjóðarinnar.
4. Frelsi felst í því að mega aðhafast allt það sem ekki veldur öðrum skaða. Möguleikar sérhvers manns til að njóta náttúrlegra réttinda sinna takmarkast því einungis við það að aðrir þjóðfélagsþegnar geti orðið hins sama aðnjótandi. Takmarkanir þær sem hér um ræðir verður að ákvarða með lagaboði.
5. Einungis má banna með lögum þær athafnir manna sem skaðvænar eru þjóðfélaginu. Ekki má leggja hömlur á athafnir sem samrýmast lögum og engan má þvinga til athafna sem lög mæla ekki fyrir um.
6. Lögin eru tjáning almannaviljans. Allir þjóðfélagsborgarar eiga rétt á að koma að lagasetningunni, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir meðalgöngu kjörinna fulltrúa sinna.
7. Engan mann má ákæra, fangelsa né halda föngnum, nema hann hafi gerst brotlegur við lög, og skal þá í slíkum tilvikum fara að lögum um þau efni. Hver sá sem hvetur til, gerist sekur um eða fyrirskipar misbeitingu valds eða lætur slíkt viðgangast skal sæta refsingu. En hver sá borgari sem handtekinn er eða stefnt er fyrir rétt skal taka slíku mótþróalaust. Mótþrói varðar við lög.
8. Lög skulu aðeins hafa að geyma refsiákvæði að því marki sem telja verður algerlega óhjákvæmilegt. Engan má dæma til refsingar án heimildar í lögum sem samþykkt voru og birt áður en brotið var framið og beitt hefur verið með réttum hætti.
9. Allir teljast saklausir uns sekt þeirra hefur verið sönnuð. Ef óhjákvæmilegt reynist að hneppa mann í fangelsi, skal kveða skýrt á um það í lögum að ekki megi beita hann harðræði umfram það sem þarf til að handtaka hann.
10. Enginn skal sæta ofsóknum vegna skoðana sinna, og á það einnig við um trúarskoðanir, nema þær séu tjáðar með þeim hætti að raskað sé þeim almannafriði og reglu sem kveðið er á um í lögum.
11. Hugsana- og tjáningarfrelsi er einhver hinn dýrmætasti réttur mannsins. Sérhver þjóðfélagsþegn skal því njóta mál-, rit- og prentfrelsis, með þeim fyrirvara einum að hann skal svara til saka fyrir hugsanleg brot gegn lögum um þessi efni.
12. Koma verður á fót opinberum stjórnvaldsstofnunum, svo að tryggja megi mannréttindi og önnur réttindi borgaranna. Valdastofnanir þessar eiga að þjóna almenningi, en ekki vera tæki til sérhagsmunagæslu fyrir þá sem þar veljast til starfa.
13. Óhjákvæmilegt er að leggja á almenna skatta, ef halda á uppi stjórnvaldsstofnunum og standa undir kostnaði við stjórnkerfið. Gæta skal jafnræðis við álagningu skatta, og hver maður greiða skatt í réttu hlutfalli við getu sína.
14. Allir þegnar þjóðfélagsins eiga rétt á því, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir meðalgöngu kjörinna fulltrúa sinna, að leggja mat á nauðsyn skattheimtu ríkisins. Í því felst samþykktarréttur gagnvart skattheimtunni, réttur til að fylgjast með notkun skattfjárins og réttur til ákvörðunar um skattstig, niðurjöfnun, innheimtu og gildistíma skattalaga.
15. Þjóðfélagsþegnunum er rétt að krefja alla embættismenn um reikningsskil vegna embættisfærslu sinnar.
16. Ef réttindi borgaranna í einhverju þjóðfélagi eru ekki tryggð, og þar ríkir ekki valdgreining milli ólíkra valdhafa, verður að líta svo á að slíkt þjóðfélag hafi enga stjórnarskrá.
17. Eignarrétturinn er helgur réttur og gegn honum má ekki brjóta. Engan má svipta eignarrétti sínum, nema brýn almannaheill krefji. Slíkar ákvarðanir verður að taka með lögmætum hætti, og fyrir skulu koma sanngjarnar bætur sem ákveðnar eru fyrirfram.

Heimild
Ressursperm Verden 1, Oslo 1993.

*3. Taktu saman stuttan fyrirlestur um John Stuart Mill.

Heimildir

John Stuart Mill. *Frelsið*. Reykjavík, 1970 (sjá sérstaklega forspjall að bókinni).
John Stuart Mill. *Kúgun kvenna*. Reykjavík, 1997/2003 (sjá sérstaklega inngang að bókinni).
Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. *Heimspekisaga*, bls. 405–411. Reykjavík, 1999.
Ólafur Jens Pétursson. *Hugmyndasaga*, bls. 212–217. Reykjavík, 1989.
Bryan Magee. *Saga heimspekinnar*, bls. 182–185. Reykjavík, 2002.
Lars-Arne Norborg. *Saga mannkyns*. Evrópa í hásæti 1815–1870, bls. 180 o.áfr. Reykjavík, 1987.
John Stuart Mill. *Nytjastefnan*. Reykjavík, 1998.
Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Hvar á maðurinn heima?* Fimm kaflar úr sögu stjórnmálakenninga, bls. 173–218. Reykjavík, 1994.

Einnig skal bent á þann möguleika að afla sér heimilda á netinu.

I.5 : Þjóðernisstefnan og áhrif hennar

Athugunarefni í texta

°1. Glöggvaðu þig á hugmyndum Johanns Gottfrieds Herders um þjóðerni.
°2. Í námsbókinni er komist svo að orði að pólitísk þjóðernisstefna hafi ýmist orkað sem bindiefni eða sprengiefni. Við hvað er átt með slíkri staðhæfingu? Dragðu fram dæmi niðurstöðu þinni til stuðnings.
°3. Dragðu saman í einni málsgrein kjarnann úr kröfugerð og stefnu byltingarmannanna árið 1848.
°4. Taktu saman stutt yfirlit um orsakir febrúarbyltingarinnar í Frakklandi og gerðu síðan yfirlit í annálsformi um þróun hennar þar til yfir lauk.
°5. Dragðu upp mynd af stjórnlagaþinginu í Frankfurt og starfi þess. Hver var meginskýringin á því að starf þess bar ekki þann árangur sem að var stefnt?
°6. Hvernig var háttað gerð og uppbyggingu tvíríkisins Austurríkis-Ungverjalands?
°7. Niðurstaðan af umfjöllun um byltingarnar 1848 var sú að beinn ávinningur þeirra í samtímanum hafi verið takmarkaður. Gerðu stutt yfirlit yfir þann ávinning sem þó náðist til frambúðar.
°8. Taktu saman sameiningarsögu Ítalíu í stuttu máli.
°9. Gerðu yfirlit yfir þá almennu þætti í umhverfi og aðstæðum sem a) stuðluðu að sameiningu þýsku ríkjanna, b) torvelduðu slíka sameiningu.
°10. Gerðu annál yfir þá atburðarás sem hófst með því að Bismarck var skipaður kanslari í Prússlandi og lauk með krýningu Vilhjálms 1. til keisara í Þýskalandi.

°11. Taktu saman lista yfir þær kristnu smáþjóðir á Balkanskaga sem brutust undan yfirráðum Tyrkja á 19. öld og stofnuðu sjálfstæð ríki. Hverjar þessara þjóða voru slavneskar og hverjar ekki?

Umræðuefni

#1. Veltu fyrir þér ólíkum afbrigðum þjóðernishyggju og mismunandi þróunarstigum hennar. Er mögulegt að heimfæra þessa umræðu að einhverju leyti upp á þær aðstæður sem sköpuðust upp úr 1990 á því svæði sem fyrrum var Júgóslavía?
#2. Reyndu að greina hvað var líkt og hvað var ólíkt í inntaki og áherslum byltingarinnar í þýsku ríkjunum annars vegar og löndum Austurríska keisaradæmisins (Austurríki, Ungverjaland, Ítalía) hins vegar.
#3. Í ýmsum ríkjum Evrópu finnast hópar eða landshlutar sem berjast fyrir viðurkenningu á sérstöðu sinni, sjálfstjórn eða jafnvel sjálfstæði. Má í því sambandi nefna Bretland, Belgíu, Noreg, Svíþjóð, Frakkland og Spán. Hverjir eru þessir hópar og landshlutar og um hvað snýst baráttan í einstökum tilvikum?
#4. Hver telur þú að sé sterkasti þátturinn í þjóðernisvitund Svisslendinga?
#5. Í námsbókinni er komist svo að orði að það hafi haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þýsku þjóðina og raunar Evrópu alla að Frankfurtarþinginu mistókst að sameina Þýskaland friðsamlega á frjálslyndum og lýðræðislegum grunni. Þar er líka tekið svo til orða að frjálslyndur meirihluti á prússneska þinginu hafi selt pólitískan frumburðarrétt sinn og byrjað að trúa stáli þegar hann að lokinni sameiningu Þýskalands með hervaldi löghelgaði ólögmæta skattheimtu Bismarcks til hernaðarþarfa.

Má í þeim atburðum sem þarna er lagt mat á sjá einhver frjókorn og fyrirboða stóratburða sem áttu eftir að hafa afdrifarík áhrif á sögu Evrópu á 20. öld?

Heimildaverkefni

*1. Í kennslubókinni er komist svo að orði að áhrifa frá byltingunni 1848 hafi gætt allt norður í Dumbshaf. Með því er verið að ýja að atburðum sem urðu hér uppi á Íslandi misserin á eftir og þóttu sýna meiri höfðingjadirfsku og uppreisnargirni en áður var tíðkanlegt.

Atburðir þeir sem hér um ræðir eru dómkirkjuhneykslið, norðurreið Skagfirðinga og pereatið.

Verkefnið felur í sér að nemendur, einn eða fleiri, semji og flytji fyrirlestur um hvert þessara efna á grundvelli tiltækra heimilda.

Í uppflettiriti Einars Laxness, *Íslandssaga*, er þessum atburðum lýst stuttlega, en hér á eftir er bent á frekari heimildir:

Dómkirkjuhneykslið
Jónas Jónsson. *Saga Íslendinga VIII*, 1. Tímabilið 1830–1874. Fjölnismenn og Jón Sigurðsson. Reykjavík, 1955, bls. 408–22 (einkum bls. 409 o.áfr.).
Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga.* Reykjavík, 1991, bls. 281.
Aðalgeir Kristjánsson. *Endurreisn alþingis og þjóðfundurinn.* Reykjavík, 1993, bls. 211–12 og 217–19.
Guðjón Friðriksson. *Nýjustu fréttir.* Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga. Reykjavík, 2000, bls. 19–21.

Norðurreið Skagfirðinga
Ólafur Oddsson. „Norðurreið Skagfirðinga vorið 1849“. *Saga XI*, 1973, bls. 5–73.
Runólfur Björnsson. „Norðurreið Skagfirðinga 1849“. *Réttur*, 33. árg., 4. hefti 1949, bls. 252–259.
Kristmundur Bjarnason. „Íslensk þjóðmál 1850–52“. *Andvari*, 1. hefti 1964, bls. 87–99.

Pereatið
Heimir Þorleifsson. *Saga Reykjavíkurskóla.* II. Skólalífið í Lærða skólanum. Reykjavík , 1978, bls. 25–50.
Hannes Pétursson. *Steingrímur Thorsteinsson.* Reykjavík, 1964, bls. 39–63 (einkum bls. 49 o.áfr.).
Aðalgeir Kristjánsson. *Brynjólfur Pétursson.* Ævi og störf. Reykjavík, 1972, bls. 255 o.áfr.
Aðalgeir Kristjánsson. *Endurreisn alþingis og þjóðfundurinn.* Reykjavík, 1993, bls. 202–211.
Jónas Jónsson. *Saga Íslendinga VIII*, 1. Tímabilið 1830–1874. Fjölnismenn og Jón Sigurðsson. Reykjavík, 1955, bls. 113–18.

*2. Fyrirlestur um Otto von Bismarck og sameiningu Þýskalands. – Einn eða fleiri nemendur semji og flytji fyrirlestur um efnið.

Heimildir
Lars-Arne Nordborg. *Saga mannkyns.* Evrópa í hásæti 1815–1870, bls. 239–40, 243 og 252 o.áfr.
Sverrir Kristjánsson. *Frá Vínarborg til Versala.* Erindasafnið. Reykjavík, 1943.
Sverrir Kristjánsson. „Blóð og járn fyrir einni öld.“ *Andvari*, 1970. Sjá einnig *Ritsafn* 3, bls. 158–203. Reykjavík, 1984.
Sverrir Kristjánsson. „Fyrir hundrað árum“. *Ritsafn* 3, bls. 92–104. Sjá einnig *Tímarit Máls og menningar*, 1948, 1. hefti.

Einnig skal bent á þann möguleika að leita sér heimilda á netinu.

I.6 : Mannréttindaþróun

Athugunarefni í texta

°1. Glöggvaðu þig á réttarstöðu kvenna í vestrænum samfélögum í byrjun 19. aldar eins og henni er lýst í kaflanum.
°2. Hvernig má skýra að bandarískar konur voru í fararbroddi í réttindabaráttu kvenna á upphafsskeiði hennar?
°3. Taktu saman stutta greinargerð um hreyfingu súffragettanna í Bretlandi og baráttuaðferðir þeirra.
°4. Að hvaða leyti markaði hin sósíalíska kvennahreyfing sér sérstöðu í réttindabaráttu kvenna?
°5. Hvert var tillag karla á borð við John Stuart Mill og August Bebel til réttindabaráttu kvenna?
°6. Hvenær tók gagnrýni á þrælaverslun og þrælahald að gæta fyrir alvöru og með hvaða rökum gagnrýndu menn þessi fyrirbæri?
°7. Hvaða ríki urðu fyrst til að banna þegnum sínum þrælaverslun og hvenær gerðist það?
°8. Taktu saman yfirlit yfir orsakaþætti borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum.

Umræðuefni

#1. Leggðu mat á hvort róttækar baráttuaðferðir súffragettanna hafi orðið málstað þeirra til framdráttar eða ekki. Reyndu í framhaldi af því að heimfæra þessa umræðu upp á baráttu ýmissa hreyfinga og andófshópa nú á tímum. Hvað með umhverfisverndarsinna, baráttuhópa fyrir mannréttindum, dýraverndunarsinna og andófsmenn gegn alþjóðavæðingunni? Hvað með ástand mála í Palestínu og Írak og viðbrögðin við því?

Heimildaverkefni

*1. Meðfylgjandi yfirlit sýnir hvenær konur í einstökum löndum fengu kosningarétt.

a) gerðu skrá í tímaröð (með ártali) yfir það hvenær konur fengu kosningarétt í einstökum Evrópuríkjum.

b) má út frá fyrrnefndri skrá og yfirlitinu í heild, einnig því hvaða lönd þar vantar, draga einhverjar ályktanir um samhengi milli þess hvaða trúarbrögð eru ríkjandi í þessum löndum og hins, hvenær konur öðluðust þennan rétt?

Kosningaréttur kvenna

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvenær konur fengu kosningarétt til jafns við karla í einstökum löndum:

Ár	*Land*
1893	Nýja-Sjáland
1902	Ástralía
1906	Finnland
1913	Noregur
1915	Danmörk, Ísland
1917	Sovétríkin
1918	Austurríki, Þýskaland
1919	Holland, Lúxemborg, Pólland, Tékkóslóvakía
1920	Bandaríkin, Kanada
1921	Svíþjóð
1922	Írland
1928	Bretland
1929	Ekvador
1930	Suður-Afríka (hvítar konur)
1931	Spánn, Sri Lanka
1932	Brasilía, Taíland
1934	Kúba, Tyrkland, Úrúgvæ
1935	Búrma
1938	Búlgaría, Filippseyjar
1942	Dóminíska lýðveldið
1944	Frakkland
1945	Gvatemala, Indónesía, Japan, Panama, Trínidad og Tóbagó, Ungverjaland
1946	Benín, Ítalía, Júgóslavía, Líbería, Rúmenía
1947	Argentína, Malta, Tógó, Venesúela, Víetnam
1948	Belgía, Ísrael, Norður-Kórea, Suður-Kórea
1949	Chile, Kostaríka, Indland, Sýrland
1950	Barbados, El Salvador
1951	Nepal
1952	Bólivía, Grikkland
1953	Kína, Jamaíka, Mexíkó
1954	Kólumbía
1955	Eþíópía, Gana, Níkaragva, Perú
1956	Búrkína Fasó, Egyptaland, Fílabeinsströndin, Gabon, Gínea, Kamerún, Kongó-lýðveldið, Laos, Madagaskar, Malí, Máretanía, Miðafríkulýðveldið, Níger, Pakistan, Senegal, Súdan, Tsjad, Túnis
1957	Haítí, Hondúras, Líbanon, Malasía
1958	Albanía, Alsír, Írak, Sómalía
1959	Kýpur, Máritíus, Marokkó
1960	Lýðveldið Kongó (áður Zaire), Nígería
1961	Búrúndí, Gambía, Paragvæ, Rúanda, Síerra Leóne, Tansanía
1962	Úganda
1963	Íran, Kenýa, Líbýa
1964	Afghanistan, Malaví, Sambía
1965	Botsvana, Singapúr
1966	Gvæjana, Lesótó
1967	Suður-Jemen
1968	Svasíland
1970	Fídjieyjar
1971	Sviss
1972	Bangla Desh
1974	Jórdanía
1976	Portúgal
1984	Liechtenstein

*2. Kynntu þér textann í ræðu þeirri sem Abraham Lincoln hélt við Gettysburg.

*3. Kynnið ykkur eftirfarandi heimildatexta og takið til athugunar þær spurningar sem þeim fylgja.

Yfirlýsing um afstöðu. Fyrsta kvenréttindasamkundan frá árinu 1848

Við teljum eftirfarandi augljósan sannleika: Að allir karlar og konur eru sköpuð jöfn, að skaparinn hefur gætt þau réttindum sem ekki verða frá þeim tekin, og að þar á meðal eru rétturinn til lífs, frelsis og til að leita sér farsældar.

Saga mannkyns er sagan um það hvernig karlar hafa æ ofan í æ brotið á rétti kvenna og níðst á þeim beinlínis í því skyni að halda þeim í harðstjórnarfjötrum. Þessu til sönnunar leggjum við hér á borðið staðreyndir sem allir réttsýnir menn geta kynnt sér.

Karlar hafa aldrei leyft konum að njóta þess ótvíræða réttar að greiða atkvæði í almennum kosningum.

Karlar hafa knúið konur til að lúta löggjöf sem þær hafa ekki átt neinn hlut að því að setja.

Karlar hafa synjað konum um réttindi sem jafnvel fáfróðustu og lítilsigldustu karlar njóta – hvort heldur þeir eru heimamenn eða útlendingar.

Karlar hafa þannig neitað konum um frumburðarrétt borgaranna, atkvæðisréttinn, með þeim afleiðingum að engar konur eiga sæti á þeim vettvangi þar sem lög landsins eru rædd og samþykkt. Og síðan hafa þeir, ekki síst í krafti þessa réttleysis, kúgað konur á allan hátt.

Karlar hafa komið því svo fyrir að samkvæmt einkamálarétti eru giftar konur ekki til fyrir lögunum.

Karlar hafa svipt konur öllum eignarrétti, jafnvel ráðstöfunarrétti yfir þeim tekjum sem konan aflar sjálf.

Karlar hafa gert konur að ábyrgðarlausum einstaklingum í siðferðislegu tilliti, þar eð þær geta án refsingar framið mörg afbrot að því tilskildu að eiginmaðurinn sé nærstaddur. Samkvæmt hjúskaparsáttmálanum verða konur að undirgangast hlýðni við eiginmenn sína; þeir öðlast eins konar herradóm yfir eiginkonunum og þar með rétt til að svipta þær frelsi sínu og refsa þeim.

Karlar hafa gert hjónaskilnaðarlöggjöfina þannig úr garði að réttur kvenna til lífshamingju er að engu hafður. Lögin hvíla á þeirri fölsku forsendu að karlar hafi yfirburði yfir konur, og þau leggja körlunum allt vald í hendur.

Giftar konur eru algerlega réttlausar. Ef ógiftar konur hafa yfir einhverjum eignum að ráða, eru þær skattlagðar til að halda uppi stjórnkerfi sem virðir konur einskis nema þá sem hentugan skattstofn.

Karlar einoka nálega öll þau störf sem eitthvað gefa í aðra hönd, og í þeim störfum sem konum á annað borð leyfist að sinna eru launin afar lág. Karlar loka öllum leiðum kvenna til að efnast og geta sér gott orð, en einmitt það telja þeir vænlegast til frægðar sjálfum sér. Aldrei hefur nokkur kona fengið að gegna stöðu háskólakennara í guðfræði, læknisfræði eða lögfræði.

Karlar hafa í reynd gert konum ókleift að afla sér staðgóðrar menntunar, þar sem þeim er meinaður aðgangur að öllum æðri menntastofnunum.

Karlar hafa hleypt konum að kirkjulegu starfi og störfum hjá hinu opinbera, en á báðum stöðum eru þær í hlutverki undirtyllunnar. Þeir þykjast hafa sjálfan Pál postula á bak við sig þegar þeir meina konum að gegna prestsembættum eða koma opinberlega fram í nafni kirkjunnar – þótt örfáar undantekningar séu frá hinu síðarnefnda.

Karlar hafa brenglað vitund fólks með því að halda því fram að ekki gildi sömu siðgæðislögmál fyrir karla og konur. Og þessir siðgæðismælikvarðar eru þannig að brjóti kona gegn þeim, er hún útskúfuð úr mannlegu félagi, en gerist karlmaður sekur um það sama, er slíkri hrösun ekki bara sýnt umburðarlyndi, heldur telst hún ekkert tiltökumál.

Þegar við nú hefjumst handa við að taka á því verkefni sem fyrir liggur göngum við út frá því sem vísu að það sem við segjum og gerum verði rangtúlkað og út úr því snúið og reynt verði að hafa okkur að athlægi. En við munum einskis láta ófreistað til að ná settu marki. Við munum leita liðveislu annarra málstað okkar til framdráttar, við munum dreifa bæklingum, senda fylkisþingum og þjóðþingum bænarskrár og reyna að fá klerka og dagblöð til að tala okkar máli. Við væntum þess að samkunda okkar verði upphaf fundaraðar um land allt.

Athugunarefni

1. Hvaða ákærur gegn karlveldinu eru bornar fram í plagginu?
2. Hvaða aðgerðum hyggjast konurnar beita til framdráttar markmiðum sínum?

Heimild

Women together: A History in Documents of the Women's movement in the US. Ritstj. Judith Papachristou. N.Y., 1976.

August Bebel um kvenfrelsi og kvenréttindi

Eftirfarandi tilvitnanir eru sóttar í bókina *Konan og sósíalisminn* sem út kom árið 1879.

Þótt hin borgaralega kvennahreyfing fengi framgengt öllum kröfum sínum um jafnrétti kvenna og karla, dygði það eitt út af fyrir sig ekki til að afnema það prælahald sem hjónabandið er í reynd fyrir fjölmargar konur. Það sama á við um vændið, og áfram yrði mikill meirihluti giftra kvenna kominn upp á fjárhagslega náð þeirra karla, sem hefðu húsbóndavald yfir þeim. Fyrir allan þorra kvenna skiptir fjarska litlu máli, þótt nokkrar þúsundir kynsystra þeirra úr efnastéttum þjóðfélagsins leggi stund á æðra nám, gerist læknar eða hljóti starfsframa sem embættismenn. Það hefur harla lítil áhrif til breytinga á stöðu kvenna almennt.

Áþján kvenna er tvíþætt. Annars vegar eru þær háðar körlum félagslega; þótt formlegt jafnrétti að lögum bæti að vísu nokkuð úr skák losna þær ekki úr þessari stöðu. Á hinn bóginn eru konur ósjálfstæðar fjárhagslega. Það á við um allar konur, og einkum þó konur í verkalýðsstétt, enda njóta verkakarlar ekki neins fjárhagslegs sjálfstæðis. (...)

Þær baráttukonur fyrir kvenréttindum, sem ná vilja raunverulegum og afgerandi árangri verða því að sverjast í fóstbræðralag með þeim, sem ganga fram undir því merki, að framtíðarheill samfélagsins ráðist af því að félagsleg vandamál þess verði leyst. Hverjir eru það aðrir en þeir sem eru sósíalistar?

Sósíaldemókrataflokkurinn er *einn flokka* um það að hafa kröfuna um fullt jafnrétti karla og kvenna á stefnuskrá sinni. Sósíaldemókratar eru eini flokkurinn (aðrir tala að vísu á svipuðum nótum í áróðursskyni), sem í stefnuskrá sinni telur algera nauðsyn bera til þess að konur fái fullt og óskorað frelsi og þær verði leystar úr viðjum kúgunar og undan því að vera öðrum háðar. *Mannkynið getur þá fyrst talist frjálst þegar bæði kyn búa við jafnrétti og frelsi í félagslegu tilliti.*

Um vændi

Hjónabandið er ein birtingarmynd kynlífs í borgaralegu þjóðfélagi, vændið önnur. Hjónabandið er eins konar sýningargluggi, vændið er svo aftur hin hliðin á peningnum. Fái karlar hvötum sínum ekki svalað innan vébanda hjónabandsins, leita þeir yfirleitt til vændiskvenna. Og þeir karlar, sem vilja af einhverjum ástæðum ekki ganga í hjónaband, róa á sömu mið. Þeir karlar, sem eru ókvæntir, ýmist af frjálsum vilja eða vegna aðstæðna (hafa kannski orðið fyrir vonbrigðum í hjúskap), eru mun betur settir en konur, þegar að því kemur að svala holdsins fýsnum.

Karlar hafa ávallt litið svo á, að þeir ættu „rétt" á því að hafa aðgengi að vændiskonum. Hins vegar skortir ekkert á taumlausa dómhörku þeirra við „hrösun" konu, sem ekki leggur stund á vændi. Karlar virðast blindir fyrir því, að munurinn á hvatalífi karla og kvenna er ekki svo ýkja mikill og konur hafa líka sínar þarfir í þessu efni. Í krafti drottnunarstöðu sinnar knýja karlar konurnar til að bæla niður sterkustu eðlishvatir sínar. Hreinlífi er síðan gert að mælikvarða á þá virðingu, sem konur njóta í samfélaginu, og það látið ráða úrslitum um, hversu góður ráðahagur þær teljast.

Athugunarefni

1. Hvers vegna gagnrýnir Bebel kröfugerð hinnar borgaralegu kvennahreyfingar með þeim rökum að hún sé ekki nægilega víðtæk?
2. Hvert er viðhorf Bebels til vændis?

Staða bandarískra blökkumanna

Lög um bann við því að kenna þrælum að lesa og skrifa, þótt kenna megi þeim að þekkja tölustafi.

[Lög þessi eru frá Norður-Karólínu, en þau má kalla dæmigerð fyrir öll suðurríki Bandaríkjanna]

Þar eð kennsla í lestri og skrift er til þess fallin að vekja óánægju meðal þrælanna og ýta undir uppreisn og óeirðir, sem augljóslega mundu valda borgurum ríkisins tjóni, hefur löggjafarþing Norður-Karólínu samþykkt og staðfest eftirfarandi lagaákvæði:

1. Hver sá frjáls maður sem hér eftir kennir eða gerir tilraun til að kenna einhverjum þræl í þessu ríki að lesa eða skrifa getur sætt ákæru og refsingu af hálfu þar til bærra dómstóla í ríkinu. Heimilt er þó að kenna þrælum að þekkja tölustafi. Einnig varðar við lög að selja þrælum bækur hverju nafni sem þær nefnast og dreifa til þeirra bæklingum. Sé sakborningur fundinn sekur, og það er hvítur karl eða kona sem á í hlut, skal viðkomandi einstaklingur dæmdur annaðhvort til fangelsisvistar eða sektargreiðslu á bilinu 100–200 dollarar, að mati réttarins. Eigi frjáls svertingi í hlut skal dómstóllinn ákvarða hæfilega refsingu, ýmist sektargreiðslu, fangelsisvist eða hýðingu með svipu. Sé síðasti kosturinn valinn skulu svipuhöggin eigi vera fleiri en 39 og eigi færri en 20.
2. Gerist það hér eftir að þræll kenni eða reyni að kenna öðrum þræl lestur eða skrift, má draga viðkomandi fyrir næsta dómara. Ekki er þó saknæmt að þræll kenni öðrum þræl að þekkja tölur. Þræla sem dæmdir eru brotlegir við lög þessi skal hýða með 39 svipuhöggum á bert bakið. (...)

Sýnishorn úr bænakveri handa þrælum

[Samið var sérstakt bænakver til notkunar við guðsþjónustur í kirkjum þar sem hvítir prestar þjónuðu söfnuðum blökkumanna].

Spurning: Hver kemur í veg fyrir að höggormar og annað það sem illt er valdi þér meini?
Svar: Það gerir guð.
Spurning: Hver færði þér húsbændur þína?
Svar: Það var guð sem færði mér þau.
Spurning: Hver skipar þér að hlýðnast þeim?
Svar: Guð segir að það eigi ég að gera.
Spurning: Hvaða bók mælir fyrir um þetta?
Svar: Biblían.
Spurning: Hvað einkennir allt það sem guð gerir?
Svar: Guð er alltaf réttlátur.
Spurning: Er vinnan guði þóknanleg?
Svar: Já, guð lætur sér aldrei verk úr hendi falla.
Spurning: Eru englarnir eitthvað að iðja?
Svar: Já, þeir sinna því sem guð leggur fyrir þá að gera.
Spurning: Er vinnan líf þeirra og yndi?
Svar: Já, þeir gangast upp í því að þóknast guði.
Spurning: Hver er afstaða guðs til þíns starfa?
Svar: Sá sem ekki vinnur á heldur ekki mat að fá.
Spurning: Urðu Adam og Eva að vinna?
Svar: Já, þau áttu að annast aldingarðinn.
Spurning: Var það erfitt verk?
Svar: Nei, það var leikur einn.
Spurning: Hvers vegna er svo erfitt að yrkja jörðina núna?
Svar: Þar er syndin að verki.
Spurning: Af hverju ertu letingi?
Svar: Því veldur mín syndum spillta sál.
Spurning: Hvernig veist þú að sál þín er syndum spillt?
Svar: Ég skynja það hvern einasta dag.

Athugunarefni

1. Hvers vegna skyldi hafa mátt kenna þrælum tölur og talnameðferð, en ekki lestur?
2. Hvernig var trúarbrögðunum beitt til að kúga þrælana?

Heimild

L. Fishel og B.Quarles. *The Negro American.* N.Y., 1967.

Aðstæður blökkumanna í Bandaríkjunum eftir borgarastyrjöldina 1861–65

Þrettánda breytingin á stjórnarskrá Bandaríkjanna („the thirteenth amendment“)

Eftir borgarastyrjöldina var yfirlýsingunni um frelsi þrælum til handa fylgt eftir með samþykkt þrettándu stjórnarskrárbreytingarinnar árið 1865.

1. grein. Héðan í frá er þrælahald eða nauðungarvinna bönnuð í Bandaríkjunum og alls staðar þar sem þau hafa lögsögu. Eina undantekningin frá þessu eru þau tilvik þegar menn eru í refsingarskyni dæmdir til nauðungarvinnu að réttum lögum.

Lagaákvæði er vörðuðu blökkumenn

Eftir borgarastyrjöldina leysti nýtt leigubýlakerfi þrælahaldið af hólmi. Leigubýlakerfi þetta ól, þegar fram liðu stundir, af sér hálfgildings bændaánauð. Á sama hátt voru eldri lög og reglur er vörðuðu stöðu þræla innleidd að nýju í breyttri mynd undir heitinu Blökkumannalögin (*Black Codes*). Sem dæmi um slíka löggjöf fara hér á eftir Blökkumannalög frá Louisiana frá árinu 1865.

2. grein. Ennfremur skal hér kveðið á um það að negrar sem finnast á ferli utan heimilis vinnuveitanda síns eftir klukkan tíu að kveldi án þess að hafa undir höndum skriflegt leyfi hans skuli greiða fimm dollara sekt. Sé sektin ekki greidd skal viðkomandi vinna nauðungarvinnu við vegagerð á vegum ríkisins eða sæta líkamlegri refsingu í samræmi við það sem síðar segir.
3. grein. Ennfremur skal hér mælt svo fyrir að enginn negri megi eiga, eða leigja, hús í þessu ríki. Sá negri sem brýtur gegn þessu ákvæði skal tafarlaust borinn út og knúinn til að finna sér vinnuveitanda. Hver sá sem kann að leigja negra hús eða ljá honum afnot af húsi skal sektaður um fimm dollara fyrir hvert einstakt brot gegn þessum ákvæðum.
4. grein. Hér skal ennfremur mælt svo fyrir að allir negrar skuli vera vistráðnir hjá fyrri eigendum sínum eða einhverjum öðrum hvítum manni, og skal húsbóndinn bera ábyrgð á þeim. Vinnuveitandi sá sem í hlut á getur þó veitt negrum þeim sem hér um ræðir skriflegt leyfi til að selja sig á leigu allt að viku í senn (...)
5. grein. Hér skal ennfremur mælt svo fyrir að negrum sé óheimilt að efna til hvers konar funda eða samkomuhalds innan endimarka ríkisins. Þó getur lögreglan í ákveðnu umdæmi veitt sérstakt skriflegt leyfi til samkomuhalds í umdæminu að degi til, milli sólarupprásar og sólarlags. Banni þessu er engan veginn beint gegn því að negrar geti sótt almennar guðsþjónustur hjá prestum úr röðum hvítra manna. (...)
6. grein. Hér skal ennfremur mælt svo fyrir að öllum negrum sé óheimilt að prédika guðs orð í sinn hóp eða annast guðsþjónustur, nema með sérstöku skriflegu leyfi viðkomandi lögregluyfirvalda. (...)
7. grein. Hér skal ennfremur mælt svo fyrir að þeir negrar einir sem gegna herþjónustu megi bera vopn, nema vinnuveitandi viðkomandi manns veiti honum sérstakt leyfi til þess og leyfisveitingin hafi verið staðfest og fengið uppáskrift viðkomandi lögreglustjóra. (...)
9. grein. Hér skal ennfremur mælt svo fyrir að gerist negri sekur um ölvum á almannafæri, skuli hann greiða fimm dollara í sekt. Sé sektin ekki greidd skal hann vinna fimm daga í vegavinnu eða sæta líkamlegri refsingu ...
10. grein. Framangreind ákvæði taka jafnt til karla sem kvenna úr hópi svertingja.

Fimmtánda breytingin á stjórnarskrá Bandaríkjanna („the fifteenth amendment“)

1. grein. Hvorki alríkið né einstök ríki Bandaríkjanna mega afnema eða skerða kosningarétt bandarískra borgara með vísun til kynþáttar, litarháttar eða fyrri stöðu einhverra einstaklinga sem þræla.

Athugunarefni

1. Hvaða hömlur lagði löggjöf Louisianaríkis á persónufrelsi blökkumanna?
2. Veltið fyrir ykkur, hvort lagaákvæði þessi stangast á við þrettándu stjórnarskrárbreytinguna frá árinu 1865.
3. Hvernig tókst hvítum ráðamönnum í suðurríkjunum að fara á svig við ákvæðin í fimmtándu stjórnarskrárbreytingunni frá og með síðustu áratugum 19. aldar? (Sjá m.a. kennslubókina, bls. 46–47 og bls. 315–16.)

Heimild

R. Heffner (ritstj.). *A Documentary History of the United States*, 1975, og G. Osofsky (ritstj.). *The Burden of Race*, 1967.

I.7 : Draumar um réttlátt samfélag

Athugunarefni í texta

°1. Hverjir voru helstu hugmyndasmiðir hins útópíska sósíalisma og hvað einkenndi hugmyndir þeirra?
°2. Hvað felst í hugtakinu þráttarhyggja (díalektík)? Hvað skildi á milli hugmynda Marx og Hegels í því efni?
°3. Skilgreindu hugtakið söguleg efnishyggja.
°4. Lýstu í stuttu máli uppskrift Marx að baráttuleið verkalýðsins til þjóðfélagslegra áhrifa og valda.
°5. Hverjar voru grundvallarhugmyndir anarkismans og hverjir voru helstu hugmyndafræðingar hans?
°6. Hverjar voru grundvallarhugmyndir syndikalismans? Má greina einhver tengsl milli syndikalisma og fasisma?
°7. Taktu saman pistil um stofnun Annars alþjóðasambands verkamanna og starf þess til 1914.
°8. Hvað felst í hugtakinu endurskoðunarstefna og hver var upphafsmaður hennar?

Umræðuefni

#1. Veltu fyrir þér samhenginu milli framvaxtar og þróunar iðnaðarkapítalismans og tilkomu marxismans sem pólitískrar hugmyndafræði.
#2. Í Kommúnistaávarpinu er staðhæft að saga mannkyns sé saga stéttabaráttu. Hvernig heimfæra höfundar þess kenningu sína upp á þróun mannfélagsins allt frá

frumkommúnisma til kapítalísks samtíma síns? Hvernig er háttað stéttaskiptingu og stéttaandstæðum í samfélagi nútímans eða búum við kannski í stéttlausu þjóðfélagi?
#3. Er með einhverjum hætti unnt að heimfæra grundvallarhugmyndir Marx um arðrán og kúgun upp á samskipti auðugra iðnríkja og alþjóðlegra auðhringa við þróunarlönd nútímans?

Heimildaverkefni

*1. Undirbúðu fyrirlestur þar sem lýst er í stórum dráttum þeim hugmyndum um fyrirmyndarsamfélag sem fram koma í Ríkinu eftir Platon og Útopíu eftir Thomas More.

Heimildir

Platon. *Ríkið* I-II. Reykjavík, 1991 (sjá einkum inngang).
Ágúst H. Bjarnason. *Saga mannsandans. Hellas*, Reykjavík, 1950, bls. 206–239.
Gunnar Dal. *Grískir heimspekingar*. Reykjavík, 1975, bls. 125–155 (einkum síðasti hluti).
Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. *Heimspekisaga*. Reykjavík, 1999, bls. 61 o.áfr.
Ólafur Jens Pétursson. *Hugmyndasaga*. Reykjavík, 1989, bls. 42–49 og 128.
Ágúst H. Bjarnason. *Saga mannsandans. Vesturlönd*. Reykjavík, 1954, bls. 111.

Auk þessa er bent á þann möguleika að afla sér heimilda á netinu.

*2. Kynntu þér eftirfarandi heimildatexta og leitaðu á grundvelli þeirra svara við þeim spurningum sem fylgja textunum.

Úr Kommúnistaávarpinu

Öreigalýðurinn mun beita pólitísku valdi sínu til þess að svipta borgarastéttina smám saman öllu auðmagni, sameina öll framleiðslutæki í höndum ríkisins, þ.e. öreigalýðsins, er hefur skipulagt stéttarveldi sitt, og efla og margfalda framleiðslutækin svo fljótt sem unnt er.

Þetta getur fyrst í stað því aðeins orðið, að ofbeldi sé beitt við borgarastéttina, að því er varðar eignarrétt hennar og framleiðsluhætti. Það verður því beitt ráðstöfunum, sem virðast vera ónógar og ófærar frá hagfræðilegu sjónarmiði, en verða í þróun byltingarinnar aflvaki annars meira og eru óhjákvæmilegar til þess að velta um öllu framleiðsluskipulaginu.

Þessar ráðstafanir munu auðvitað verða með ólíkum hætti í ýmsum löndum.

Í þeim löndum, sem lengst eru komin í þróuninni, mun yfirleitt vera hægt að beita þeim ráðstöfunum, sem nú skulu taldar:

1. Eignarnám á lóðum og lendum, en jarðrentan falli til þarfa ríkisins.
2. Háir og stighækkandi skattar.
3. Afnám erfðaréttarins.
4. Eignir allra flóttamanna og uppreisnarmanna verði gerðar upptækar.
5. Stofna skal þjóðbanka með ríkisfjármagni og algeru einkaleyfi til seðlaútgáfu og sameina þannig fjárlánastarfsemina í höndum ríkisins.
6. Flutningakerfið skal sameinað í höndum ríkisins.
7. Fjölga skal þjóðarverksmiðjum og framleiðslutækjum, rækta lönd og græða eftir sameiginlegri áætlun.
8. Jöfn vinnuskylda allra þegna. Mynda skal vinnusveitir iðnlærðra manna, einkum handa landbúnaði.

9. Sameina rekstur akuryrkju og iðnaðar og vinna að því, að mismunur á borgum og sveitum hverfi smám saman.
10. Opinbert og ókeypis uppeldi allra barna. Afnám barnavinnu í verksmiðjum í þeirri mynd, sem hún tíðkast. Samræma skal uppeldið framleiðslustörfunum o.s.frv.

Þegar þróunin er komin svo langt á veg, að stéttamismunurinn er horfinn og öll framleiðsla er í höndum samvirkra einstaklinga, tekur ríkisvaldið að týna pólitísku eðli sínu. Pólitískt vald er í raun réttri skipulagt vald einnar stéttar til að sitja yfir hlut annarrar. Þegar öreigalýðurinn verður í baráttu sinni við borgarastéttina að sameinast á stéttarvísu, gerist drottnandi stétt í byltingu og afnemur með stéttarvaldi sínu hina gömlu framleiðsluhætti, þá afnemur öreigalýðurinn í sama mund tilveruskilyrði stéttaandstæðnanna. Hann afnemur stéttirnar yfirleitt og afnemur því einnig sína eigin stéttardrottnun.

Í stað hins gamla borgaralega þjóðfélags með stéttum sínum og stéttaandstæðum rís þá upp samfélag manna, þar sem frjáls þróun hvers einstaklings er skilyrði fyrir frjálsri þróun heildarinnar.

Heimild

Karl Marx og Friðrik Engels. *Kommúnistaávarpið*. Reykjavík, 1949 og 1972. – Aftast í bókinni er ritgerðin „Aldarminning Kommúnistaávarpsins“ eftir þýðandann, Sverri Kristjánsson.

Athugunarefni

1. Hvaða aðferðum á verkalýðsstéttin (öreigarnir) að beita að lokinni valdatöku sinni til að stýra þjóðfélagsþróuninni í átt til kommúnisma?
2. Hvað skyldu Marx og Engels eiga við þegar þeir taka svo til orða að „frjáls þróun einstaklingsins [sé] skilyrði fyrir frjálsri þróun heildarinnar“?

Af öðrum ritum Marx og Engels sem til eru á íslensku má nefna:
Karl Marx og Friðrik Engels. *Þýska hugmyndafræðin*. Reykjavík, 1983.
Karl Marx og Friedrich Engels. *Úrvalsrit* I-II. Reykjavík, 1968.

Ennfremur skal hér bent á eftirfarandi rit:
Karl Marx og hagfræði hans. Reykjavík, 1980. (Ritgerðir eftir ýmsa höfunda.)
Jóhann Páll Árnason. *Þættir úr sögu sósíalismans*. Reykjavík, 1970.

Anarkistinn Mikhail Bakúnín

Við byltingarsinnaðir anarkistar berjumst fyrir menntun alls almennings, svo að alþýða manna verði frjáls og sem flestir geti orðið hlutgengir á vettvangi samfélagsins. Þess vegna erum við andvígir ríkisvaldinu og öllum valdatækjum þess. (...)

Sérhver ríkisstjórn, og ríkisvaldið sem slíkt, eru eðlis síns og stöðu vegna eins og sjálfstæðar höfuðskepnur, óháðar alþýðu manna og yfir hana settar. Þessir aðilar hljóta því að leitast við að neyða upp á alþýðuna lögum og stefnu sem henni eru framandi. Þess vegna erum við andvíg öllu ríkisvaldi, öllum ríkisstjórnum og ríkjamyndun yfirleitt. Við álítum að alþýða manna geti ekki notið frelsis og farsældar, nema hún ráði sjálf tilveruskilyrðum sínum. Í því felst að þjóðfélagið verði skipulagt neðanfrá, með frjálsum samtökum einstaklinganna, í einingar sem njóta fullrar sjálfsstjórnar. Þá er öllu opinberu forræði úthýst, en áhrif einstaklinga og flokka fá aftur á móti að njóta sín að fullu.

Þetta er staðföst framtíðarsýn okkar, sem köllum okkur félagslega byltingarmenn, og þess vegna kalla menn okkur anarkista eða stjórnleysingja. Við mótmælum þeirri nafngift ekki, því að við erum í raun og sann andvígir allri valdstjórn, og við vitum að allt vald spillir, jafnt þeim sem fara með það, sem þeim er verða að lúta því. Skaðvænleg áhrif valdstjórnar eiga þátt í að breyta sumum mönnum í metorðasjúka og ágjarna harðstjóra sem arðræna alþýðu manna í eigin þágu eða stéttar sinnar, meðan annarra bíður hlutskipti þrælsins. (...)

Nú ætti að liggja ljóst fyrir hvers vegna *kreddufastir byltingarmenn*, sem stefna að því að steypa ráðandi ríkisvaldi og ríkisstjórnum og stofnsetja eigin alræðisstjórn á rústum þeirra, hafa aldrei verið og munu aldrei verða fjandsamlegir ríkisvaldinu sem slíku. Þvert á móti munu þeir ávallt verða áköfustu verjendur þess. Þeir eru fjandmenn núverandi valdhafa af þeirri ástæðu einni að þá langar til að koma í þeirra stað. Þeir eru andvígir núverandi valdastofnunum af þeirri ástæðu einni að þær eru þrándur í götu alræðis þeirra sjálfra. En á sama tíma bera þeir hlýjar tilfinningar í brjósti gagnvart ríkisvaldinu, því að án tilvistar þess mundi byltingin, sjálf forsendan fyrir frelsun fjöldans, svipta þennan minnihluta gervibyltingarmanna allri von um að geta beitt fjöldanum fyrir vagn sinn og sáldrað yfir hann gleðipillum úr forðabúrum ríkisins.

Þetta er sá veruleiki sem við blasir nú, þegar afturhaldið hrósar sigri um alla Evrópu, og allar ríkisstjórnir hafa, undir merkjum skaðvænnar íhaldsstefnu og í kúgunarskyni gagnvart alþýðu, vígvæðst þannig að þær standa gráar fyrir járnum. Þær hafa íklæðst þríeinni brynju hervalds, lögregluvalds og auðvalds og hyggjast, undir forystu Bismarcks fursta, berjast með kjafti og klóm gegn þjóðfélagsbyltingu. Þegar svo er í pottinn búið, hefði maður viljað vænta þess að allir sannir byltingarmenn sneru bökum saman í því skyni að hrinda áhlaupi hinna alþjóðlegu afturhaldsafla. En því er ekki að heilsa, því að kreddufastir byltingarmenn, sem lúta leiðsögn hr. Marx, tala *hvarvetna* máli miðstýrðrar ríkismyndunar[1)] og leggjast í vörn fyrir hana, gegn byltingu alþýðunnar.

Athugasemdir

1) Marx og Engels voru báðir þeirrar skoðunar að sameining Þýskalands – jafnvel þótt hún væri verk Bismarcks – mundi auðvelda verkalýðnum í Þýskalandi að taka ríkisvaldið í sínar hendur og hefjast að því búnu handa við að koma á sósíalisma.

Athugunarefni

1. Með hvaða rökum afneitar Bakúnín ríkisvaldinu?
2. Með hvaða rökum gagnrýnir hann Karl Marx?

Heimild

Mikhail Bakúnín. *Autoritet eller selvforvaltning*. Udvalgte skrifter. Michael Helm og Annegrethe Ottovar (ritstj.). Oslo, 1979.

Bent skal á að til er í íslenski þýðingu sjálfsævisaga Pjotrs Kropotkins: *Krapotkin fursti.* Sjálfsævisaga byltingarmanns. Reykjavík, 1942.

Eduard Bernstein og endurskoðunarstefnan

Texti sá sem hér fer á eftir er sóttur í rit Bernsteins, *Die Voraussetzungen des Sozialismus* [Forsendur sósíalismans]. Stuttgart, 1899.

Með lýðræðinu hefur stéttarvald borgarastéttarinnar í grundvallaratriðum verið afnumið, þótt stéttaþjóðfélagið sé enn við lýði.

(...) Í lýðræðisskipulagi veitir kosningarétturinn þeim er hans njóta hlutdeild í samfélaginu. Og þegar til lengdar lætur hlýtur sá eignarhlutur að tryggja áhrif. Meðan verkalýðsstéttin er á bernskuskeiði, þ.e. bæði fáliðuð og lítt menntuð, er hinn almenni kosningaréttur fyrir henni lítið annað en tæki til að geta kosið sér „böðul“. En eftir því sem verkalýðsstéttin stækkar og þroskast að vitund og verkkunnáttu, umbreytist kosningarétturinn í það tæki sem breytir þjóðkjörnum fulltrúum úr drottnurum alþýðunnar í þjóna hennar. (...)

En lýðræði er meira en almennur kosningaréttur einn saman. Kosningarétturinn verður í tímans rás að soga aðra þætti þess að sér eins og segulstálið svarfið. Í þeim efnum mjakast hægar en margur kysi en það mjakast samt. Og vænlegasti kosturinn fyrir sósíaldemókrata til að hraða þeirri þróun felst einmitt í því að styðja almennan kosningarétt af alefli. Það verður að gera jafnt með fræðilegum rökum sem með dægurmálastefnu sósíaldemókrataflokkanna. Í raun hafa sósíaldemókratar með gerðum sínum ávallt fylgt slíkri stefnu. Í ræðu og riti hafa málsvarar sósíalismans oft þrætt fyrir þetta, og það munu þeir einnig gera nú. Á þeim tíma þegar forréttindi eignastéttanna voru óskoruð varð til ýmiss konar orðaprjál sem var skiljanlegt og að nokkru marki réttmætt við þær aðstæður sem þá ríktu, en er nú merkingarlaust. Samt lúta menn þessu orðaprjáli í lotningu, eins og framtíð byltingarinnar væri í húfi ella, en horfa framhjá því sem unnt er að koma í framkvæmd á líðandi stund og aðkallandi er. Þjónar þannig nokkrum skynsamlegum tilgangi að ríghalda í orðaprjálið um alræði öreiganna, þegar

fulltrúar sósíaldemókrata starfa í fjölmörgum löndum innan vébanda þingbundinnar stjórnar og þingræðis og taka þátt í löggjafarstarfi – en ekkert af þessu er samrýmanlegt öreigaalræði?

(...) Enginn vill eyðileggja þá siðmenningu og almennu reglu sem þróast hefur í borgaralegu þjóðfélagi. Þvert á móti. Sósíaldemókratar vilja ekki kollvarpa þessu þjóðfélagi og gera alla þegna þess að öreigum. Þeir vinna stöðugt að því að lyfta verkamönnum upp úr stöðu öreigans, svo að þeir megi verða fullgildir þjóðfélagsþegnar. Þeir vilja gera öllum þegnum þjóðfélagsins kleift að ná þeirri stöðu. *Sósíaldemókratar vilja ekki að samfélag öreiga leysi samfélag borgarastéttarinnar af hólmi, heldur vilja þeir koma á sósíalísku þjóðskipulagi í stað kapítalismans.* Það væri til bóta að menn hættu að slá úr og í um þessi efni, en tækju af skarið um það síðarnefnda. Þá hyrfu líka ýmsar aðrar mótsagnir sem andstæðingar okkar benda á með nokkrum rétti að séu milli orðræðu sósíaldemókrata og verka þeirra.

Athugunarefni

1. Hver telur Bernstein að afstaða verkalýðsins eigi að vera gagnvart almennum kosningarétti, þingbundinni stjórn og þingræði?
2. Berðu saman hugmyndir Marx, Bakúníns og Bernsteins um það hvernig bundinn skuli endi á tilvist stéttaþjóðfélagsins.

*3. Parísarkommúnan. – Nemendur, einn eða fleiri, taki saman fyrirlestur um efnið.

Heimildir

Lars-Arne Nordborg. *Saga mannkyns.* Evrópa í hásæti 1815–1870. Reykjavík, 1987, bls. 160–61.
Hjalti Kristgeirsson. „Parísarkommúnan 90 ára“. *Réttur*, 1961, 44. árg., 2. hefti, bls. 194–208.
Sverrir Kristjánsson. „Parísarkommúnan“. *Tímarit Máls og menningar*, 1971, 32. árg., 1. hefti, bls. 25–39.
Karl Marx. „Borgarastríðið í Frakklandi“, í *Úrvalsrit* 2. Reykjavík, 1968, bls. 221–293 (einkum þó 248–293).
Richard Andersen. *Borgerskabets republik.* Frankrig 1870–1940 (Gjellerups verdenshistorie). Ritstj. Jens Winther. Kaupmannahöfn, 1974.
Loftur Guttormsson. „Parísarkommúnan 100 ára.“ *Réttur*, 1971, 54. árg., 1. hefti, bls. 11–16.

Auk þess skal bent á þann möguleika að leita sér heimilda á netinu.

I.8 : Framfarahyggja, trú og vísindi

Athugunarefni í texta

°1. Framfarahyggja setti sterkan svip á viðhorf manna á 19. öld. Hvenær fengu slík viðhorf verulegan byr í seglin, hvað var það í umhverfi og aðstæðum á 19. öld sem ýtti undir þau og hvaða atburðir urðu til þess að hin bjartsýna framfaratrú beið alvarlegan hnekki?

°2. Dragðu saman helstu einkenni og inntak pósitívismans (raunspekinnar / framstefnunnar) og nefndu tvo fulltrúa hans.
°3. Hvað einkenndi afstöðu upplýsingarmanna til kirkju og trúarbragða?
°4. Lýstu afstöðu Píusar páfa 9. gagnvart þeim stefnum og straumum sem uppi voru í samtíð hans og þeim aðgerðum sem hann beitti sér fyrir innan kirkjunnar.
°5. Með hvaða hætti reyndi Leó páfi 13. að endurmeta afstöðu kaþólsku kirkjunnar gagnvart umhverfi sínu?

Umræðuefni
#1. Veltu fyrir þér samspili kirkju og trúarbragða annars vegar og stjórnmála og þjóðfélagsmála hins vegar á tímabilinu frá frönsku byltingunni fram að heimsstyrjöldinni fyrri.

Hvernig er þessu samspili háttað í nútímanum? Skoðaðu það út frá dæmi Íslands, Bandaríkjanna, Ísraels og róttækra múslimaríkja.

Heimildaverkefni
*1. Taktu saman yfirlit yfir þau verk Jules Verne sem þýdd hafa verið á íslensku. Eftir hvaða verkum hans hafa verið gerðar kvikmyndir?
*2. Hvaða leið fór Fíleas Fogg og hvernig hagaði hann ferð sinni þegar hann fór umhverfis jörðina á 80 dögum? Á hve skömmum tíma er unnt að komast kringum hnöttinn með hraðasta ferðamáta nútímans?
*3. Það er engum ofsögum sagt að kenningar Darwins ollu miklum deilum jafnt meðal leikra sem lærðra. Eitt dæmi þessa voru hin svokölluðu „aparéttarhöld“ í borginni Dayton í Tennessee árið 1925. Um hvað var tekist á þar og hvernig lyktaði því máli?
*4. Gerðu athugun á því hvernig hreyfing sálarrannsóknamanna (spíritisminn) hélt innreið sína á Íslandi.
Taktu í framhaldi af því saman fyrirlestur til flutnings í bekknum/námshópnum.

Heimildir
Bjarni Guðmarsson. *Ekki dáin – bara flutt*: spíritismi á Íslandi fyrstu fjörutíu árin. Reykjavík, 1996.
Gils Guðmundsson. *Í nærveru sálar*: Einar Hjörleifsson Kvaran. Maðurinn og skáldið. Reykjavík, 1997.
Pétur Pétursson. „Trúarlegar breytingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar.“ Fyrsti hluti. *Saga*, 1980, XVIII. árg., bls. 179 o.áfr.
Pétur Pétursson. „Sálarrannsóknir og spíritismi“, kafli í *Til móts við nútímann. Kristni á Íslandi* IV. Reykjavík, 2000, bls. 278 o.áfr.

*5. Taktu saman fyrirlestur um nýtt landnám kaþólsku kirkjunnar á Íslandi á síðari hluta 19. aldar.

Heimildir

Gunnar F. Guðmundsson. *Kaþólskt trúboð á Íslandi 1857–1875*. Reykjavík, 1987.
Ólafur H. Torfason. *Kaþólskur annáll Íslands*: ártöl sem tengjast sögu rómversk-kaþólskrar kirkju á Íslandi. Reykjavík, 1993.
Pétur Pétursson. „Kirkjudeildir og utanþjóðkirkjusöfnuðir“, kafli í *Til móts við nútímann. Kristni á Íslandi* IV. Reykjavík, 2000, bls. 268 o.áfr.
Pétur Pétursson. „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar.“ Fyrsti hluti. *Saga*, 1980. XVIII. árg., bls. 179 o.áfr. (einkum þó bls. 206–208).

*6. Taktu saman fyrirlestur um upphaf Hjálpræðishersins á Íslandi.

Heimildir

Pétur Pétursson. *Með himneskum armi*: hundrað ára saga Hjálpræðishersins á Íslandi. Reykjavík, 1995.
Pétur Pétursson. „Líknarfélög á kristilegum grundvelli“, kafli í *Til móts við nútímann. Kristni á Íslandi* IV. Reykjavík, 2000, bls. 254 o.áfr.
Pétur Pétursson. „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar. Fyrsti hluti“, bls. 179 o.áfr. (einkum þó bls. 208–210).

I.9 : Nýi heimurinn

Athugunarefni í texta

°1. Nefndu þrenna þjóðflutninga sem í tímans rás hafa haft mikil áhrif í sögu Evrópu.
°2. Dragðu fram dæmi um flutning Evrópumanna til annarra heimshluta áður en útflytjendabylgjan mikla reis á 19. öld.
°3. Skýrðu hvað átt er við með hugtakinu „the old immigration“.
°4. Skýrðu hvað átt er við með hugtakinu „the new immigration“.
°5. Hvað fólst í fyrirbærinu „nativism“, hver var undirrót þess og hvernig birtist það?
°6. Hvað felst í skammstöfuninni „WASP“?
°7. Hvað einkenndi stöðu samveldislanda bresku krúnunnar gagnvart móðurlandinu? Hvaða nýlendur Breta höfðu hlotið stöðu samveldislanda fyrir 1914?

Umræðuefni

#1. Búferlaflutningar Evrópumanna vestur um haf á 19. öld áttu sér margar orsakir sem lágu beggja vegna hafs. Dragðu upp heildarmynd af orsökum þessara flutninga

og samspili þeirra. Höfðu vesturheimsferðir frá Íslandi einhverja sérstöðu í þessari stóru mynd?

Heimildaverkefni

*1. Kannaðu umræðu í íslensku samfélagi (blöðum) á sínum tíma um ágæti/ókosti vesturheimsferða.

*2. Talsvert mikið hefur verið skrifað á íslensku um vesturheimsferðirnar og sögu Íslendinga í Vesturheimi. Bent er á þann möguleika að nemendur, einir sér eða fleiri saman, kynni sér ákveðna þætti/atburði þeirrar sögu og taki saman fyrirlestur til flutnings í bekknum/námshópnum.

Heimildir

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. *Saga Íslendinga í Vesturheimi* I-V . Reykjavík, 1940–53.
Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. *Vestmenn. Landnám Íslendinga í Vesturheimi.* Reykjavík, 1935.
Guðjón Arngrímsson. *Nýja Ísland.* Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum. Reykjavík, 1997.
Guðjón Arngrímsson. *Annað Ísland.* Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum. Reykjavík, 1998.
Magnús Jónsson. *Saga Íslendinga* IX, 2. Landshöfðingjatímabilið. Síðari hluti. Reykjavík, 1958.
Viðar Hreinsson. *Landneminn mikli* og *Andvökuskáld.* Ævisaga Stephans G. Stephanssonar. Reykjavík, 2002 og 2003.
Sigurður Nordal. *Stephan G. Stephansson.* Maðurinn og skáldið. Reykjavík, 1959.
Gils Guðmundsson. *Í nærveru sálar.* Einar Hjörleifsson Kvaran. Maðurinn og skáldið. Reykjavík, 1997.
Gils Guðmundsson. *Ævintýramaður.* Jón Ólafsson ritstjóri. Reykjavík, 1987.
Sveinn Skorri Höskuldsson. *Gestur Pálsson.* Ævi og verk I-II. Reykjavík 1965.
Runólfur Marteinsson. *Ævisaga séra Jóns Bjarnasonar.* Akureyri, 1969.
Steingrímur Jónsson. *Hugvitsmaðurinn Hjörtur Þórðarson.* Reykjavík, 1973.
Jakob Jónsson. *Frá sólarupprás til sólarlags.* Minningabrot. Hafnarfirði, 1981.

II. NÝIR HUGMYNDASTRAUMAR Á ÍSLANDI

II.2 : Óvænt stjórnarbylting

Athugunarefni í texta

°1. Einhver íslenskur maður hlýtur að hafa þýtt auglýsingar Jörundar á íslensku. Á textanum má sjá merki þess að hann hefur átt talsvert erfitt með að finna íslensk orð yfir það sem Jörundur hafði skrifað á dönsku. Íslenskan hafði ekki verið löguð að því að fjalla um þau efni sem þarna voru til umræðu. Finnið nokkur dæmi um þetta í tilkynningunum.

°2. Á þessum tíma var enginn sérstakur íslenskur ríkisborgararéttur til, og því voru ekki gerð formleg skil á milli Dana og Íslendinga. Í flestum atriðum áttu þeir að hafa sama rétt og sömu skyldur á Íslandi og í Danmörku, og embættum var ýmist gegnt af Dönum eða Íslendingum. Því er sérkennilegt hvað Jörundur gerði skýran greinarmun á Dönum og Íslendingum í auglýsingum sínum. Finnið dæmi þess í texta hans.

Umræðuefni

#1. Á árum Napóleonsstyrjaldanna hefðu Bretar átt auðvelt með að leggja Ísland undir sig, og til voru Bretar sem höfðu mikinn áhuga á að það væri gert. Sá sem talaði mest fyrir því var aðalsmaður sem hét Joseph Banks og hafði stjórnað könnunarferð til Íslands árið 1772. Engin leið er að vita hvernig Íslandssagan hefði orðið fram á okkar daga ef landið hefði lent undir Bretum á þessum tíma. En einmitt vegna þess að enginn getur vitað það getum við öll haft skoðanir á því. Ræðið þessar spurningar:
Hefði Ísland orðið sjálfstætt ríki, eins það varð í raun? Fyrr? Síðar? Aldrei?
Værum við ríkari nú en við erum ef Íslendingar hefðu orðið breskir þegnar?
Eða fátækari?
Hvernig hefði íslenskan þróast?

#2. Á hverju má einkum sjá að Jörundur hundadagakonungur hafi verið undir áhrifum frá frönsku stjórnarbyltingunni?

Heimildaverkefni

*1. Notið upplýsingar í kaflanum til að gera yfirlit yfir það að hve miklu leyti stjórnkerfið á Íslandi var skipað dönskum mönnum og að hve miklu leyti Íslendingum. – Þið getið treyst því að ekki voru fleiri sýslumenn danskir en kemur fram í kaflanum. Til að fá yfirlit um stjórnkerfið getið þið notað skýringarmyndir í *Íslenskum söguatlas* I (1989), 174, *Íslandssögunni í máli og myndum* (2005), 134, eða í *Fornum tímum* (2003), 306.

II.3 : Þjóðernishyggja, rómantík og lýðræðisstefna

Athugunarefni í texta

°1. Í kaflanum er unnið með skiptingu í tvenns konar þjóðerniskennd:
1) ópólitíska þjóðerniskennd og 2) pólitíska þjóðerniskennd

Margt sem er nefnt í kaflanum tilheyrir öðrum hvorum þessara flokka. Sýnið skilning ykkar á efni kaflans með því að raða eftirtöldum orðum og efnisatriðum í flokkana tvo:

a) ethnicity
b) nationality
c) menningarleg þjóðernishyggja
d) pólitísk þjóðernishyggja
e) íslensk hreintungustefna
f) viðhorfið sem birtist í erindinu eftir Bjarna Thorarensen, Eldgamla Ísafold
g) að vilja endurreisa Alþingi Íslendinga í því skyni að færa völd til Íslands
h) að vilja endurreisa Alþingi Íslendinga sem tákn um viðreisn lands og þjóðar.

Umræðuefni

#1. Þjóðernishyggja og lýðræðisstefna urðu samferða um Evrópu á 19. öld, og oft litu menn á þessar stefnur sem eitt og það sama. Í Danmörku var til dæmis áhrifamikill flokkur sem var kallaður *de Nationalliberale:* þjóðernisfrjálshyggjumenn. Ólíkar skoðanir eru á því hvort þetta hafi gerst

a) *af því að* þessar stefnur séu skyldar í eðli sínu. Rök með því eru einkum þessi: Lýðræðisstefnan vildi draga úr völdum og áhrifum konunga. Í stjórnarbyltingunni miklu í Frakklandi var konungurinn jafnvel tekinn af lífi í nafni lýðræðis. Þá þurftu ríkin að fá nýtt sameiningartákn í stað konungsins og gripu til *landsins, þjóðarinnar, menningararfsins.*

b) *þótt* þessar stefnur séu andstæður í eðli sínu. Lýðræðisstefnan sé einstaklingshyggja, enda sé hún aðeins einn armur víðtækrar *frjálshyggju*, sem birtist meðal annars í kröfu um frjálsa verslun, samkeppni, atvinnufrelsi. Þjóðernisstefnan sé aftur á móti hóphyggja, hún taki þjóðina sem heild fram yfir einstaklingana sem mynda hana.

Hvor skoðunin haldið þið að sé rétt? Finnið þið fleiri rök með annarri þeirra eða kannski báðum?

#2. Hvað réði því hverjum af þegnum Danakonungs var ætlað að fá aðild að ráðgjafarþingi og hverjum ekki? Hvað greindi að öll samfélögin sem fengu aðild og öll hin sem komu aldrei til greina?

II.4 : Jón Sigurðsson, Alþingi og lok einveldis

Umræðuefni

#1. Í þessum kafla og þeim næsta á undan kemur fram að Íslendingar búsettir í Kaupmannahöfn höfðu forystu í sjálfstæðiskröfum Íslendinga í upphafi. Fram að þessu hefur varla nokkur maður búsettur á Íslandi komið við þá sögu. Hvers vegna haldið þið að þetta sé?

#2. Í kaflanum segir um málaferli sem spretta af ábyrgð ráðherra: „Til að dæma í málum gegn þeim [ráðherrunum] voru víða stofnaðir sérstakir dómstólar, stundum að hluta til skipaðir þingmönnum og þannig hálf-pólitískir.“ – Hvers vegna segjum við að dómstólar skipaðir þingmönnum séu pólitískir? – Hvað merkir orðið pólitík í þessu sambandi?

Heimildaverkefni

*1. Nokkur kvæði Jónasar Hallgrímssonar eru ort í tilefni af atburðum sem er sagt frá í þessum kafla. Lesið í einhverri ljóðabók Jónasar kvæðin *Alþing hið nýja, Annað kvæði um Alþing* (eða *Drottinn gaf og hann drottinn tók,* eins og það heitir í sumum útgáfum), *Skrælingjagrát* og *Leiðarljóð* og gerið grein fyrir því hvernig þessi kvæði, hvert fyrir sig, tengjast efni kaflans.

*2. Í kaflanum segir að annar hluti ráðherraábyrgðar felist í því að ráðherrar beri ábyrgð á undirskrift konungs undir lög og aðrar ákvarðanir. Í stjórnarskrá Dana frá 1849 var þetta orðað svona: „Undirskrift konungs undir ákvarðanir þær sem snerta löggjöf og stjórn skal gefa þeim fullt gildi þegar einn ráðgjafi skrifar undir með honum. Ráðgjafinn sem skrifar undir ábyrgist ákvörðunina.“ Í stjórnarskrá Íslendinga eru enn ákvæði sem fela í sér sömu reglu, þar sem forseti Íslands hefur komið í stað konungs. Finnið þau. – Stjórnarskrána getið þið fundið í *Lagasafni,* hvaða útgáfu sem er eftir 1944, en síðasta útgáfa er frá 1999. Stjórnarskráin er líka, eins og önnur lög, aðgengileg undir www.althingi.is/lagasafn.

II.5 : Leitað að stöðu í þingbundnu konungsríki

Athugunarefni í texta

°1. Í kafla I.5 segir að *lýðveldi* hafi verið stofnað í Frakklandi árið 1848. Í köflunum hér á undan hefur hvað eftir annað verið talað um *lýðræði.* Frummerking orðanna sem þessi orð eru sett saman úr er sýnilega hin sama: að lýðurinn hafi *vald,* og að lýðurinn *ráði.* En hver er merking þessara orða hvors fyrir sig? Festið það í minni svo að þið ruglist ekki á þeim í framtíðinni.

Umræðuefni
#1. Hvernig gátu byltingaröldur borist á milli landa í Evrópu árið 1848? Hvernig frétti fólk í einu landi um að bylting hefði verið gerð í öðru landi? – Um þetta er ekkert sagt í kaflanum; þið verðið að nota ímyndunaraflið eða leita þekkingar um hvaða samskiptaleiðir voru í boði.

#2. „Þessi samtök í kringum Þingvallafundina voru að vissu leyti stjórnmálaflokkur, sá fyrsti á Íslandi," segir í kaflanum. Hvað er eiginlega stjórnmálaflokkur? Hver eru sérkenni stjórnmálaflokka sem greina þá til dæmis frá stofnunum eins og Alþingi, Hagstofunni eða skólanum ykkar, eða frá frjálsum trúfélögum og íþróttafélögum, svo að dæmi séu tekin.

Heimildaverkefni
*1. Á Íslandi eru nú í gildi lög um *Landsdóm* sem á að dæma í málum sem Alþingi höfðar gegn ráðherra. Finnið lög um hann, með þeirri aðferð sem er sagt frá í verkefni *2 með kafla II.4 hér á undan, og komist að því hvernig hann er skipaður.

II.6 : Sjónarmið Dana

Athugunarefni í texta
°1. Þýðið á íslensku, eða endursegið með nokkurn veginn sömu merkingu, klausuna sem er á dönsku í kaflanum. Ef þið ráðið ekki við það getið þið líka breytt verkefninu í heimildaverkefni og flett upp í *Ritsafni* Sverris Kristjánssonar II (1982), 59, eða í tímaritinu *Andvara* LXXXIX (1964), 71.

Umræðuefni
#1. Lesið út úr myndinni af undanhaldi dönsku hermannanna í Slésvíkurstríðinu 1864. Lýsið hernaðartækni þeirra eins og hún birtist á myndinni. Kemur ykkur eitthvað sérstaklega á óvart? – Myndin er máluð af Dana. Hvers vegna haldið þið að hann máli mynd af undanhaldi, ósigri landa sinna?

#2. Hvort kemur ykkur meira á óvart að Dönum skyldi detta í hug að fórna Íslandi fyrir Norður-Slésvík eða að þeir skyldu hika við það? – Munið það sem við lásum í kafla II.4 að íbúar Slésvíkur voru um 350.000 rétt fyrir miðja 19. öld. Af því getum við giskað lauslega á að þar hafi verið að minnsta kosti um 100.000 dönskumælandi manneskjur með danska þjóðernisvitund. Á Íslandi voru tæplega 70.000 manns árið 1864, sárafáir þeirra dönskumælandi að móðurmáli eða með danska þjóðernisvitund.

Slésvík var að vísu miklu minna land, en gagnstætt Íslandi er hún að mestu leyti frjósamt landbúnaðarland.

II.7 : Leiðin til löggjafarvalds 1874

Athugunarefni í texta

°1. Berið saman fjárkröfu Jóns Sigurðssonar á hendur Dönum og fjárframlag Dana til Íslands, eins og það varð samkvæmt stöðulögunum 1871. Hvað fengu Íslendingar stóran hundraðshluta af því sem Jón hafði krafist:
a) miðað við fyrstu tíu árin eftir gildistöku stöðulaganna;
b) miðað við tímann eftir að meira en 30 ár voru liðin frá gildistöku stöðulaganna.

°2. Í kaflanum segir að deila megi um hvort íslenskur texti stöðulaganna:
„Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum“
sé rétt þýðing á danska frumtextanum:
„Island er en uadskillelig del af den danske stat med særlige landsrettigheder.“
Hvað haldið þið að kunni helst að vera vafasamt í þýðingunni? – Við lausn verkefnisins kann að vera til hjálpar að rifja upp eitthvað sem stendur í kafla II.3.

Umræðuefni

#1. Hver hefðu verið réttlátustu málalokin í fjárhagsmáli Dana og Íslendinga? – Hefðu Danir átt að fallast á fjárkröfu Jóns Sigurðssonar? – Hefðu Íslendingar átt að sætta sig við það sem Danir voru tilbúnir að borga og þakka þeim fyrir? – Hefði verið réttlátast að Íslendingar fengju ekkert frá Dönum úr því að þeir vildu fá sjálfstæði? – Ræðið málið frá ólíkum hliðum.

Heimildaverkefni

*1. Athugið ákvæðin um trúfrelsi í stjórnarskrá Íslendinga. Í stjórnarskránni 1874 var trúfrelsisákvæðið orðað svona:

45. gr. Hin evangeliska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda.

46. gr. Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna Guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers og eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.

47. gr. Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Notið ráð sem var bent á í verkefni *2 með kafla II.4 til að komast að því hvernig samsvarandi ákvæði eru í núgildandi stjórnarskrá Íslendinga. Hvað hefur einkum breyst?

II.8 : Bændalýðræði

Athugunarefni í texta

°1. Hvaða munur er á hreppstjóra og sveitarstjóra. Lesið það út úr textanum og reynið að skýra það í orðum.

Umræðuefni

#1. Á 19. öld þótti réttlátt að fólk fengi kosningarétt 25 ára gamalt, eins og kemur fram í kaflanum. Um þetta aldursmark var aldrei mikil umræða. Nú fær fólk kosningarétt 18 ára, og ekki ber heldur mikið á umræðum um hvort það sé réttlátt aldursmark. Hvað finnst ykkur um þetta? Hvað veldur breytingunni frá 19. öld til okkar tíma? Er 18 ára reglan réttlát? Ættu börn að fá rétt á að kjósa? Hvar ætti þá að setja aldurstakmörkin?

Heimildaverkefni

*1. Á vefsíðunni www.hagstofa.is getið þið fundið út hve margir greiddu atkvæði í alþingiskosningum 2003 og hve mikil kosningaþátttakan var. Einnig getið þið fundið íbúatölu Íslands þetta ár. Reiknið út frá þessum stærðum hve stór hundraðshluti landsmanna hafði kosningarétt þetta ár.

*2. Skýringarmyndin á bls. 105 sýnir stjórnkerfið á Íslandi eins og það var á tímabilinu 1872–1904. Reynið nú að setja upp samsvarandi skýringarmynd af kerfinu eins og það er nú. Til þess þurfið þið að leita í lagasafni, sem var vísað á í verkefni II.4–*2. Þetta er svolítið flókið verkefni, en með hjálp efnisorðaleitar getið þið komist að minnsta kosti eitthvað áleiðis. Þið getið til dæmis sannreynt að orðið *bæjarfógeti* er ekki lengur í gildandi lögum. Ef þið svo flettið upp á orðinu *sýslumaður* sjáið þið hvað hefur komið í staðinn.

II.9 : Atvinnufrelsisþróun

Athugunarefni í texta

°1. Rifjið efni kaflans upp og festið ykkur hann í minni með því að búa til annál yfir helstu áfanga á leið atvinnufrelsisþróunar sem eru nefndir í kaflanum. Tengið efni

kaflans við sjálfstæðisþróunina með því að setja líka inn í annálinn áfanga eins og upphaf Alþingis 1845, þjóðfund 1851 og stjórnarskrá 1874.

°2. Í texta með línuriti sem sýnir fjölda hjúa segir að fækkun þeirra á síðasta áratug 19. aldar hljóti að stafa af breytingu á lögum um vistarband sem voru sett árið 1894. Lögin gengu í gildi 1. apríl 1894, þannig að nærri lætur að þau hafi gilt í átta ár áður en tekið var manntal næst, 1. desember 1901. Reiknið nú út nokkurn veginn hve margir hafa losað sig úr vistarbandi á hverju ári að meðaltali á þessu tímabili. – Tölurnar nægja að vísu ekki til að hægt sé að reikna það út nákvæmlega (Hvers vegna ekki?), en okkur nægir lausleg áætlun hér.

Umræðuefni
#1. Í skýringarmynd í kaflanum kemur fram að bændur, húsmæður og þurrabúðarfólk var venjulega gift, en vinnufólk og lausafólk venjulega ógift. Hvers vegna var það?

#2. Hvaða ástæðu gátu sveitarstjórnir haft til að neita mönnum um að stofna þurrabúðir í sveitinni?

#3. Hvað má lesa út úr klausunni um dóminn yfir Friðriki Friðrikssyni um kjör lausamanna og vistfastra vinnumanna? Getið þið ráðið af því sem segir í dómnum að lausamennska hafi boðið upp á betri kjör?

II.10 : Leit að frelsi í Ameríku

Athugunarefni í texta
°1. Í kaflanum er sett upp á stærðfræðilega frumstæðan hátt dæmi sem sýnir hvernig hægt er að nota niðurstöðutölu tveggja manntala, fæðingartölu og dánartölu áratugsins á milli þeirra, ásamt áætluðum fjölda brottfluttra til þess að áætla fjölda þeirra sem hljóta að hafa flust til landsins. Setjið dæmið upp í jöfnu.

°2. Oft er orsökum Vesturheimsferða frá Evrópu til Ameríku skipt í tvo flokka eftir því hvort þær voru eitthvað sem átti sér stað í heimalandinu og ýtti fólki vestur eða eitthvað í Ameríku sem dró fólk þangað. Þessir orsakaflokkar eru stundum nefndir með enskum orðum: *„push“* og *„pull“*. Af hvorri tegundinni eru skýringar kaflans á vesturferðum Íslendinga?

Umræðuefni
#1. Hvers vegna fluttist svona margt fólk frá Evrópu til Ameríku á 19. öld, fremur en til dæmis frá Ameríku til Evrópu?

#2. Í *athugunarefnum í texta* var lagt fyrir að kanna hvort ástæður Íslendinga til vesturferða sem eru nefndar í kaflanum séu fremur af tegundinni sem er kennd við *„push“* en *„pull“*. – Haldið þið að orsakir af hinni tegundinni hafi ekki orkað á Íslendinga líka? – Raunar er varla hægt að hugsa sér orsakir sem eru algerlega af annarri tegundinni: skortur á atvinnutækifærum *(„push“)* hrekur fólk ekki frá Íslandi til Kanada nema það trúi að þar séu betri tækifæri *(„pull“).* Þó hafa fræðimenn aðferð til að ákvarða hvor þátturinn sé sterkari í hverju tilfelli. Getið þið ímyndað ykkur hver sú aðferð sé?

Heimildaverkefni

*1. Leitið að ættingjum ykkar meðal vesturfara. Þið getið reynt að spyrja foreldra, afa, ömmu eða aðra ættingja hvort þeir viti um einhverja sem fluttust vestur. Leitið svo að nöfnum þeirra í *Vesturfaraskrá 1870–1914* eftir Júníus H. Kristinsson (ef þið getið komist yfir þá bók). Í skránni sjálfri er raðað eftir síðasta dvalarstað á Íslandi, en aftan við hana er nafnaskrá þar sem nöfnum er raðað í stafrófsröð.

*2. Í kaflanum segir að vesturfarar hafi verið álíka stór hluti af þjóðinni og mundi vera ef allir íbúar Íslands frá Snæfellsnesi, um Dali, Vestfirði og Norðurland allt til Eyjafjarðar, að Akureyri meðtalinni, flyttust úr landi. Flytjið þennan samanburð yfir á næsta nágrenni ykkar. Reykvíkingar geta reiknað út hvað talan jafngildir stórum hluta borgarbúa nú. Í Garðabæ má leggja saman íbúafjölda bæjarins og næstu nágrannabæja, sömuleiðis annars staðar á landinu. Finna má íbúatölu sveitarfélaga nú á vefsíðu Hagstofunnar, www.hagstofa.is undir Mannfjöldi – Sveitarfélög.

*3. Veljið ykkur einhverja eina af frásögnum vesturfara sem eru gefnar út í bókinni *Burt –og meir en bæjarleið,* sem Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman og gáfu út árið 2001. Semjið stutta ritgerð upp úr frásögninni, segið í stuttu máli frá hverju höfundur segir og takið upp orðréttar klausur sem lýsa lífi vesturfara sérstaklega skýrt, þannig að frásögnin njóti sín í endursögn.

II.11 : Frelsisbarátta tilfinninganna

Athugunarefni í texta

°1. Búið til annál yfir helstu áfanga í réttindaþróun tilfinninga á Íslandi, eins og sagt er frá þeim í kaflanum. Ef þið hafið unnið verkefni II.9–°1 og eigið það í tölvutæku formi er upplagt að bæta tilfinningaþróuninni inn í annálinn.

Umræðuefni

#1. Í upphafi kaflans er því haldið fram að tilfinningaréttur sé flestu fólki mikilvægari en kosningaréttur. Þó hefur aldrei verið venja, fyrr en í þessari bók, að telja þróun tilfinningaréttar meðal þess sem ástæða væri til að rekja í námsbókum um sögu Íslands. Getið þið ímyndað ykkur hvers vegna það hafi ekki verið gert?

Heimildaverkefni
*1. Finnið bók með íslensku ljóðaúrvali frá 19. og/eða 20. öld, gjarnan bók sem er lesin í íslensku í skóla ykkar. Finnið þar að minnsta kosti eitt ljóð þar sem rétti til tilfinninga er haldið fram.

II.12 : Heimastjórn og þingræði

Athugunarefni í texta
°1. Í kaflanum er greint á milli þess sem er kallað *þingbundin stjórn* og *þingræði.* Lýsið með eigin orðum muninum á þessu tvennu, þannig að hægt sé að sjá að þið skiljið hvort um sig.

Umræðuefni
#1. „Endurskoðunarhreyfingin varð að eins konar óformlegum stjórnmálaflokki …“ segir í kaflanum. Rifjið nú upp að hverju þið komust í verkefni II.5–#2 um það hvað stjórnmálaflokkur væri.

#2. „Fyrir aukaþing Alþingis 1902 lagði hún [danska stjórnin] nýtt stjórnarskrárfrumvarp ...“ segir í kaflanum. Skýrið hvers vegna Alþingi hélt aukaþing árið 1902. – Það kemur óbeint fram framar í kaflanum.

II.13 : Kvenfrelsisþróun

Athugunarefni í texta
°1. Kvenréttindaþróuninni sem er rakin í kaflanum má skipta í þrjú tímabil:
1) Tímabil sveitakarlanna, fyrir upphaf kvenréttindahreyfingar
2) Tímabil vinstrimanna
3) Tímabil kvenréttindahreyfingar undir forystu kvenna.

Skiptið kaflanum niður í þessi tímabil og skrifið niður hvað ávannst í kvenréttindaþróun á hverju þeirra.

°2. Í næstum öllum bókum um sögu þjóða, heimshluta eða mannkyns eru nefndir langtum fleiri karlar en konur. Athugið hvernig það er í þessum kafla.

Umræðuefni
#1. Samkvæmt konungstilskipun 1886 var stúlkum leyft að ganga undir próf í Lærða skólanum án þess að mega sækja þangað kennslu. Aftur á móti var þeim leyft að sækja kennslu í Prestaskólanum og Læknaskólanum. Hver haldið þið að geti verið ástæða þessa mismunar?

#2. Metið rök karlanna með og á móti stjórnmálaþátttöku kvenna sem eru tilfærð í kaflanum.

#3. Hvers vegna eru nefndir fleiri karlar en konur í næstum öllum almennum sögubókum? Er það óhjákvæmilegt eða væri hægt að koma á einhvers konar jafnrétti á þessu sviði?

#4. Af hverju haldið þið að misrétti karla og kvenna stafi? Hvernig stendur á því að konur voru taldar óæðri körlum í gamla samfélaginu?

II.14 : Ísland verður konungsríki

Athugunarefni í texta
°1. Í kaflanum segir: „Í uppkastinu var Ísland til dæmis skilgreint sem „frjálst og sjálfstætt land er eigi verður af hendi látið.“ En Skúli vildi hafa orðalagið: „Ísland er frjálst og fullveðja ríki.““ – Hér kemur aftur að muninum á *landi* og *ríki,* sem kom við sögu í kafla II.5. Hvað var sagt um þessi hugtök þar?

°2. Í kaflanum segir um alþingiskosningarnar 1908 að „nú var í fyrsta sinn kosið í hverjum hreppi.“ Hve víða var kosið áður? Um það eru upplýsingar framar í bókarhlutanum; reynið að finna þær og athugið hvort þið lærðuð þetta rétt.

Umræðuefni
#1. Hvernig getur staðið á því að uppkastssinnar fengu 43% atkvæða í alþingiskosningunum 1908 en aðeins níu þingmenn af 34 þjóðkjörnum? Svarið liggur í kjördæmaskipulaginu, sem var allt annað en við höfum nú. Hvernig?

#2. Hvers vegna vilja þjóðir hafa fána?

#3. Þegar alþingismenn samþykktu stjórnarskrárgrein þar sem sagði að ráðherra bæri mál undir konung þar sem konungur ákvæði þá vissu þeir fullvel að konungur mundi ákveða að málin yrðu borin undir hann í danska ríkisráðinu. Það lá gersamlega í augum uppi eins og umræðan hafði verið um málið. Hvers vegna fannst alþingismönnum samt betra að hafa ákvæðið svona en eins og það hafði verið áður? – Kannski leynist svarið við því í kafla II.7.

III. TÆKNINÝJUNGAR TIL GÓÐS OG ILLS

III.2 : Í aðdraganda iðnbyltingar

Athugunarefni í texta

°1. Hvernig bar það að, að þingbundin konungsstjórn og þingræði festu sig í sessi í Englandi?
°2. Í bókartexta er komist svo að orði að á 17. og einkum þó 18. öld hafi í Englandi orðið svo mikil umbreyting í landbúnaði að jafna megi við byltingu. Hvað fólst í þessari búnaðarbyltingu og hvernig lýsti hún sér?
°3. Skýrðu hugtakið kostnaðarmaður.
°4. Dragðu upp mynd af fyrirkomulagi þeirrar heimaiðju sem þróaðist í Englandi á 17. og einkum þó 18. öld.
°5. Nefndu tvær tækninýjungar sem mörkuðu upphaf þeirrar tæknibyltingar sem að lokum ól iðnbyltinguna af sér.

Heimildaverkefni

Heimaiðja og verksmiðjuvinna

Árið 1833 komu út í Englandi tvær bækur sem báðar fjalla um afleiðingarnar af iðnbyltingunni og tilkomu verksmiðjuiðnaðar; Peter Gaskell (1806–1841): The Manufacturing Population of England: Its Moral, Social and Physical Conditions, and the Changes which have arisen from the Use of the Steam Machinery og Richard Guest: A Compendous History of the Cotton-Manufacture. Báðir fjalla höfundarnir um þá miklu breytingu á framleiðsluháttum sem iðnbyltingin hafði í för með sér, en mat þeirra á afleiðingum breytinganna er gerólíkt.

Peter Gaskell:
Venjulega bjó heimaiðjufólk í útjaðri stærri borga eða hreinlega uppi í sveit. Það stundaði sjálft jarðyrkju og gerði ekki miklar kröfur til lífsins. Daglegar þarfir þess voru einfaldar og óbrotnar eins og sést á því að fæstir notuðu kaffi, te eða krydd. Tilefnin til að fara af bæ voru því ekki mörg. Erindrekar kostnaðarmannanna fóru um og söfnuðu saman bandinu sem spunnið var og komu því til vefaranna. Stundum komu kostnaðarmennirnir upp vörugeymslum þangað sem erindrekar þeirra sóttu varninginn. Fjölskyldufeður í stórum fjölskyldum, sem orðnir voru gráir fyrir hærum, höfðu þannig unnið ævilangt við að spinna eða vefa án þess að hafa nokkru sinni komið til borgar, fyrr en þeir á gamals aldri neyddust til að flytja þangað til að geta séð sér og sínum farborða. Þeir neyddust til að flytjast þangað ásamt fjölskyldum sínum til að fá vinnu við gufuknúnar spunavélarnar (…)

Hér er ekki meiningin að draga upp mynd af einhverri sveitasælu og síst vil ég halda því fram að heimaiðjufólkið hafi verið gallalaust fremur en önnur mannanna börn. Sú er engan veginn ætlun mín. En heimaiðjufólkinu voru búnar aðstæður til að vera heiðvirt og sátt við sitt hlutskipti. Líkamlegri heilsu þess var ekki hætta búin af

hörðu erfiði í hitasvækju og óhreinu andrúmslofti og það var líka laust við brækjuna frá matsöluhúsum, ömurlegum knæpum og öllum þeim sora öðrum sem ógnar heilsu manna. Heimaiðjufólk náði að jafnaði háum aldri, það vann eftir þörfum og lagði ekki meira á sig en þurfti til framfærslu, allt eftir aðstæðum hvers og eins. Og vildi einhver úr þess hópi verja einhverjum tíma og peningum í að sitja að sumbli var hægt að gera það í húsakynnum sem ekki stóðu híbýlum venjulegs fólks að baki hvað þrifnað og annan aðbúnað áhrærði. (…)

Því meir sem maður kynnir sér aðstæðurnar, þeim mun afdráttarlausari verður sú niðurstaða að heimaiðjufólkið hafi staðið verksmiðjuverkalýð nútímans miklu framar jafnt í siðferðilegu sem félagslegu tilliti. (…)

Vélarnar eru stöðvaðar klukkan tólf á hádegi og þá er gefið klukkutíma hádegisverðarhlé. Verkamennirnir fara venjulega heim í mat. Hádegisverðurinn er soðnar kartöflur með svínakjötsbitum, stundum þó kjöt. En það eru einungis þeir verkamenn sem hæst hafa launin og best eru settir sem hafa efni á að borða kjöt. Algengt er að margir verkamannanna búi langt frá verksmiðjunni og þá fer mikill hluti hádegisverðarhlésins í að ganga eða réttara sagt hlaupa heim og aftur til baka. (…)

Hádegisverðurinn er sjaldnast lystugur. Oft hagar svo til að enginn er heima til að elda nema eitthvert krakkagrey eða þá veikburða gamalmenni. Heimilisfólkið sest við matarborðið ef fjölskyldan er svo vel sett að eiga borð. Síðan keppast menn við að slafra í sig það litla sem á borðum er. Magafyllin slær á sárustu svengdina, en næringargildi máltíðarinnar er lítið. (…)

Klukkan eitt tekur vinnan aftur við og vinnutíminn er til klukkan átta eða níu um kvöldið með einni tuttugu mínútna „tepásu“. Snarlið sem henni fylgir tína menn í sig í verksmiðjunni sjálfri, undantekningarlítið te og hveitibrauð. Alla þessa löngu vakt verður fólk að keppast við í yfirfullum verksmiðjusal þar sem hiti er mikill. Af sjálfu leiðir að verkafólkið er úrvinda á sál og líkama þegar vinnu loks lýkur.

Richard Guest:
Áður en baðmullariðnaðurinn reis á legg lifðu íbúar Lancashire mest á landbúnaði. Lénsherrann á góssinu ríkti í sinni sveit, og góssið þar sem hann bjó, „setrið“ eins og það var kallað, var eins og höll í vitund fólks. Gósseigandinn var málsvari byggðarlagsins, hann sá um öll sóknarmálefni og var hinn sjálfgefni úrskurðaraðili í öllum deilumálum. Um helgar og á hátíðum var fólki í sveitinni boðið heim á setrið þar sem menn kepptu í glímu eða hlaupum, léku keiluspil eða drukku bjór. (…)

Bændu höguðu búskap sínum upp á gamla mátann og viðhöfðu sömu vinnubrögð og forfeður þeirra höfðu gert mann fram af manni. Fæstir leiddu hugann að því að eitthvað gæti verið öðruvísi. Þeir höfðu andúð og óbeit á nýjungum í búskaparháttum og nýjum verkfærum. Litlar sveiflur voru á verði búsafurða og samkeppni var

takmörkuð. Hugsun manna var stöðnuð því að allt hjakkaði í sama fari og þá vantar fólk hvatann til að fitja upp á nýjungum. Hver baukaði í sínu horni og lítil tengsl og skoðanaskipti gerðu að verkum að hugsun manna og skilningur fékk litla örvun og brýningu. Lífið var tilbreytingarlaust og hver dagur öðrum líkur. Fólk var því sljótt og vélrænt í öllum viðbrögðum. (…)

Þegar þáttaskilin urðu í baðmullariðnaðinum olli það byltingu í lífsháttum og siðum fólks. Þegar fjölmennir hópar verkamanna urðu til ollu samvistir þeirra því að skilningurinn varð skarpari. Margt bar á góma í spjalli þeirra sín á milli, iðulega hluti sem þeir höfðu ekki áður leitt hugann að. Þeir veltu oft fyrir sér ástandi og horfum í heimsmálum því að stríð eða friður gat valdið hækkun eða lækkun á launum og skipti þá þar með miklu máli. Umræða um heimsmálin ól af sér stjórnmálaumræður á breiðum grundvelli um hvers konar (…) aðgerðir stjórnvalda. (…) Til skamms tíma höfðu þeir ekki beitt vitsmunum sínum meira en svo, að naumast var unnt að skipa þeim nema skör hærra en búfénu sem þeir hirtu; nú voru þeir orðnir hugsandi samfélagsþegnar. (…)

Með þeim kviknaði sú dýrmæta kennd að þeir væru frjálsir og sjálfstæðir. Hún smitaði yfir á allt hátterni þeirra og framgöngu, sem nú lýsti öryggi og festu þess manns sem veit hver hann er og er meðvitaður um stöðu sína og einstaklingsgildi. Forsenda alls þessa var vitundin um að bætt staða þeirra væri einkum afrakstur eigin verka. Þróuninni miðaði fram á við af því að vefararnir gátu nú fyrirhafnarlítið ráðið sig hjá nýjum vinnuveitanda, og sömu áhrif hafði þrotlaus viðleitni til að fá vinnu þar sem verkalaunin voru hæst. Í því efni skipti sköpum að þeir sem voru vandvirkir og unnu vel áttu kost á hærri launum. Það glæddi hæfileika manna til að gera nýjar uppgötvanir.

Verkefni

*1. Berðu saman viðhorf höfundanna tveggja til hins iðnvædda verksmiðjusamfélags. Að hvaða leyti ber þeim í milli? Hvað leggja þeir hvor um sig áherslu á í lýsingu sinni?

*2. Báðir höfundarnir rita bækur sínar á 4. áratugi 19. aldar. Hvað má lesa úr lýsingum þeirra um viðhorf samtímans í þessum efnum?

III.3 : Iðnbyltingin

Athugunarefni í texta

°1. Hvaða tvær iðngreinar skiptu mestu máli á upphafsskeiði iðnbyltingar?

°2. Við hvaða tímamót er með sanni hægt að segja að iðnbyltingin hafi haldið innreið sína?

°3. Gerðu yfirlit yfir þróun tækninýjunga í vefjariðnaði. Dragðu í því viðfangi sérstaklega fram gagnvirk áhrif einstakra uppfinninga á aðrar.
°4. Dragðu upp mynd af þeirri byltingu sem varð í samgöngum og flutningatækni í kjölfar iðnbyltingarinnar.
°5. Hvaða þrjár nýjungar í fjarskiptatækni komu fram í kjölfar iðnbyltingarinnar og hverjir voru upphafsmenn þeirra?
°6. Dragðu í stuttu máli upp mynd af því hvernig iðnbyltingin breiddist út til annarra landa.
°7. Í texta bókarinnar er komist svo að orði að á árunum upp úr 1870 hafi á skömmum tíma orðið svo miklar breytingar á iðnaðarsviðinu að þær séu oft kenndar við „iðnbyltinguna síðari“. Í hverju fólust þessar breytingar og hvaða þjóðir komu þar einkum við sögu?

Umræðuefni
#1. Hvernig má skýra það að iðnbyltingin hélt innreið sína einmitt í Englandi?
#2. Hvar liggja möguleikar Íslendinga á iðnaðarsviðinu? Hverjir eru styrkleikar Íslendinga í þessu efni og hvar liggja veikleikarnir? Liggur framtíð Íslendinga í atvinnulegum efnum í örri iðnaðaruppbyggingu (stóriðja) eða á öðrum sviðum?

III.4 : Þjóðfélagsleg áhrif iðnbyltingarinnar

Athugunarefni í texta
°1. Hver urðu áhrif iðnbyltingarinnar á stéttaskipan, stéttaandstæður og styrkleikahlutföll stéttanna í þjóðfélaginu?
°2. Hvaða áhrif hafði iðnbyltingin á búsetu fólks?
°3. Iðnbyltinguna bar upp á tíma örrar fólksfjölgunar. Hvaða þættir voru drjúgastir í þessari aukningu?
°4. Dragðu upp mynd af því umhverfi og aðstæðum sem verkafólki voru búnar í hinum nýju iðnaðarborgum í árdaga iðnbyltingar?
°5. Hvaða breyting varð á aðstæðum barna með tilkomu iðnbyltingarinnar?
°6. Hvað einkenndi þá nýju kvenímynd sem varð til meðal millistéttarinnar í kjölfar iðnbyltingarinnar og hver var undirrót þessara breyttu viðhorfa?

Heimildaverkefni
*1. Tilkoma iðnaðarsamfélagsins: Framfaraspor eða reiðarslag

Iðnbyltingin hélt fyrst innreið sína í Englandi á árunum 1770–1850 og leiddi af sér gífurlega framleiðsluaukningu. Lýsingar á þjóðfélagsaðstæðum í Englandi í lok 18. aldar og á fyrra helmingi 19. aldar gefa þó til kynna að flestir hafi átt við fátækt, neyð og ömurlegar aðstæður að búa. Margir hafa því orðið til að velta upp þeirri spurningu hvort aukin verðmætasköpun hafi einungis komið litlum hópi til góða, en verkamenn og annað fátækt fólk enga hlutdeild fengið í aukinni velmegun. Getur hugsast að þegar alls er gætt

hafi kjör almennings þegar á heildina er litið verið betri í því þjóðfélagi sem var við lýði fyrir iðnbyltinguna? Sagnfræðingar og aðrir hafa deilt um hvert sé rétta svarið við þessari spurningu. Þar hafa tekist á tveir „skólar“ (þ.e. skoðanahópar fræðimanna), bjartsýnismenn („optimistar“) og svartsýnismenn („pessimistar“).

Bjartsýnismennirnir bera ekki brigður á skuggahliðar iðnbyltingarinnar. En þeir álíta engu að síður að aðstæður allrar alþýðu hafi breyst til batnaðar. Barnavinna, langur vinnutími, þröng og óþétt húsakynni voru ekki ný af nálinni og sama má segja um atvinnuleysi. Fæðuframboð batnaði trúlega. Þjóðarframleiðsla á mann fór vaxandi, meðalævilíkur jukust og það bendir til þess að lífskjör hafi farið batnandi:

„Það væri sérkennilegt ef iðnbyltingin hefði haft þau áhrif ein að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Því það sem framleitt var voru yfirleitt engar lúxusvörur, heldur neyslu- og fjárfestingarvörur (…), það var ekki fámennur hópur, heldur fjöldinn sem keypti og notaði þá vefnaðarvöru og þann mat og drykkjarföng sem voru á boðstólum. Hluti af framleiðslu járnbræðslnanna og vefnaðarverksmiðjanna var fluttur út, en í staðinn var yfirleitt ekki flutt inn vín og silki, heldur kornvara, sykur, kaffi og te sem þjóðin í heild neytti. (…) Námur urðu dýpri og vélbúnaður flóknari og það jók hættuna á örkumlun og dauðaslysum. En það verður að vega móti þeirri staðreynd að tilkoma gufuaflsins dró mjög úr líkamlegu álagi við erfiðisvinnu og öryrkjum fækkaði. (…)“
T.S. Ashton

Svartsýnismennirnir halda því aftur á móti fram að lífskjör almennings hafi farið versnandi á upphafsskeiði iðnbyltingarinnar. Þeir eru þeirrar skoðunar að meðaltöl bjartsýnismanna um lífslíkur og þjóðarframleiðslu dugi ekki til að sýna fram á að kjör verkafólks hafi breyst til batnaðar. Þeir eru þeirrar skoðunar að rauntekjur hafi lækkað og viðurværi fólks hafi versnað:

„Þótt skýr merki væru um að hagsæld þjóðarinnar í heild ykist gerði verkafólk almennt ekki betur en rétt komast af. Breytti engu í því sambandi þótt þessi hagsæld væri að verulegu leyti ávöxtur af vinnu þess og engum dyldist að eigendur fyrirtækjanna bæru mikið úr býtum. Upplifun almennings var sú að kjörin hefðu versnað. Hlutdeild hans í „afrakstri efnahagsframfaranna“ var fáeinar kartöflur, fáein klæðisplögg úr baðmull handa fjölskyldunni, sápustykki og kerti og lítilræði af tei og sykri (…).“
E.P. Thompson

Verkefni

1. Hverjar eru meginröksemdirnar í tilvitnuðum orðum frá þeim Ashton og Thompson? Er einhver munur á röksemdafærslu þeirra?

2. Hvaða viðhorf finnst þér birtast í umfjöllun kennslubókarinnar? Er hún höll undir sjónarmið annars hvors „skólans“?

*2. Charles Dickens lýsir enskri iðnaðarborg

Rithöfundurinn Charles Dickens (1812–1870) skrifaði margar frásagnir og skáldverk þar sem England er sögusviðið. Í bókinni *Hard Times* lýsir hann aðstæðum í borginni Coketown (Koksbæ).

Borgin var reist úr rauðum múrsteini, eða öllu heldur múrsteini sem hefði verið rauður ef ekki hefði verið fyrir sótið og reykinn; en eins og allt var í pottinn búið var áferð svarta og rauða litarins afkáraleg eins og á villimanni með stríðsmálað fés. Vélar og háir reykháfar einkenndu borgina, og upp úr reykháfunum hlykkjuðust endalausar reykjarbólstrar sem aldrei drógust saman. Í borginni var svart síki og um hana rann á sem lituð var purpurarauð af daunillu litarefni; þar voru stórhýsi með mörgum gluggum sem hristust, glömruðu og skulfu allan liðlangan daginn; stimplar gufuvélanna köstuðust tilbreytingarlaust upp og niður eins og höfuðið á fíl sem heltekinn er brjálsemisþunglyndi. Í þessari borg gat að líta margar breiðgötur sem voru hver annarri líkar og þar bjó fólk sem einnig var steypt í sama mót; allir fóru að heiman og komu heim á sama tíma, fótatak þeirra allra hljómaði eins á steinlagðri götunni og allir höfðu þeir svipað að iðja yfir daginn. Hver dagur var öðrum líkur, árið í ár líkt því í fyrra og næsta ár yrði eins.

Þessi einkenni Coketown voru órjúfanlega tengd þeirri starfsemi sem tilvera borgarinnar byggðist á; þau voru líka í æpandi mótsögn við þá velsæld sem starf borgarbúa skóp og þaðan breiddist út um heiminn, og sama má segja um glæsileikann (…). Aðrir drættir í ásýnd borgarinnar eru líka allrar athygli verðir og skal því getið hér.

Í Coketown bar ekkert fyrir augu sem ekki miðaðist við notagildi fyrst og fremst. Þegar einhver trúflokkur reisti sér þar guðshús – og það höfðu átján trúfélög gert – minntu þau á birgðaskemmur úr rauðum múrsteini drottni til dýrðar; sum þeirra höfðu raunar klukku í fuglabúri á þakinu, en það átti aðeins við um þau sem mest voru skreytt. Nýkirkjan var eina undantekningin; hún var stórhýsi með loft- og veggskreytingum úr gipsi og ferstrendum turni yfir kirkjudyrunum, en upp úr honum gengu fjórar stuttar spírur sem líktust skreyttum tréfótum. Allar opinberar áletranir í borginni voru sömu gerðar, með einföldum hvítum bókstöfum á svörtum grunni. Menn hefðu getað villst á fangelsinu og sjúkrahúsinu og jafnvel álitið að hvor byggingin sem var væri ráðhús borgarinnar (…). Raunveruleiki, raunveruleiki, allt sem fyrir augu bar hvarvetna í borginni var brennt marki raunveruleika; og sama gilti um það sem augað ekki sá. M’Choakumbarnaskólinn var einber raunveruleiki og það sama átti við um allt það sem var að finna milli fæðingardeildarinnar og kirkjugarðsins. Það sem ekki varð í tölum talið og ekki var unnt að kaupa ódýrt eða selja dýrt á markaði var ekki til og mundi aldrei að eilífu eiga sér neina tilvist. Amen.

En stóð þá ekki allt með blóma í þessari borg sem helguð var raunveruleikanum og gert hafði hann að leiðtoga lífs síns? Það verður því miður ekki sagt. Á ég að trúa þessu? Við hverju bjóstu eiginlega!

Nei. Coketown kom engan veginn út úr bræðsluofnum sínum og arinstæðum eins og skíragull úr deiglu. Í fyrsta lagi var það hinn óttalegi leyndardómur: hverjir tilheyrðu eiginlega trúfélögunum átján? Ekki var það verkafólkið, svo mikið er víst. Sá sem fór í morgungöngu á sunnudagsmorgni hlaut að undrast stórum hve fáa úr þeim hópi frumstætt klukknaskröltið kallaði til kirkjuferðar, þetta hljóð sem næstum fékk sjúkt og taugaveiklað fólk til að ganga af vitinu. Það vakti verkafólkinu ekki hvöt til að yfirgefa kæfandi þrengslin heimafyrir eða götuhornin í hverfum sínum þar sem það rölti og hímdi sljótt og áhugalaust og mændi upp á kirkjurnar og bænahúsin líkt og því kæmi ekki hið minnsta við hvað þar færi fram. Það voru ekki einungis utanbæjarmenn sem veittu þessu athygli, heldur höfðu verið stofnuð samtök í Coketown vegna þessa. Fulltrúar þeirra gerðu þingmönnum neðri málstofunnar heimsókn á hverju þingi og frá þeim gekk skæðadrífa vandlætingarfullra tillagna til frumvarpa að lögum sem ætlað var að gera verkafólkið trúrækið með góðu eða illu. Þá má ekki gleyma bindindisfélaginu sem kvartaði undan því að þetta sama verkafólk setti sig ekki úr færi að fara á fyllirí. Félagið sýndi fram á með línuritum og tölfræði að það hellti í sig áfengi, og í teboðum félagsins voru færðar sönnur á að hvorki Guð né menn gætu fengið verkafólk til að leggja af drykkjuósiðina – þar kæmi ekkert að gagni nema heiðursmerki. Í framhaldi af því stigu einingarmeistarinn og áfengiskaupmaðurinn fram og sönnuðu með enn meiri tölfræði og nýjum línuritum að fengi fólk ekki að drekka að vild tæki það bara til við að reykja ópíum. Loks kom fangelsispresturinn, sá reynslubolti, með enn önnur tölfræðiyfirlit sem skákuðu öllum þeim sem áður var getið. Þau sönnuðu að það fólk sem hér um ræðir vildi hafast við í óhræsisholum þar sem það væri hulið sjónum annarra; þar vildi það hlýða á auðvirðilega söngva og horfa á siðspillandi dans og væri jafnvel tilbúið að taka sjálft þátt í herlegheitunum. (…)

Verkefni

1. Hvað einkennir Coketown (Koksbæ) og mannlífið þar?
2. Hvaða ályktanir má draga af textanum hér að framan um viðhorf Dickens til verksmiðjuborga og hins nýja iðnaðarsamfélags?
3. Taktu saman yfirlit (fyrirlestur) um ævi og rithöfundarferil Charles Dickens. Kannaðu sérstaklega í því viðfangi hver verka hans hafa verið þýdd á íslensku.

*3. Barnavinna

Á fyrri hluta 19. aldar tókst umbótasinnuðum þingmönnum í Bretlandi að fá því framgengt að settar voru á fót rannsóknarnefndir sem gáfu út skýrslur um þær aðstæður sem fólki voru búnar í námum og verksmiðjum. Tilgangurinn var sá að fram kæmu tillögur til úrbóta. Skýrslur þessara rannsóknarnefnda hafa að geyma mjög

eftirtektarverðar lýsingar sem hljóta einnig að hafa vakið athygli samtímamanna. Þótt tugþúsundir barna ynnu í námum og verksmiðjum átti það þó einungis við um minnihluta breskra barna.

Hér á eftir fara útdrættir úr skýrslu um aðstæður í verksmiðjuiðnaðinum (frá árinu 1833) og námavinnslunni (frá árinu 1842).

Verksmiðjuiðnaðurinn

Vitnisburður A. Whitebread klæðaverksmiðjueiganda:

Nefndarmaður: Hvernig hafið þér séð börn meðhöndluð í verksmiðjunum svo að þau geti haldið sér vakandi allan þennan langa vinnudag?

Whitebread: Þau eru yfirleitt beitt harðræðum; harkan gagnvart þeim er svo ofboðsleg að þau þora ekki fyrir sitt litla líf að slaka á við vinnuna.

Nefndarmaður: Eru afköst barnanna léleg og verða þeim oft á mistök í starfi þegar þau eru orðin þreytt?

Whitebread: Já, þau gera oft mistök og þá verður bandið lélegt. Þegar verkstjórinn verður þessa var grípur hann leðurólina eða spanskreyrinn og kallar: „Láttu þetta ekki gerast aftur, litli skrattakollur,“ og lætur síðan höggin ríða á barninu.

Nefndarmaður: Ber atvik af þessu tagi einkum fyrir augu þegar líða tekur á vinnudaginn?

Whitebread: Ef maður kemur inn í verksmiðju síðla dags, einkum að vetrarlagi, heyrir maður nær undantekningarlaust einhver börn vera að gráta vegna þess að þau hafa orðið fyrir barsmíðum.

Nefndarmaður: Teljið þér nauðsynlegt að ganga lengra í lagasetningu en að veita börnum upp að fimmtán ára aldri vernd?

Whitebread: Þá mundi það bitna á þeim sem eldri eru en 15 ára; hvers vegna ættu þau áfram að vinna 17–18 tíma á sólarhring?

Nefndarmaður: Hve mikið er um það að 5–6 ára börn vinni í verksmiðjum?

Whitebread: Í hæsta lagi er eitt af hverjum 20 börnum á þeim aldri.

Nefndarmaður: En hvað eru mörg yngri en tíu ára?

Whitebread: Um það bil helmingurinn.

Nefndarmaður: Ber að skilja það svo að tíu ára börn fari að heiman til vinnu kl. fimm að morgni og þau komi ekki heim aftur fyrr en kl. níu að kvöldi?

Whitebread: Já.

Vitnisburður Joshua Drake iðnverkamanns:

Nefndarmaður: Hvers vegna látið þér börn yðar vinna þar sem þeim er misþyrmt og þau látin vinna störf sem eru þeim ofviða?

Drake: Þeim sem eiga börn er nauðugur einn sá kostur.

Nefndarmaður: Þér mynduð þá ekki láta börn yðar vinna í verksmiðju ef þér væruð ekki nauðbeygðir til þess?

Drake: Nei!

Vitnisburður Thomas Clarke, 11 ára að aldri:
Við vorum alltaf kaghýdd ef við sofnuðum…Castle var vanur að ná sér í kaðal sem var álíka sver og þumalfingurinn á mér, hann braut síðan kaðalinn tvöfaldan og hnýtti á hann hnúta. (…) Ég fór í verksmiðjuna rétt fyrir kl. sex á morgnana og stundum kl. fimm og vann til níu á kvöldin…Einu sinni vann ég alla nóttina. Við vildum frekar vinna þannig. Okkur langaði til að eignast einhverja peninga fyrir okkur sjálf. Við höfðum unnið frá því kl. sex um morguninn og unnum svo samfleytt til kl. níu kvöldið eftir…Ég vinn mér inn nálægt fjórum skildingum („shilling“) á viku…Bróðir minn hjálpar mér! Hann er bara sjö ára. Ég læt hann ekki fá neitt af mínum launum. Ef hann væri ekki bróðir minn yrði ég að láta hann fá einn skilding eftir vikuna…Ég tek hann með mér kl. sex og hann er í vinnunni til kl. átta.

Kolanámurnar
Susan Pitchford, 11 ára að aldri:
„Ég er búin að vinna í þessari námu í tvö ár.“ „Blessað barnið,“ segir í skýrslu nefndarinnar, „stóð fyrir framan okkur skjálfandi af kulda. Tötrarnir sem héngu á kroppi hennar voru svartir eins og kolin í vagninum sem hún dró og gegnblautir af vatni sem draup úr lofti námaganganna.“
Isabella Read, 12 ára gamall kolaberi: „Ég vinn hér ásamt bróður mínum og systur og þetta er alger þrælavinna. Ég get ekki sagt til um hve margar ferðir á dag ég verð að fara með kolakörfuna neðan úr botni námaganganna. Ég ber þunga kolakörfuna á bakinu og oft verð ég að ösla gegnum vatn sem nær mér í miðja leggi. (…) Mér fellur ekki þessi vinna og sama er að segja um hinar stelpurnar. Þegar hlýtt er úti verður manni erfitt um andardrátt og þá slokkna ljósin oft.“
Robert North: „Ég byrjaði að vinna í námunni þegar ég var fjögurra ára. Þá hjálpaði ég til við að fylla kolatrogin. Maður fær ekki að halda áfram að vinna við það sem maður fellir sig við, heldur er maður settur í önnur verk. Ég dró kolavagn í um það bil eitt ár. Meðan ég vann það verk fékk ég sár á kroppinn sem blæddi úr. Ég þorði ekki að láta vita af þessu því að gerum við það lætur eftirlitsmaðurinn okkur kenna á vendinum. Fullorðið fólk gat ekki unnið þetta verk (vegna þess að námagöngin voru svo þröng að jafnvel börn urðu að skríða á fjórum fótum) og þess vegna vorum við látin vinna þetta verk.

Verkefni
1. Taktu saman stuttan pistil þar sem þú lýsir þeim hughrifum sem þessir útdrættir úr nefndarskýrslunum vekja með þér.
2. Telur þú á einhvern hátt orka tvímælis að nota þessar heimildir til að gera sér raunsanna mynd af barnavinnu í verksmiðjum og kolanámum í Bretlandi á fyrri hluta 19. aldar?

III.5 : Verkalýðshreyfingin og barátta hennar. Breytingar á stjórnmálakerfinu

Athugunarefni í texta

°1. Hverjar voru aðstæður verkafólks til samtakamyndunar í árdaga iðnbyltingarinnar?
°2. Taktu saman pistil um chartistahreyfinguna í Englandi og baráttu hennar.
°3. Hvað felst í hugtakinu „trade-unionism“?
°4. Stofnun Verkamannaflokksins breska og aðdragandi hennar.
°5. Hvers konar félagsskapur var Fabíusarfélagið? Nefndu tvo af áhrifamönnum þess.
°6. Frjálslyndi flokkurinn átti sitt síðasta stórveldisskeið í breskum stjórnmálum á árunum fyrir heimsstyrjöldina fyrri. Hvaða mál voru þá efst á baugi í breskum stjórnmálum?
°7. Járnkanslarinn Bismarck átti í hatrömmum átökum og deilum við þýska sósíaldemókrata. Taktu saman pistil um þessi átök: upptök þeirra og ástæður, aðferðafræði Bismarcks meðan á þeim stóð og hvernig þeim lyktaði.
°8. Dragðu upp mynd af stjórnmálaátökum í Skandinavíu á síðari hluta 19. aldar.
°9. Hvenær komst þingræði á í eftirtöldum löndum? a) Noregi b) Danmörku c) Íslandi d) Svíþjóð
°10. Hvers vegna skyldu prentarar oft hafa orðið brautryðjendur í verkalýðsbaráttu og við stofnun verkalýðsfélaga?
°11. Taktu saman pistil um stofnun flokka sósíaldemókrata í Skandinavíu og þróun þeirra uns þeir komust í valdastöðu.
°12. Leitaðu svara við þeirri spurningu hvers vegna verkalýðsbarátta og stofnun verkalýðssamtaka áttu svo miklu örðugra uppdráttar í Bandaríkjunum en í ríkjum Norður- og Vestur-Evrópu.
°13. Hvert var upphafið að því að 1. maí varð alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins.

Umræðuefni

#1. Hvernig má skýra það að verkalýðssamtök og sósíalískir flokkar og sósíalísk hugmyndafræði átti jafnerfitt uppdráttar í Bandaríkjunum á sama tíma og öflug verkalýðshreyfing reis á legg og sósíalískir flokkar náðu fjöldafylgi í flestum ríkjum Evrópu?

III.6 : Ísland: hægfara þróun á 19. öld

Athugunarefni í texta
°1. Lesið nákvæmlega út úr skýringarmyndinni hitasveiflur á Íslandi og á Grænlandi á 19. öld og lýsið þeim í orðum.

Umræðuefni
#1. Í kaflanum segir að það sé álitamál hvort rétt sé að segja að fólksfjölgunin hafi valdið útþenslu byggðar eða að útþenslan hafi gert fólksfjölgunina mögulega. Þar er valinn sá kostur að líta á fólksfjölgunina sem orsök en útþensluna sem afleiðingu. En hvernig hefði útþensla byggðarinnar getað valdið fólksfjölgun?

#2. Í kaflanum er stungið upp á að batnandi hagur fólks um miðja 19. öld hafi gert Íslendinga nógu bjartsýna til að taka undir kröfu Jóns Sigurðssonar um sjálfstjórn þjóðarinnar. Þetta er auðvitað álitamál. Er kannski sennilegra að versnandi hagur hefði valdið óánægju með stjórn Dana á landinu og ýtt undir sjálfstæðisbaráttu? Ræðið málið.

#3. Hvort haldið þið að hefði verið betra að vera sjómaður á árabát eða þilskipi? Ræðið kosti og galla hvorrar skipagerðar fyrir sig fyrir sjómennina.

III.7 : Vélvæðing í sjávarútvegi: iðnbylting Íslendinga

Athugunarefni í texta
°1. Í upphafi kafla III.3 var því lýst í hverju iðnbylting fólst í Englandi. Hér segir að vélvæðing í sjávarútvegi hafi verið iðnbylting Íslendinga. Gerið örstutt yfirlit yfir hvað var sameiginlegt og hvað ólíkt með iðnbyltingu Englendinga og Íslendinga.

°2. Lesið út úr myndinni um aukna framleiðni í sjávarútvegi og sannfærið kennara um að þið skiljið hana með því að segja honum – um það bil – hvað sjómenn voru margir árið 1920 og hvað þeir öfluðu mikils. Hve mikið hafði afli á hvern sjómann þá aukist síðan 1901?

Umræðuefni
#1. Hvers vegna haldið þið að það hafi verið notaðir steinolíumótorar í báta en gufuvélar í togara? Ef annar hvor orkugjafinn var hagkvæmari, hvers vegna var hann þá ekki notaður í báðar gerðir fiskiskipa?

#2. Í kaflanum segir um sjávarútveginn: „Hafnleysi var víða til mikils baga, þótt náttúrlegar hafnir dygðu sæmilega, en byrjað var að bæta úr því þegar hafin var vinna við Reykjavíkurhöfn árið 1913.“ – Hvers vegna eru hafnir nauðsynlegar? Já, hvað er

eiginlega náttúrleg höfn? Hvers vegna þurftu togarar fremur á höfnum að halda en árabátar?

#3. Á undanförnum áratugum hefur verið einna mestur vöxtur í tveimur atvinnugreinum á Íslandi, ferðamannaþjónustu og álbræðslu. Hvað haldið þið um baktengsl, framtengsl og neyslutengsl þessara atvinnugreina, hvorrar fyrir sig?

III.8 : Nývæðing lifnaðarhátta á Íslandi

Athugunarefni í texta

°1. Á mynd er sýnd stjórn Eimskipafélags Íslands með fyrstu skipum þess og nokkrum þekktum þjóðartáknum. Hvaða þjóðartákn finnið þið á myndinni?

Umræðuefni

#1. Ræðið hvernig fólk komst af áður en innleiddar voru helstu nýjungar lifnaðarhátta sem eru nefndar í kaflanum, til dæmis:

a) Hvernig voru vörur fluttar á milli heimila og verslana áður en bílar og bílvegir komu til sögunnar?
b) Hvernig losuðu þéttbýlisbúar sig við skólp áður en lokræsi komu í götur?
c) Hvernig hitaði fólk hús sín áður en hitaveitan kom?
d) Hvernig lýsti fólk upp hús sín áður en gas og rafmagn stóð til boða?

#2. Áður en nývæðing lifnaðarhátta hófst að marki, á 20. öld, varð fólk að vera án margs sem okkur þykir nauðsynlegt. Hvað haldið þið að hafi verið verst að hafa ekki? Hvers munduð þið sakna mest ef þið lentuð í tímavél og flyttust skyndilega aftur á 19. öld?

Heimildaverkefni

*1. Útvegið ykkur góðan Íslandsatlas með nafnaskrá, til dæmis *Íslandsatlas* (Edda, Reykjavík, 2005). Merkið svo inn á autt Íslandskort viðkomustaði strandsiglingaskipsins sem auglýsir ferðir sínar á mynd á bls. 172.

*2. Í kaflanum segir að bílvegir hafi náð um nokkurn veginn allar byggðir landsins á fyrri hluta 20. aldar og brautir verið ruddar yfir hálendið, um Kjöl, Sprengisand og Kaldadal. Of fyrirhafnarsamt er að reyna að teikna þetta vegakerfi allt, en hægt að spreyta sig á að draga upp vegi nokkurn veginn í hring um landið, eftir því sem þið haldið að þeir hafi verið til á fyrri hluta aldarinnar, og hálendisbrautirnar sem eru nefndar í kaflanum.

III.9 : Verkalýðshreyfing á Íslandi

Athugunarefni í texta

°1. Semjið stuttan annál yfir helstu áfanga í sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Byrjið til dæmis:

1894: Þilskipaeigendur í Reykjavík og nágrenni stofna félag.

– Sjómenn á þilskipum í Reykjavík stofna Báruna .

Haldið svo áfram til 1938.

Umræðuefni

#1. Hvaða gagn er að stéttarfélögum? Hverjum gera þau gagn og hverjum hugsanlega ógagn? Hvernig væri launakjörum háttað hjá okkur ef engin verkalýðshreyfing hefði myndast í landinu?

#2. Á bls. 178 segir að Hásetafélag Reykjavíkur hafi verið eitt kröfuharðasta verkalýðsfélag landsins og haldið út tveggja vikna verkfall á togaraflotanum árið 1916. Hvers vegna haldið þið að félag togarasjómanna hafi verið svona öflugt á þessum árum? Svarið kann að leynast í kafla III.7 hér á undan.

Heimildaverkefni

*1. Í kaflanum segir að meðaltekjur verkamannafjölskyldu í Reykjavík árið 1913 hafi verið 738 krónur. Hvernig eigum við að komast að því hve mikil verðmæti það voru? Hugsanlegt er að reyna tvo kosti:

a) Þeir sem eru reikningsglöggir geta prófað að nota sögulega hagtöluritið *Hagskinnu* (1997). Í töflu 12.25 á bls. 637 má lesa að almenn verðlagsvísitala hafi hækkað úr í kringum 100 árið 1913 í 2.849.972 árið 1990. Það merkir að vörur og þjónusta sem kostuðu 100 krónur árið 1913 hafa kostað 2.849.972 gamlar krónur árið 1990. Nú var verðgildi krónunnar hundraðfaldað í ársbyrjun 1981, þannig að þetta jafngildir 28.499 krónum eins og við höfum nú. Hvað hefur svo gerst eftir 1990? Á vefsetrinu www.hagstofa.is má finna vísitölu neysluverðs. Þar má meðal annars lesa að á grunni 1988 sé vísitalan 647,4 stig í ágúst 2006. Það mun merkja að það sem kostaði 100 krónur 1988 sé komið upp í 647,40 krónur í ágúst 2006. Af því að vonlaust er að komast að nákvæmri niðurstöðu um þetta getum við sleppt aurunum og sagt 647 krónur. Ef við förum til baka í *Hagskinnu* sjáum við að í júlí 1988 taldist almenn verðlagsvísitala 2.031.192 stig sem jafngildir 20.311 í nýjum krónum. Þá verðum við að umreikna hækkun úr 100 í 647 þannig að hún sýni hækkun úr 20.311 krónum. Það gerum við með því að setja upp dæmið

$$20.311 \times 647/100 = 131.412.$$

Útkoman er jafngildi 100 króna um 1913. Þá er bara eftir að reikna hve hárri upphæð árið 2006 árstekjurnar 738 krónur jafngilda.
b) Þeir sem kjósa það heldur geta farið í *Hagskinnu* (1997), töflu 12.31 á bls. 646. Þar má lesa „Útsöluverð nokkurra vörutegunda og þjónustuliða í Reykjavík 1914–1979“. Veljið ykkur af listanum nokkrar vörutegundir sem eru enn meðal neysluvara okkar og hafa verð gefið upp í kílógrömmum en ekki stykkjum (því erfitt er að bera stykkin saman, þá og nú). Farið síðan í nálæga matvöruverslun og athugið hvað sömu einingar af sömu vörum kosta nú. Takið meðaltal af verðlaginu 1914 og nú. Reiknið síðan út frá því hve há upphæð nú jafngildir árstekjum verkamannafjölskyldu í Reykjavík 1913.

III.10 : Kerfi fjögurra stjórnmálaflokka

Umræðuefni
#1. Stjórnmálaflokkar eru venjulega stofnaðir af hópi fólks sem hefur sameiginlegar skoðanir á því hvað sé gott fyrir það sjálft og samfélagið í heild. Í skoðunum samflokksfólks eru einhver sameiginleg grundvallarsjónarmið sem eru gjarnan kölluð *stefna* flokksins. – Stundum eru líka innri andstæður í stefnu flokka, og verða flokksmenn þá að reyna að sætta þær. – Prófið að greina grundvallarsjónarmið íslensku flokkanna, og hugsanlega finna innri andstæður í þeim, út frá því sem er sagt um þá í kaflanum:
a) Alþýðuflokkurinn taldist vinstriflokkur og þannig fulltrúi „fyrir þær stéttir samfélagsins sem hafa lægsta stöðu og vilja þar af leiðandi mestar breytingar“. Hann var flokkur verkalýðshreyfingarinnar og hafði áhuga á hagnýtum umbótum á lífi og kjörum alþýðu. – Er ekki nokkurn veginn skiljanlegt samræmi í því?
b) Framsóknarflokkurinn var einkum flokkur bændastéttarinnar en jafnframt „framfarasinnaður borgaralegur flokkur“. – Myndar þetta skiljanlegt samræmi? Ég meina, hafði sveitamannaflokkur ástæðu til að vera framsæknari en aðrir flokkar á fyrri hluta 20. aldar?
c) Sjálfstæðisflokkurinn yngri telst til hægriflokka sem er lýst þannig í kaflanum að þeir séu „Flokkar hástétta sem vilja breyta samfélaginu sem minnst ...“ Hann var líka málsvari „einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis, sem var og er áhersluatriði hægrimanna“. – Finnst ykkur vera skiljanlegt samræmi í þessu?
d) Kommúnistaflokknum er skipað lengst til vinstri í láréttu flokkakerfi. En helsta ágreiningsmál kommúnista og alþýðuflokksmanna er sagt það að kommúnistar vildu stefna að byltingu að fyrirmynd kommúnista í Rússlandi, en alþýðuflokksmenn vildu ná völdum á lýðræðislegan hátt. – Hvers vegna er byltingarstefna kommúnista talin lengst til vinstri?

#2. Finnst ykkur að höfundur kaflans standi fremur með einum stjórnmálaflokki en öðrum? Er hann hlutdrægur í lýsingu sinni á stefnu og starfi flokkanna?

#3. Í námsbókinni *Fornum tímum* (2003), er útskýrt hvernig stéttaskipting fólks er af tvennu tagi, skipting í *lögstéttir* og *efnahagsstéttir*. Í þessari bók hefur líka verið talað um *lögstéttasamfélag*. – Þið getið notað nafna- og hugtakaskrá til að finna staðina. – Hvort haldið þið nú að sé verið að tala um lögstéttir eða efnahagsstéttir þegar fjallað er um stéttastjórnmál í þessum kafla.

Heimildaverkefni

*1. Teiknið skýringarmyndina efst á bls. 184 lauslega upp. Bætið svo við hana þriðju súlunni sem sýnir stærðarhlutföll flokkanna eins og þau eru nú, eftir síðustu alþingiskosningar. Sækið upplýsingar um kosningaúrslitin á vefsetrið www.hagstofa.is. Setjið *Samfylkinguna* niður þar sem Alþýðuflokkur er á myndinni og *Vinstrihreyfinguna – grænt framboð* þar sem Kommúnistaflokkur/Alþýðubandalag er.

*2. Miðað við sósíaldemókrataflokka á Norðurlöndum er sérstaklega áberandi hvað Alþýðuflokknum gekk illa að ná verulegu fylgi á Íslandi. Engin veruleg skýring er á þessu í kaflanum, en í bók Helga Skúla Kjartanssonar, *Ísland á 20. öld* (2002), í kafla sem heitir Verkalýðshreyfing og verkalýðsflokkar (bls. 131–39), er frásögn af því hvernig það bar að að flokkurinn klofnaði á árinu 1938. Skrifið stutta endursögn hennar.

III.11 : Heimskreppan mikla

Athugunarefni í texta

°1. Lýstu stöðu Bandaríkjanna í efnahagslegu tilliti að lokinni heimsstyrjöldinni fyrri.
°2. Hvernig lýsti eftirstríðskreppan í Bandaríkjunum sér og hver var helsta ástæða hennar?
°3. Í bókartexta er komist svo að orði að á þriðja áratugnum hafi fyrsta neyslusamfélag sögunnar orðið til. Hverjar voru helstu birtingarmyndir þess?
°4. Hver voru birtingarform kreppunnar eftir að hún skall á? Við hvað er átt með hugtakinu „vítahringur kreppunnar“?
°5. Hver urðu áhrif kreppunnar á stjórnmál í Bandaríkjunum og á stjórnmálasviðinu almennt í heiminum?

Umræðuefni

#1. Í bókartexta er bent á hve þverstæðukennt það sé að mesta hagsæld sem menn höfðu kynnst fram að þeim tíma skyldi ala af sér dýpstu efnahagskreppu á síðari tímum. Ýmsir hafa skýrt þetta með því að vísa til misvægis í hagkerfinu og snöggra bletta á hagsældinni. Í hverju var þetta misvægi og snöggu blettir fólgið?

Heimildaverkefni

*1. Kauphallarhrunið 1929 – hlutabréfabraskið

> Hvers vegna hrundi hlutabréfamarkaðurinn haustið 1929? Fésýslumaðurinn Arthur Robertson sem sjálfur lagði stund á kauphallarbrask skýrir hér hrunið af sínum sjónarhól. Í viðtalinu við Robertson sem tekið var nokkru fyrir 1970 getur hann þess að árið 1922 hafi eignir hans reiknast í sjö stafa tölu. Þá var hann 24 ára að aldri. Á þeim tíma íhugaði hann alvarlega að draga sig í hlé um þrítugt og lifa síðan á eignum sínum
> Tekið úr Studs Terkel: *Hard Times. An Oral History of the Great Depression.* New York 1970.

(…) veröldin árið 1929 var eins og spilavíti þar sem spilað var með fölskum teningum. Nokkrir stórsvikahrappar drógu alla fáráðlingana á asnaeyrunum (…) Árið 1921 skall á kreppa, en hún var á enda árið 1924. Þá hófst kapphlaupið, endaspretturinn, þar sem áhættusæknin átti sér engin takmörk. (…) Ég horfði upp á skóburstara – einhverja stráklinga – kaupa hlutabréf fyrir 50.000 dali þótt þeir ættu ekki meira en 500 dali í eigin fé. Öll kaup voru gerð upp á gróðavonina.

Ef maður ætlar núna að kaupa hlutabréf fyrir 100 dali verður maður sjálfur að leggja fram 80 dali, en verðbréfamiðlarinn lánar síðan mismuninn. Þá dugði að maður reiddi sjálfur fram svona átta eða tíu dali. Þetta var undirrótin að hruninu. Smávægilegur óstöðugleiki á markaði bauð hættunni heim því að fólk átti ekki fé til að greiða þá 90 dali sem upp á vantaði. Þá var ekki jafn traust eftirlit með markaðnum og nú er. Menn neyddust hreinlega til að selja fáanlegum kaupendum sem þó voru tregir til.

Á þessum tíma var gangverð hlutabréfa í vindlafyrirtæki í kauphöllinni 115 dalir á hlut. Markaðurinn hrundi. Forstjóri fyrirtækisins hringdi í mig og spurði hvort ég gæti lánað sér 200 milljónir dali. Ég hafnaði þeirri beiðni, enda átti ég þegar hér var komið nóg með sjálfan mig. Gengið á bréfunum hans féll úr 115 dölum niður í tvo dali á hlut. Þegar svo var komið kastaði hann sér út um gluggann á skrifstofu sinni í Wall Street.

Forstjóri í fyrirtæki einu átti handbært fé sem nam 17 milljónum dala. (…) Þegar gengið á bréfum fyrirtækisins tók að falla hóf hann kaup á eigin bréfum til að halda gengi þeirra uppi. Þegar ný lækkunardýfa gekk yfir var hann búinn að vera. Þá skuldaði hann þremur bönkum sína milljón dalina hverjum. (…)

Þessi tími einkenndist af mönnum sem orðnir voru goðsagnaverur þegar í lifanda lífi. Fyrir þeim var milljón dala eins og skiptimynt. Nokkrir menn af þessu sauðahúsi gerðu gjarnan með sér félag um að knýja upp gengi bréfa í ákveðnum fyrirtækjum þar til það var komið út úr öllu korti. Á þeim tímapunkti seldu þeir svo grunlausum

almenningi bréf sín. Ef kvittur kom upp um að menn eins og Durant og Jesse Livermore væru að kaupa ákveðin bréf fylgdu allir aðrir í kjölfarið því að menn vissu að gengið mundi hækka. Eini vandinn var sá að komast út úr hringekjunni áður en upphafsmennirnir færu að selja sína hluti.

Durant átti General Motors í tvígang og kom fyrirtækinu í ógöngur í bæði skiptin. (…) Á pappírnum átti hann langt yfir einn milljarð dala sem jafngildir fjórum eða fimm milljörðum á verðlagi dagsins í dag [nokkru fyrir 1970]. (…) Þegar hrunið reið yfir hrundi veldi hans eins og spilaborg og þannig fór fyrir æði mörgum. (…) Þetta voru bara tölur á blaði. Allir reiknuðu á þessum tíma með því að trén myndu vaxa allt til himins.

Bankar tóku 18% vexti af lánum til hlutabréfakaupa og það á bréfum þar sem arðgreiðslur námu einungis einu til tveimur prósentum. Menn reiknuðu með því að gengið héldi áfram að hækka í það óendanlega. Því trúðu allir. (…)

Verkefni

1. Hvernig skýrir Arthur Robertson kauphallarhrunið haustið 1929?
2. Hvernig ríma skýringar Robertsons við það sem segir í kennslubókinni um orsakir kreppunnar?

III.12 : Kreppuárin á Íslandi

Athugunarefni í texta

°1. Berið kreppuna á Íslandi saman við kreppuna miklu í Bandaríkjunum, eins og henni er lýst í kafla III.11, finnið út í hvaða atriðum ferillinn á Íslandi var líkur þessum í Bandaríkjunum:

a) Í Bandaríkjunum skall kreppan á í október 1929. – Hvenær á Íslandi?

b) Í Bandaríkjunum hafði verið mestur vöxtur í bílaframleiðslu. – Hvaða atvinnugrein(ar) hafði/höfðu einkum vaxið á Íslandi?

c) Í Bandaríkjunum lýsti kreppan sér í upphafi í sölutregðu og verðfalli sem leiddi síðan af sér atvinnuleysi. – Hvernig var þetta á Íslandi?

d) Í Bandaríkjunum komst atvinnuleysi upp undir 15%. – Hve hátt varð það á Íslandi?

e) Kreppunni slotaði ekki í Bandaríkjunum fyrr en síðari heimsstyrjöldin skall á. – Hvenær lauk henni á Íslandi?

Umræðuefni

#1. Hvaða ráð kunnið þið við kreppunni? Hvað hefði verið hægt að gera til að draga úr henni? Allt eru þetta mikil álitamál svo að þið þurfið ekki að vera hrædd við að segja það sem ykkur dettur í hug.

Heimildaverkefni

*1. Í kaflanum er lítið um lýsingar á því hvernig kreppan hafði áhrif á líf alþýðufólks og hvernig það komst af. Bætið úr því með stuttri ritgerð. Sem heimildir getið þið notað einhver eftirtalinna rita, fleiri eða færri af þeim eftir því hver þeirra eru ykkur aðgengileg og hvað kennari leggur fyrir:

Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20. öld* (2002).
Ísland í aldanna rás. Saga lands og þjóðar ár frá ári. I. 20. öldin 1900–1950 (2000) eða *Ísland í aldanna rás. Saga lands og þjóðar ár frá ári 1900–2000* (2003).
Öldin okkar. Minnisverð tíðindi 1931–1950 (1950).
Kjartan Jónasson. *Kreppuárin á Íslandi 1930–1939* I (1986).
Halldór Pétursson. *Kreppan og hernámsárin* (1968).

*2. Farið í *Hagskinnu* (1997) og leitið þar að einhverjum staðtölum sem er hægt að nota til að sýna áhrif kreppunnar á atvinnulíf á Íslandi. Reynið að finna eitthvað sem er ekki notað í námsbókinni.

IV. ÁTÖK Á HEIMSVÍSU

IV.2 : Stórveldin og staða þeirra

Athugunarefni í texta

°1. Skipta má samskiptasögu stórveldanna í Evrópu 1815–1914 í þrjú tímabil. Hver voru þau og hvað einkenndi hvert þeirra um sig?

°2. Glöggvaðu þig á eftirfarandi þáttum er varða Krímstríðið:

- orsökum og undirrót stríðsins
- hverjir tókust á í Krímstríðinu
- hver urðu úrslit stríðsins og hvað mestu réð um niðurstöðuna.

°3. Hvaða sex ríki töldust til stórvelda í Evrópu á síðari hluta 19. aldar?

°4. Hvaða atburðir marka innkomu Bandaríkjanna sem stórveldis inn á vettvang heimsmálanna? Var það tilviljun að hana bar upp á þennan tíma eða lágu efnislegar ástæður að baki?

°5. Með hvaða atburðum hösluðu Japanar sér völl sem stórveldi? Hvert var baksvið þess að þeir megnuðu að gera það?

Umræðuefni

#1. Hvaða þættir vega þyngst þegar meta á styrk einstakra stórvelda í Evrópu á 19. öld? Urðu einhverjar breytingar í þessu efni á tímabilinu, og ef svo er, þá hverjar? Leitaðu svars við framangreindum spurningum með tilstyrk meðfylgjandi staðtölulegra upplýsinga um mannfjölda, iðnaðarframleiðslu, lengd járnbrautakerfis og menntunarstig.

Tafla 1. Íbúatala helstu ríkja Evrópu nokkur valin ár (talið í milljónum) [1)]

	1829	1859	1870	1890	1910
Austurríki-Ungverjaland [2)]	22,278	30,727	35,730	42,854	51,356
Bretland[3)]	14,092	20,817,	26,072	33,029	40,831
Frakkland	30,462	35,783	36,103[4)]	38,133	39,192
Ítalía [5)]	18,381	24,351	26,801	30,460	34,671
Rússaveldi [6)]	48,600	68,500	84,500	117,800	160,700
Þýskaland [7)]	22,377	33,413	41,059	49,428	64,926

Heimild: Brian R. Mitchell. *European Historical Statistics 1750–1970.* London og New York, 1978.

Athugasemdir:

1) Þar eð ekki liggja fyrir manntalstölur fyrir öll löndin nákvæmlega þau ár sem valin eru til viðmiðunar er stuðst við tölur frá þeim árum sem næst liggja. Það raskar ekki heildarmyndinni neitt að marki.

2) Íbúar á yfirráðasvæði Austurríkismanna á Ítalíu 1815–1860 eru ekki meðtaldir í þessum tölum.

3) Írland laut á þessum tíma breskum yfirráðum, en íbúar þess eru hér ekki meðtaldir. Fjöldi þeirra var sem hér segir:

1821: 6,802 milljónir

1851: 6,552 “
1871: 5,412 “
1891: 4,705 “
1911: 4,390 “
4) Hér er tekið tillit til missis Frakka á Alsace-Lorraine (Elsass-Lothringen) til Þjóðverja eftir þýsk-franska stríðið.
5) Í tölunum fyrir 1870 er miðað við manntöl á öllu því svæði sem ítalska ríkið tók yfir eftir sameiningu þess.
6) Þessar tölur eru að nokkru áætlaðar út frá gögnum sem fyrir liggja.
7) Tölurnar frá 1820 og 1850 taka til alls þess svæðis sem þýska keisaradæmið tók yfir frá 1870 að frátöldum héruðunum Slésvík, Holtsetalandi, Elsass og Lothringen. Þau eru hins vegar með í tölunum frá 1870 og síðar.

Tafla 2. Kolaframleiðsla helstu ríkja Evrópu nokkur valin ár (í þúsundum tonna) [1)]

	1820	1850	1870	1890	1910
Austurríki-Ungverjaland	125	877	4.296	9.926	15.076
Bretland	17.700	50.200	112.203	184.528	268.676
Frakkland	1.300	4.434	13.390	26.083	38.350
Ítalía	“	“	59	376	559
Rússaveldi	“	300[2)]	690	6.010	25.430
Þýskaland [3)]	1.300	5.100	26.398	70.238	152.828

Heimild: Brian R. Mitchell. *European Historical Statistics 1750–1970.* London og New York, 1978.

Athugasemdir:
1) Tölurnar taka til framleiðslu á steinkolum (brúnkolaframleiðsla er ekki innifalin).
2) Tölurnar eru frá 1860.
3) Þýskaland var langstærsti brúnkolaframleiðandinn. Framleiðslan var sem hér segir:
1870 7.605 þús. tonn
1890 19.013 “ “
1910 69.474 “ “

Tafla 3: Járngrýtisvinnsla helstu ríkja Evrópu nokkur valin ár (í þúsundum tonna)

	1850	1870	1890	1910
Austurríki-Ungverjaland	502	835	1.362	2.628
Bretland	9.707	14.602	14.002	15.470
Frakkland	1.774	2.614 [1)]	3.472	14.606
Ítalía “	89	221	551	
Rússaveldi	“	“	1.736	5.742
Þýskaland	715	2.918	8.047	22.446

Heimild: Brian R. Mitchell. *European Historical Statistics 1750–1970.* London og New York, 1978.

Athugasemdir
1) Árið eftir féll framleiðslan niður í 1,852 tonn vegna missis Alsace-Lorraine til Þjóðverja sem juku þá framleiðslu sína að sama skapi.

Tafla 4: Stálframleiðsla helstu ríkja Evrópu nokkur valin ár (í þúsundum tonna)

	1870	1890	1900	1910
Austurríki-Ungverjaland	22	516	1.170	2.174
Bretland	334	3.636	4.980	6.476
Frakkland	84	683	1.565	3.413
Ítalía	“	108	116	732
Rússaveldi	9	378	2.216	3.314
Þýskaland	126	2.135	6.461	13.100

Heimild: Brian R. Mitchell. *European Historical Statistics 1750–1970*. London og New York, 1978.

Tafla 5: Hlutdeild einstakra ríkja og heimshluta í heildarframleiðslu iðnvarnings 1750–1900 (í %)

	1750	1800	1860	1880	1900
Bretland	1,9	4,3	19,9	22,9	18,5
Austurríki-Ungverjaland	2,9	3,2	4,2	4,4	4,7
Frakkland	4,0	4,2	7,9	7,8	6,8
Þýsku ríkin / Þýskaland	2,9	3,5	4,9	8,5	13,2
Ríki á Ítalíu / Ítalía	2,4	2,5	2,5	2,5	2,5
Rússaveldi	5,0	5,6	7,0	7,6	8,8
Evrópa í heild	23,2	28,1	53,2	61,3	62,0
Bandaríkin	0,1	0,8	7,2	14,7	23,6
Japan	3,8	3,5	2,6	2,4	2,4
Kína32,8	33,3	19,7	12,5	6,2	
Indland/Pakistan	24,5	19,7	8,6	2,8	1,7
Þriðjaheimsríki alls	73,0	67,7	36,6	20,9	11,0

Heimild: Paul Kennedy. *The Rise and Fall of the Great Powers*. London, 1988.

Tafla 6: Lengd járnbrautakerfisins í helstu ríkjum Evrópu (í þúsundum kílómetra) [1)]

	1835	1850	1870	1890	1910
Austurríki-Ungverjaland	“	1.357	6.112	15.273	22.642
Bretland	544	9.797	21.558	27.827	32.184
Frakkland	141	2.945	15.544	33.280	40.484
Ítalía	“	620	6.429	13.629	18.090
Rússland	“	501	10.731	30.596	66.581
Þýskaland	6	5.856	18.876	42.869	61.209

Heimild: Brian R. Mitchell. *European Historical Statistics 1750–1970*. London og New York, 1978.

1) Íhugunarvert er að skoða lengd (þéttleika) járnbrautanna út frá stærð (flatarmáli) einstakra ríkja, t.d. Bretlands annars vegar og Rússaveldis hins vegar, en Rússaveldi var nærfellt hundrað sinnum stærra að flatarmáli. Þá voru Frakkland og Þýskaland hvort um sig nærfellt tvöfalt stærri en Bretland.

Tafla 7: Tölur um nemendafjölda á einstökum skólastigum í nokkrum helstu ríkjum Evrópu (í þúsundum) [1)]

	1860			1880			1900			1910		
	B	F	H	B	F	H	B	F	H	B	F	H
Austurríki-Ungverjaland	2.591	68.8	9.2	4.058	105.1	17.7	6.207	170.5	33.8	7.271	241.3	52.4
Bretland [3)]	920	“	“	3.274	“	“	5.387	17.7	“	6.114	180.5	“
Frakkland	4.437	65.7	“	5.049	86.8	“	5.526	98.7	29.9	5.655	126.0	41.2
Ítalía	1.009	15.8	6.5	2.003	32.5	11.9	2.708	91.6	26.0	3.309	164.0	26.9
Þýskaland	“	“	“	“	“	21.4	8.966	“	48.0	10.310	1.016	70.2

Heimild: Brian R. Mitchell. *European Historical Statistics 1750–1970*. London og New York, 1978.

Athugasemdir
1) Tölur frá Rússaveldi liggja ekki fyrir.
2) Skammstafanir: B = barnaskólar ; F = framhaldsskólar ; H = háskólar

3) Tölurnar frá Bretlandi taka einungis til opinberra skólastofnana eða skóla sem nutu opinbers fjárstuðnings.

#2. Leggðu mat á hvaða ríki gegndu pólitísku forystuhlutverki á meginlandi Evrópu á eftirtöldum tímapunktum: 1810, 1820, 1850, 1860 og 1880. Veltu í því viðfangi fyrir þér hvaða pólitísku stórviðburðir urðu til þess að lyfta einstökum ríkjum til slíkrar forystu eða til að velta þeim úr slíku forystusæti.
#3. Tímabilið 1815–1914 er oft nefnt „enska öldin“ í sögu heimsins. Taktu til athugunar hvaða atriði það voru sem Bretar einkum byggðu heimsveldisstöðu sína á. Hvað varð öðru fremur til að ógna forystuhlutverki Breta í heimsmálum er líða tók að aldamótunum 1900? Hvaða einstaki þáttur var alla tíð snöggur blettur á stórveldisstöðu Breta?
#4. Taktu rökstudda afstöðu til eftirfarandi staðhæfingar: Rússnesk-japanska stríðið var í senn einn orsakavaldur heimsstyrjaldarinnar fyrri og rússnesku byltingarinnar árið 1917.

IV.3 : Heimsvaldastefnan og uppskipting Afríku

Athugunarefni í texta
°1. Hvaða hagrænu þættir hafa verið taldir meðal helstu orsaka hinnar nýju heimsvaldastefnu eftir 1870?
°2. Auk hinna hagrænu þátta hefur verið bent á ýmsa aðra orsakavalda hinnar nýju heimsvaldastefnu. Hverjir eru hinir helstu þessara þátta?

Umræðuefni
#1. Taktu til athugunar og umræðu hvaða áhrif hugmyndir merkantílismans annars vegar og hugmyndir manna um frjálsa verslun og frjálshyggju í efnahagsmálum hins vegar höfðu á viðhorf manna til nýlendustefnu og nýlendueignar.
#2. Taktu til umræðu þær kenningar og skýringar sem fram hafa verið bornar á orsökum heimsvaldastefnunnar nýju á árunum upp úr 1870. Láttu á það reyna hvort umræðuhópurinn getur komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvort einhverjar orsakaskýringar vegi með afgerandi hætti þyngra en aðrar. Hafðu til hliðsjónar í þessari umræðu meðfylgjandi heimildatexta og staðtöluupplýsingar.

Nokkur dæmi um málflutning „hugmyndafræðinga“ heimsvaldastefnunnar

J.R. Seeley (1834–1895), prófessor í sagnfræði við háskólann í Cambridge

... Hvað sjálfa útþenslu Bretlands varðar getur hún ekki annað en verið manni fagnaðarefni. Það er mikil gæfa fyrir hverja þjóð að ráða yfir svæðum þangað sem senda má það fólk sem ofaukið er í heimalandinu. Íbúafjöldinn lagar sig ekki að landrýminu. Því er þveröfugt farið. Því fleiri sem íbúarnir eru, þeim mun örar fjölgar þeim. Bretland er þegar fullsetið og þröngbýli fer þar nú ört vaxandi, því að

þjóðinni fjölgar um eina milljón á hverju þriggja ára tímabili. Líklega ætti að örva útflutning fólks úr landi mun meira en gert hefur verið og drægi úr honum ylli það vafalaust miklum búsifjum ...

... Við lifum nú í gerbreyttum heimi. Það sem áður skildi menn að öðru fremur, úthöfin og trúarandstæður, skiptir litlu máli nú. Þess í stað eru afar sterk samtengjandi öfl að verki, einkum verslunin og fólksflutningar. Þar með vakna til lífs að nýju þau náttúrlegu bönd sem tengja alla Englendinga, þjóðernið, tungan og trúarbrögðin. Þessir þættir verða yfirsterkari þegar þröskuldarnir á vegi sameiningar hafa verið yfirstignir. Móðurlandið lítur ekki lengur svo á að það gegni einhvers konar stjúpmóðurhlutverki og það gerir ekki lengur ósanngjarnar kröfur til nýlendna sinna eða setur þeim hvimleiðar hömlur, því að það vill að nýlendurnar geti orðið útflutningsmarkaður og landnámssvæði útflytjenda. Nýlendunum hlýtur hins vegar að vera ofarlega í huga sú áhætta sem sjálfstæði er samfara auk hættunnar á menningarlegri hnignun og úrkynjun. Samskiptin munu stöðugt fara vaxandi þegar ekki er lengur til staðar vald sem skapar firringu og dregur þannig úr þeim. Sá falski tónn sem gamla kerfið vakti mun hverfa í djúp gleymskunnar og þær nýlendur sem við eigum munu með fullum sanni geta kallast Bretaveldi um leið og böndin sem tengja það saman styrkjast. Þegar sú kemur tíð getum við ef til vill gleymt höfunum sem aðskilja okkur og einnig upprætt úr huga okkar þá gömlu bábilju að við séum einungis einhverjir eyjarskeggjar. Ef við beittum þannig skynsemi okkar til að tengjast nýlendunum nánar í hug og hjarta og temdum okkur að líta svo á að útflytjendur frá Englandi væru ekki ættjörð sinni eilíflega glataðir þótt þeir settust að í einhverri nýlendunni væri það mikils um vert. Í fyrsta lagi gæti flutningur fólks úr landi þá orðið helsta vopn okkar í baráttunni gegn fátækt og í annan stað gæfi það möguleika á einhvers konar samstarfi eða skipulagi sem styrkt gæti heimsveldi okkar á ófriðartímum ...

Að lokum vil ég taka fram að ekki er til neitt einhlítt eða algilt svar við þeirri spurningu hvort farsælla sé að ríki séu stór eða lítil. Við heyrum oft háleita lofgjörð um farsæld smáríkja. Því er til að svara að smáríki innan um önnur smáríki er eitt, en smáríki meðal stórvelda er annað. Fátt getur hnýsilegra en fræðast um gullöld Aþenu og Flórensborgar, en sú gullöld stóð einungis svo lengi sem borgríkin tvö öttu kappi við jafningja. Henni lauk þegar öflug stórríki urðu til í námunda við þau. Frægðarsól Aþenu bliknaði þegar stórveldi Makedóníumanna kom fram á sjónarsviðið og Karl keisari fimmti hafði ekki mikið fyrir því að brjóta Flórens til undirgefni. Ef raunin er sú að nú séu að koma fram á sviðið öflugri ríkjamyndanir en áður eru dæmi um hljóta örlög borgríkjanna tveggja að verða umhugsunarefni þeim ríkjum sem kannski hafa ekki hugsað hærra en lifa áfram á fornri frægð. Miðevrópa finnur nú þegar fyrir auknum þrýstingi frá Rússaveldi. Hvað gerist þegar þetta óhemju víðlenda og fjölmenna ríki verður orðið jafnoki Þýskalands að kunnáttu og skipulagi á öllum sviðum, lagningu járnbrautakerfisins lokið, þjóðin hefur menntast og stjórnarfarið orðið traust? Og ef við hugsum okkur að þessu verði að verulegu leyti hrundið í framkvæmd næstu hálfa öldina mun íbúatala landsins að þeim tíma liðnum ekki vera 80 milljónir, heldur tæpar 160 milljónir. Margir þeir sem nú hlýða á mál mitt munu eflaust ekki lifa það, en þegar þar verður komið sögu munu Bandaríkin og Rússaveldi bera ægishjálm yfir þau ríki sem nú kallast voldug, alveg á sama hátt og stórveldi habsborgara bar Flórens ofurliði. Ætti þetta ekki að verða okkur umhugsunarefni? Og hvað þá með ráðamenn ríkis á borð við Bretland sem eiga um tvo framtíðarkosti að velja? Annar er sá að fylgja stefnu sem gerir Bretum kleift að halda til jafns við þessi voldugu framtíðarríki, en hinn felur í sér að landið láti sér nægja að vera aðeins eitt Evrópuríkjanna í svipaðri stöðu og Spánverjar eru nú um stundir þar sem þeir horfa til baka til þeirra glæstu tíma er land þeirra taldist heimsveldi.

Heimild

J.R. Seeley. *The Expansion of England*. London, 1883.

Bók þessi sem naut mikilla vinsælda á sinni tíð hafði að geyma fyrirlestra hans. Kaflarnir hér að framan eru úr lokafyrirlestrinum þar sem hann dregur saman niðurstöður sínar.

Sir Charles Dilke (1843–1911)

Á árunum 1866–67 fór Charles Dilke hnattferð og gaf út bók um áhrif hennar á sig. Bókina nefndi hann *Greater Britain*. Hér fer á eftir tilvitnun í formála bókarinnar og niðurlag:

Á árunum 1866–67 fylgdi England mér umhverfis hnöttinn, alls staðar var ég í enskumælandi löndum eða löndum er lutu enskri stjórn. Þó ég yrði þess var að loftslagið, jarðvegurinn og siðir hefðu haft áhrif og blöndun við aðra þjóðflokka átt sér stað, þá sá ég greinilega að í raun var kynþátturinn óbreyttur. Á allri ferð minni var ein hugmynd í senn leiðarhnoða mín og förunautur – raunar lykillinn sem ég notaði til að ljúka upp leyndardómum þessara athyglisverðu landa sem voru mér áður ókunn. Þessi hugmynd var sannfæringin um mikilleik kynþáttar okkar, sem ætíð mun umlykja jörðina og kannski eru honum ætluð þau örlög að ná smám saman um hana gjörvalla.

Í Bandaríkjunum er fólk hvaðanæva úr heiminum að renna saman í eina þjóð og þessi samsteypa á sér stað í ensku móti. Þjóðin hefur helgað sér lög Elfráðs ríka (enskur konungur 871–899) og tungumál Chaucers (enskt skáld 1340–1400), hvort sem það hefur átt sér stað sjálfrátt eða óviljandi. Ýmsir hafa haldið því fram að England muni fyrr eða síðar vilja eigna sér heiðurinn af því að hafa skapað stærri „Englönd“ handan hafsins. En menn hafa ekki veitt því tilskilda athygli að England hefur ekki aðeins myndað eigin nýlendur. Það hefur gert útflytjendum frá þýsku ríkjunum, Írlandi, Norðurlöndum og Spáni að undirgangast enskar stjórnarstofnanir. Bandaríkin tala fyrir munn Englands...

(Niðurlag) ... Ef við berum saman á landakorti yfirráðasvæði Englendinga annars vegar og Rússa hins vegar eins og þau litu út fyrir 50 árum og tökum síðan kort frá í dag (1867) og könnum þar sömu hlutföll, sjáum við að engilsaxar hafa unnið og gert að nýlendum mun stærri svæði en „moskovítarnir“. Bandaríkin ein og sér eru ámóta stór og landvinningar Rússa. Chile, La Plata og Perú hljóta fyrr eða síðar að verða enskt land. Indjánaþjóðflokkarnir sem byggja þessi svæði geta ekki staðist samkeppnina við okkar landnema, örlög hásléttanna í Afríku, Kína og Japans eru ráðin. Jafnvel á hitabeltissléttunum virðast engir nema blökkumennirnir standast okkur snúning. Þróunin stefnir óhindrað í þá átt að um 1970 muni enski kynþátturinn telja 300 milljónir manna er tala eitt tungumál og bera sömu þjóðareinkenni. Ítalir, Spánverjar, Frakkar og Rússar munu verða eins og dvergþjóðir við hlið þessa hóps.

Margir þeir sem gera sér grein fyrir styrk engilsaxneska kynþáttarins telja að við Englendingar séum bæði siðferðislega og líkamlega vanmáttugasti hluti þessa kynþáttar eða með öðrum orðum, að við komum til með að falla í skuggann fyrir þeim enskumælandi íbúum Ameríku og Ástralíu. ... Þó að við neyðumst til að horfast í augu við hve hratt við glötum yfirburðum okkar á sviði iðnaðar, eftir því sem kolin verða ódýrari í Ameríku og dýrari í gamla Englandi, þá höfum við engu að síður jafnmargt að bjóða Ameríku og hún okkur. Eignarhaldið á Indlandi tryggir okkur þann stórveldisgrunn sem er nauðsynlegur til að stækka andlegan sjóndeildarhring okkar og til að reisa ný og æðri markmið. Fyrir enska kynstofninn gefur eignarhaldið á Indlandi, ströndum Afríku og höfnum Kínaveldis okkur möguleika á að koma fótum undir frjálsar þjóðir meðal kynþátta blökkumanna.

Framtíð einnar þjóðar af kynþætti okkar er samt sem áður smámunir einir í samanburði við sigra kynstofnsins í heild. En áhrifavald enskrar löggjafar og enskra stjórnhátta er ekki mál Englendinga einna, heldur mun frelsi mannkyns ráðast af því sem framtíðin ber í skauti.

Heimild
Louis Snyder. *The Imperialism Reader*. New York, 1962.

Friedrich Fabri (1824–1891)

Fabri hafði starfað í Afríku um árabil þegar hann gaf árið 1879 úr bókina *Bedarf Deutschland Kolonien?* („Þarf Þýskaland að eignast nýlendur?“) Honum er hér teflt fram sem „hugmyndafræðingi“ þýskrar nýlendu- og heimsvaldastefnu.

Fabri: Ætti ekki þýska þjóðin, sem er svo starfssöm, mikil siglingaþjóð, dugmikil verslunarþjóð og hæf til að stofna landbúnaðarnýlendur, með mikið og hæft vinnuafl á lausu og atgervi meira en aðrar

menningarþjóðir nútímans, ætti þessari þjóð ekki að vera í lófa lagið að ryðja sér braut í anda heimsvaldastefnunnar? Ég er sannfærður um að nýlenduöflun er spurning um líf eða dauða fyrir framtíðarþróun Þýskalands. Nýlendur gætu bjargað efnahag okkar og stuðlað að framför þjóðarinnar.

Þarna er fólgin lausn á mörgum þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. Í okkar nýja þýska ríki [frá 1871] er svo mikil beiskja, ófrjótt, súrt og mengað pólitískt andrúmsloft, að með því að beina huga fólks inn á nýjar brautir á að vera unnt að sameina alla þjóðina til nýrra átaka. Það gæti haft eins konar frelsandi áhrif á alla aðila. Þjóðvitund okkar mundi endurnýjast og ánægjulegt til þess að hugsa. Þjóð sem komist hefur til mikilla valda getur aðeins viðhaldið sögulegu hlutverki sínu ef hún skilur og sýnir í verki að hún getur *breitt menningu út til annarra*. Það er líka eina leiðin til að skapa stöðugleika og auka velferð þjóðarinnar, sjálfa forsendu varanlegrar valdasóknar.

Um skeið var framlag Þýskalands til verkefna samtímans aðeins á sviði menningar og bókmennta. Sá tími er nú liðinn. Þjóðin er nú orðin pólitískt sinnuð og áhrifamikil, en ef pólitískt vald verður æðsta boðorð ríkisins, leiðir það til ruddaskapar og jafnvel barbarisma. Við verðum að vera reiðubúin til að þjóna hugsjónalegum, siðferðilegum og efnahagslegum menningarverkefnum samtímans. Franski hagfræðingurinn Leroy-Beaulieu [franskur „hugmyndafræðingur“ nýlendustefnu] lauk bók sinni um nýlendustofnun á eftirfarandi hátt: „Sú þjóð sem kemst yfir flestar nýlendur er fremst þjóða, ef ekki í dag, þá verður hún það í framtíðinni.“

Því verður ekki á móti mælt, að England hefur náð lengra á þessari braut en öll önnur ríki.

Það væri að minnsta kosti viturlegt fyrir okkur Þjóðverja að læra handverk öflugrar nýlendustefnu af frændþjóð okkar Bretum og hefja friðsamlega samkeppni við þá. Þegar Þýskaland gegndi fyrir nokkrum öldum forystuhlutverki í Evrópu, þá var það verslunar- og siglingaveldi. Ef hið nýja þýska ríki vill verja nýja valdastöðu sína til frambúðar, verður það að gefa gaum að *menningarhlutverki sínu í heiminum* og umfram allt að hika ekki við að gera á ný kröfur til nýlenduyfirráða.

Á þeim átakatímum sem við nú lifum hefur venjan verið sú að meta styrk einstakra ríkja út frá fjölda þeirra hermanna sem þau geta teflt fram. En þessi þrönga hernaðarlega röksemdafærsla felur í sér hreinan orðhengilsháttt. Það sjá allir sem líta á heimskort þar sem við blasir hvernig Bretar hafa í sífellu þanið út nýlenduveldi sitt. Þessu nýlenduveldi er vel stjórnað og þangað sækja Bretar styrk sinn og yfirburðastaða hins engilsaxneska kynþáttar í löndunum handan hafs fer ekki milli mála.

Þegar grannt er skoðað kemur hins vegar í ljós að sá mannafli sem Bretar nota til að halda utan um þetta alheimsveldi sitt er ekki nema tæpur fjórðungur þess sem herveldi okkar hefur á að skipa. Fjárhagslegur ávinningur þess er auðvitað augljós, en það er einnig til marks um trausta stöðu Breta og menningarlegan styrk þeirra. Bretum er auðvitað í lófa lagið að komast hjá þátttöku í stórveldastyrjöldum á meginlandi Evrópu eða ganga því aðeins til leiks að þeir hafi traustum bandamönnum á að skipa; það er ástæðan fyrir því að þessi eyþjóð hefur ekki orðið og mun ekki verða fyrir neinum skakkaföllum.

Heimild

Louis Snyder. *The Imperialism Reader*. New York, 1962.

Herbert Spencer og hinn félagslegi darwínismi

Breski heimspekingurinn Herbert Spencer (1820–1903) yfirfærði þróunarkenningu Darwins yfir á listir, vísindi og þjóðfélag. Þessi félagslegi darwínismi, sem svo hefur verið nefndur, gegndi meðal annars miklu hlutverki þegar að því kom að réttlæta heimsvaldastefnuna. Eftirfarandi kafli er sóttur í ritið *The Study of Sociology* eftir Herbert Spencer, en það kom út í New York árið 1882.

> Sá sem afneitar því, að börn líkist foreldrum sínum að skapgerð og hæfileikum, er um leið að segja að engu máli skipti, hvaða fjölskyldur geti af sér komandi kynslóðir. Í þeirri afstöðu felst að menn sem eiga foreldra, afa og ömmur úr röðum síbrotamanna séu jafngóðum hæfileikum gæddir og þeir sem komnir eru af starfsömu og heiðarlegu fólki. Slíkum manni hlýtur að standa á sama um það þótt þeir sem starfsamastir eru, dugmestir, hyggnastir og samviskusamastir deyi barnlausir, en heimskingjar og svikahrappar hlaði niður börnum. En allir þeir sem ekki vilja mæla bót svo fáránlegri hugsun hljóta að viðurkenna hve framúrskarandi skaðleg sú þjóðfélagsgerð er sem stuðlar að því að þeir sem verst eru af guði gerðir tímgist hömlulaust á kostnað þeirra sem betur eru gefnir (...)

Það er með eindæmum grimmdarlegt að láta dugandi fólk standa undir framfærslu ónytjunganna. Þá er verið að efna í mikla ógæfu fyrir komandi kynslóðir. Það er ekki unnt að gera þeim meiri bölvun en að íþyngja þeim með auknum fjölda fávita, letingja og glæpamanna. Með því að stuðla að því að sori mannfélagsins auki kyn sitt, erum við á illkvittinn hátt að efla stórlega niðurrifsöflin í samfélagi afkomenda okkar. Það má mikið vera, ef manngæskan væmna, sem hugsar um það eitt að sefa sársauka hér og nú og neitar þar með þrákelknislega að horfast í augu við þann skaða sem þannig skeður, veldur ekki miklu meiri hörmungum en jafnvel öfgafyllsta eiginhagsmunahyggja.

Rudyard Kipling (1865–1936), skáld og nóbelsverðlaunahafi.
Kipling hefur löngum verið talinn einn eindregnasti formælandi heimsvaldastefnunnar þótt þeir séu til sem ekki telja einhlítt að túlka eftirfarandi kvæði hans í þá veru. Kvæðið var ort árið 1899. Þá voru Bandaríkjamenn nýbúnir að feta sig inn á braut heimsvaldastefnunnar með hertöku Kúbu, Puerto Rico og Filippseyja og mun ætlun skáldsins hafa verið sú að opna augu bandarísku þjóðarinnar fyrir því hvað því fylgir að vera nýlenduveldi.

Rudyard Kipling: The White Man's burden

Take up the White Man's burden –
Send forth the best ye breed –
Go bind your sons to exile
To serve your captives' need;
To wait in heavy harness,
On fluttered folk and wild –
Your new caught, sullen peoples,
Half-devil and half-child.

Take up the White Man's burden –
In patience to abide,
To veil the threat of terror
And check the show of pride;
By open speech and simple,
A hundred times made plain
To seek another's profit,
And work another's gain.

Take up the White Man's burden –
The savage wars of peace –
Fill full the mouth of Famine
And bid the sickness cease;
And when your goal is nearest
The end for others sought,
Watch sloth and heathen Folly
Bring all your hopes to nought.

Take up the White Man's burden –
No tawdry rule of kings,
But toil of serf and sweeper –
The tale of common things.
The port ye shall not enter,
The roads ye shall not tread,
Go make them with your living,
And mark them with your dead.

Take up the White Man's burden –
And reap his old reward:
The blame of those ye better,
The hate of the ye guard –
The cry of hosts ye humour
(Ah slowly!) toward the light: –
„Why brought he us from bondage,
Our loved Egyptian night?"

Take up the White Man's burden –
Ye dare not stoop to less –
Nor call too loud on Freedom
to cloke your weariness;
By all ye cry or whisper,
By all ye leave or do,
The silent, sullen peoples
Shall weigh your Gods and you.

Take up the White Man's burden –
Have done with childish days –
The lightly proffered laurel,
The easy, ungrudged praise.
Come now, to search your manhood
Through all the thankless years,
Cold, edged with dear-bought wisdom,
The judgement of your peers!

Heimild
Louis Snyder. *The Imperialism Reader*. New York, 1962.

John G. Paton, enskur trúboði á Nýju Suðureyjum (New Hebrides; nú Vanuatu), skammt norður af Nýju Kaledóníu sem var frönsk nýlenda.
Paton sendi eftirfarandi bréf til landstjóra krúnunnar í Ástralíu í ágúst árið 1883, en hann sendi það áfram til nýlendumálaráðuneytisins í London:

Heiðraði herra,
Hér á eftir skulu tilgreindar ástæður þess að ég tel að breska stjórnin eigi án tafar að taka á sitt vald Nýju Suðureyjar og Salómonseyjar, auk allra annarra eyja á hafsvæðinu milli Fidjieyja og Nýju-Guineu.

1. Bretar ráða nú þegar yfir Fijieyjum í austri og ég vænti þess að brátt verði tilkynnt með formlegum hætti að þeir hafi einnig lagt undir sig Nýju-Gíneu í norðvestri og einnig eyjarnar milli hennar og hins nálæga meginlands Ástralíu. Þar með ættu Bretar allar perlurnar í þeirri eyjafesti sem hringar sig með strönd Ástralíu. Hertaka Nýju Suðureyja ylli ekki miklum kostnaðarauka því stjórnirnar á Fídjieyjum og Nýju-Gíneu gætu farið með yfirráð þar og þeim yfirráðum yrði fylgt eftir með viðkomu herskipa sem sigla gegnum eyjaklasann á leið sinni til Nýju-Gíneu.
2. Allir frumbyggjar Nýju Suðureyja eru vinsamlegir í garð Breta og eiga þá ósk heitasta að komast undir þeirra verndarvæng. Að sama skapi stendur þeim ógn og ótti af Frökkum sem virðast hafa mikinn hug á að leggja eyjarnar undir sig. Það viðhorf má rekja til þess að frumbyggjarnir hafa horft upp á hvernig Frakkar hafa leikið heimamenn á Nýju-Kaledóníu, Tryggðareyjum (Íles Loyauté) og á öðrum eyjum í sunnanverðu Kyrrahafi.
3. Til skamms tíma hafa nær allir Evrópumenn á Nýju Suðureyjum verið breskir þegnar sem vilja umfram allt njóta verndar breska ríkisins.
4. Allt það fólk sem komið hefur að því verki að siðmennta og kristna frumbyggja Nýju Suðureyja eru Bretar og allt það fé (140 þúsund pund) sem farið hefur til verksins er einnig breskt. Eins og stendur

eru 14 trúboðar að störfum ... um 150 farandprédikarar og kennarar úr röðum heimamanna eru einnig úti á trúboðsakrinum sem þátttakendur í þessu verki. Árlegur kostnaður af þessu verki er um sex þúsund pund og er hann borinn uppi af bresku fé. Það væri í meira lagi óhyggilegt að leyfa öðrum ríkjum að slá eign sinni á eyjarnar og uppskera þannig laun bresks erfiðis og útgjalda.
5. Nýju Suðureyjar eru nú þegar í brauði Breta. Allt sem flutt er inn kemur frá Melbourne og Sidney og breskum nýlendum og þangað fer einnig allur útflutningur.
6. Á eyjunum finnast miklar og frjóar ræktarlendur og ýmsar hitabeltisafurðir. Því myndu eyjarnar þegar í kjölfar breskra yfirráða og síðan um langa framtíð verða gjöful hitabeltisauðsuppspretta. Það byggist á því að frumbyggjarnir, þótt heiðingjar séu, rækta mikið af sykurreyr og kynkvísl þeirra er iðju- og framtakssöm.
7. Á ófriðartímum gætu önnur ríki í krafti yfirráða á eyjunum ógnað verslun og öðrum hagsmunum Breta á sunnanverðu Kyrrahafi. Það byggist á því hve hafnir þar eru tryggar og rúmgóðar, t.d. á Efate, og einnig er þar gnótt af frábæru ferskvatni og ekki má gleyma nálægð eyjanna við bresku nýlendurnar í Ástralíu.
8. Líf manna og eignir njóta sem stendur nokkuð góðs öryggis á eyjunum þrettán í Nýju Suðureyjaklasanum. Þar hafa nú átta þúsund manns skírst til kristinnar trúar og söfnuðirnir sem það fólk hefur myndað með sér eru ávöxtur blessunarríks starfs breskra trúboða. Þeir hafa fengið þessu áorkað með þrotlausri vinnu, ærnum tilkostnaði og jafnvel lagt lífið í sölurnar. Biblían hefur verið þýdd og prentuð á níu málum frumbyggjanna, í heild eða að hluta, og þeim hefur verið kennt að lesa. Og hér á þessum eyjum þrá að minnsta kosti 70 þúsund manns að meðtaka fagnaðarerindið ...

Með skírskotun til þeirra ástæðna sem nefndar hafa verið hér að framan – þær geta vel verið fleiri – eigum við þá ósk heitasta að þér gerið allt sem í yðar valdi stendur til að fá yfirstjórn nýlendnanna í Victoria [þáverandi stjórnarsetur í Ástralíu] og stjórnir annarra nýlendna til liðs við þá hugmynd að Bretar taki Nýju Suðureyjar tafarlaust á sitt vald. Miklu varðar að eyjarnar komist nú þegar undir bresk yfirráð og gildir þá einu hvort litið er á málið af sjónarhóli trúarbragða eða mannúðar, stjórnmála eða viðskipta.

John G. Paton
yfirtrúboði trúboðsstöðvarinnar á Nýju Suðureyjum

Heimild
Louis Snyder. *The Imperialism Reader*. New York, 1962.

Dæmi um málafylgju stjórnmálamanna

Jules Ferry ver nýlendustefnu sína

Forsætisráðherra Frakka Jules Ferry (1832–1893) hélt eftirfarandi ræðu á franska þinginu 28. júlí 1885 til varnar stefnu stjórnar sinnar í nýlendumálum. Ræðan var flutt að gefnu tilefni, en talsverð ólga var um þessar mundir í Frakklandi vegna stefnu frönsku stjórnarinnar gagnvart Madagaskar. Úrslit þessa máls urðu þau að Ferry varð að segja af sér fyrir sig og ráðuneyti sitt. Frammíköllin koma frá þingmönnum á ysta vinstri væng (sósíalradikalir), en það eru þingmenn miðflokkanna sem láta í ljós stuðning við ráðherrann:

Jules Ferry: Háttvirtu þingdeildarmenn! Það er ekki með glöðu geði að ég lengi umræður hér í þessari háttvirtu deild. Ég geri það nú samt vegna þess að ég álít að mér beri skylda til að leggja fram þau rök er lágu til grundvallar þeirri stefnu sem ég hefi fylgt. Yður mun sjálfsagt þykja sá lestur leiðigjarn og svo er einnig um mig. Ég álít hins vegar rétt að draga saman í stuttu máli þau grundvallarsjónarmið, hvatir og hagsmunaástæður sem hafa ber í huga þegar réttlæta skal útþenslustefnu með öflun nýlendna að markmiði. ... Í þessu sambandi langar mig einkum að leggja áherslu á að útþenslugjörn nýlendustefna er bæði í orði og á borði af pólitískum og efnahagslegum toga. Ég vil orða þetta svo að henni til grundvallar liggi þríþættar forsendur: Efnahagslegar, menningarlegar og pólitískar að því leyti sem heiður ættjarðarinnar kemur til álita.

Hvað hina efnahagslegu hlið þessa máls áhrærir vil ég gerast svo djarfur að færa með tilstyrk tölulegra upplýsinga fram nokkur rök til réttlætingar nýlendustefnunni. Hér kemur einkum til álita að iðnaðurinn í Evrópu finnur æ meir fyrir því að þörf er nýrra markaða. Þetta gildir ekki hvað síst um okkar iðjusömu og efnuðu þjóð. Getur nokkur haldið því fram að þetta með markaðsþörfina sé einhver heilaspuni? Er þetta eitthvað sem framtíðin ber í skauti sér? Er hér ekki einmitt um knýjandi nauðsyn að ræða, sannkallað neyðaróp frá þeim sem í iðnaði starfa? Ég ætla aðeins að drepa stuttlega og í almennum orðum á nokkur atriði sem þér allir getið gengið úr skugga um – hver í sinni heimabyggð. Stóriðja okkar hefur alveg síðan fríverslunarsamingurinn við Breta var gerður 1860 átt við sívaxandi markaðserfiðleika að etja og þetta hefur verið henni fjötur um fót. Hvað hefur valdið þessu? Margt kemur til. Hið volduga nágrannaríki okkar, Þýskaland, er girt tollmúrum og hið sama gildir í enn ríkara mæli um Bandaríkin. Þessir markaðir eru okkur að vísu ekki alveg lokaðir, en þeir hafa skerst stórlega. Áðurnefnd ríki hafa ekki bara lagt stein í götu okkar á eigin mörkuðum, heldur hafa þau dembt inn á okkar markaðssvæði alls konar vörum sem ekki hafa sést þar áður ... Um þetta gerist engin þörf að fjölyrða ...

Ég þekki fullvel skoðanir „kreddupostulanna“, sem ég vil kalla svo, í röðum hagfræðinga ... Þeir segja: „Hinir raunverulegu markaðsmöguleikar felast í þeim viðskiptasamningum sem útvega markaðina og tryggja þá til frambúðar“. Háttvirtu þingdeildarmenn! Ekki eitt ljótt orð um viðskiptasamninga. Mér væri síst á móti skapi að marka stefnu út frá þeim aðstæðum sem ríktu árið 1860. Þá var ekki enn komin til sögunnar sú efnahagslega bylting sem þróun vísindanna og hin nýju flutninga- og samgöngutækni hefur borið í skauti sér. Það eru aðstæðurnar sem hafa breyst. Samkeppnin við kornútflutning Rússa um Ódessu var þá engin tiltakanleg ógnun við franskan landbúnað og þá var heldur engin samkeppni á kornmarkaðnum frá indverskum og bandarískum framleiðendum. Um þær mundir ríkti í raun og sannleika frjáls verslun. Við höfum ekki bara gert samninga við England, heldur líka önnur stórveldi, t.d. Þýskaland, sem þá var ekki enn orðið iðnveldi. Ég forsmái engan veginn þessa blessaða samninga; var enda viðriðinn gerð þeirra sumra hverra. En gætið að því, þingdeildarmenn góðir, að enginn samningur getur orðið til nema einhver sé til að semja við. Það er tómt mál að tala um að semja við Bandaríkin, um það eru allir sammála sem reynt hafa, bæði fyrir opnum tjöldum og á bak við tjöldin. ...

Þingdeildarmenn! Mig langar að benda á annan flöt á þessu máli. Hér á ég við það mannbóta- og siðmenningarstarf sem við innum af hendi. Háttvirtum þingmanni, Camille Pellatan, þóknaðist að hæða og spotta þetta hlutverk okkar á þann smekklega hátt eða hitt þá heldur eins og honum einum er lagið. Hann hæðir, fordæmir og lýsir síðan yfir fullur vandlætingar: „Hvers konar menning er það eiginlega sem maður þröngvar upp á aðra með fallbyssuskothríð? Er hægt að kenna slíkt við annað en örgustu villimennsku? Eiga þessar þjóðir, þótt frumstæðar séu, ekki sama rétt og við? Eiga þær ekki rétt á að vera húsbændur á sínu heimili? Hafa þær sent okkur boð um að sækja sig heim? Við gerum þeim heimsókn þvert gegn óskum þeirra og við færum þeim ekki siðmenningu heldur ofbeldi.“ Jæja, þingdeildarmenn góðir, svona er nú tónninn hjá þessum herrum. Ég hika ekki við að segja að þetta telst hvorki pólitísk röksemdafærsla né heldur lýsing á sögulegum staðreyndum. Þetta er hreint þrugl. (Frammíköll frá vinstri: Svei! Heyr á endemi! ...).

Heiðruðu þingdeildarmenn! Þetta málefni verður að ræða af stillingu og fullum heiðarleika. Það verður að segja alveg umbúðalaust að hinir æðri kynþættir hljóta að verða forsjármenn þeirra sem verr eru af guði gerðir. (Skarkali af bekkjunum til vinstri handar.)

Jules Maigne þingmaður (grípur fram í): Og þetta dirfist þér að segja í landi sem samþykkt hefur mannréttindayfirlýsingu byltingarinnar miklu!

de Guilloutet þingmaður: Þetta er málsvörn fyrir þrælahald og þrælaverslun.

Jules Ferry: Ef háttvirtur þingmaður hr. Maigne hefur á réttu að standa um það að mannréttindayfirlýsing byltingarinnar hafi verið samin handa svertingjum í Afríku, með hvaða rétti vill hann þá þvinga upp á þá viðskiptum og samskiptum við okkur? Ekki hafa þeir beðið um neitt slíkt. (Margir kalla fram í frá ytri bekkjum bæði til hægri og vinstri. Úr miðjum salnum er hrópað: Heyr! Heyr!)

Raul Duval þingmaður: Við viljum ekki neyða neinn til neins, en það viljið þér einmitt gera!

Jules Maigne þingmaður: Það er tvennt ólíkt að neyða og gera tilboð.

George Perin þingmaður: Að minnsta kosti er engin leið að koma á verslunarsambandi með valdbeitingu.

Jules Ferry: Ég endurtek að hinum æðri kynþáttum er þetta í senn rétt og skylt. Þeim ber skylda til að siðmennta þá þjóðflokka sem skammt eru á veg komnir ... (Aftur klappað í miðjum salnum, en

frammíköll frá hægri og vinstri) Nú ætti hr. Pelletan að hafa fengið svar við málflutningi sínum, að hluta til a.m.k.

Hann vék í lok ræðu sinnar að vandamáli sem í senn er alvarlegt og örðugra úrlausnar. Hér á ég við hina pólitísku hlið málsins. Um það atriði vil ég segja fáein orð í fullri hreinskilni. Háttvirtur þingmaður hr. Pelletan orðar hugsun sína allajafna skýrt og skilmerkilega, enda þekktur rithöfundur. Mig langar að vitna til orða sem hann lét falla nýverið þegar stjórnmálaþáttur nýlendustefnunnar var til umræðu. Hann komst svo að orði: „Það sem um er að ræða er að bæta sér upp í Austurlöndum það sem glatast hefur í Evrópu vegna þeirrar varkáru og friðsamlegu stefnu sem við höfum fylgt hér í álfunni.“ Mig langar að láta í ljós skoðun mína á þessum ummælum. Ég kæri mig kollóttan um orðalagið „bæta sér upp“, þótt það hafi oftlega verið notað í miður geðslegri merkingu; það er ekki gert hér. Ef hér er átt við það að einhver stjórn í þessu landi eða einhver lýðveldissinni í ráðherrastóli sé á því að hugsanlega sé hægt að rétta hlut okkar annars staðar í heiminum eftir þau áföll sem yfir okkur hafa dunið [ræðumenn hafa hér í huga ósigur Frakka í stríðinu við Þjóðverja 1870–71 og landamissinn í kjölfar þess], þá er verið að gera þeirri ríkisstjórn rangt til. (Lófatak úr miðjum salnum) Gegn slíkri rangsleitni mun ég berjast af öllu því afli sem fósturjörðin á yfir að ráða. (Fagnaðarlæti á sama stað í salnum).

... Þingdeildarmenn! Allir sannir föðurlandsvinir þurfa að íhuga eftirfarandi atriði. Sjóhernaður nútímans gerir allt aðrar kröfur en áður tíðkaðist. (Heyr! Heyr!) Eins og nú hagar til getur herskip ekki flutt með sér eldsneyti nema til hálfs mánaðar úthalds. Þetta vita allir. Engu máli skiptir hversu vel skipulögð starfsemi sjóhersins er. Þegar skipið er búið að brenna upp þeim kolabirgðum sem það hefur meðferðis er það hreint rekald og auðveld bráð hverjum aðvífandi fjandmanni. Þetta gerir það að verkum að nauðsyn ber til að eiga kolabirgðastöðvar, griðastaði og hafnir til varnar og til vistatöku (Fagnaðarlæti, einnig frammíköll): Það var þetta sem knúði á um að við tryggðum okkur Túnis og það er þetta sem gerir okkur svo nauðsynlegt að ráða Saigonsvæðinu og Cochin-Kína [hlutar Indókína]. Það var þetta sem lá að baki því að við tókum Madagaskar og þess vegna erum við þar og munum aldrei fara þaðan. (Mikil fagnaðarlæti í salnum).

Háttvirtu þingdeildarmenn! Eins og aðstæður eru nú í Evrópu er samkeppnin svo mikil og steðjar að okkur úr svo mörgum áttum að friðsöm, einangrunarsinnuð og hófsöm stefna leiðir hreinlega til hnignunar. Sumir keppinauta okkar eru að efla herstyrk sinn og flotastyrk og íbúafjöldi sumra þessara landa eykst hröðum skrefum. Það sem gerir þjóðir voldugar nú á dögum er að þær láti sem mest og víðast til sín taka.

Heimild
Discours et opinions de Jules Ferry, V. París, 1897.

Joseph Chamberlain: Mikilvægi heimsvaldastefnunnar fyrir verkalýðinn

Chamberlain var verksmiðjueigandi í Birmingham áður en hann hóf þátttöku í stjórnmálum. Hann var þekktur sem einn helsti talsmaður breskrar nýlendustefnu og varð nýlendumálaráðherra árið 1895. Eftirfarandi er tekið úr ræðu sem hann flutti í Birmingham árið 1893:

Við verðum að líta til staðreynda og gera okkur grein fyrir því að áður en við getum skapað meiri atvinnu verðum við að auka eftirspurnina. (Heyr! Heyr!) Tryggið meiri eftirspurn eftir fleiri vörutegundum og ég skal sjá til þess að koma á fót nægum vinnustöðum til að framleiða vörurnar. Það eina sem ríkisstjórnin getur að mínu áliti gert til að leysa þetta umtalaða vandamál er að marka stefnu sem eykur eftirspurnina; finna verður nýja markaði og hinir gömlu verða að nýtast betur (Húrrahróp.)

Ykkur er það víst fullkunnugt að sumir andstæðingar mínir skemmta sér við að uppnefna mig og nýlega eru þeir farnir að kalla mig þjóðernishrokagikk („jingo“). En ég er engu meiri „jingo“ en þeir. (Heyr, heyr!) En af ástæðum sem ég hef þegar gert grein fyrir hér í kvöld er ég þess fullviss að það er ekki aðeins nauðsyn heldur skylda okkar að halda í yfirráðin yfir þeim samveldislöndum og því heimsveldi sem við ráðum nú yfir. (Hávær húrrahróp.) Meðal annars af þeim ástæðum mun ég aldrei sleppa takinu á okkar stóra Indlandi (heyr! heyr!), langstærsta og verðmætasta viðskiptivini sem við eigum og munum nokkru sinni eignast. Af fyrrgreindum ástæðum er ég samþykkur áframhaldandi hernámi Egyptalands og með sömu rökum hef ég bent núverandi og fyrrverandi ríkisstjórnum á nauðsyn þess að nota allar löglegar aðferðir til að auka áhrif okkar og ítök á hinu víðáttumikla

meginlandi Afríku sem er nú í þann veginn að ljúkast upp fyrir siðmenningu og verslun. Að endingu vil ég með sömu rökum styrkja og efla flotann (hávær húrrahróp) þar til yfirburðir hans eru orðnir svo miklir að ekkert nær að hrófla við yfirráðum okkar á neinu því svæði er við nú ráðum eða eigum eftir að eignast.

Trúið mér, ef það ætti eftir að verða einhver breyting á þeim stöðum sem ég hef minnst á sem yrði til þess að við misstum áhrif okkar og yfirráð, myndi verkalýðurinn verða fyrstur til að líða fyrir það. Þá myndi dynja yfir okkur kreppa sem ekki yrði stundarfyrirbrigði, heldur yrði hún langvinn og við myndum komast að raun um að Bretland er algerlega ófært um að framfleyta þeim gífurlega fólksfjölda sem nú á tilveru sína utanríkisversluninni að þakka. Ef verkalýður þessa lands skynjar hvað honum er fyrir bestu mun hann aldrei styðja kenningar þeirra stjórnmálamanna sem láta ekkert tækifæri ónotað til að sýna óvirðingu og hella óbótaskömmum yfir þá landa okkar sem – líka í þessum töluðum orðum – vinna að því um heim allan að byggja upp fleiri breskar nýlendur og opna nýja markaði fyrir verslun okkar og skapa þannig þjóð okkar meiri atvinnu. (Lófatak!) Ef málsvarar „Litla-Bretlands“ („the little Englanders“) fá sínu framgengt munu þeir ekki aðeins láta hjá líða að nýta þá löglegu möguleika sem finnast til að stækka breska heimsveldið og tryggja okkur nýja markaði; ég efa líka stórlega að þeir hafi döngun í sér til að varðveita þann mikla arf sem við höfum þegið frá forfeðrum okkar. (Lófatak.)

Fullyrt er að breskir brautryðjendur siðmenningar í Afríku séu eins og ræningjabarónar og við því beðnir að halda aftur þeim og ofurselja þannig þetta mikla meginland þeirri villimennsku og hjátrú sem það hefur verið sokkið í um aldaraðir. Einnig er klifað á því að við ættum að fela öðrum þjóðum þá ábyrgð sem við höfum með tregðu tekist á hendur. En þá vil ég biðja ykkur að íhuga hvað gerst hefði ef forfeður okkar hefðu verið þeirrar skoðunar fyrir 150 árum. Væri þá til það heimsveldi sem tilvera okkar nú byggist á? Við hefðum þá aldrei orðið annað né meira en hið Sameinaða konungsríki Stóra-Bretland og Írland, en þær miklu lendur og þau milljónahundruð manna sem við nú höldum uppi gagnkvæmu og gagnlegu sambandi og verslun við lytu valdi annarra stjórna sem varla létu undir höfuð leggjast að notfæra sér glámskyggni okkar á skyldur okkar og möguleika.

Heimild

Louis Snyder. *The Imperialism Reader*. New York, 1962.

Bernhard von Bülow um sæti Þýskalands í sólskininu:

Utanríkisráðherra Þýskalands, von Bülow (1849–1929), hélt eftirfarandi ræðu í ríkisdeginum 6. desember 1897. Þessi ræða var undanfari þess að Þjóðverjar slógu eign sinni á Kíautsjá á Shantungskaga í Kína.

von Bülow: Háttvirtur þingmaður, dr. Schoenlauf, virðist óttast að við munum steypa okkur út í ævintýri í Austurlöndum fjær. Samþingmenn góðir! Þið þurfið engan ótta að bera í brjósti. Hæstvirtur kanslari ríkisins og samstarfsmenn hans eru ekki menn af því sauðahúsi að þeir flækist í slík ævintýri. Við finnum alls enga hvöt hjá okkur til að láta hvað sem er til okkar taka. Hins vegar er það skoðun okkar að Þýskalandi beri hreint engin skylda til að láta hjá líða að keppa við önnur ríki um áhrifasvæði sem hafa upp á margvíslega möguleika að bjóða. (Lófatak).

Sá tími er liðinn að Þýskaland afsali einum nágranna sinna fastalandinu og öðrum heimshöfunum, en haldi sjálft ljósvakanum þar sem hreinleikinn ríkir. (Hlátur og lófatak).

Sá tími er liðinn. Vér álítum það heilaga skyldu vora að efla verslun okkar, siglingar og markaðsstöðu eins og okkur er frekast unnt, ekki hvað síst í Austurlöndum.

Ákveðið hefur verið að senda flotadeild skipaða beitiskipum til Kíautsjáflóa til að hertaka það svæði. Megintilgangur leiðangursins er að ná fram fullkomnum bótum og uppreisn fyrir morðin á hinum kaþólsku þýsku trúboðum. Í annan stað viljum við tryggja að atburðir af því tagi endurtaki sig ekki. Umræðum um það sem hér er í húfi er enn ekki lokið og ég verð því að vera fáorður, þannig að ekki komi til trúnaðarbrests gagnvart viðsemjendum okkar. Svo mikið get ég þó sagt að áform okkar gagnvart Kína eru í alla staði vinsamleg og okkur gengur gott eitt til. (Hlátur kveður við vinstra megin í salnum).

Okkur er nauðugur einn kostur að ganga þannig frá málum að þýskir trúboðar, þýskir fjárfestar, þýskar vörur, þýski fáninn og þýsk skip njóti eigi síðri virðingar en öðrum stórveldum hlotnast. (Mikil fagnaðarlæti).

Að sjálfsögðu munum við taka tillit til hagsmuna annarra stórvelda í Austurlöndum fjær, en við væntum þess líka að réttmætt tillit verði tekið til hagsmuna okkar.

Í sem stystu máli sagt: Við viljum ekki skyggja á neinn, en við munum líka krefjast þess að fá okkar sæti þar sem sólin skín.

Við munum bæði í Austurlöndum og í Vestur-Indíum fylgja af trúfesti löngu markaðri stefnu Þýskalands. Við munum verja rétt vorn og hagsmuni, án yfirgangs en af fullri festu. (Mikil fagnaðarlæti).

Heimild

Austen. *Modern Imperialism. Western Overseas Expansion and Its Aftermath, 1776–1965*. Mass. 1969.

Theodore Roosevelt: Byrðar lífsins

Theodore Roosevelt (1858–1919) var sem forseti helsti brautryðjandi bandarískrar heimsvaldastefnu. Hann komst eitt sinn svo að orði í ræðu: „Vertu mjúkmáll, en hafðu refsivöndinn innan seilingar. Þá mun þér farnast vel.“ Eftirfarandi texti er úr ræðu sem hann flutti í Chicago hinn 10. apríl 1899. Hann hefur mál sitt á að lofsyngja þá menn sem lagt hafa hart að sér og uppskorið að verðleikum og heldur síðan áfram:

Því er eins farið með þjóðir og einstaklinga. Það er illkvittin lygi að sögulaus þjóð sé hamingjusöm. Sú þjóð sem á glæsta sögu er ólíkt sælli. Það er miklu betra að taka mikla áhættu og vinna glæsta sigra, þótt það geti kostað einhver áföll, en skipa sér í sveit með hinum lítilsigldu sem hvorki þekkja eiginlega nautn né þjáningu því að þeir hrærast í grámósku hversdagsins og hafa hvorki kynnst því að sigra né tapa ...

Þótt okkar kynslóð standi ekki frammi fyrir viðlíka vandamálum og feður okkar [vísun til borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum 1861–65], blasa verkefnin við og vei þeim sem ekki tekst á við þau. Þótt við vildum gætum við ekki farið að dæmi Kínverja og sætt okkur við að morkna smátt og smátt sundur innan eigin landamæra án þess að láta sig neinu varða það sem gerist utan þeirra. Við megum ekki gefa okkur á vald einskæru kramarahugarfari, sinnulausir um æðri gildi og líf vonar, strits og áhættu, og binda hugann eingöngu við hversdagslega hluti. Gerum við það munum við þegar minnst varir vakna upp við þann vonda draum – eins og Kínverjar hafa raunar gert – að þjóð sem temur sér að sitja einangruð á friðarstóli stenst ekki snúning þeim þjóðum sem rækta með sér dirfsku og karlmennsku. Ef við eigum að verða voldug þjóð í raun og sannleika, verðum við að keppa að því að gegna miklu hlutverki í heimsmálunum. Við getum ekki vikist undan því að takast á við það sem að höndum ber. Spurningin er einungis hvort við bregðumst við af harðfylgi eða með hálfvelgju. Árið 1898 stóðum við frammi fyrir því að ákveða hvort við færum í stríð við Spánverja. Valkostirnir voru aðeins tveir, að halda sig til hlés eins og bleyður eða taka slaginn eins og hugprúðri stórþjóð sæmir. Og þegar á hólminn var komið hlutum við að berjast til sigurs fremur en lúta í lægra haldi. Þannig standa málin. Við getum ekki vikist undan þeirri ábyrgð sem við stöndum frammi fyrir á Hawaii, Kúbu, Púertó Ríkó og Filippseyjum. Spurningin snýst einungis um það hvort við öxlum þessa ábyrgð þannig að það verði okkur til sæmdarauka sem þjóð eða hvort gerðir okkar í þessu efni verði dökkur blettur og feimnismál í sögu okkar. Ef við tökumst ekki á við þessi vandamál merkir það einfaldlega að við gerum þeim léleg skil ... Hræðslugjarnir menn, letingjar, þeir sem tortryggja ættjörð sína, ofurfágaðir einstaklingar sem búa ekki lengur yfir neinum baráttuvilja, fáfróðir menn og heimskingjar sem skynja ekki hugljómun horskra manna sem dreymir heimsveldisdrauma – allir þessir menn hrökkva auðvitað undan frammi fyrir því verkefni að þjóð okkar axli nýjar skyldur. Það á við um það verkefni að efla her okkar og flota að því marki að fullnægi þörfum okkar og einnig að við öxlum að okkar hluta það verk sem vinna þarf við að koma á röð og reglu á þeim stóru og fögru hitabeltiseyjum sem hugdjarfir hermenn okkar og sjóliðar flæmdu Spánverja frá. Þetta eru menn sem óttast byrðar lífsins, óttast það eina líf sem þjóð er sæmandi ...

Við getum ekki húkt eins og hvert annað hrúgald innan landamæra okkar og látið okkur nægja hlutverk bjargálna kramarsálar sem lætur sig engu varða það sem gerist utan þrengsta umhverfis síns. Slík stefna hlyti raunar að grafa sjálfri sér gröf því að áhugasvið þjóða er stöðugt að víkka og samskipti þeirra að aukast.

Við verðum að hafa trú á okkur sjálfum í baráttunni fyrir siglinga- og verslunaryfirráðum. Við verðum að skapa okkur áhrif og völd út yfir landamæri ríkisins. Við verðum að ljúka við Panamaskurðinn og við verðum að hagnýta okkur þá ákjósanlegu möguleika sem gera okkur kleift að hafa áhrif á gang mála á úthöfunum í austri og vestri.

En lítum ekki bara á viðskiptalega hlið málsins. Ef við skoðum málið frá sjónarmiði áhrifavalds í alþjóðamálum, eru rökin enn þyngri á metunum. Fallbyssurnar sem drundu við hafnirnar í Manila og Santiago bergmáluðu eins og heiðursskot, en lögðu okkur einnig skyldur á herðar. Ef við rákum á braut harðstjórn miðalda [átt er við nýlendustjórn Spánverja], aðeins til að stjórnleysi hinna innfæddu tæki við, þá hefðum við betur látið verkefnið vera. Það er fráleitt að halda því fram að við höfum ekki haft skyldum að gegna og að við getum því látið eyjarnar sem við lögðum undir okkur sigla sinn sjó. Það væri lágkúrulegt. Í kjölfar þess hefði siglt í algert öngþveiti á þessum óheillaeyjum. Eitthvert sterkt, karlmannlegt afl þurfti til að grípa inn í og framkvæma verkið, og við hefðum staðið uppi eins og aumingjar sem ekki væru færir um að leiða til lykta stórvirki sem djarfar og mikils háttar þjóðir keppa að því að glíma við ...

Heimild
Lijphart. *World Politics*. Boston, 1967.

Woodrow Wilson (1856–1924)

Wilson var Bandaríkjaforseti á árunum 1912–1920. Honum fórust svo orð árið 1907:

Verslunin tekur ekki tillit til landamæra milli þjóða, og kaupsýslumaðurinn gerir tilkall til alls heimsins sem markaðar. Þess vegna verður fáni þessarar þjóðar að fylgja kaupsýslumanninum og dyrnar að þeim þjóðum sem eru lokaðar verður að brjóta upp. Ívilnanir sem fésýslumenn hafa fengið verða ráðherrar ríkisins að vernda, jafnvel þótt það hafi í för með sér gróft brot á fullveldi þeirra þjóða er sýna mótþróa.

Dæmi um málafylgju gagnrýnenda og andmælenda heimsvaldastefnunnar

John A. Hobson (1858–1940): Hagrænar ástæður heimsvaldastefnunnar

Undir áhrifum af Búastríðinu skrifaði Hobson bókina *Imperialism. A Study* sem hafði mikil áhrif á kenningar um hagrænar orsakir heimsvaldastefnunnar. Hér fer á eftir kafli úr bókinni:

... Svo virðist sem tímabil öflugrar heimsvaldastefnu eigi sér samsvörun í tíma með eftirtektarverðri aukningu í gróða af fjárfestingum erlendis. Þessar tölur [tölulegar upplýsingar sem áður var vísað til] sýna aðeins þær tekjur af erlendum fjárfestingum sem hægt er að færa sönnur á sem slíkar. Nánara mat sem Sir R. Griffen og aðrir hafa unnið staðfestir að raunverulegar tekjur af fjárfestingum erlendis og í nýlendunum nemi ekki minna en 100 milljónum punda, en verðmæti þessara sömu fjárfestinga sé u.þ.b. tveir milljarðar punda.

Tölulegar upplýsingar um aukningu þessara fjárfestinga sýna að samanlögð fjárfesting Breta utan heimalandsins í lok 19. aldar er ekki minni en sem nemur þessari upphæð. Þegar horft er til þess að Sir R. Griffen mat upphæð þá sem hér um ræðir á 1,7 milljarða punda árið 1892 og taldi það varlega áætlað má gera því skóna að sú tala sem nefnd er hér sé örugglega lægri en hin raunverulega upphæð.

Þótt þetta mat sé enginn stórisannleikur verðum við að viðurkenna að þegar við athugum þessar erlendu fjárfestingar, stöndum við frammi fyrir gildasta þættinum í hagfræði heimsvaldastefnunnar. Það er sama hvaða tölulega viðmið við tökum, tvær staðreyndir blasa ávallt við. Í fyrsta lagi að tekjur í mynd arðs af fjárfestingum erlendis fóru langt fram úr þeim sem áttu rót sína að rekja til hagnaðar af

venjulegri inn- og útflutningsverslun. Í annan stað óx utanríkis- og nýlenduverslun okkar og tekjur af henni fremur hægt á sama tíma og sá hluti innflutningsverðmæta okkar sem stafaði af fjárfestingum erlendis óx mjög hratt.

Áður hef ég bent á það hve lítill hluti þjóðartekna okkar virðist koma frá utanríkisverslun. Það virðist óskiljanlegt að menn skuli taka á sig þann gífurlega kostnað og áhættu sem leiðir af hinni nýju heimsvaldastefnu fyrir svo lítinn ávinning í formi aukinnar utanríkisverslunar, sérstaklega ef stærð og eðli hinna nýju markaða er tekið með í reikninginn. Tölurnar um fjárfestingu í útlöndum varpa hins vegar ljósi á þau hagrænu öfl sem ákvarða stefnu okkar. Á meðan verksmiðjueigendur og verslunarstéttin bera mjög lítið úr býtum á þessum nýju mörkuðum, þar eð aukin skattheimta gerir meira en að éta upp ávinninginn, er allt annað uppi á teningnum með fjárfestana.

Það eru engar ýkjur að síðari tíma utanríkisstefna Bretlands hefur fyrst og fremst verið fólgin í baráttu fyrir því að tryggja arðbæra fjárfestingarmöguleika. Bretar hafa með árunum í auknum mæli orðið þjóð sem lifir af fjármagni erlendis frá og þær stéttir sem njóta góðs af þessu fjármagni hafa haft stöðugt meiri tilhneigingu til að nýta sér stefnu stjórnvalda, fjármuni ríkisins og almannavaldið til að stækka vettvang eigin fjárfestinga. Þetta er ef til vill kjarnaþáttur nútíma stjórnmála, og sú hula sem hvílir yfir þessu öllu er ein alvarlegasta hættan sem steðjar að ríki okkar.

Það sem gildir um Bretland á einnig við um Frakkland, Þýskaland, Bandaríkin og öll önnur lönd þar sem þróun nútíma kapítalisma hefur fært mikið uppsafnað auðmagn í hendur auðvaldinu og atorkusamri millistétt. Það er almennt viðurkennt að munur er á því hvort lönd eru lánardrottnar eða skuldunautar. Bretland hefur lengi verið langstærsti lánardrottinn allra ríkja. Styrjaldar- og landvinningasaga landsins staðfestir hvernig fjárfestar hafa notað ríkisvaldið sem tæki til framdráttar eigin viðskiptahagsmunum. En Frakkland, Þýskaland og Bandaríkin hafa sótt óðfluga fram á sömu braut. Ítalskur hagfræðingur, Loria að nafni, lýsir eiginlegu eðli þessara heimsvaldasinnuðu aðgerða á eftirfarandi hátt: „Hvað gerist þegar eitthvert lántökuríki getur ekki vegna takmarkaðra tekna sinna veitt fullnægjandi tryggingu fyrir skilvísri greiðslu vaxta? Stundum er beinlínis farið með her á hendur skuldaranum. Þannig var kveikjan að tilraun Frakka til að leggja undir sig Mexíkó í tíð annars keisaradæmisins sú ein að þannig mætti tryggja að franskir borgarar sem fjárfest höfðu í Mexíkó fengju áfram arð af fé sínu. En oftar gerist það við slíkar aðstæður að erlendir lánardrottnar setja á fót sérstakar eftirlitsnefndir með fjárhag lántakenda. Skipun slíkra nefnda leiðir þó oft á endanum til hernáms í eiginlegri merkingu þess orðs. Dæmi þessa er Egyptaland, sem er í reynd orðið breskt verndarríki, og Túnis er á sama hátt komið á vald Frakka sem voru helsti lánveitandinn ...“

Þótt varpa megi ljósi á ákveðnar efnahagslegar staðreyndir með því að nota hugtökin lánveitandi og lánþegi um einstök lönd er með því dregin fjöður yfir það sem eftirtektarverðast er við þessa heimsvaldastefnu. Það kemur nefnilega á daginn þegar grannt er skoðað að meirihluti, ef ekki mestur hluti, skuldanna var á ábyrgð hins opinbera, þótt lánin væru alltaf veitt af einkaaðilum. Það gerðist að vísu stöku sinnum, eins og í dæmi Egyptalands, að lánveitendunum tækist að fá ríkisstjórnir landa sinna með sér í heldur óarðbæran félagsskap. Hann fólst í því að stjórnvöld ábyrgðust vaxtagreiðslurnar án þess að fá nokkra hlutdeild í þeim.

Herská heimsvaldastefna er mikil gróðalind fyrir fjárfesta og auðmagnseigendur, en hún bakar venjulegum skattgreiðendum útgjöld. Hún færir verksmiðjueigendum og verslunarstéttinni lífið í aðra hönd, en felur í sér alvarlega hættu og óvissu fyrir almenna borgara. Auðmagnseigendur eiga ekki kost á arðbærum fjárfestingarkostum heimafyrir og því krefjast þeir þess að ríkisstjórnir landa þeirra tryggi þeim arðbæra og örugga fjárfestingarkosti á erlendri grund.

Við horfum upp á gífurleg útgjöld til vígbúnaðar, eyðileggingu af völdum styrjalda, fífldirfsku eða jafnvel óþokkabrögð sem ríkisstjórnir skirrast ekki við að beita við landvinninga sína. Ef við í ljósi alls þessa berum fram eina skýra og einfalda spurningu: Cui bono? [„Hver hagnast á þessu?“] kemur eitt svar ósjálfrátt fyrst upp í hugann: fjárfestar og auðmagnseigendur ...

Vera má að sumir segi þessa þróun óhjákvæmilega. Fljótt á litið kann sú skýring að virðast rétt. Alls staðar liggur á lausu auðmagn til fjárfestinga. Allir kaupsýslumenn viðurkenna að framleiðslugetan í löndum þeirra aukist hraðar en neyslan, að unnt sé að framleiða meira af varningi en unnt er að selja með hagnaði og auðmagn til ráðstöfunar sé meira en sem nemur arðbærum fjárfestingarkostum.

Það eru þessar efnahagsaðstæður sem eru undirrót heimsvaldastefnunnar. Ef kaupmáttur og neysla almennings í þessu landi ykist til jafns við aukin framleiðsluafköst yrði ekki um neina umframframleiðslu að ræða og ekkert auðmagn á lausu sem hrópaði á heimsvaldastefnu til að tryggja markaði og fjárfestingarmöguleika. Við myndum áfram stunda utanríkisverslun, en það ætti ekki að vera miklum erfiðleikum bundið að flytja út dálítið af iðnvarningi í skiptum fyrir þau hráefni og

matvæli sem við þörfnumst ár hvert. Og öllum þeim sparnaði sem yrði til meðal þjóðarinnar mætti, ef svo verkast vildi, verja til fjárfestinga í iðnaði hér heimafyrir.

V.I. Lenín (1870–1924): Heimsvaldastefnan – hæsta stig auðvaldsins!

Lenín skrifaði samnefnda bók árið 1917 og fer hér á eftir upphaf VII. kafla bókarinnar. Bókin er til í íslenskri þýðingu (Heimskringla, 1961).

Hér hljótum vér að reyna að draga ákveðnar ályktanir og rifja upp í stuttu máli það sem sagt hefur verið hér að framan um heimsvaldastefnuna. Heimsvaldastefnan varð til sem framþróun og beint framhald á undirstöðueigindum auðvaldsins yfirleitt. En auðvaldið varð þá fyrst imperíalískt er nokkur grundvallareinkenni þess tóku að breytast í eigin andstæðu sína á ákveðnu, mjög háu þróunarstigi þegar myndast höfðu og augljós voru orðin einkenni umskiptatíma frá kapítalisma til annars æðra þjóðfélags- og hagkerfis á öllum sviðum. Frá hagfræðilegu sjónarmiði er kjarni þessarar breytingar sá að einokun auðvaldsins tekur við af frjálsri samkeppni. Frjáls samkeppni er höfuðeinkenni auðvalds og vöruframleiðslu yfirleitt. Einokun er algerð andstæða frjálsrar samkeppni, en frjálsa samkeppnin hefur sjálf breyst fyrir sjónum vorum í einokun, skapað stórframleiðslu og útrýmt smáframleiðslu, sett í stað stórra fyrirtækja önnur ennþá stærri, komið samþjöppun framleiðslu og fjármagns í það horf að upp af henni hefur risið og rís einokun: samsteypur, sölusamlög og hringar, og samofið þeim fjármagn nokkurra tuga banka sem ráða yfir milljörðum. Jafnframt sjáum vér að einokun, sem er sprottin upp af frjálsri samkeppni, afnemur hana ekki, heldur þrífst áfram yfir henni og samhliða og veldur á þann hátt margvíslegum, mjög snörpum og hörðum andstæðum, átökum og árekstrum. Einokun er brúin frá auðvaldsskipulagi til æðra skipulags.

Eigi að skýra imperíalismann í sem stystu máli, verður að segja að hann sé einokunarstig auðvaldsins. Þessi skýring myndi fela í sér aðalatriðin, því að annars vegar er fjármálaauðmagnið sama og bankafjármagn fárra einokunarstórbanka, samrunnið fjármagni einokunarsambanda iðnrekendanna. Á hinn bóginn táknar uppskipting heimsins breytingu frá nýlendustefnu sem fært gat óhindrað út kvíarnar til landssvæða er ekkert auðvaldsríki hafði lagt undir sig, í nýlendustefnu einokunaryfirdrottnunar yfir jörðunni eftir að yfirborði hennar hefur verið skipt upp að fullu.

Þótt mjög stuttar skilgreiningar séu að vísu handhægar, þar eð þær taka fram í stuttu máli veigamestu atriðin, ná þær of skammt, eigi að draga af þeim ályktanir um mikilvægustu einkenni þess fyrirbrigðis er skilgreina skal. Vér skulum ekki gleyma því að allar skilgreiningar yfirleitt hafa skilorðsbundið og afstætt gildi, því að þær geta aldrei falið í sér öll atriði fyrirbrigðis í heildarþróun þess. Vér verðum því að gera skilgreiningu á imperíalismanum sem inniheldur eftirfarandi fimm aðaleinkenni hans: 1. Samþjöppun framleiðslu og fjármagns hefur náð svo háu þróunarstigi að hún hefur skapað einokun sem ræður úrslitum í efnahagslífinu. 2. Samruni bankafjármagns og iðnaðarfjármagns og myndun fjármálafáveldis á grundvelli þessa „fjármálaauðmagns“. 3. Í stað vöruútflutnings verður fjármagnsútflutningur mjög mikilvægt atriði. 4. Myndun alþjóðlegra einokunarsambanda auðvaldsins sem skipta heiminum á milli sín. 5. Lokið er skiptingu á löndum jarðarinnar á milli helstu auðvaldsríkjanna. Imperíalisminn er kapítalismi á því þróunarstigi er drottinvald einokunar og fjármálaauðvalds festir sig í sessi, þegar fjármagnsútflutningur hefur öðlast áberandi áhrif, þegar hafin er skipting heimsins á milli alþjóðlegra hringa og lokið er skiptingu á öllum löndum jarðarinnar milli voldugustu auðvaldsríkjanna.

Vér munum síðar sjá að hægt er og nauðsynlegt að skilgreina imperíalismann á annan hátt, ef hafður er í huga sá sess er núverandi þróunarstig auðvaldsins skipar í sögunni með tilliti til auðvaldsins almennt, eða afstaða imperíalismans til hinna tveggja aðalstefna innan verkalýðshreyfingarinnar, en ekki eingöngu hreinhagfræðileg grundvallarhugtök sem ofangreind skilgreining er einskorðuð við. Það skal þegar tekið fram að þannig skoðaður er imperíalisminn án efa ákveðið stig í þróun auðvaldsins. Til þess að gefa lesendum eins vel rökstudda hugmynd um heimsvaldastefnuna og kostur er á, höfum vér af ásettu ráði gert oss far um að vitna í sem flest ummæli *borgaralegra* hagfræðinga, þeirra sem neyðst hafa til þess að viðurkenna ákveðnar ótvíræðar staðreyndir um nýjustu efnahagsform auðvaldsins. Í sama tilgangi höfum vér tilgreint ítarlegar hagskýrslutölur sem sýna hve bankafjármagnið hefur aukist o.s.frv., á hvern hátt megind breytist í eigind, þróað auðvald í imperíalisma. Óþarft er auðvitað að taka fram að öll takmörk í náttúrunni og þjóðfélaginu eru skilorðsbundin og breytileg. Það væri t.d. kjánalegt að þrátta um það hvaða ár eða á hvaða áratug heimsvaldastefnan hafi „endanlega“ komist á.

Heimsvaldastefnan í ljóðspegli tveggja íslenskra skálda

Hér fara á eftir tvö kvæði eftir íslensk skáld sem sáu ástæðu til þess um síðustu aldamót að yrkja kvæði þar sem vikið er að atburðum er snerta heimsvaldastefnuna. Það voru þeir Guðmundur Friðjónsson og Stephan G. Stephansson.

Guðmundur Friðjónsson (1869–1944): Bréf til vinar míns

Ertu á förum, elsku vinur,
út í heiminn, vestur í bláinn?
Á að fara í ólgusjáinn
ættar vorrar meginhlynur?
Finnst þér ekkert vera að vinna,
vegur enginn heima á Fróni, –
allt frá jökli út að lóni
ekkert viðnám krafta þinna?

Hefurðu litið hrunda garða
hátt til fjalls og niðr að túni?
Afi þinn hinn eljulúni
á sér þarna minnisvarða,
mælikvarða, er mátt hans sýni.
Mun þér vísað hér til leiðar.
Út í móum, upp til heiðar
á sér viljinn stál og brýni.

Finnst þér vera í fúahöndum
feðra vorra hið lága skýli?
Viltu heldur bjálkabýli
byggt í eyðiskógalöndum?
Heilnæmt loft og hreinir lækir
heilsu þinni munu gagna
heima í dalnum, menning magna,
megingjörð til þeirra ef sækir.

Flýrðu burt úr fátæktinni?
Finnst þér landið snautt að gæðum,
kraftalaust í öllum æðum,
auðlegð hafsins þörfum minni?
Uppaf gulli eldur blánar
inni í fossins rokuúða,
þegar sól í sumarskrúða
semur frið í veldi Ránar.

Mundi sól á segulgandi,
sú er vakir margar nætur,
hætta nú að hafa gætur
hér á þessu móðulandi?
Gamla konan gæfusnauða
grætur nú með fölva á kinnum.
Væri mikið, að vér ynnum
einni þúfu og skorning dauða?

Allar þjóðir eiga að verja
eigið land með blóði og höndum, –
inn til dala, út með ströndum, –
óvinum, sem koma að herja.
Mundi vera betra að brjóta
bol af stofni vestur í löndum,
slíta upp rót með hnýttum höndum
heldur en frónskri þúfu róta?

Æskuvinur, ertu að fara,
yfirgefa vora móður, –
þú, sem enn ert æskurjóður –,
alla vini og frænda skara?
Og þú kippir, ungi vinur,
upp með rótum nýtum gróðri,
brýtur sundur björk í rjóðri.
Brumið deyr, ef stofninn hrynur.

Ætlarðu að fara út í bláinn,
yfirgefa litla bæinn,
eigum þínum út á glæinn
öllum kasta og fram á sjáinn?
Ætlarðu að glata ánum þínum,
afbragðshesti, tryggum vini,
þínu góða kúakyni,
kasta í Enskinn börnum þínum, –

Níðinginn, sem Búa bítur,
Búddha hlýð til heljar sveltir,
hundingjann, sem hausi veltir,
hvar sem bráð á jörðu lítur?
Viltu heldur þrælnum þjóna,
þeim sem hefur gull í lendum,
heldur en Kára klæðabrenndum,
kónginum við öskustóna?

Ertu að flýja myrkramiðin?
Meturðu vorið nú að öngu,
sólmánaðar sunnangöngu,
sumardýrð og næturfriðinn?
Út við heimskauts ljósalindir
logar upp á vetri rísa.
Öllu voru landi lýsa
langeldar, sem nóttin kyndir.

Hér eg enda hrórarskrafið.
En hver á að signa þína móður,
þegar hennar son og sjóður
sokkinn er í þjóðahafið?
Hver á að gæta að grafarrónni,
græða svörð á blásnu leiði,
þegar sólin suður í heiði
sendir geisla moldarþrónni?

Stephan G. Stephansson (1853–1927): Transvaal. Um Búastríðið

I.
Mér finnst minn andi espast við
að eiga sjálfgeymt fé og blóð
er betri málstað brestur lið –
en bíðum, ég á orð og ljóð!
Og verði þau í þetta sinn
af þunga dýpsta hugarmóðs
að brennimarki á Kains kinn,
að klögun Abels dauðablóðs,
að vofu, er illspá æpa skal
að Englands her frá Búans val.

Nú kveð ég ei um afrek dýr,
en Englands fjandskap, morð og rán –
því atför hver er klækur nýr,
og hver einn sigur aukin smán.
Ég syng við Englands ólánsmenn,
en ekki þá, sem vilja best.
Er heimska tóm að trúa enn,
að til þeir sé, fyrst enginn sést?
Já, heiða-villum hættum í
hví hímir sólin bak við ský?

Ó, Bretland, trúðu ei tál það á:
þú takir svona heimsins lönd,
með eldi og sverði, er sigri spá –
nei, sverðið sker öll hjartabönd.
Í heimsvald þitt þú heggur seint
upp hugi lýða – frá því snú –
því það var fyrr til þrautar reynt,
en þar eru daprar rústir nú.
Ef þvílíkt veldi vexti nær,
á visku og bróðurhug það grær.

Þér sverðið færir sorg og smán,
þín saga verður illa ræmd,
það svíkur af þér liðið lán,
það lýgur af þér forna sæmd.
Því bölvun lands og heims er her,
sú höfðatala fægð og steypt,
sem venst að láta siga sér,
þar samviskum ei inn er leyft.
Og fólksins hlýðni, heimsk og sterk,
sér heiður metur skemmdarverk.

Þú hræsnisþjóð – sem hneykslast nú
á herglæp Frakka, ertu frí?
Þeir bundu einn Dreyfus – þúsund þú
og þúsund aftur, Transvaal í.
Og hver er sök að þingið þitt
vill þvinga Búann, ræna fold?
Hann lét þig grafa gullið sitt,
nú girnist þú að stela hans mold.
Þín trú er sú að sölsa upp grund,
þín siðmenning er sterlingspund.

Menn bölva þyngd þíns auraoks,
– ó, England – spá að hafi nú
þín háttvirt kirkja og kaupmenn loks
samt kæft út hjá þér dáð og trú.
Úr hverri þinni hugsun skín
út hagsvon einhver, smá og lág.
Og öllu er skrifa skáldin þín
er skildings-markið sama á!
Og sér – að Balaks boði – um geð
laug Bíleam eins, og féll svo með.

Og sneypstu – hættu að hæla þér
af herfrægð þinni, blóð og merg.
Því bleyðiverk það kallar hver
þó kúgi jötunn lítinn dverg –
og hver þín sprungna vítisvél
er vaskleik þínum skömm, ei frægð.
Að kappinn hatast – veistu vel,
við villidýrsins höggormsslægð
og hún er svipuð, söm og jöfn –
en svo sprakk Main' í Kúbu höfn!

Þeir lokka þig, þeir leiða þig,
sem léstu stjórn í hendur fá,
í valdafíkn þeir veiða þig,
þig villa rétti og liðsmun á.
Þau skiptin – þér til skaða gerð –
þú skírir „þjóðrækt", kostablind.
Ef enskur klækur kemst í verð
hann kallast vara, ekki synd.
Þú kallar ránið kauprétt þinn
og kemst svo af við boðorðin.

Ið eina hjá þér helst ég finn,
sem hrósvert er og verðung næst:
Þú fyrirlítur þingflokk þinn
sem þjóðfrelsinu unna læst,
um völd þeim synjar sýknt og jafnt
sem segja: „Hún er rangsleitin
sú herför – svo hún heppnist samt,
við horfum ekki í skildinginn!"
– Menn sneiða hjá þér, beggja bil,
sem bannfærir en styrkir til.

Og hjáland Englands, hrætt og ginnt,
sú heimska vekti sundrung alls:
að fórna eigin börnum blint
því blóðskurðgoði stjórnarfals.
Við bræður erum allir hér,
þó England hafi ei suma fætt,
við hnigum fyrr en fylgdum þér
um feðra óðul sundur tætt –
hér er oss Búi og Breti jafn,
sem ber með heiðri samþegns nafn.

En legði hér að heimaströnd
allt hjartafólgið tengdi þá
– þó sæjum blika í bræðra hönd
þann brand, sem England fýsti að hrjá.
Mitt land, mín sæmd! er sigurorð
ið sama Frakka og Íslending,
mitt hús, mín börn, mína heimastorð!
Svo heimta ei meira – líttu kring:
Við erum bræður allir hér,
en eigum sína minning hver.

– Ég veit mitt orð til einkis fer,
að England smáir slíkan vott,
en dropi í huldu hafi hann er!
Og heiminum það sem vannstu gott
og allt sem varst, og vonum enn
að verða munir, stóra þjóð,
og fyrir þína miklu menn
og mannkyns gagn, sem af þeim stóð:
þá áttu helga heimting á
um höfuðglæp þinn níð að fá.

II.
Ég kveð ei ljóð á kumli neins
þess kappa, er fyrir land sitt dó,
mig brestur dirfð og orðin eins.
– Hans orðstír lifi! það er nóg.
Ég syrgi ekki heldur hann,
sem hreysti sinnar galt og naut:
sem fremstur hné, sem fyrstur rann
ef fjörið eða kjarkinn þraut.
Þeir fengu báðir mark og mið
og manndóm sinn að standa við.

En heim ég sný að Búans bæ
– í bóndalausa kotið inn –
með fallna akra, auðnar blæ
og óhirt bú – þar húsbóndinn,
inn gamli Búi, bjóst í stríð
á brott með syni er fara hlaut.
– Hann kvað þó muna um mann í hríð!
Við Majúba hann hlóð og skaut.
Hvort skotum eytt til einkis var
sést enn á vörðu, er stendur þar.

Þó úr því teldi allt sem gat
in aldna, hnuggna konan hans,
hann fast við keppni sína sat
og sagðist stríða í nauðsyn lands.
Hún vissi hann fór sem forðum djarft
er förlaði ekki skot hans neitt,
en augað var nú ekki eins skarpt
og óstyrkari höndin þreytt.
Nú gat hann stundum giskað rangt
– þó gæti ei um – á færi langt.

Og honum frá í fyrra slapp
í fyrsta skipti gíraffinn.
Hann sagði fátt um horfið happ,
en hreinan fægði riffilinn.
– Og þegar hann úr hlaði reið,
hún hné í bekkinn, þagði, grét.
Að heiman fer hann hinsta skeið!
í hug sinn óvart hvarfla lét,
sem hafði ei fyrri óttast enn
í erjum hans við ljón og menn.

Hún grét í hljóði, hrökk við, kveið,
af hverju – gat hún ekki sagt.
– En hann þess eins með áhug beið,
til orustunnar væri lagt
og Bretinn látinn leiðsögn fá
um landamerki forn og rétt.
Og loksins skall svo skruggan á,
og skúrin sú var ekki létt
er gegnum moluð mannabein
slóst mjöllnir enski, sprakk og hvein.

En stærsta slysið henti hann!
og honum féllst og mest um það:
Hann vildi hæfa höfðingjann
í herflokknum er sótti að,
en missti – liðsmann liggja sá.
Hann lítilsvirti meðalskrokk!
Og besta skyttan allténd á
þó úrvalið úr hverjum flokk –
já, var ei best að brjóta í heift
þá byssu, er flutti svona skeift!

En hér var lítil hægð á því.
– Þá heyrði hann flokk sinn knurra við:
„Hér strádrepst allt í kös og kví.
Þeir kringja oss líka á vinstri hlið!
En væri hægt að hindra þá
svo hrifi, fáein augnabil,
við gætum hopað hæli á
í hjallann, uppi baka til.
Í opna skjöldu færi fá
á fylking vorri ei takist þá.“

Þá sté hann fram og liði laut:
„Mér léttar virðist ofan hér!
Ég hlífist nú við brattri braut,
og byssan garmur – hvort sem er.“
– Þeir skildu, hvað hann hugði á,
en hrópuðu ei sitt dula geð,
þó hrökk þar tár við hverja brá.
Þá hlupu upp sjö og fylgdu með,
og stóðu á hæð sem hlélaus var
uns herflokk Breta í skotmál bar.

Og er þeir garpar geystust hjá,
þá gullu átta riffilskot.

Þar hnigu sex – en falli frá
slapp foringinn með handleggsbrot.
„Með skotin í þá!“ æpti hann,
en átta rifflar gáfu svar,
og fyrr en hafði heyrst hvor vann
þar hnigu fjórir – með hann var,
og átta Búar lágu lágt –
en liðið þeirra stóð nú hátt.

III.
Þú hruma ekkja, er fékkst þá frétt
nú fyrir löngu í kot þitt inn,
það böl var ekki byrði létt.
En beiskjan hálf var afstaðin,
því einhver sannspá ímyndun
í anda þínum hreyfði því,
að svona færi – glöggan grun
það greip sem vissa og lagðist í,
er strauk hann vota vangann þinn
og við þig skildi hinsta sinn.

Sé huggun enn í harmi þeim
í hjartans vonum þínum inn’:
þá kemur aldrei aftur heim
hann ungi, hrausti sonur þinn!
Í kösum dauðra dvelur hann
í dysinni hjá föllnum val!
En hitt þér ei í huga rann
er herlúðurinn gall um dal,
það vissi á: Öllu af þér sneitt,
svo eftirskilið verði ei neitt!

Það brosti að hversdags búning hans
ið breska liðsfólk, tygjað rétt
í herskrúðsföt síns föðurlands,
sem fara vel og strjúkast slétt.
Því hann var bóndi, hersveit það.
– Og hönd þín föt hans sneið og bjó. –
Og því er herfang heimilað
og hjátekjur í styr og ró.
En aukaverk var vörnin hans,
sem vik í starfi bóndamanns.

En England líka missa má –
og móðir er sem tregar þar.
En ættin var svo hefðarhá,
ei hennar sonur gerður var
til iðju og vinnu eins og þinn,
hans aðalsmark ei féll svo lágt.
Og þjóð hans heiðrar hirðmanninn,
við herratitla lætur dátt.
En hvað sem er um ætt og von,
er öllum jafnt að missa son.

Úr þeim, sem bar nú banaorð
af Búadrengnum, Englands þjóð
mun dubba sér upp lyga-„lorð“,

með löngum titli og digrum sjóð.
Þó sigrað hefði sonur þinn,
sú saga hefði ei lengi geymst
en gengið véfengd út og inn,
hann, arflaus bóndinn, sínum gleymst!
Því sömu verk eru smælki smá
hjá smárri þjóð, hjá stórri há.

Ég veit, að bóndi þinn og þú
á það, að Bretar kæmu hér
jafn-litlu að ræna, ei lögðuð trú
að leyfði Guð. Þeir segja mér,
að þið hafið eins við aðra skipt –
að eins og þú, af völdum hans,
hér kveinað hafi sonum svipt
in svarta ekkja ins villta manns,
svo Guð hafi afhent Englum skuld
og arfleitt þá að Búans stuld.

Ó, já. – Ég veit öll saga er svört
af synd og blóði, fjær og nær –
en til er lína læs og björt,
sem ljósi á suma bletti slær.
Og til er ein í ykkar – sú:
En yfirgang að þola við
þið flýðuð ástmenn, ættjörð, bú
til öræfanna, er kviðuð þið –
þið ræntust ei til auðs né gulls,
en óháðs þjóðlífs minjafulls.

Og jafnvel endir alls þess máls,
– svo auðnulaus – þess hvöt er hann:
Að lifa drengur, deyja frjáls,
þó dæmi veröld hlekk á mann!
– Við hræðumst skjómans skapadóm,
sem skipar rétt með blóði og sorg.
En munum, Hermann hnekkti Róm
í heiðaskóg við Tevtonsborg,
svo kyn vort frænda er uppi enn
og allt vort starf sem þjóðir, menn.

Svo gráttu ei hann, sem hetja var,
né hata staðinn, þar hann féll –
þó myndað ljón ei liggi þar,
er Laugaskarð í Drakenfell.
Og trúðu fast, hvert tapað mál
með tímalengd fær sennri dóm,
það hrífur yngri alda sál
með angurblíðum skáldsins róm.
– Ið enska gull skal fúna fyrr
en frelsisþrá sé börð á dyr.

Staðtölulegar upplýsingar

Tafla 1: Landfræðileg dreifing erlendra fjárfestinga Breta og Frakka um aldamótin 1900 (í milljónum Bandaríkjadala) [1)]

Svæði	Bretar	Frakkar
Evrópa	alls 1250	4100
	(10,4%)	(70,6%)
Norður-Ameríka		
Bandaríkin	1550	100
Kanada	700	50
	alls 2250	150
	(18,8%)	(2,6%)
Rómanska Ameríka		
Mexíkó	150	50
Argentína	550	200
Brasilía	200	150
Chile	150	50
Perú	100	--
Úrúgvæ	100	50
	alls 1250	650
	(10,4%)	(11,2%)
Eyjaálfa		
Ástralía	1550	--
Nýja Sjáland	50	--
	alls 1600	--
	(13,3%)	
Asía		
Tyrkjaveldi	--	50
Indland	1450	--
Kína 150	150[2]	
Japan	100	--
	alls 1700	200
	(14,2%)	(3,4%)
Afríka		
Breska Afríka	1650	--
Egyptaland	250	300
Túnis	--	100
Suður-Afríka (Transvaal)	--	300
	alls 1900	700
	(15,8%)	(12,1%)
Önnur svæði og aðrar fjárfestingar	2650 (17,1%)	--
Heimurinn alls	12000	5800
	(100%)	(100%)

Heimild

William Woodruff. *Impact of Western Man. A Study of Europe's Role in World Economy 1750–1960.* London, 1966.

Athugasemdir:
1. Tölurnar fyrir Bretland eru frá árinu 1896, en frönsku tölurnar frá 1902.
2. Hér eru allar franskar fjárfestingar í Asíu með taldar, einkum fjárfestingar í nýlendum þeirra þar.

Tafla 2: Auðmagnsútflutningur Breta og arður af honum 1870–1913 (í milljónum punda)

	Arður af erlendum fjárfestingum	Nettó auðmagns-útflutningur
1870	42,0	28,1
1871	45,0	53,4
1872	48,0	76,4
1873	62,0	63,4
1874	53,3	49,5
1875	55,7	25,6
1876	52,8	÷ 5,5
1877	54,0	÷ 13,7
1878	53,7	÷ 5,5
1879	53,8	13,1
1880	56,2	9,3
1881	57,4	46,9
1882	59,8	37,1
1883	63,5	27,3
1884	65,2	50,8
1885	69,1	39,3
1886	73.3	61,5
1887	77,5	67,1
1888	82,5	75,2
1889	86,0	70.5
1890	91,5	85,6
1891	90,0	50,7
1892	91,0	34,0
1893	91,0	38,5
1894	88,0	20,1
1895	90,5	21,1
1896	92,5	37,9
1897	93,0	24,0
1898	98,5	13,7
1899	99,0	22,7
1900	99,0	23,6
1901	103,0	11,9
1902	105,0	9,8
1903	108,0	21,1
1904	108,5	22,8
1905	121,5	59,1

1906	130,0	97,6
1907	140,0	132,7
1908	146,0	127,4
1909	153,5	102,9
1910	166,0	135,5
1911	171,0	171,3
1912	181,5	186,2
1913	194,0	198,2

Heimild
A.K. Cairncross. *Home and Foreign Investment 1870–1913. Studies in Capital Accumulation.* Cambridge, 1953.

Tafla 3: Hlutfallsleg skipting utanríkisverslunar Breta eftir svæðum, nokkur valin ár (%)

	1860		1900		1913	
	Innfl.	Útfl.	Innfl.	Útfl.	Innfl.	Útfl.
Evrópa	41	44	43	41	41	36
Belgía	2	2	4	4	3	3
Frakkland	8	8	10	7	6	6
Þýskaland	7	11	6	10	10	8
Holland	4	6	6	4	3	3
Norður-Ameríka	24	16	31	10	23	10
Kanada	3	2	4	3	4	5
Bandaríkin	21	14	26	7	18	6
Rómanska Ameríka	9	9	6	11	10	11
Argentína	-	1	2	2	5	4
Brasilía	1	3	1	2	1	2
Chile	1	1	1	3	1	1
Perú	1	1	1	-	1	-
Mexíkó	-	-	-	-	-	-
Eyjaálfa	3	6	7	9	8	9
Ástralía	3	6	4	7	-	-
Nýja-Sjáland	-	-	2	2	-	-
Asía 14	33	9	20	10	16	
Kína	5	3	-	2	-	-
Breska Indland	8	11	5	10	-	-
Holl. Austur-Indíur	-	1	-	1	-	-
Japan	-	-	-	3	-	-
Malasía	-	1	1	1	-	-
Afríka	8	4	4	10	6	10
Egyptaland	5	2	3	3	3	2
Vestur-Afríka	1	1	1	1	-	1
Suður-Afríka	1	1	1	5	2	4
Aðrir	1	2	1	-	-	1
Alls	100	100	100	100	100	100

Heimild
William Woodruff. *Impact of Western Man. A Study of Europe's Role in World Economy 1750–1960.* London, 1966.

Tafla 4: Hlutur nýlendnanna í utanríkisverslun Frakka (%)

	Erlend ríki		Nýlendur og verndarríki	
	Innfl.	Útfl.	Innfl.	Útfl.
1882–1885	95,30	93,27	4,70	6,73
1886–1890	93,89	93,46	6,11	6,54
1891–1895	92,45	91,56	7,55	8,44
1896–1900	92,19	90,16	7,81	9,84
1901–1905	91,43	89,38	8,57	10,62
1906–1910	90,85	89,51	9,15	10,49
1909–1913	90,72	89,08	9,28	10,92

Heimild
Henri Brunschwig. *Mythes et réalités de l'Imperialisme colonial français 1871–1914.* París, 1960.

Tafla 5: Mikilvægi nýlendnanna fyrir utanríkisverslun Þýskalands (í milljónum punda)

	Innflutningur			Útflutningur		
	Heildar-innflutn. Þjóðverja	Innfl. frá ný-lendunum	Hlutdeild nýlendn-anna (%)	Heildar-útflutn. Þjóðverja	Útfl. til nýlendn-anna	Hlutdeild nýlendn-anna (%)
1891	4656,0	5,9	0,13	3503,9	6,0	0,17
1892	4435,5	4,4	0,10	3346,1	5,3	0,16
1893	4306,4	4,2	0,10	3397,2	4,8	0,14
1894	4632,8	3,8	0,08	3141,5	4,6	0,15
1895	4371,5	3,3	0,08	3530,3	4,5	0,13
1896	4808,8	4,3	0,09	3982,5	5,5	0,14
1897	5048,5	4,6	0,09	3937,5	8,6	0,22
1898	5798,7	4,6	0,07	4264,6	10,9	0,25
1899	6084,1	4,8	0,07	4529,8	14,7	0,32
1900	6320,4	6,5	0,10	4893,8	23,3	0,48
1901	5710,3	5,8	0,10	4512,6	20,7	0,46
1902	5805,8	6,9	0,12	4812,8	21,1	0,44
1903	6321,1	7,3	0,12	5130,3	23,5	0,46
1904	6854,5	11,1	0,16	5315,6	33,1	0,62
1905	7436,3	17,7	0,24	5841,8	43,6	0,74
1906	8438,6	20,3	0,24	6475,6	43,0	0,67
1907	9003,3	22,9	0,25	7094,9	37,9	0,53
1908	8077,1	21,9	0,27	6481,5	36,5	0,56
1909	8860,4	29,4	0,33	6858,7	41,8	0,61
1910	9310,0	50,1	0,54	7644,2	55,6	0,73

Heimild
W.O. Henderson. *Studies in German Colonial History.* Chicago, 1962.

Heimildaverkefni

*1. Glöggvaðu þig á því út frá korti hverjar voru bækistöðvar Breta til verndar siglingaleiðinni milli móðurlandsins og nýlendu þeirra á Indlandi á síðari hluta 19. aldar.
*2. Glöggvaðu þig á því út frá korti hvernig háttað var nýlenduyfirráðum í Asíu og Eyjaálfu skömmu fyrir heimsstyrjöldina fyrri. Gerðu skriflegt yfirlit sem sýnir nýlendur og yfirráðasvæði einstakra nýlenduvelda í þessum heimshluta.

IV.4 : Heimsstyjöldin fyrri 1914–18

Athugunarefni í texta
°1. Gerðu yfirlit yfir bakgrunns- og orsakaþætti fyrri heimsstyrjaldar.
°2. Hvert var inntak Schlieffenáætlunarinnar og hvernig var framkvæmd hennar hugsuð?
°3. Hvaða hugmyndir gerðu menn sér um stríðið og gang þess í upphafi og hvert var viðhorf almennings til þess?
°4. Hvað nefndust fylkingarnar sem tókust á í heimsstyrjöldinni fyrri? Gerðu yfirlit yfir eftirfarandi:

a) þau ríki sem voru með í hvorri fylkingu um sig frá upphafi
b) þau ríki sem bættust við í hvora fylkingu um sig eftir að stríðið hófst
c) hlutlaus ríki í Evrópu.

°5. Þegar kom fram um 1916–1917 var farið að sverfa allmjög að helstu stríðsaðilum. Hvernig brugðust Bretar, Frakkar og Þjóðverjar við í þeirri stöðu?
°6. Hvert var inntakið í óheftum kafbátahernaði Þjóðverja, hver var tilgangur hans og hvernig reiddi honum af?
°7. Hverjar voru ástæður þess að Bandaríkjamenn hófu þátttöku í heimsstyrjöldinni fyrri?
°8. Hvernig bar það til að Rússar hættu þátttöku í stríðinu og hvaða áhrif hafði það á stríðsreksturinn á vesturvígstöðvunum? (Sjá ennfr. kafla IV.6, bls. 225).

Umræðuefni
#1. Mikið hefur verið fjallað um upptök fyrri heimsstyrjaldar og þá spurningu hvort kenna megi einhverjum einum aðila öðrum fremur um það að stríðið braust út („die Kriegschuldfrage“). Takið þetta mál til athugunar og umræðu og látið á það reyna hvort menn komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Í því viðfangi má hafa hliðsjón af meðfylgjandi heimildatextum.

Upptök heimsstyrjaldarinnar fyrri:

1. Útdráttur úr úrslitakostum ríkisstjórnar Austurríkis-Ungverjalands á hendur Serbum sem afhentir voru í Belgrad 23. júlí 1914.

... Saga síðustu ára, en einkum þó hinir hörmulegu atburðir sem áttu sér stað hinn 28. júní sl. [morðin í Sarajevo], hafa leitt í ljós tilvist undirróðursafla sem hafa að markmiði að sundra keisaradæminu Austurríki-Ungverjaland.

Því fer víðs fjarri að ríkisstjórn Serbíu hafi staðið við fyrri skuldbindingar [um góðan grannskap], hún hefur þvert á móti algerlega leitt hjá sér að bæla þessi öfl niður.

Framburður vitna og einnig játningar þeirra manna er stóðu að hinu glæpsamlega tilræði leiða í ljós að morðin í Sarajevo voru skipulögð í Belgrad, að vopnin og sprengiefnið sem morðingjarnir höfðu undir höndum fengu þeir hjá serbneskum herforingjum og embættismönnum sem eru félagar í leynifélagi þjóðernissinna Svarta höndin („Norodna Obrana“) og að yfirmenn landamæraeftirlits Serbíu önnuðust flutning tilræðismannanna og vopna þeirra til Bosníu.

Þessi niðurstaða sem rannsókn yfirvalda hefur leitt í ljós, gerir það að verkum að engin leið er fyrir ríkisstjórn tvíríkisins að sýna lengur umburðarlynda biðlund gagnvart þeim klækjabrögðum sem ungað er út í Belgrad, í þeirri von að Eyjólfur hressist, meðan undirróðursmenn færa sig sífellt upp á skaftið hvarvetna í ríkinu. Niðurstaða rannsóknarinnar leggur þvert á móti ríkisstjórn tvíríkisins þá skyldu á herðar að uppræta alla þá moldvörpustarfsemi sem stöðugt ógnar friði og öryggi ríkisins. ...
Ríkisstjórn Serbíu skuldbindi sig til að framfylgja eftirfarandi atriðum:

1. Að bæla niður allan áróður sem hvetur til haturs og fyrirlitningar í garð keisaradæmisins Austurríki-Ungverjaland og einkum beinist gegn ríkinu í sinni núverandi mynd.
2. Uppræta samtökin Svarta höndin án tafar og gera upptækt allt fé þeirra til áróðurs. Einnig verði gripið í taumana gagnvart öðrum samtökum og hópum í Serbíu sem standa í áróðursstríði gegn tvíríkinu ...
3. Víkja tafarlaust úr starfi öllum kennurum í opinberum skólum sem ala á heift í garð Austurríkis-Ungverjalands og sjá til þess að áróður gegn tvíríkinu sé ekki þáttur í kennslunni.
4. Allir þeir embættismenn í stjórnkerfinu og foringjar í hernum sem gerst hafa sekir um áróður gegn keisaradæminu Austurríki-Ungverjalandi verði leystir frá störfum. Stjórn keisaradæmisins áskilur sér að greina ríkisstjórn Serbíu frá nöfnum og athæfi þessara manna.
5. Ríkisstjórn Serbíu taki á móti sérlegum sendimönnum keisaradæmisins sem vinni ásamt innlendum stjórnvöldum að því að kveða niður þau undirróðursöfl sem vinna að því að splundra keisaradæminu Austurríki-Ungverjalandi.
6. Að hefja opinbera rannsókn til undirbúnings málsókn á hendur þeim sem sekir eru um hlutdeild í samsærinu um morðin 28. júní og dveljast innan landamæra Serbíu. Sú rannsókn verði með þátttöku fulltrúa frá ríkisstjórn keisaradæmisins.

...

10. Ríkisstjórn keisaradæmisins verði upplýst jafnharðan um framgang allra þeirra aðgerða sem tilgreindar eru hér að framan.

Ríkisstjórn Austurríkis-Ungverjalands væntir svars frá ríkisstjórn Serbíu eigi síðar en klukkan sex síðdegis laugardaginn 25. júlí nk.

2. Útdráttur úr svari Serbíustjórnar við úrslitakostum Austurríkis-Ungverjalands. Svarið var afhent í Vínarborg hinn 25. júlí 1914.

Ríkisstjórn Serbíu hefur veitt viðtöku orðsendingu stjórnar tvíríkisins Austurríki-Ungverjaland frá 23. þ.m. Það er staðföst trú okkar að þetta svar muni eyða öllum misskilningi sem ógnað gæti góðu nábýli ríkjanna tveggja.

Ríkisstjórn Serbíu getur ekki borið ábyrgð á þeim skoðunum sem einstaklingar láta í ljós, t.d. í blaðagreinum, eða friðsamlegum aðgerðum á vegum frjálsra félagasamtaka ...

... stjórn Serbíu hefur hins vegar sýnt mikinn samkomulagsvilja við lausn ýmissa ágreiningsmála er upp hafa komið milli Serbíu og Austurríkis-Ungverjalands og þannig stuðlað að því að leysa þau til hagsbóta fyrir báða aðila.

Það hefur því komið ríkisstjórn Serbíu óþægilega á óvart að fram séu settar fullyrðingar um að serbneskir þegnar hafi átt þátt í að undirbúa tilræðin í Sarajevo. Ríkisstjórn Serbíu bjóst við því að leitað yrði til sín um aðstoð við alhliða rannsókn þessa glæps og hún er þess albúin að grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart þeim einstaklingum sem þar kunna að eiga hlut að máli, svo sem lög og reglur standa til ...

Ríkisstjórn Serbíu skuldbindur sig ennfremur til eftirfarandi aðgerða:

1. Þegar þing Serbíu kemur næst saman til reglulegs fundar mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að í gildandi fjölmiðlalög verði sett ákvæði sem leggi harða refsingu við því að hafður sé uppi hatursáróður gegn keisaradæminu Austurríki-Ungverjaland eða því sýnd lítilsvirðing af einhverju tagi. Sama gildir um allan málflutning sem að einhverju leyti kynni að beinast að því að grafa undan ríkiseiningu keisaradæmisins ...
2. Ríkisstjórnin hefur ekki í fórum sínum neinar heimildir fyrir því að félagsskapurinn Svarta höndin eða önnur svipuð samtök, eða einstakir félagsmenn þeirra, hafi gerst sekir um glæpsamlegt athæfi af þessu tagi. Engar slíkar sannanir koma heldur fram í orðsendingu keisarastjórnarinnar. Engu að síður fellst ríkisstjórn Serbíu á kröfu keisarastjórnarinnar um að leysa upp félagsskapinn Svarta höndin og einnig öll önnur félög sem kynnu að hafa í frammi samblástur gegn keisaradæminu.
3. Ríkisstjórn Serbíu skuldbindur sig til að útrýma úr opinberum skólum landsins öllu því sem kalla má, eða gæti verið fallið til að vera, áróður gegn Austurríki-Ungverjalandi. Hafist verður handa um það jafnskjótt og ríkisstjórn keisaradæmisins hefur bent serbneskum stjórnvöldum á dæmi þessa og leggur fram sannanir um áróður af þessu tagi.
4. Ríkisstjórn Serbíu samþykkir einnig að víkja úr hernum öllum þeim einstaklingum sem lögformlega hafa verið fundnir sannir að sök um að hafa beitt sér í þá veru að grafa undan einingu tvíríkisins Austurríki-Ungverjaland. Ríkisstjórnin væntir þess að keisarastjórnin muni í fyllingu tímans tilkynna sér um nöfn þeirra herforingja og embættismanna sem hér um ræðir, og í hverju brot þeirra eru fólgin, svo að hefjast megi handa um réttarrannsókn og málshöfðun gegn þeim.
5. Hér skal viðurkennt að ríkisstjórn Serbíu áttar sig ekki fyllilega á hvað felst í kröfu keisarastjórnarinnar um að serbnesk stjórnvöld skuldbindi sig til að samþykkja aðkomu stjórnarstofnana keisaradæmisins að málum í serbneskri lögsögu, en hún lýsir sig reiðubúna til alls þess samstarfs er samrýmist alþjóðalögum og þeim reglum sem almennt gilda um rannsókn sakamála, svo og því sem viðtekið er í samskiptum góðra granna.
6. Ríkisstjórn Serbíu telur það augljósa skyldu sína að hefja réttarrannsókn sem beinist að öllum þeim sem eru, eða kunna að vera, hlutdeildarmenn að samsæri því er lá að baki tilræðunum þann 28. júní og dveljast kunna á serbneskri grund. Stjórnin getur þó ekki fallist á að sérlegir fulltrúar keisaradæmisins eða þarlendra stjórnarstofnana taki þátt í slíkri rannsókn. Slík skipan fæli í sér brot á stjórnarskránni og samrýmist heldur ekki lögum um rannsókn og meðferð sakamála. Þó má gera ráð fyrir að í ákveðnum tilvikum mætti veita fulltrúum keisarastjórnarinnar aðgang að upplýsingum um gang rannsóknarinnar...
10. Ríkisstjórn Serbíu mun gera ríkisstjórn keisaradæmisins grein fyrir framkvæmd framangreindra aðgerða jafnskjótt og til þeirra verður gripið að svo miklu leyti sem það hefur ekki þegar verið gert með þessari orðsendingu.

Fari svo að keisarastjórnin sé ekki sátt við þessi svör er ríkisstjórn Serbíu reiðubúin að skjóta ágreiningsefnum til Alþjóðadómstólsins í Haag ... svo að leysa megi úr ágreiningi á friðsamlegan hátt. Stjórnin álítur það allra hag að ekki verði rasað um ráð fram við lausn þessa máls.

Belgrad 25. júlí 1914.

3. Skýrsla frá hermálafulltrúa Þjóðverja í St. Pétursborg til utanríkisráðuneytisins í Berlín.

St. Pétursborg 29. júlí 1914

Handa hans hátign keisaranum

Í þeim hópi er næst stendur zarnum voru menn í gærdag enn mjög vongóðir um friðsamlega lausn deilunnar; eftir stríðsyfirlýsinguna í dag er sú skoðun ríkjandi að *allsherjarstyrjöld* [1)] sé nánast óhjákvæmileg. Áður en svarbréf Serbíustjórnar barst ríkti hér skilningur á því að Austurríki-Ungverjaland gæti krafist uppreistar af hendi Serba. Hér eru menn þeirrar skoðunar að Serbar hafi *teygt sig afar langt til samkomulags*. Því er ríkjandi viðhorf hér nú það að með því að *hafna* svari Serba hafi Austurríkismenn *breytt gegn betri vitund* og stefni beinlínis á stríð.

Þessi þróun mála hefur skapað samúðarbylgju með Serbum, en Rússland telur sér skylt að vernda Serbíu gegn hörku og rangsleitni Austurríkis án tillits til þess sem af þeirri afstöðu kann að hljótast. Rússar sækjast ekki eftir stríði og vildu helst komast hjá því og þeir harma það að engum skuli hafa tekist að koma í veg fyrir að Austurríkismenn stigju það hættulega spor sem þeir hafa nú stigið.

1) Við lestur skýrslunnar strikaði Vilhjálmur 2. undir þau orð, setningar og setningarhluta í skýrslunni sem hér eru með skáletri.

4. Orðsending þýska utanríkisráðuneytisins til þýska sendiherrans í Brüssel.

Berlín 29. júlí 1914

Keisarastjórnin hefur undir höndum öruggar upplýsingar um að Frakkar undirbúi liðssamdrátt meðfram Maasfljóti við Givet-Namur. Það er engum vafa undirorpið að Frakkar hafa í hyggju að ráðast gegn Þjóðverjum um belgískt yfirráðasvæði.

Þýska stjórnin fær ekki varist þeirri hugsun að þrátt fyrir góðan vilja séu Belgar ekki, án utanaðkomandi hjálpar, færir um að hrinda sókn Frakka á svo árangursríkan hátt að Þýskaland geti verið öruggt fyrir þeirri ógn sem að því steðjar. Ef Þýskaland ætlar sér að tryggja öryggi sitt er einboðið að verða fyrri til en fjandmaðurinn. Það yrði því þýsku stjórninni mikið harmsefni ef Belgar álitu það fjandskap í sinn garð að þýski herinn héldi í varnarskyni inn á belgískt yfirráðasvæði til þess knúinn af aðgerðum fjandmanna sinna.

Til að girða fyrir allan hugsanlegan misskilning vill því keisarastjórnin taka fram eftirfarandi:

1. Þjóðverjar eiga ekkert sökótt við Belga. Ef þeir lýsa yfir vinsamlegu hlutleysi í stríði því sem nú er í vændum skuldbindur þýska stjórnin sig til að tryggja fullveldi ... konungsríkisins Belgíu að stríði loknu ...
2. Með vísun til þess sem að framan segir munu Þjóðverjar verða á brott með allan herafla sinn jafnskjótt og friður hefur verið saminn.
3. Taki Belgar vinsamlega afstöðu gagnvart Þýskalandi eru Þjóðverjar reiðubúnir í samráði við belgísk stjórnvöld að kaupa á fullu verði allar nauðsynjar hersveita sinna og bæta að fullu allt það tjón sem þær kunna að valda.

Ef Belgar leggja stein í götu þýskra herja, einkanlega með því að tefja framsókn þeirra með andspyrnu í virkjunum við Maasfljótið eða með því að vinna skemmdarverk á járnbrautakerfinu, vegum, jarðgöngum og öðrum mannvirkjum, hljóta Þjóðverjar, þótt þeim sé það þvert um geð, að verða að skoða konungsríkið Belgíu fjandmann sinn. Ef þessi staða kemur upp getur Þýskaland ekki tekist á hendur neins konar skuldbindingar varðandi framtíð Belgíu sem ríkis. Þá hljóta vopnin að verða að skera úr um það hver verður staða ríkjanna hvors gagnvart öðru í framtíðinni.

Þýska keisarastjórnin vill þó eindregið mega vænta þess að framvinda mála verði ekki með þeim hætti sem hér var lýst og belgíska stjórnin miði ákvarðanir sínar við það að koma í veg fyrir að svo verði. Verði sú raunin mun það til frambúðar treysta enn frekar þau vináttubönd sem tengt hafa þessi tvö nágrannaríki.

Yðar hávelborinheitum ber án tafar að kynna belgískum stjórnvöldum efni þessarar orðsendingar og krefjast svars innan 24 klukkustunda. Yður ber að tilkynna í símskeyti til ráðuneytisins um viðbrögð við orðsendingunni svo og um lokasvör Belgíustjórnar.

Athugasemdir
Hinn 2. ágúst 1914 var Belgíustjórn afhent efnislega samhljóða orðsending og gefnar tólf stundir til andsvars. Kröfum Þjóðverja var hafnað og Belgar lýstu yfir því að þeir mundu verja hlutleysi sitt með öllum tiltækum ráðum.

5. Orðsending Ítalíukonungs til Þýskalandskeisara

3. ágúst 1914
Ég hef rétt móttekið skeyti þitt.[1] Mér er það djúpt harmsefni að einlæg viðleitni þín, sem við höfum stutt af heilum hug, til að koma í veg fyrir að framganga Austurríkis-Ungverjalands hefði alvarlegar afleiðingar á alþjóðavettvangi, hefur ekki borið árangur. Allt frá upphafi deilunnar hefur stjórn mín gert stjórn þinni og stjórn keisaradæmisins Austurríki-Ungverjaland ljóst[2] að ríkjandi aðstæður gera það ekki kleift að virkja ákvæðin í sáttmála Þríveldabandalagsins [um gagnkvæman hernaðarstuðning ef ráðist væri á eitthvert aðildarríkjanna]. Stjórn mín mun vinna að því af alefli að tryggja hagsmuni ítalska ríkisins og bandamanna þess og stuðla að varðveislu friðar.

Af dýpstu einlægni óska ég þér og þýsku þjóðinni hjartanlega velfarnaðar.
Þinn bróðir og bandamaður[3]

Viktor Emanúel

Athugasemdir
1) Vísað er í skeyti frá 31. júlí 1914. Þar er frá því greint að stríð við Rússland, og trúlega einnig Frakkland, sé óumflýjanlegt. Á þessari úrslitastundu treysti keisari Þýskalands á vináttu Ítala og stuðning þeirra sem bandamanna.
2) Hér hefur Vilhjálmur 2. á spássíu gert athugasemdina: „Haugalygi“.
3) Hér hefur Vilhjálmur 2. á spássíu skrifað: „Hvílík ósvífni“. – Neðan við bréfið hefur keisarinn síðan bætt við athugasemdinni: „Þrjótur. W.“

6. Yfirlýsing ríkiskanslara Þýskalands í ríkisdeginum (þinginu) 4. ágúst 1914.

Símskeyti þýska utanríkisráðuneytisins til sendiherra Þjóðverja í London síðar þann sama dag.

Berlín 4. ágúst 1914

Yfirlýsing von Bethmann Hollwegs í ríkisdeginum nú í dag:
Við erum í nauðvörn og nauðsyn brýtur lög! Her okkar hefur lagt Lúxemborg undir sig og er ef til vill nú þegar kominn inn á belgískt yfirráðasvæði. Það felur í sér brot á þjóðarétti. Ríkisstjórn Frakklands hefur lýst yfir því við stjórnina í Brüssel að hún muni virða hlutleysi Belgíu, eins lengi og andstæðingar hennar geri það. En við vissum að Frakkar voru albúnir til árásar; við vorum það hins vegar ekki. Atlaga Frakka að varnarvæng okkar við neðanvert Rínarfljót hefði getað haft afdrifaríkar afleiðingar. Okkur var því nauðugur einn sá kostur virða að vettugi skiljanleg mótmæli ríkisstjórna Belgíu og Luxemborgar.

Um leið og við höfum náð hernaðarlegum markmiðum okkar munum við bæta fyrir þann órétt sem hafður hefur verið í frammi. Okkur er ógnað og sá sem er í þeirri stöðu og berst fyrir því sem honum er dýrmætast hugsar um það eitt að fá hagsmunum sínum borgið.

Hvað afstöðu Breta varðar hafa yfirlýsingar þær sem Sir Edward Grey [utanríkisráðherra Breta] kom með í neðri málstofunni í gær[1] skýrt afstöðu bresku stjórnarinnar. Við höfum tilkynnt ríkisstjórn Bretlands að meðan Bretar fylgi hlutleysisstefnu muni þýski flotinn ekki gera atlögu að norðurströnd Frakklands og við munum ekki skerða fullveldi og sjálfstæði Belgíu. Ég endurtek þessa yfirlýsingu hér svo að heimurinn allur megi heyra og við hana má bæta að meðan Bretar gæta hlutleysis erum við reiðubúnir til að láta kaupsiglingar Frakka óáreittar ef þeir gera slíkt hið sama gagnvart þýskum kaupskipum.

Athugasemd
1) Grey lýsti yfir því í neðri málstofunni að árás þýska flotans á strendur Frakklands jafngilti stríði gegn Bretum og hlutleysisbrotið gegn Belgíu hefði valdið mikilli spennu.

7. David Lloyd George um friðslit Breta og Þjóðverja 4. ágúst 1914 [1]

Hinn 4. ágúst 1914 er einn örlagaríkasti dagur í veraldarsögunni. Sú ákvörðun sem tekin var þann dag í nafni Bretaveldis skar úr um örlög Evrópu ...

Var einhver möguleiki á að koma í veg fyrir það reiðarslag sem stríðið var? Ráðherrar úr innsta hring ríkisstjórnarinnar voru á nær stöðugum fundum frá föstudegi og fram á sunnudag. ... Umræður á fundum þessum leiddu í ljós djúpstæðan ágreining um það hvort Bretar ættu að blanda sér í stríð Rússa og Þjóðverja eða ekki, jafnvel þótt Frakkar yrðu að ganga þar til leiks vegna bandalags síns við Rússa [þessi ríki voru í hernaðarbandalagi allt frá árinu 1894]. Grey lagði aldrei fram beina tillögu um að Bretar lýstu yfir stríði ef Frakkar blönduðust inn í átökin. Sjálfur lét hann aldrei ótvírætt í ljós hver skoðun hans væri ... og engin ótvíræð niðurstaða fékkst í málinu ... skoðanir voru afar skiptar ... eins og staða mála var á þeim tímapunkti. Ef umræðan hefði snúist um að verja hlutleysi og fullveldi Belgíu hefði enginn hreyft andmælum ...

Þjóðverjar voru aðilar að alþjóðlegum samningi sem kvað á um að samningsaðilar myndu ekki bara virða, heldur verja hlutleysi Belgíu.[2)] Ætluðu þeir að standa við þessa skuldbindingu sína? Bretar voru aðilar að þessum samningi og skuldbundnir til að beita sér af ýtrasta afli gegn hverjum þeim er bryti ákvæði hans. ... Yrði samningurinn virtur, mátti enn finna farsæla lausn ...

Innrás Þjóðverja í Belgíu gerbreytti öllum aðstæðum. Nú snerist málið um samningsbundnar skyldur okkar ... hetjulegt svar Belgíukonungs [við orðsendingu Þjóðverja] er einn af áhrifamestu atburðum í sögunni. Þegar svar þetta hafði verið gert heyrum kunnugt, sendi breska stjórnin ríkisstjórn Þýskalands úrslitakosti. Þar var þess krafist að þýska stjórnin gæfi fyrir klukkan tólf á miðnætti hinn 4. ágúst loforð um að hlutleysi Belgíu yrði ekki rofið. Yrði það gert ættu Bretar engan kost annan en þann að standa við skuldbindingar sínar. ... Dagur leið að kveldi. Ekkert svar barst. Skömmu eftir klukkan níu um kvöldið hófst ríkisstjórnarfundur ...

Nú var stóra spurningin þessi: áttum við að sleppa hinum illu öndum stríðsins lausum nú þegar, eða áttum við að bíða þar til fresturinn í úrslitakostum okkar rynni endanlega út og gefa þar með voninni um frið lokatækifæri. ... Við ákváðum að bíða þar til fresturinn rynni út. ... Fyrsti ómurinn af djúpum hljómi Big Ben barst út í næturhúmið og boðaði örlagastund Bretaveldis ... Við höfðum gengið á hólm við öflugasta herveldi allra tíma. Frakkar réðu ekki yfir nægum styrk til að standast því snúning einir og Rússland of vanbúið og spillt. Okkur var öllum ljóst hve ofurmannlegs átaks nú var krafist af bresku þjóðinni. Mundi hún rísa undir því?

Athugasemdir
1) Lloyd George var á þessum tíma fjármálaráðherra Breta.
2) Samningurinn um hlutleysi Belgíu var upphaflega gerður árið 1839. Upphaflegir ábyrgðarmenn hans voru Austurríki, Bretland, Frakkland, Prússland og Rússland.

Heimild að öllum textunum hér á undan
Tekster og tal til belysning af det 20. århundredes historie. 1. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1972.

Heimildaverkefni

*1. Samkvæmt Versalasamningnum var Þjóðverjum gert að greiða bandamönnum háar stríðsskaðabætur. Siðferðisleg réttlæting þeirra fólst í því að Þjóðverjar voru taldir bera ábyrgð á upptökum stríðsins. Sá skilningur var bundinn í samninginn (gr. 231) og Þjóðverjum gert að staðfesta hann með undirskrift sinni. Kynntu þér efni eftirfarandi greina samningsins þar sem kveðið er á um stríðssekt og skaðabætur.

Nokkrar greinar Versalasamningsins:

Skaðabótagreiðslur Þjóðverja
Grein 231: Ríkisstjórnir bandamanna lýsa þeim skilningi, sem þýska stjórnin staðfestir, að Þjóðverjar og bandamenn þeirra beri ábyrgð á öllum þeim skaða og tjóni sem stjórnir bandamanna og íbúar í ríkjum þeirra hafa orðið fyrir vegna árásarstyrjaldar Þjóðverja og bandamanna þeirra.
Grein 232: Bandamenn gera sér grein fyrir því að Þjóðverjar hafa ekki bolmagn til að bæta allt þetta tjón að fullu því að bolmagn þeirra í því efni skerðist varanlega vegna annarra ákvæða í þessum samningi.

Bandamenn gera engu að síður þá kröfu að Þjóðverjar skuldbindi sig til að bæta allt það tjón og eignamissi sem óbreyttir borgarar í ríkjum bandamanna urðu fyrir meðan á stríðinu við Þjóðverja stóð, en upptök þess má rekja til fyrrnefndrar árásar á láði, í lofti og á legi ...
Grein 240: Ríkisstjórn Þýskalands viðurkennir skaðabótanefndina sem kveðið er á um í gr. 233 og stjórnir bandamanna tilnefna menn til setu í ... ; þýska stjórnin staðfestir afdráttarlausan rétt hennar og heimildir til ákvarðana skv. samningi þessum.

Ríkisstjórn Þýskalands ber að láta skaðabótanefndinni í té allar þær upplýsingar sem hún kann að kalla eftir um fjárhagsstöðu og fjármálastarfsemi, eignir, framleiðslugetu, birgðir eða framleiðslu hráefna og iðnvarnings í landinu eða í fórum íbúa þess á hverjum tíma ...

*2. Í fyrri heimsstyrjöldinni háðu styrjaldaraðilar á vesturvígstöðvunum margar blóðugar orustur í því skyni að reyna að rjúfa það þrátefli sem skotgrafahernaðurinn var. Markorð í því samhengi eru m.a. Passchendaele, Somme og Verdun. Aflaðu þér upplýsinga um hvernig þær orustur gengu fyrir sig og um mannfall aðila í þeim.

Heimildir
B. Liddel Hart. *History of the First World War.* London, 1972.
A.J.P. Taylor. *The First World War. An Illustrated History.* London, 1966.
Leit á netinu út frá leitarorðunum „battle of Somme“, „battle of Verdun“ og „battle of Passchendaele“.

*3. Hér fara á eftir ívitnanir í sögukennslubækur frá því fyrir 1914. Hvað segja þær okkur um tilganginn með og muninn á sögukennslu þá og nú? (Sjá líka bls. 304–305 í kennslubókinni.)

Sýnishorn úr tveimur kennslubókum í sögu á árunum fyrir heimsstyrjöldina fyrri. Önnur er frönsk, hin þýsk.

„Frakkar hafa verið í fararbroddi menningarþjóða heims og vísað þannig veginn. Það er enginn oflátungsháttur að segja að Frakkar hafa í vitund annarra þjóða verið sjálf menningin holdi klædd. ... Á öldum áður voru Frakkar kallaðir hermenn Guðs. Hvað sem því líður stendur landið í fararbroddi þjóða heims. ... Frakkland er best í stakk búið allra landa Evrópu og það á í vændum glæstari sögu en nokkurt annað ríki álfunnar.“

„Þótt Atlas beri heiminn tryggilega á herðum sér stendur þýska þjóðin enn traustari fótum á grunni hers síns og flota. Þýskaland er frjálst og voldugt og veldi þess mun vara að eilífu. Það mun áfram blómgast undir stjórn Vilhjálms hvort sem friður og velferð verða hlutskipti þess eða sigursæl styrjöld þarf þar til að koma ...

Lokaátökin um skiptingu heimsgæðanna standa fyrir dyrum. Enn er óráðið hvort þau ráðast í vopnuðum átökum eða í samkeppni án blóðsúthellinga. Hvort heldur verður má enginn liggja á liði sínu. Allir verða að þenja hverja taug til hins ýtrasta og úthella sínum síðasta blóðdropa ef okkur á að takast að halda hlut okkar gagnvart stórþjóðunum sem eru næstu nágrannar okkar.“

*4. Kynntu þér vopnahléssamninginn sem batt enda á heimsstyrjöldina fyrri og aðdraganda hans. Styðstu í því viðfangi við meðfylgjandi heimildir, auk þess sem um málið segir í kennslubókinni.

14 stefnuatriði Wilsons Bandaríkjaforseta:

Wilson birti þinginu eftirfarandi boðskap 8. janúar 1918:

1. (Allt fyrir opnum tjöldum):

Þegar friður hefur verið saminn á ærlegan hátt skal gilda bann við því að ríki geri með sér neins konar leynisamninga og stjórnarerindrekar skulu semja sín á milli fyrir opnum tjöldum og með vitund almennings.
2. (Frjáls för um úthöfin):
Sæfarendur eigi rétt á algerlega frjálsri för um höfin utan landhelgi einstakra ríkja. Sú regla gildi í stríði jafnt sem á friðartímum með þeirri undantekningu einni að þjóðir heims banni eða takmarki umferð að hluta með samkomulagi sem miðar að því að framfylgja alþjóðasamningum.
3. (Verslunarfrelsi):
Efnahagshömlum verði létt af eftir því sem við verður komið; allar þjóðir sem sameinast um friðarstefnu og bindast samtökum um varðveislu friðar njóti jafnræðis á viðskiptasviðinu.
4. (Afvopnun):
Samið verði um gagnkvæmar tryggingar fyrir því að einstök ríki afvopnist að því lágmarki sem nauðsynlegt telst öryggis þeirra vegna.
5. (Nýlendumálum verði ráðið til lykta af óhlutdrægni):
Öll málefni nýlendna verði afgreidd á opinn, hreinskiptinn og óhlutdrægan hátt. Við úrlausn slíkra mála skal halda sig strangt við þá meginreglu, þegar sjálfstæði slíkra landa kemur til álita, að hagsmunir þeirra þjóða er í hlut eiga vegi jafnþungt og réttmætar kröfur þeirra ríkja sem hagsmuna eiga að gæta í málinu.
6. (Rússaveldi):
Allur erlendur her verði á brott úr Rússlandi og öll þau álitamál er landið varða skulu leyst með þeim hætti að landið fái tryggingu fyrir góðu og frjálsu samstarfi við aðrar þjóðir. Það felur í sér að landið sé fullkomlega frjálst til að taka á eigin spýtur ákvarðanir um stjórnarhætti og stefnu og það sé af heilum hug boðið velkomið í hóp frjálsra þjóða með það stjórnkerfi sem þjóðin sjálf kýs. Það skal ekki aðeins boðið hjartanlega velkomið, heldur standi því til boða öll sú aðstoð sem þjóðin kann að þarfnast og óskað verður eftir.
7. (Belgía verði endurreist):
Gjörvöll heimsbyggðin sameinast í kröfunni um að erlendur her verði á brott úr Belgíu og landið endurreist sem algerlega sjálfstætt og óháð ríki meðal annarra frjálsra þjóða. Engin ein aðgerð önnur mun stuðla betur að því að endurvekja tiltrú almennings um heim allan á þeim lögum sem þjóðir heims hafa sett sér til að hafa stjórn á samskiptum sínum. Verði sá óréttur sem Belgar urðu fyrir ekki bættur að fullu mun áhrifavald þjóðaréttarins veikjast til frambúðar.
8. (Erlendur her hverfi af franskri grund, bætt verði úr þeirri rangsleitni sem höfð var í frammi árið 1871):
Öllu frönsku landi verði skilað og sá hluti landsins sem fjandmenn Frakka hafa tekið á sitt vald verði endurreistur. Einnig skal bætt fyrir þá rangsleitni sem Prússar beittu Frakka árið 1871 að því er Alsace-Lorraine (Elsass-Lothringen) varðar. Sú gjörð hefur ógnað heimsfriði í nær hálfa öld og hana verður að afmá ef takast á að tryggja frambúðarfrið öllum til hagsbóta.
9. (Landamæri Ítalíu verði leiðrétt):
Landamærum Ítalíu verði breytt þannig að þau fylgi þjóðernismörkum eftir því sem við verður komið.
10. (Sjálfstjórn til handa þjóðum tvíríkisins Austurríki-Ungverjaland):
Þjóðum þeim er byggja tvíríkið Austurríki-Ungverjaland skal tryggð sjálfstjórn svo að þær geti þróast með sem frjálsustum hætti og fengið öruggan sess meðal þjóða heims.
11. (Erlendir herir verði brott af Balkanskaga, Serbíu verði tryggður aðgangur að sjó):
Erlendur her verði á brott frá Rúmeníu, Serbíu og Svartfjallalandi og hernumin svæði endurreist. Serbía fái frjálsan og öruggan aðgang að sjó. Málum einstakra ríkja á Balkanskaga verði skipað með vinsamlegum viðræðum þar sem horft verði til sögulegra tengsla, samkenndar og þjóðernis. Alþjóðasamfélaginu ber að tryggja efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði einstakra Balkanríkja.
12. (Sjálfstætt Tyrkland, frjáls för skipa um Svartahafssundin):
Sjálfstætt ríki verði til úr þeim hluta Tyrkjaveldis sem byggður er Tyrkjum. Á hinn bóginn skal tryggt að aðrar þjóðir sem nú lúta valdi Tyrkja geti búið við fyllsta öryggi og einskis látið ófreistað að gera þeim kleift að þróast í átt til sjálfstjórnar. Bundið skal í alþjóðasamningi að skip og viðskipti allra þjóða eigi ávallt frjálsa för um Svartahafssundin.
13. (Pólland):
Sett verði á stofn sjálfstætt pólskt ríki. Það taki til alls þess svæðis þar sem Pólverjar eru ótvíræður meirihluti íbúa. Endurreistu Póllandi skal tryggður frjáls og öruggur aðgangur að sjó og efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði þess og friðhelgi landamæra ríkisins tryggð með alþjóðasamkomulagi.

14. (Þjóðabandalagið):
Mynduð verði með sérstökum stofnsamningi heildarsamtök ríkja í heiminum. Markmið samtakanna á að vera það að tryggja sjálfstæði allra ríkja, stórra sem smárra, og friðhelgi landamæra þeirra.

Heimild
Tekster og tal til belysning af det 20. århundredes historie. 1. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1972.

Áhersluatriðin fimm. – Brot úr ræðu sem Wilson flutti í New York 27. september 1918:

1. Þegar vinna á í anda óhlutdrægni og réttlætis má ekki mismuna aðilum þannig að sumir séu látnir njóta réttlætis en aðrir beittir rangsleitni. Réttlætið verður að gilda fyrir alla og allar þjóðir sem hlut eiga að máli verður að vega og meta á sama kvarða.
2. Þröngir og sértækir hagsmunir einstakra þjóða og þjóðahópa verða að víkja þegar þeir fara í bága við þá heildarhagsmuni sem ný skipan verður að byggja á.
3. Þjóðabandalagið á að vera eins konar stórfjölskylda. Því á ekki að leyfast að mynduð séu samtök og bandalög eða gerðir séu sérstakir samningar ríkja eða ríkjahópa innan þess.
4. Óheimilt á að vera að ríki bandalagsins bindist nánum samtökum á efnahagssviðinu. Viðskiptabanni eða öðrum útilokunaraðgerðum má því aðeins beita að Þjóðabandalagið sjálft ákveði slíkar refsiaðgerðir til að fylgja eftir stefnu sinni og ákvörðunum.
5. Allir alþjóðasamningar og hvers konar milliríkjasamningar skulu í heild sinni birtir opinberlega.

Heimild
Tekster og tal til belysning af det 20. århundredes verdenshistorie. 1. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1972.

Vopnahléssamningurinn milli Þjóðverja og bandamanna:

1. Erindi Hindenburgs marskálks, yfirhershöfðingja þýska hersins, til ríkiskanslara Þýskalands, prins Max af Baden, 3. október 1918.

Berlín, 3. október 1918
Hæstvirti ríkiskanslari
Yfirstjórn hersins áréttar hér með kröfu sína frá því á sunnudaginn var, 29. september sl., um að fjandmönnum okkar verði án tafar gert friðartilboð. Eftir að allar varnir brustu í Makedóníu [vísar til ósigurs Búlgara og beiðni þeirra um vopnahlé] hefur vígstaðan á vesturvígstöðvunum óhjákvæmilega veikst. Einnig er ljóst að við höfum enga möguleika á að rétta hlut okkar að nýju eftir þau áföll sem við höfum orðið fyrir síðustu dagana. Það eru því engar horfur á að við komumst í þá stöðu gagnvart fjandmönnum okkar að geta ráðið friðarskilmálum.

Fjandmenn okkar tefla á hinn bóginn sífellt fram nýju og óþreyttu varaliði. Samstaða þýska hersins er enn traust og hann heldur enn velli. En staðan verður tvísýnni með degi hverjum og svo getur farið að yfirstjórn hersins sjái sig tilneydda að taka afdrifaríkar ákvarðanir.

Við þessar aðstæður er brýnt að binda enda á átökin á vígvellinum svo að þýsku þjóðinni og bandamönnum hennar verði hlíft við tilgangslausum mannfórnum. Hver sá dagur sem líður án þess að tekið sé af skarið mun kosta þúsundir hugprúðra hermanna lífið.
von Hindenburg marskálkur
[Þetta erindi var kynnt á fundinum þar sem gengið var frá eftirfarandi orðsendingu til Wilsons forseta]

2. Fyrsta orðsending Þjóðverja til Wilsons forseta 3. október 1918.

Berlín, 3. október 1918
Ríkisstjórn Þýskalands skorar á Bandaríkjaforseta að beita sér fyrir því að friður verði saminn. Jafnframt er skorað á hann að koma þessari beiðni á framfæri við alla styrjaldaraðila og bjóða þeim að senda fulltrúa með óskoruðu umboði til að hefja samningaumleitanir um frið. Ríkisstjórn

Þýskalands viðurkennir stefnuatriðin fjórtán sem forsetinn kynnti á þingi 8. janúar og síðari yfirlýsingar frá hans hendi, einkum þær er fram komu í ræðu hans 27. september sem grundvöll friðarviðræðna. Svo að koma megi í veg fyrir frekari blóðsúthellingar fer þýska stjórnin þess á leit að komið verði án tafar á vopnahléi á láði, í lofti og á legi.
Max, prins af Baden, ríkiskanslari

Vopnahlésskilmálarnir:

Aðalstöðvum hersins 9. nóvember 1918.
Símskeyti til utanríkisráðuneytisins.
Með forgangshraði! Áríðandi!

Það sem hér fer á eftir er útdráttur úr vopnahlésskilmálunum, en lokafrágangi textans lýkur ekki fyrr en á morgun.
1. Vopnahlé tekur gildi sex klukkustundum eftir undirskrift samningsins.
2. Þýskur her verði án tafar fluttur á brott af belgísku og frönsku landi og einnig frá Elsass-Lothringen. Brottflutningnum verði lokið innan hálfs mánaðar. Þeir hermenn sem þá verða eftir verða settir í varðhald eða teknir til fanga.
3. Þýski herinn á að láta af hendi fimm þúsund fallbyssur, einkum þær stærstu og langdrægustu, 30 þúsund vélbyssur, þrjú þúsund sprengjuvörpur og tvö þúsund flugvélar.[1)]
4. Enginn þýskur her verði á vesturbakka Rínarfljóts og óvinalið hertaki borgirnar Mainz, Koblenz og Köln og 30 km breitt belti umhverfis hverja þeirra.
5. Á eystri bakka Rínar verði 30–40 km hlutlaust svæði. Þýskur her verði á brott þaðan innan ellefu daga.
6. Óheimilt er að flytja nokkur verðmæti frá svæðinu vestan Rínar. Það á við um verksmiðjur, járnbrautir og annað.
7. Látnar skulu af hendi fimm þúsund eimreiðar, tíu þúsund járnbrautarvagnar og tíu þúsund vélknúin farartæki.[1)]
8. Þjóðverjar standi straum af öllum kostnaði vegna hersetu óvinahersins.
9. Á austurvígstöðvunum á að draga allan herafla vestur fyrir þau landamæri sem voru við lýði 1. ágúst 1914. Tímafrestur er ekki tilgreindur.
10. Friðarsamningarnir sem kenndir eru við Brest-Litovsk [við stjórn bolsévika í Rússlandi] og Búkarest [um uppgjöf Rúmena fyrir miðveldunum] verði felldir úr gildi.
11. Þýski herinn í Austur-Afríku gefist upp skilyrðislaust.
12. Gullforða belgíska seðlabankans verði skilað og sömuleiðis gullforða Rúmena og Rússa.
13. Öllum stríðsföngum skilað án þess að kveðið sé á um að sama gildi um þýska stríðsfanga bandamanna.
14. Afhenda á 100 kafbáta, átta beitiskip og sex orustuskip („dread-noughts“). Önnur herskip verði afvopnuð og falin umsjá bandamanna í höfnum þeirra eða höfnum hlutlausra ríkja.
15. Sveitir bandamanna hertaki öll virki og fallbyssustæði í Kattegat og á siglingaleiðum inn í Eystrasalt.
16. Hafnbann bandamanna á Þýskaland standi áfram. Heimilt verður að hertaka þýsk skip og færa þau til hafnar.
17. Afnumdar verði allar þær hömlur á frjálsa ferð kaupskipa hlutlaustra ríkja sem Þjóðverjar hafa sett.
18. Vopnahléið standi 30 daga.

Viðræðunefndin fer fram á umboð til að staðfesta þessa skilmála með undirskrift sinni, þótt þess verði freistað að fá frestinn lengdan. Nefndarmenn hafa í viðræðum ekki dregið neina dul á að skilmálarnir séu að hluta óframkvæmanlegir því að af þeim mun óhjákvæmilega hljótast hungursneyð í landinu og það mun gera ókleift að standa við þá að fullu.
von Hintze

Fyrirmæli um undirskrift:

Berlín, 10. nóvember 1918
Símskeyti

Hæstvirtur aðstoðarráðherra von Hintze tilkynni yfirstjórn hersins eftirfarandi: Viðræðunefndinni verði tilkynnt með símskeyti að ríkisstjórn Þýskalands fallist á þá vopnahlésskilmála sem settir voru fram 8. nóvember sl.
Ríkiskanslarinn

Athugasemdir
1) Lokaákvæði samningsins voru svohljóðandi: 25.000 vélbyssur, 1700 flugvélar. – 150.000 járnbrautarvagnar, fimm þúsund vélknúin ökutæki. – Allir kafbátar, sex orustubeitiskip, tíu orustuskip, 50 tundurspillar. – Lengd vopnahlésins var ákveðin 36 dagar.

IV.5 : Áhrif styrjaldarinnar á Íslandi

Athugunarefni í texta

°1. Skoðið línu- og súluritið á bls. 219 og sýnið skilning ykkar á því með því að svara spurningunum:

a) Hvað var tímakaupið hátt hjá verkafólki af hvoru kyni fyrir sig á árinu 1920?
b) Hvenær á tímabilinu bötnuðu kjör kvenna mest miðað við kjör karla?
c) Á árum heimsstyrjaldarinnar versnuðu lífskjör karla, samkvæmt línuritinu. Hvenær urðu þau jafngóð aftur eftir stríðslok?

Umræðuefni

#1. Í kaflanum segir: „Mest var starfsemin í Tungunámu á Tjörnesi sem landstjórnin starfrækti á árunum 1917–18.“ – Hvers vegna er talað um landstjórn en ekki ríkisstjórn eða ríkissjóð? Hver var munurinn á þessu tvennu?

Heimildaverkefni

*1. Á síðustu árum heimsstyrjaldarinnar voru teknir upp næstum 50.000 hestburðir af mó í Reykjavík. Hvað haldið þið að það hafi verið mörg kíló að meðaltali á hvert heimili í bænum? – Fyrst verðið þið að komast að því hvað *hestburður* er mörg kílógrömm. Það ætti að standa í góðri íslenskri orðabók. Svo þurfið þið að vita hve mörg heimili voru í bænum, og það finnið þið í *Hagskinnu* (1997). Þá er ekkert eftir annað en að deila mónum niður á heimilin.

*2. Á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar urðu bein samskipti Breta og Íslendinga svo mikil að Bretar sendu til Íslands ræðismann, Eric Grant Cable að nafni. Hann gaf yfirmönnum sínum skýrslur um það sem honum þótti áhugavert á Íslandi. Sumt af því sem hann segir um Íslendinga er prentað á íslensku í bók eftir Sólrúnu B. Jensdóttur, sem heitir *Ísland á bresku valdsvæði 1914–1918* (1980). Finnið í bókinni hvernig Cable lýsir Íslendingum, endursegið það og metið hve satt þið haldið að það sé. Finnið staðinn með því að lesa efnisyfirlit bókarinnar.

IV.6 : Sósíalismi í einu landi

Athugunarefni í texta

°1. Segja má að iðnbyltingin hafi haldið innreið sína í Rússlandi um 1890. Gerðu grein fyrir iðnvæðingunni þar í landi og sérkennum hennar.
°2. Taktu saman yfirlit um stéttaskiptingu í Rússlandi í byrjun 20. aldar og lýstu stuttlega stöðu einstakra stétta.
°3. Dragðu í stuttu máli upp mynd af stjórnmálaaðstæðum í Rússlandi um og upp úr aldamótum 1900.
°4. Byltingin 1905: Hvað varð til að leysa hana úr læðingi og hvernig reiddi henni af?
°5. Hver urðu áhrif heimsstyrjaldarinnar fyrri á rússneskt samfélag?
°6. Hvað einkenndi febrúarbyltinguna 1917 og hvernig var sú staða sem upp kom í kjölfar hennar?
°7. Borgarastyrjöldin í Rússlandi 1918–21: Hverjir tókust þar á og hvernig má skýra að úrslit hennar urðu þau sem raun bar vitni?
°8. Hvað felst í hugtakinu „stríðskommúnismi“?

Umræðuefni

#1. Októberbyltingin 1917. Hverjar voru forsendur hennar? Hvað var það í stefnumörkun bolsévika og ytri aðstæðum sem varð til þess að styrkja stöðu þeirra svo mjög að þeim tókst að taka völdin í Rússlandi? Veltu einnig upp hvað hugsanlega hefði getað komið í veg fyrir það?

Auk umfjöllunarinnar í kennslubókinni má í þessu viðfangi hafa hliðsjón af eftirfarandi heimildatextum.

Bréf frá Lenín til miðstjórnar Bolsévikaflokksins og flokksdeilda í Moskvu og Petrogrod 25.–27. september (útdráttur):

> Nú þegar bolsévikar hafa náð meirihluta í verkamanna- og hermannaráðum höfuðborganna tveggja getum við tekið ríkisvaldið í okkar hendur og við *eigum að gera það.*[1)]
>
> Virkur meirihluti byltingarsinna meðal íbúa borganna tveggja er fær um að hrífa fjöldann með sér og getur því brotið mótspyrnu andstæðinganna á bak aftur, tekið völdin og haldið þeim. Ef bolsévikar leggja tafarlaust til að saminn verði friður án landvinninga og skaðabótagreiðslna, að bændum verði úthlutað jarðnæði nú þegar og endurvaktar verði þær lýðræðislegu stofnanir og frelsi sem Kerenskistjórnin[2)] hefur troðið undir fótum, munu þeir geta myndað stjórn sem *enginn* getur steypt af stóli ...
>
> Það er barnaskapur að bíða eftir því að bolsévikar fái „formlegan“ meirihluta: það gera *engir* byltingarmenn! (...) Sagan mun ekki fyrirgefa okkur ef við tökum ekki völdin núna.

Bréf frá Lenín til miðstjórnar Bolsévikaflokksins og flokksdeildanna í Moskvu og Petrogrod 14. október (útdráttur):

> Kæru félagar. Rás viðburðanna ákvarðar verkefni okkar svo skýrt að það væri beinlínis *glæpsamlegt* að hika við þessar aðstæður.

Bændahreyfingin breiðist út sem eldur í sinu. Kúgunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar fara sívaxandi, stuðningur við málstað okkar fer vaxandi í hernum. (...)

Ásamt vinstri armi Þjóðbyltingarflokksins höfum við *meirihluta landsmanna* á bak við okkur.[3)] (...)

Það væri glæpsamlegt að hika. Það væri barnalegur leikur með formsatriði að bíða eftir að allsherjarþing ráðanna komi saman, ... það væru svik við byltinguna. Kjörorð okkar eru: Allt vald í hendur ráðanna, bændur fái jarðnæði, friður verði saminn og þeir sem hungraðir eru fái matbjörg.

Sigur er öruggur, og það eru 90% líkur á að hann vinnist án blóðsúthellinga.

1) 13. september samþykkti Pétursborgarráðið ályktunartillögu frá bolsévikum með 279 atkvæðum gegn 115, en 51 fulltrúi sat hjá. Fundur ráðsins að þessu sinni var fremur illa sóttur og því lögðu menn ekki mikið í úrslit atkvæðagreiðslunnar. 22. september unnu bolsévikar hins vegar úrslitasigur þegar Pétursborgarráðið samþykkti að tillögu Trotskys vantraust á Kerenskistjórnina með 519 atkvæðum gegn 414, en 59 skiluðu auðu. 8. október var Trotsky kjörinn formaður Pétursborgarráðsins. Bolsévikar náðu meirihluta í ráðinu í Moskvu 18. september.
2) Kerenski var forsætis- og hermálaráðherra bráðabirgðastjórnarinnar frá því í júlímánuði 1917.
3) Vinstri armur Þjóðbyltingarflokksins var nær samstíga bolsévikum að því er varðaði afstöðuna til stríðs eða friðar og um uppskiptingu jarðnæðis- og úthlutun þess til bænda. Þessi hópur átti aðild að stjórn bolsévika fyrstu mánuðina eftir valdatöku þeirra.
4) Annað allsherjarþing ráðanna átti fyrst að koma saman 2. nóvember, en samkomutíma þess var síðar frestað til 7. nóvember.

Á þeim tíma þegar Lenín skrifar framangreind bréf fer hann huldu höfði í Finnlandi, en þangað hafði hann flúið vegna þess að hann átti yfir höfði sér handtöku eftir átök í Petrogrod sumarið 1917. Af þessum sökum þurfti hann að standa í bréfaskriftum við aðra forystumenn flokksins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heimild
G.N. Golikov (ritstj.). *Oktjabiskoje vooruzjonnøje vosstanije v Petrogrode*. Moskva, 1957. – Hér er stuðst við norska þýðingu í *Verden* 2. Kopieringsoriginaler. J.W. Cappelens Forlag, Oslo, 1994.

Heimildaverkefni

*1. Leggðu niður fyrir þér hugmyndir Leníns um flokksskipulag og starfshætti í flokki bolsévika (og síðar kommúnista) eins og þær birtast í eftirfarandi heimildartexta:

V.I. Lenín. *Hvað ber að gera? Knýjandi vandamál hreyfingar okkar*
(þýð. Ásgrímur Albertsson, 1, Reykjavík, 1970, bls. 46–47, 162–63, 184–85.)

Við höfum sagt, að það hefði *ekki getað verið* um að ræða sósíaldemókratíska vitund hjá verkamönnum. Hún hefði þurft að koma til þeirra utan að. Saga allra landa sýnir, að verkalýðsstéttin er aðeins fær um af eigin rammleik einum saman að þroska með sér faglega vitund, þ.e. sannfæringu um að nauðsynlegt sé að bindast samtökum, berjast við atvinnurekendur og eltast við að þvinga ríkisstjórnir til að setja nauðsynlega verkamálalöggjöf o.s.frv. En sósíalísk fræðikenning spratt hinsvegar úr jarðvegi heimspekilegra, sögulegra og hagfræðilegra kenninga, sem þróuðust meðal menntaðra fulltrúa eignastéttanna, menntamannanna. Að þjóðfélagsstöðu voru þeir Marx og Engels, sem lögðu grunninn að vísindalegum sósíalisma nútímans, sjálfir úr hópi borgaralegra menntamanna. Á sama hátt urðu fræðikenningar sósíaldemókrata í Rússlandi algjörlega óháðar sjálfkrafa vexti verkalýðshreyfingarinnar, þær urðu til sem eðlileg og óhjákvæmileg niðurstaða hugmyndaþróunar meðal byltingarsinnaðra, sósíalískra menntamanna.

[...]

Það er miklu erfiðara að uppræta tíu vitra en hundrað fávísa. Ég skal verja þessa afstöðu hversu mjög sem þið æsið upp fjöldann gegn mér fyrir „ólýðræðisleg sjónarmið“ o.s.frv. Eins og ég hef hvað eftir annað sagt, með orðinu „vitrir“ í sambandi við skipulagningu á ég við *menn, sem helga sig óskipta byltingarstarfi*, alveg án tillits til þess hvort þeir hafa áður verið stúdentar eða verkamenn. Ég

held því fram: (1), að engin byltingarhreyfing fái staðist nema með traustu skipulagi forystunnar, sem viðhaldi samhengi í hreyfingunni, (2), að því meiri fjöldi fólks, sem hrífist sjálfkrafa með í baráttunni, skapi hreyfingunni grundvöll og taki þátt í henni, því brýnni þörf sé fyrir slík samtök og því traustari verði þau samtök að vera (því þeim mun auðveldara er fyrir allskonar lýðskrumara að afvegaleiða hina óþroskaðri hópa meðal fjöldans), (3), að slík samtök verði að vera skipuð aðallega mönnum, sem hafa byltingarstarfsemi að aðalstarfi, (4), við búum við einvaldsstjórn og því fremur sem við *einskorðum* slík samtök við menn, sem óskiptir vinna að byltingarstarfsemi og hafa sem „atvinnumenn" þjálfað sig í að berjast við pólitísku lögregluna, því erfiðara verður að uppræta slík samtök, og (5), því *meiri* fjöldi fólks úr verkalýðsstétt og öðrum þjóðfélagsstéttum mun þá geta komið með í hreyfinguna og tekið virkan þátt í starfinu.

[...]

Einu meginreglurnar í skipulagningu, sem virkir starfsmenn í hreyfingu okkar eiga að taka alvarlega, eru strangasta leynd, ýtrasta varkárni við val félagsmanna og þjálfun manna, sem helgi sig eingöngu byltingarstarfi. Ef þessum skilyrðum er fullnægt, þá höfðum við tryggt okkur það sem er meira virði en „lýðræðisstefna", það er fullkomið, gagnkvæmt traust meðal byltingarmanna sem félaga. Þetta er skilyrðislaus nauðsyn fyrir okkur, því að í Rússlandi er ekki um það að ræða að lýðræðislegt almenningseftirlit geti komið í stað þess. Það væri mikill misskilningur að halda, að þótt ógerningur sé að koma á raunverulegu „lýðræðislegu" eftirliti, þá verði félagar byltingarsamtakanna án nokkurs aðhalds. Þeir hafa ekki tíma til að hugsa um að leika sér að lýðræðisformum (lýðræði í nánum, samhentum hóp félaga, þar sem fullkomlega gagnkvæmt traust ríkir), en þeir hafa mjög næma *ábyrgðartilfinningu* og þeir vita af reynslunni, að samtök sannra byltingarmanna hika ekki við neitt til að losa sig við þá, sem eru óverðugir trausts. Enn fremur ríkir mjög vel þroskað almenningsálit í röðum rússneskra (og alþjóðlegra) byltingarsinna, sem á sér langa sögu og refsar af miskunnarlausum strangleik fyrir öll brot á félagslegum skyldum (og í hugtakinu félagslegar skyldur felst ekki svo lítið af sönnum „lýðræðisanda", en ekki lýðræði sem leikfangi).

*2. Rósa Luxemburg (1871–1919) var af pólsk-þýskum gyðingaættum. Hún er í hópi fremstu hugmyndafræðinga marxismans og sósíalismans og sú eina úr þeim hópi sem féll í byltingarbaráttu. Hún er fulltrúi fyrir það sem kalla má þriðju leiðina í heimshreyfingu marxista og sósíalista, með gagnrýni annars vegar á lenínismann (t.d. flokkshugmynd Leníns) og hins vegar á endurskoðunarstefnu Bernsteins. Sjálf vildi hún umfram allt tvinna saman sósíalíska byltingarbaráttu og lýðræði.

Greindu eftirfarandi texta og dragðu fram kjarnann í gagnrýni Rósu Lúxemburg á stefnu bolsévika eftir valdatöku þeirra.

Rósa Luxemburg: *Rússneska byltingin. Gagnrýnið mat*
Þýtt úr *Die Revolution. Eine kritische Würdigung.*
Herausgegeben und eingeleitet von Paul Levi
(Verlag Gesellschaft und Erziehung GmbH., 1922), bls. 108, 109, 111–14.
þýð. Geir Sigurðsson)

Lenín segir að hið borgaralega ríkisvald sé tæki til að kúga verkalýðsstéttina og að hið sósíalíska sé tæki til að kúga borgarastéttina; á vissan hátt sé hinu kapítalíska ríkisvaldi aðeins snúið á haus. Þessi einfaldaði skilningur missir sjónar á því sem mestu skiptir: hið borgaralega stéttaveldi þurfti ekki á pólitískri skólun og uppeldi gjörvallrar fólksmergðarinnar að halda, að minnsta kosti ekki upp að vissu lágreistu marki. Fyrir öreigaalræðið er hún sjálft lífsaflið, súrefnið sem það getur ekki verið til án.

[...]

Frelsi sem aðeins er ætlað áhangendum stjórnvaldsins, aðeins meðlimum stjórnmálaflokks – sama hversu margir þeir kunna að vera – er ekkert frelsi. Frelsi er ávallt frelsi þeirra sem hugsa á annan hátt. Ekki á grundvelli öfgakenndrar „réttlætisstefnu", heldur vegna þess að allt það sem er lærdómsríkt, læknandi og hreinsandi við hið pólitíska frelsi er háð þessum ómissandi þætti og áhrif hans verða að engu þegar „frelsið" verður að forréttindum.

[...]
Opinbert aðhald er skilyrðislaust nauðsynlegt. Að öðrum kosti takmarkast sú reynsla sem menn deila hver með öðrum við lokaðar klíkur embættismanna hins nýja stjórnvalds. Spilling er óhjákvæmileg. (Orð Leníns, fréttabréf nr. 29.) Framkvæmd sósíalismans krefst þess að alger andleg umturnun eigi sér stað í fólksmergðinni sem stéttaveldið hefur auðmýkt um aldaraðir. Félagslegar hneigðir í stað sjálfhverfra, frumkvæði fjöldans í stað tregðu, hugsjónahyggja sem dregur úr hvers kyns þjáningum o.s.frv. o.s.frv. Enginn kann á þessu betur skil, lýsir þessu af jafn miklum ákafa, endurtekur þetta af jafn mikilli einurð og Lenín. En hann velur algjörlega ranga leið: opinberar tilskipanir, einræðisvald þeirra sem hafa eftirlit með verksmiðjum, grimmilegar refsingar, ógnarstjórn, allt eru þetta leiðir sem koma í veg fyrir slíka endurfæðingu. Eina leiðin til þessarar endurfæðingar er skóli almenningsins sjálfs, hið ótakmarkaða víðtækasta lýðræði, almannaviljinn. Ógnarstjórnin er einmitt siðspillirinn.

Hverfi allt þetta á burt, hvað stendur þá í rauninni eftir? Í stað fulltrúasamtakanna sem áður voru valin í almennum kosningum hafa Lenín og Trotskí gert sovétin að hinum einu sönnu fulltrúum verkalýðsstéttarinnar. Með kúgun pólitísks lífs í öllu landinu hlýtur hins vegar einnig lífið í sovétunum að lamast sífellt meir. Án almennra kosninga, óhefts rit- og fundarfrelsis, frjálsra skoðanaskipta getur engin opinber stofnun viðhaldið lífi sínu; um einbert sýndarlíf verður að ræða þar sem regluveldið verður eina virka aflið. Þessu lögmáli kemst enginn undan. Smám saman sofnar almenningur, nokkrir tugir óþreytandi flokksforingja skipa fyrir og stjórna af takmarkalausri hugsjónahyggju, en á meðal þeirra ræður raunverulega ríkjum tugur framúrskarandi hugsuða og öðru hvoru er útvalinn hópur úr fylkingu verkalýðsins kallaður saman til þess að klappa fyrir ræðum leiðtoganna og samþykkja einróma fyrirfram ákvarðaðar ályktanir. Hér er því um að ræða klíkustjórn – að vísu alræði, en ekki alræði öreiganna heldur alræði fáeinna stjórnmálamanna, þ.e.a.s. alræði í borgaralegum skilningi, í skilningi Jakobínaveldisins (tilfærsla sovétþinganna úr þremur mánuðum í sex mánuði!!). Og ekki nóg með það: slíkt ástand hlýtur að leiða til siðspillingar á meðal almennings: banatilræða, gíslamorða o.s.frv.

Heimild
Textarnir sem fylgja báðum undangengnum verkefnum eru teknir úr: Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. *Heimspekisaga*. Reykjavík, 1999, bls. 584–586.

IV.7 : Fasisminn og nasisminn

Athugunarefni í texta

°1. Hvernig má skýra að fasistum tókst að ná völdum á Ítalíu?
°2. Hvað var „bjórkjallarauppreisnin“ og hvaða áhrif hafði sá atburður á feril Adolfs Hitlers?
°3. Hvers konar stjórn var það sem Hitler myndaði í Þýskalandi árið 1933?
°4. Aðgerðir nasista gagnvart gyðingum fyrir heimsstyrjöldina síðari. Auk umfjöllunarinnar í kennslubókinni má hafa hliðsjón af eftirfarandi bókarkafla.

Julius Streicher var trúlega alræmdasti gyðingahatarinn í hópi frammámanna þýskra nasista. Hann ritstýrði vikublaðinu *Der Stürmer* sem leit á það sem æðsta hlutverk sitt að ala á hatri í garð gyðinga. Árið 1938 gaf blaðið út bókina *Eitursvampurinn* sem ætluð var stálpuðum börnum. Eftirfarandi kafli er tekinn úr bók þessari:

Inga situr á biðstofu læknisins. Hann er gyðingur. Biðin er löng. Hún flettir blöðunum sem liggja á borðinu. En hún er of taugaóstyrk til að lesa nema fáeinar setningar á stangli. Samtal hennar við móður sína kemur aftur og aftur upp í hugann. Jafnoft leita á hugann viðvaranirnar frá sveitarstjóranum í stúlknahreyfingunni.[1)] „Enginn Þjóðverji á að leita til læknis af gyðingaættum!

Síst af öllu ættu þýskar *stúlkur* að gera það! Margar stúlkur sem leitað hafa sér lækninga hjá gyðingum hafa verið svívirtar og orðið veikar í þokkabót!“¨

Þegar Inga gekk inn í biðstofuna varð hún áheyrsla að sérkennilegu atviki. Grátur barst úr viðtalsherbergi læknisins og þaðan hljómaði einnig rödd ungrar stúlku sem sagði: „Ó, besti læknir, láttu mig í friði.“

Síðan heyrði hún manninn hlæja grófum hlátri og brátt datt á dúnalogn. Inga hélt niðri í sér andanum og lagði við hlustir. „Hvað er eiginlega á seyði hér?“ spurði hún með sjálfri sér, og hjartað tók að slá örar. Viðvaranir sveitarstjórans komu upp í hugann.

Inga er búin að bíða heilan klukkutíma. Hún tekur sér enn einu sinni blað í hönd og gluggar í það. Dyrunum að viðtalsherberginu er hrundið upp. Inga lítur upp. Gyðingurinn stendur í dyrunum. Hún rekur upp óp og missir blaðið á gólfið af hræðslu. Inga þýtur óttaslegin upp úr sæti sínu. Hún starir framan í lækninn. Stórt, krókbogið nefið gefur andliti þessa gyðings djöfullegan svip. Bak við gleraugun grillir í tvö glæpamannsaugu. Þykkar varirnar opnast í glotti. Með því segir hann: „Unga, þýska stúlka, nú ertu loksins mín!“

Gyðingurinn nálgast Ingu. Hann teygir holduga fingur sína í áttina til hennar. En nú hefur Inga náð áttum. Hún slær lækninn í skvapfeitt andlitið áður en hann nær taki á henni. Síðan stekkur hún á fætur og tekur á rás með galopinn munninn út um dyrnar og niður stigann. Með öndina í hálsinum kemst hún klakklaust úr húsi gyðingsins.

1) Stúlknahreyfingin sem hér er vísað til er Bund Deutscher Mädel (BDL), en það var æskulýðshreyfing fyrir stúlkur á aldrinum 14–18 ára.

Heimild
Kilder og bakgrunnsstof til Verden 2. J.W. Cappelens Forlag, Oslo.

Umræðuefni

#1. Hugmyndafræði fasismans. Umræðuhópar reyni að gera sér heildarmynd af henni og freisti þess jafnframt að leggja mat á hverjir hafi verið gildustu þættir hennar. Hvar lá einkum munurinn á hugmyndafræðilegum áherslum þýskra nasista og ítalskra fasista? Styðjist auk bókarinnar við stefnuskrá Nasistaflokksins sem birt er í tengslum við heimildaverkefni 2.

#2. Hvernig má skýra valdatöku nasista í Þýskalandi? Veltu vöngum yfir því hvað hefði hugsanlega getað komið í veg fyrir hana.

#3. Kosningasaga Weimarlýðveldisins. Reynt verði á grundvelli töflunnar í kennslubókinni að glöggva sig á og brjóta til mergjar eftirfarandi álitamál:

– hvernig má skýra fylgisþróun þýskra nasista og þá einkum fylgisaukningu þeirra í kosningum árið 1930 og sumarið 1932?

– hvaða flokkar tapa fylgi og hvaða flokkar halda sínu samhliða fylgisaukningu nasista?

– er einhver flokkur sem nýtur mjög stöðugs fylgis gegnum alla sögu Weimarlýðveldisins sama á hverju gengur í innanríkis- eða utanríkismálum?

– berðu saman heildarstyrk marxísku flokkanna (sósíaldemókrata og kommúnista) annars vegar og nasista hins vegar á árunum 1928–1933. Hvernig má skýra breytt innbyrðis styrkleikahlutföll sósíaldemókrata og kommúnista á þessu tímabili?

Heimildaverkefni

1. Taktu saman yfirlit sem orðið gæti stuttur fyrirlestur um æviferil Adolfs Hitlers þar til hann hafði með afgerandi hætti haslað sér völl í þýskum stjórnmálum.

Heimildir

1. Á íslensku eru til tvær ævisögur Adolfs Hitlers. Hvorug rekur þó æviferil hans allt til loka, en báðar koma að fullum notum við úrlausn þessa verkefnis.
Konrad Heiden: *Ævi Adolfs Hitlers*. Saga ábyrgðarlausrar aldar. Reykjavík, 1943.
Þorsteinn Thorarensen: *Að hetjuhöll*. Saga Adolfs Hitlers. Reykjavík, 1967.

2. Fjölmargir erlendir sagnfræðingar hafa tekið sér fyrir hendur að rita um ævi Hitlers. Þekkt verk af því tagi eru:
Alan Bullock. *Hitler. A Study in Tyranny*. London, 1962.
Joachim Fest. *Hitler*. London, 1977.

3. Einnig er auðvelt að afla sér upplýsinga um æviferil Hitlers á netinu.

2. Hvaða hugmyndafræðilegu áherslur eru mest áberandi í stefnuskrá þeirri sem þýski nasistaflokkurinn setti sér árið 1920? Hvernig rímuðu áherslur nasista eftir valdatökuna við áherslurnar í stefnuskránni?

Stefnuskrá Nasistaflokksins („Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei“) í Þýskalandi:

Stefnuskráin var birt 25. febrúar 1920. Henni mátti ekki breyta.

1. Við krefjumst þess að allir Þjóðverjar sameinist í Stór-Þýskalandi á grundvelli reglunnar um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna.
2. Við krefjumst jafnréttis Þjóðverja við aðrar þjóðir og ógildingar Versalasamninganna og friðarsamningsins í St. Germain [friðarsamningur bandamanna við Austurríki].
3. Við krefjumst landrýmis og jarðnæðis (nýlendna) til að geta brauðfætt þjóðina og til búsetu fyrir vaxandi þjóð.
4. Ríkisborgararéttur skal bundinn við þá sem eru af þýsku þjóðerni. Sá einn telst af þýsku þjóðerni sem er af þýsku bergi brotinn að langfeðgatali. Trúarskoðun skiptir ekki máli í þessu samhengi. Enginn gyðingur getur talist vera af þýsku þjóðerni.
5. Þeir sem ekki njóta ríkisborgararéttar geta fengið dvalarleyfi í Þýskalandi, en verða að lúta lögum um útlendinga.
6. Einungis þeir sem njóta ríkisborgararéttar eiga aðkomu að stjórn og löggjöf ríkisins. Því krefjumst við þess að einungis fullgildir ríkisborgarar geti gegnt opinberum störfum, hverju nafni sem þau nefnast, hvort heldur er í ríkisþjónustu, í ríkisfylkjunum eða hjá sveitarfélögum. Við berjumst gegn þeirri uppsprettu spillingar sem felst í þingbundnu stjórnarfari þar sem flokksskírteinið eitt tryggir mönnum embætti án tillits til hæfni eða mannkosta.
7. Við krefjumst þess að ríkisvaldið líti á það sem frumskyldu sína að tryggja borgurum ríkisins atvinnu- og lífsbjargarmöguleika. Sé ekki mögulegt að tryggja öllum borgurum ríkisins framfærslu skulu útlendingar (þeir sem ekki njóta ríkisborgararéttar) gerðir brottrækir úr þýska ríkinu.
8. Framvegis verði komið í veg fyrir innflutning erlendra manna til Þýskalands. Við krefjumst þess að allir útlendingar sem flust hafa til Þýskalands eftir 2. ágúst 1914 verði þegar í stað gerðir landrækir.
9. Réttindi og skyldur allra borgara ríkisins skulu vera hin sönnu.
10. Sérhverjum borgara ber umfram allt að inna af hendi andlega eða líkamlega vinnu. Starfsemi einstaklinga má ekki stríða gegn þjóðarhag, heldur verður hún að fara fram innan þess ramma er samfélagið setur og koma öllum til góða.
11. Við krefjumst þess að tekið verði fyrir tekjuöflun sem ekki er afrakstur vinnuframlags og erfiðis. Vaxtaþrælkun verði afnumin!

12. Í stríði er jafnan krafist ógnarlegra fórna af alþýðu manna, jafnt blóðfórna sem fórna af efnislegum toga. Sá sem nýtir styrjöld til að auðga sjálfan sig gerist sekur um glæp gegn þjóðinni. Því krefjumst við þess að allur gróði stríðsgróðamanna verði undanbragðalaust gerður upptækur.
13. Við krefjumst þjóðnýtingar allra þeirra fyrirtækja sem breytt hefur verið í auðhringa.
14. Við krefjumst hlutdeildar í gróða stórfyrirtækjanna.
15. Við krefjumst þess að hlutur eldri borgara verði stórbættur frá því sem nú er.
16. Við krefjumst þess að tilvera traustrar millistéttar verði tryggð til frambúðar. einnig krefjumst við þess að sveitarfélögin yfirtaki stóru vöruhúsin og bjóði smákaupmönnum og handverksmönnum verslunar- og verkstæðisrými þar. Horft verði til smáfyrirtækja sérstaklega, þegar innkaup ríkis, ríkisfylkja og sveitarfélaga eru annars vegar.
17. Við krefjumst úrbóta í jarðnæðismálum í samræmi við þarfir þjóðarinnar. Sett verði lög sem heimila eignarnám án bóta ef almenningsheill krefur. Óheimilt verði að gera sér eignarhald á landi að féþúfu og bann lagt við öllu jarðabraski.
18. Við krefjumst miskunnarlausrar baráttu gegn öllum þeim sem með verkum sínum vinna gegn almannaheill. Þeir sem eru svo lítilsigldir að brjóta á hagsmunum almennings, okurkarlar og svartamarkaðsbraskarar, skulu dæmdir til dauða án tillits til trúarbragða þeirra eða kynþáttar.
19. Við viljum efla fornar þýskar réttarreglur í stað Rómarréttarins sem elur á efnishyggjuviðhorfum.
20. Ríkið verður að axla þá ábyrgð að efla menntakerfið verulega. Efling þess er forsendan fyrir því að allir iðjusamir og dugandi borgarar eigi kost á framhaldsmenntun og geti komið til greina við val í stjórnunarstöður. Námskrár á öllum skólastigum verður að aðlaga kröfum þess lífs sem lifað er í landinu. Efla verður skilning nemenda á gildi ríkisins í samræmi við það sem þroski leyfir hverju sinni [lífsleikni í anda nasista]. Við krefjumst þess að afburðagreind börn af fátæku foreldri eigi kost á menntun á kostnað hins opinbera, án tillits til stéttar eða stöðu.
21. Ríkinu er skylt að vinna að bættu heilsufari þjóðarinnar. Það verði gert með mæðra- og barnavernd, banni við barnavinnu og með því að lögfesta að leikfimi og aðrar íþróttir séu skyldugreinar í skólum. Einnig njóti öll félög, sem vinna að því að efla og styrkja líkamlega hreysti upprennandi kynslóðar, ríkulegs stuðnings af opinberu fé.
22. Við krefjumst þess að her atvinnumanna verði aflagður, en í hans stað komi her byggður á almennri herskyldu og herútboði.
23. Við krefjumst þess að sett verði lög gegn stjórnmálalygum og útbreiðslu þeirra í blöðum. Ef koma á fótum undir þjóðholl þýsk dagblöð þarf eftirfarandi aðgerðir:
a) allir ritstjórar og blaðamenn sem starfa við blöð útgefin á þýsku verða að vera af þýsku bergi brotnir.
b) blöð í eigu annarra en Þjóðverja verða að fá sérstakt leyfi til útgáfu. Þau má ekki prenta á þýsku.
c) ef einhver, sem ekki er af þýsku bergi brotinn, leggur fé til útgáfu á þýsku dagblaði eða reynir að hafa áhrif á ritstjórnarstefnu slíks blaðs, gerist sá hinn sami brotlegur við lög. Refsing skal liggja við slíku athæfi, og skal útgáfa slíkra blaða stöðvuð og þeir erlendu aðilar sem hlut eiga að máli reknir úr landi þegar í stað.

Blöð sem ganga í berhögg við almannaheill skulu bönnuð. Við krefjumst þess að sett verði lög til höfuðs þeim stefnum í bókmenntum og listum sem eitra tilveruskilyrði þjóðarinnar. Bundinn verði endi á allar birtingarmyndir slíkra stefna.
24. Við krefjumst trúfrelsis. Það frelsi á þó ekki við um trúarbrögð sem ógna tilverugrundvelli ríkisins og fara í bága við siðferði og siðræn gildi hins germanska kynþáttar.

Flokkurinn stendur fyrir jákvæð kristin viðhorf án þess að draga taum hvorki mótmælenda né kaþólskra manna. Hann berst af alefli gegn þeirri gyðinglegu efnishyggju sem ríkir í umhverfi okkar og ekkert okkar er ósnortið af. Flokkurinn er þeirrar skoðunar að eini grundvöllur þess að efla til frambúðar heilbrigð lífsgildi meðal þjóðarinnar sé meginreglan: *Almannaheill framar eiginhagsmunum.*
25. Forsenda þess að framkvæma megi þau stefnumið sem rakin hafa verið hér að framan er sú að komið verði á öflugu miðstjórnarvaldi í Þýskalandi. Það er því krafa okkar. Það felur í sér að ríkisdagurinn hafi óskorað vald í öllum ríkismálefnum og yfir öllum stjórnarstofnunum og stjórnsýslueiningum. Komið verði á fót sérstökum fulltrúaráðum einstakra starfsstétta og atvinnugreina til að fylgja eftir í framkvæmd þeim lögum sem ríkisvaldið setur. Sú löggjöf er sá grunnur sem lagasetning einstakra ríkisfylkja byggist á. Forysta flokksins strengir þess heit að láta einskis ófreistað að koma framangreindum stefnumiðum í framkvæmd og kosta lífi sínu til ef þörf gerist.

München, 24. febrúar 1920

3. Kannaðu félagslega (stéttarlega) samsetningu flokksmanna í þýska Nasistaflokknum og ítalska Fasistaflokknum á grundvelli meðfylgjandi taflna og berðu hana saman við atvinnuskiptingu þjóðanna. Má greina einhverja marktæka breytingu á samsetningu Nasistaflokksins á árunum 1930–33?

Tafla 1. *Félagsleg samsetning Nasistaflokksins fram til 1933.*

	Fyrir 14/9 1930 (%)	Nýskráningar 14/9 1930–30/1 1933/%		Atvinnuskipting í Þýskalandi 1933 (%)
Verkamenn	28,1%	33,5%		46,3%
Bændur	14,1%	13,4%		20,7%
Starfsmenn í viðsk. og þjónustugreinum	25,6%	22,1%		12,4%
Smáatvinnurekendur í verslun, handverki og þjónustu; sjálfstætt starfandi háskólamenn (læknar, lögfr.)	20,3%	18,9%		9,6%
Embættismenn og aðrir opinberir starfsm.	8,3%	7,2%		4,8%
Þjónustufólk (einkum konur)	3,6%	4,9%	Aðrir:	6,2%
	100,0	100,0		100,0
Fjöldi alls	121.000	670.000		

Heimild

Taflan er byggð á upplýsingum úr töflu á bls. 188 í bókinni *Mannkynssaga. 20. öldin* og ritinu *Who were the Fascists*, bls. 260. Upplýsingum í þessum tveimur heimildum ber ekki nákvæmlega saman og framsetning upplýsinga er líka með ólíkum hætti. Frávik eru þó óveruleg. Tölurnar í dálkunum tveimur til vinstri eru teknar úr fyrri heimildinni, en tölur í dálkinum lengst til hægri eru úr hinni síðari.

Tafla 2. *Aldurssamsetning félaga Nasistaflokksins skv. félagatali flokksins 14/9 1930.*

Aldursbil	*Hlutfall (%)*	*Aldursskipting þýsku þjóðarinnar 1939*	
14–25	36,8%	→ 20	32,7%
26–35	31,4%		
36–45	17,6%	20–45	39,3%
46–55	9,7%	Eldri en	
56→	4,5%	45 ára	28,0%

Heimild

Taflan er unnin upp úr upplýsingum í töflu á bls. 261 í bókinni *Who were the Fascists*.

Tafla 3. *Félagsleg samsetning Fasistaflokksins á Ítalíu árið 1921.*

Stétt / hópur	*Hlutfall %*	*Atvinnuskipting þjóðarinnar 1921.*
Landbúnaðarverkamenn	24,3%	22,8%
Iðnverkamenn	15,4%	24,0%
Sjómenn	1,0%	2,3%
Stúdentar	13,0%	1,4%
Starfsmenn í viðsk. og		
þjónustugreinum	9,8%	0,9%
Opinberir starfsmenn	4,8%	2,0%
Kennarar	1,1%	– [1)]
Sjálfstætt starfandi		
(læknar, lögfr. o.s.frv.)	6,6%	2)
Smáatvinnurekendur	9,2%	12,3%
(kaupm., handverksm.)		
Iðjuhöldar / kaupsýslumenn	2,8%	1,1%
Bændur	12,0%	32,3%
	100,0	

Heimild
Tölurnar um flokksfélagana eru teknar úr töflu á bls. 314 í ritinu *Who were the Fascists*, en tölurnar um atvinnuskiptinguna úr töflu á bls. 260 í sama riti. Upplýsingarnar þar eru þó ekki alveg eins skýrar og skyldi. Því skal eftirfarandi tekið fram:
1) Gengið er út frá því að í tölunum um atvinnuskiptingu séu kennarar taldir til opinberra starfsmanna.
2) Hér er gengið út frá því að sjálfstætt starfandi menn af ýmsu tagi séu taldir með smáatvinnurekendum í töflunni um atvinnuskiptinguna.

IV.8 : Aðdragandi síðari heimsstyrjaldar

Athugunarefni í texta

°1. Hvað átti mestan þátt í að Japanar réðust í að hernema Mansjúríu og hvaða afleiðingar hafði sú aðgerð á alþjóðavettvangi?
°2. Lýstu stuttlega „aðferðafræði“ Hitlers í utanríkismálum.
°3. Gerðu stuttlega grein fyrir hugleiðingum Hitlers um utanríkismál í *Mein Kampf*.
°4. Dragðu upp mynd af áherslum og markmiðum Hitlers í utanríkismálum eins og þau horfðu við eftir valdatöku hans 1933.
°5. Hver voru rök Hitlers fyrir úrsögn Þjóðverja úr Þjóðabandalaginu?
°6. Um hvað snerust kosningarnar í Saarhéraði í ársbyrjun 1935 og hver varð niðurstaða þeirra?
°7. Gerðu grein fyrir inntaki flotasamnings Breta og Þjóðverja frá árinu 1935 og ólíkum túlkunum á honum.
°8. Hver urðu viðbrögð Frakka og Sovétmanna við valdatöku Hitlers og utanríkisstefnu?
°9. Hvernig gerðist það að Hitler og Mússolini urðu bandamenn?

°10. Friðkaupastefnan: Hverjar voru forsendur hennar og inntak og hver bar hana fram af mestum þunga?
°11. Münchenarsamningurinn: Hver var aðdragandinn að gerð hans, hverjir voru aðilar að honum, hvert var inntak hans og hvaða áhrif hafði hann?
°12. Með hvaða rökum er komist svo að orði í kennslubókinni að með hernámi þess sem eftir var af Tékkóslóvakíu 15. mars 1939 hafi útþenslustefna Hitlers breytt um eðli og komist á nýtt stig?
°13. Borgarastyrjöldin á Spáni 1936–39: Hver voru upptök hennar, hvert var inntak stríðsins, hverjir tókust þar á og hvernig lauk stríðinu? Dragðu einnig fram afstöðu stórveldanna og umheimsins til stríðsins.

Umræðuefni
#1. Í kennslubókinni er komist svo að orði að hertaka hinna friðlýstu Rínarlanda í mars 1936 hafi falið í sér ákveðin vatnaskil og þá hafi vesturveldunum gengið úr greipum síðasta tækifærið til að „stöðva“ Hitler án þess að kosta heilli heimsstyrjöld til. – Veltu vöngum yfir réttmæti þessarar staðhæfingar og þeim rökum sem að baki henni búa.
#2. Taktu til umræðu eftirfarandi staðhæfingu og reyndu að komast að rökstuddri niðurstöðu um réttmæti hennar: „Það hefði verið hagstæðara fyrir vesturveldin að taka slaginn við Hitler strax haustið 1938 út af Tékkóslóvakíu fremur en bíða í ár og fara þá í stríð út af innrásinni í Pólland.“

Heimildaverkefni
*1. Taktu saman fyrirlestur um ólympíuleikana í Berlín 1936. Gerðu í því viðfangi sérstaklega grein fyrir þátttöku Íslendinga í leikunum.

Í þessu viðfangi skal bent á eftirfarandi heimildir sem styðjast má við:
Pétur Haraldsson. *Ólympíuleikarnir 1896–1956.* Reykjavík 1957, bls. 153–188.
Ingimar Jónsson. *Ólympíuleikar að fornu og nýju.* Reykjavík 1983, bls. 92–98.
Guðrún Egilson. *Spilað og spaugað.* Rögnvaldur Sigurjónsson leikur af fingrum fram. Reykjavík 1978, bls. 50–55.
Þorsteinn Jósepsson. *Í djörfum leik* (þáttur um langstökkseinvígi þeirra Lutz Long og Jesse Owens).
Úlfar Þórðarson læknir. Æviminningar. Unnur Úlfarsdóttir skráði. Reykjavík 2001.

*2. Nokkrir Íslendingar börðust í alþjóðaherdeildinni á Spáni með stjórn lýðveldisins. Aflaðu þér upplýsinga um hverjir það voru og hvernig þátttöku þeirra í stríðinu var háttað? Í hvaða tveimur nýlegum skáldverkum er spænska borgarastyrjöldin sögusviðið eða að minnsta kosti hluti þess?

Heimildir
Hallgrímur Hallgrímsson. *Undir fána lýðveldisins.* Reykjavík 1941.
Illugi Jökulsson. *Ísland í aldanna rás, 1900–1950.* Reykjavík 2000, bls. 293–94.
Stefán Svavarsson. „Spænska borgarastríðið í íslenskum samtímaheimildum.“ *Sagnir*, tímarit um söguleg efni, 26. árg. 2006, bls. 50–56 (síðasti hluti greinar).

*3. Gerðar hafa verið athuganir á umfjöllun um borgarastyrjöldina á Spáni í íslenskum blöðum og tímaritum meðan á stríðinu stóð. Kynntu þér niðurstöður þeirra rannsókna og taktu saman fyrirlestur um efnið.

Heimildir

Aitor Yraola. „Íslensk viðbrögð við spænsku borgarastyrjöldinni.“ *Skírnir*, 163. árg. (haust), 1989, bls. 362–81.
Stefán Svavarsson. „Spænska borgarastríðið í íslenskum samtímaheimildum.“ *Sagnir*, tímarit um söguleg efni, 26. árg. 2006, bls. 50–56.

IV.9 : Heimsstyrjöldin síðari

Athugunarefni í texta

°1. Griðasáttmáli Þýskalands og Sovétríkjanna 23. ágúst 1939 og aðdragandi hans.
°2. Í hverju gat ávinningur Þjóðverja annars vegar og Sovétmanna hins vegar af gerð griðasáttmálans talist fólginn?
°3. Póllandsherferðin.
°4. Hvað fólst í hernaðaraðgerð þeirri sem kennd hefur verið við „leifturstríð“ („Blitzkrieg“)?
°5. Finnska vetrarstríðið.
°6. Hver var megintilgangur Þjóðverja með innrás þeirra í Noreg?
°7. Stríðið á vesturvígstöðvunum sumarið 1940.
°8. Orustan um Bretland 1940–1941.
°9. Hver voru viðbrögð Bandaríkjamanna við ófriðarblikunum í Evrópu og hvenær má segja að þeir hafi í reynd tekið beina afstöðu í stríðinu?
°10. Innrás Þjóðverja í Sovétríkin.
°11. Eyðimerkurstríðið 1940–1943.
°12. Árásin á Pearl Harbor og gangur Kyrrahafsstríðsins til ársloka 1942.
°13. Síðla hausts 1942 urðu nánast á sama tímapunkti straumhvörf í gangi stríðsins bæði á austurvígstöðvunum og í Afríku. Hvar og með hvaða hætti gerðist þetta?
°14. Hvað fólst í hugtakinu „the second front“?
°15. Innrásin á Ítalíu 1943 og gangur stríðsins þar.
°16. Innrásin í Norðmandí 1944.
°17. Gangur stríðsins á austurvígstöðvunum 1942–1945.
°18. Loftárásir vesturveldanna á Þýskaland 1943–45: Hvert var markmið þeirra og tilgangur og hvaða árangri skiluðu þær?
°19. Helförin gegn gyðingum.
°20. Lokasóknin gegn Japönum og uppgjöf þeirra.

Heimildaverkefni

*1. Kynntu þér efni eftirfarandi frumheimilda sem varpað geta ljósi á einstaka atburði í sögu síðari heimsstyrjaldar umfram það sem gert er í sjálfum texta námsbókarinnar.

Heimildir
Yfirlýsing Chamberlains í neðri málstofu breska þingsins 31. mars 1939:

... ef svo fer að sjálfstæði Póllands verði ótvírætt ógnað með einhverjum hætti og ríkisstjórn Póllands telji varða við lífshagsmuni þjóðarinnar að bregðast við af alefli, telur ríkisstjórn hans hátignar sig skuldbundna til að veita pólsku stjórninni allan þann stuðning sem hún megnar. Breska stjórnin hefur þegar tjáð ríkisstjórn Póllands þessa afstöðu sína.

Því er við þetta að bæta að ríkisstjórn Frakklands hefur veitt mér umboð til að lýsa yfir því að afstaða hennar fer saman við afstöðu ríkisstjórnar hans hátignar að þessu leyti.

Sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórna Bretlands og Póllands 6. apríl 1939:

Samkomulag var um að ríkin tvö geri með sér gagnkvæman samning til frambúðar sem leysi af hólmi þá tímabundnu einhliða öryggistryggingu sem ríkisstjórn hans hátignar hefur veitt pólskum stjórnvöldum ...

Það sama á við þetta framtíðarsamkomulag og gildir um hina tímabundnu öryggistryggingu að því er ekki beint gegn neinu ríki, heldur er tilgangur þess að tryggja gagnkvæma aðstoð ef svo færi að sjálfstæði annars hvors þessara ríkja yrði með einhverjum hætti ógnað, beint eða óbeint ...

Samstaða var um að það samkomulag sem hér var lýst væri því ekki til hindrunar að hvor stjórnin um sig gæti gengið til samninga við önnur ríki í þeim tilgangi að stuðla að varðveislu friðar.

Ræða Hitlers í þýska ríkisdeginum 28. apríl:

... Skuldbinding þessi [hið nýja samkomulag Breta og Pólverja] stríðir gegn þeim samningi [vináttusamningur Þjóðverja og Pólverja frá 1934] sem ég á sínum tíma gerði við Pilsudski marskálk [þáverandi leiðtoga Póllands]. Sá samningur tók einungis mið af þágildandi skuldbindingum gagnaðilans, það er þeim skuldbindingum sem Pólverjar á þeim tíma höfðu undirgengist gagnvart Frökkum og okkur var kunnugt um. Það stríðir gegn ákvæðum griðasáttmála Þýskalands og Póllands að undirgangast skuldbindingar við aðra eftir á ...

Því hlýt ég að líta svo á að Pólverjar hafi einhliða brotið gegn sáttmála þeim sem við Pilsudski gerðum á sínum tíma og hann þar með úr gildi fallinn.

Orðsending þýsku stjórnarinnar til ríkisstjórnar Póllands 28. apríl 1939:

... 11. Danzig verði aftur hluti af Þýskalandi.[1)] Lögð verði járnbraut og hraðbraut gegnum pólska hliðið[2)] sem tengi Austur-Prússland þýska ríkinu. Þýskaland fái full yfirráð og lögsögu yfir þessum samgönguæðum. Á móti þessu býður þýska ríkið eftirfarandi: Viðurkenningu á tilvist pólska hliðsins og vesturlandamærum Póllands; gerð griðasáttmála milli ríkjanna til 25 ára; efnahagslegir hagsmunir Pólverja í Danzig skulu tryggðir og greitt verði úr öðrum vandamálum á sviði efnahags og samgangna er upp kunna að koma við sameiningu Danzig við þýska ríkið ...

Þýska stjórnin ... getur hins vegar ekki látið ómótmælt þeim ákvörðunum sem ríkisstjórn Póllands hefur nýlega tekið [átt er við samning Pólverja við Breta] ...

1) Danzig var alþýsk borg við Eystrasalt. Með Versalasamningunum var hún skilin frá Þýskalandi og gerð að fríborg undir stjórn Þjóðabandalagsins. Var hugsunin sú að hún yrði hafnarborg fyrir hið nýja pólska ríki.
2) Pólska hliðið var landræma sem klauf Austur-Prússland frá öðrum hlutum Þýskalands (sjá kort í námsbókinni, bls. 218). Með pólska hliðinu var hinu nýja Póllandi tryggður aðgangur að sjó.

Griðasáttmáli Þjóðverja og Sovétmanna frá 23. ágúst 1939:

Ríkisstjórnir Þýskalands og Sovétríkjanna hafa orðið sammála um að gera með sér eftirfarandi samning. Markmið samningsins er að tryggja frið milli ríkjanna ...

1. grein. Báðir samningsaðilar skuldbinda sig til hvorki að sýna gagnaðilanum yfirgang né ráðast gegn honum með hervaldi, hvort heldur einir sér eða í bandalagi við önnur ríki.
2. grein. Ef annar hvor samningsaðila verður fyrir árás þriðja aðila, mun hinn samningsaðilinn ekki undir neinum kringumstæðum veita árásaraðilanum lið.
3. grein. Ríkisstjórnir samningsaðila munu framvegis hafa með sér reglulegt samráð og skiptast á upplýsingum er varða sameiginleg hagsmunamál þeirra.
4. grein. Hvorugur samningsaðila mun ganga til liðs við valdablokk sem beint er gegn hinum samningsaðilanum, hvort heldur litið er til núverandi aðstæðna eða til framtíðar.
5. grein. Ef svo kynni að fara að ágreiningur eða deilur vöknuðu um eitthvert mál milli samningsaðila, skuldbinda þeir sig til að leysa þau deilumál með vinsamlegum viðræðum sín á milli eða skjóta þeim til sáttanefnda ef þörf krefur.
6. grein. Samningur þessi gildir til tíu ára. Sé honum ekki sagt upp af öðrum samningsaðila ári áður en samningstíminn rennur út framlengist gildistími samningsins sjálfkrafa um fimm ár.

Moskvu, 23. ágúst 1939
Fyrir hönd ríkisstjórnar Þýskalands
Ribbentrop
Í umboði ríkisstjórnar Sovétríkjanna
Molotov

Viðauki við samninginn
Í tilefni undirskriftar griðasáttmálans milli Þýskalands og Sovétríkjanna hafa ofanskráðir samningamenn ríkjanna rætt í fullum trúnaði hvernig afmarka megi áhrifasvæði beggja samningsaðila í Austur-Evrópu. Niðurstaðan úr þeim viðræðum er sem hér segir:
1. grein. Verði breyting á landamærum eða stjórnmálastöðu Finnlands og Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litháens, skulu norðurlandamæri Litháens marka skilin milli áhrifasvæða Þýskalands og Sovétríkjanna. Jafnframt viðurkenna báðir samningsaðilar tilkall Litháa til Vilniusborgar og svæðisins umhverfis hana.
Grein 2: Verði breyting á landamærum eða stjórnmálastöðu þess svæðis sem pólska ríkið tekur yfir skulu fljótin Nazew, Visla og San marka skilin milli áhrifasvæða Þýskalands og Sovétríkjanna. Framtíðarþróunin á vettvangi stjórnmálanna mun endanlega skera úr um það hvort áframhaldandi tilvist Póllands sem ríkis samrýmist hagsmunum samningsaðila og sama á við um legu landamæra þess. Undir öllum kringumstæðum munu ríkisstjórnir landanna tveggja ráða þessu máli til lykta með vinsamlegu samkomulagi.
Grein 3: Að því er Suður-Evrópu varðar leggur sovétstjórnin áherslu á stöðu Bessarabíu. Þýska stjórnin lýsir yfir því að hún hefur engra hagsmuna að gæta á þeim slóðum.
Grein 4: Báðir aðilar skulu halda samningsviðauka þessum stranglega leyndum.

Moskvu, 23. ágúst 1939

Tilkynning Hitlers til þýska hersins 1. september 1939:

Pólland hefur vísað á bug tilboði mínu um friðsamlega lausn á deilum ríkjanna og þess í stað gripið til vopna. Þjóðverjar í Póllandi sæta blóðugu ofbeldi og ofsóknum og eru hraktir brott af heimilum sínum. Friðhelgi landamæra ríkisins hefur verið rofin hvað eftir annað. Ekkert stórveldi getur sætt sig við slíka framkomu og hún er til marks um að Pólland ætlar sér ekki lengur að virða landamæri ríkisins.

Til að binda í eitt skipti fyrir öll enda á þetta glórulausa athæfi á ég einskis annars úrkosta en setja hart móti hörðu. Þýski herinn hlýtur af fyllstu einbeitni að hefja baráttu fyrir heiðri og grundvallarréttindum hins endurfædda Þýskalands. Ég treysti því að hver einasti hermaður verði sér alltaf meðvitaður um að hann er fulltrúi fyrir nýtt og mikilsháttar ríki, Þýskaland nasismans, um leið og hann hefur í huga ævarandi heiðurshefðir þýskra hermanna. Lifi þjóð vor og ríki!

Ræða Nevilles Chamberlain í neðri málstofunni 1. september 1939:

Það var fyrst í gær sem utanríkisráðherra Þýskalands, von Ribbentrop, veitti pólska sendiherranum áheyrn. Við það tækifæri áréttaði sendiherrann það sem ríkisstjórn Póllands hafði þegar lýst yfir opinberlega, að hún væri fús til viðræðna á jafnréttisgrundvelli um öll deilumál ríkjanna. Og hvert

var svo svar þýskra stjórnvalda? Það fólst í því að þýskur her réðst í dagrenningu í morgun inn yfir landamæri Póllands án nokkurra skýringa og fregnir herma að sprengjum hafi verið varpað á óvarðar borgir (Frammíkall úr þingsalnum: „Er eiturgasi beitt?“) Eins og allt er í pottinn búið er aðeins um eitt að velja fyrir okkur. Sendiherra hans hátignar í Berlín og franska sendiherranum þar í borg hefur verið falið að afhenda þýsku stjórninni eftirfarandi orðsendingu:
„Snemma í morgun gaf kanslari Þýskalands út tilkynningu til þýska hersins sem sýndi glöggt að árás á Pólland var yfirvofandi. Samkvæmt heimildum ríkisstjórnar hans hátignar ... og frönsku stjórnarinnar hefur þýskur her haldið inn fyrir landamæri Póllands og býr sig nú undir að ráðast á pólskar borgir. Eins og málum er komið líta ríkisstjórnir Bretlands og Frakklands svo á að sú valdbeiting í formi innrásar, sem nú ógnar sjálfstæði Póllands, hljóti að leiða til þess að Bretar og Frakkar komi Pólverjum til aðstoðar í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnir landanna hafa gefið. Því tilkynnist hæstvirtri ríkisstjórn Þýskalands hér með að ríkisstjórn hans hátignar mun að fullu standa við skuldbindingar sínar gagnvart Póllandi, nema því aðeins að ríkisstjórn Þýskalands lýsi yfir því afdráttarlaust að árás þýska hersins á Pólland hafi verið stöðvuð og allur þýskur herafli verði þegar í stað kallaður til baka frá pólsku yfirráðasvæði.“

Tilkynning Hitlers til þýsku þjóðarinnar 3. september 1939:

Bretar hafa um aldir haft það sem markmið að gera þjóðir Evrópu varnarlausar gegn heimsvaldastefnu Bretaveldis. Það hafa þeir gert með því að prédika valdajafnvægi, sem síðan hefur átt að tryggja að Bretar gætu ráðist á hverjum tíma af minnsta tilefni á það ríki í Evrópu sem þeir töldu hættulegast, í því skyni að ganga milli bols og höfuðs á því. Þannig börðust Bretar á sínum tíma gegn heimsveldi Spánverja, síðar gegn sjóveldi Hollendinga og stórveldi Frakka og loks – frá árinu 1871 – gegn Þýskalandi.

Við höfum getað fylgst með þeirri innilokunarstefnu sem Bretar hafa framfylgt gegn Þýskalandi frá því fyrir heimsstyrjöldina [fyrri]. Jafnskjótt og þýska þjóðin var, undir forystu Nasistaflokksins, tekin að rétta úr kútnum eftir hrikalegar afleiðingar nauðungarsamninganna í Versölum og sýndi þess merki að hún væri að hrista kreppuna af sér, fóru Bretar strax á kreik að nýju með innilokunarstefnu sína.

Fyrir heimsstyrjöldina [fyrri] klifuðu bresku stríðsæsingamennirnir á þeirri þjóðlygi að þeir beindu spjótum sínum einungis gegn Hohenzollernættinni [konungsættin í Prússlandi sem um leið var keisaraætt Þýskalands] og þýskri hernaðarhyggju. Þeir létu svo sem þeir girntust ekki nýlendur Þjóðverja og þaðan af síður hygðust þeir svipta þá kaupskipaflota sínum. Í framhaldi af því kúguðu þeir þýsku þjóðina með nauðungarsamningunum í Versölum, en þeir samningar hefðu í fyllingu tímans afmáð 20 milljónir Þjóðverja af yfirborði jarðar hefði framkvæmd þeirra ekki verið hnekkt.

Ég axlaði þá ábyrgð að vekja mótspyrnu þýsku þjóðarinnar gegn þessu áformi og jafnframt að tryggja henni atvinnu og afkomumöguleika. En þegar sú stund nálgaðist að valdstjórnartilskipanirnar frá Versölum hefðu verið að engu gerðar á friðsamlegan hátt og þýska þjóðin gat aftur farið að blómgast, hófu Bretar innilokunarstefnu sína að nýju, og fram á sviðið komu sömu áróðurslygameistararnir og fyrir 1914. Ég hef hvað eftir annað boðið breskum stjórnvöldum og bresku þjóðinni samhug og vináttu þýsku þjóðarinnar. Því boði hefur jafnoft verið vísað á bug. Mér hefur lengi verið ljóst að þessum stríðsæsingamönnum hefur aldrei gengið annað til en reyna að koma Þjóðverjum í opna skjöldu undir eins og hentugt færi gæfist.

Ég er staðfastari en nokkru sinni fyrr í þeim ásetningi mínum að hrinda þessari atlögu. Það væri fráleitt að færa fórnir að nýju til þess eins að gera annan nauðungarsamning enn verri en þann sem kenndur er við Versali. Þjóðverjar hafa aldrei verið þrælakyn og það munu þeir ekki heldur verða á komandi tíð. Þótt Þjóðverjar hafi á liðnum öldum oft þurft að færa fórnir til að tryggja tilvist ríkis síns, er núlifandi kynslóð þess albúin að leggja að minnsta kosti jafnmikið í sölurnar ...

Þýska þjóðin hefur aldrei beðið ósigur þegar hún sýndi órofa samstöðu. Það var sundrungin sem leiddi til ósigursins árið 1918. Þeim sem hlaupast undan þessum merkjum einingar og samstöðu verður einfaldlega útrýmt sem óvinum þjóðarinnar. Ef þjóð okkar stendur við æðstu skyldur sínar að þessu leyti mun almættið styðja við bakið á okkur, eins og það hefur ávallt litið í náð sinni til þeirra sem staðráðnir eru í að hjálpa sér sjálfir.

Útvarpsræða Chamberlains 3. september 1939:

Ég ávarpa yður úr fundarherbergi ríkisstjórnarinnar í Downingstræti 10.

Snemma í morgun afhenti breski sendiherrann í Berlín ríkisstjórn Þýskalands lokaorðsendingu bresku ríkisstjórnarinnar. Þar var tekið fram að bærist ekki, fyrir klukkan ellefu árdegis, tilkynning frá þýskum stjórnvöldum þess efnis að þýskur herafli yrði tafarlaust kallaður heim frá Póllandi væri úti um friðinn milli ríkjanna tveggja.

Hér skal nú upplýst að ekkert slíkt fyrirheit hefur verið gefið og Bretland á af þeim sökum í stríði við Þýskaland.

Yður ætti öllum að vera ljóst, hve það er mér mikið áfall að áralöng barátta mín fyrir varðveislu friðar skuli þannig unnin fyrir gýg ...

Allt fram á síðustu stundu var sá möguleiki vissulega fyrir hendi að leysa mætti úr ágreiningi Þjóðverja og Pólverja á friðsamlegan hátt og báðum til sóma. Hitler vildi það einfaldlega ekki. Greinilegt er að hann hafði einsett sér að ráðast á Pólland hvað sem í skærist og tal hans nú um að Pólverjar hafi hafnað sanngjörnum kostum hans er ekki sannleikanum samkvæmt. Engar slíkar tillögur voru lagðar fyrir okkur né heldur stjórn Póllands. Það var að vísu skýrt frá efni einhverra tillagna í Berlínarútvarpinu á fimmtudagskvöldið, en í stað þess að bíða viðbragða við þeim, gaf Hitler herjum sínum fyrirskipun um að ráðast inn í Pólland. Breytni hans sannar endanlega að engar minnstu líkur eru til að þessi herramaður láti nokkru sinni af þeim vana sínum að knýja vilja sinn fram með ofbeldi. Eina leiðin til að stöðva hann er að setja nú hart móti hörðu.

Frá og með deginum í dag standa Bretland og Frakkland við fyrirheit sín við pólsku þjóðina sem berst nú hetjulega gegn tilefnislausri og illskeyttri innrás. Samviska okkar er hrein. Við höfum gert allt það sem eitt ríki getur gert til að varðveita friðinn. Það verður ekki lengur búið við þær aðstæður að leiðtogi Þýskalands gangi á bak allra þeirra loforða sem hann gefur og engin þjóð og ekkert ríki geti verið öruggt um sig.

Við höfum nú ákveðið að binda enda á þetta ástand, og ég veit að allir þeir sem á mál mitt hlýða munu leggja sitt af mörkum með hugprýði og æðruleysi.

Á þessari stundu er okkur mikill styrkur að þeim stuðningsyfirlýsingum sem okkur hafa borist frá samveldislöndunum og annars staðar að úr heimsveldinu ...

Megi drottinn almáttugur vera með yður öllum. Megi hann leggjast á sveif með málstað réttlætisins. Við eigum í höggi við öfl illskunnar – óheflaða aflsmuni, sviksemi, rangsleitni, kúgun og ofsóknir – og í slíkri baráttu trúi ég því að réttlætið verði sigursælt.

Kaflar úr ræðu nýs forsætisráðherra Breta, Winstons Churchills, 13. maí 1940:

Á föstudaginn fól hans hátign mér að mynda nýja ríkisstjórn. Ljóst var að óskir og vilji þings og þjóðar stóðu til þess að hún yrði mynduð á eins breiðum grundvelli og unnt er. Það merkir að hún yrði með aðild allra flokka, jafnt þeirra sem studdu fyrri stjórn og hinna sem voru áður í stjórnarandstöðu. Ég hef að mestu lokið þessu verki.

Það er erfitt úrlausnarefni í sjálfu sér að mynda samsteypustjórn margra aðila, en ég minni á að við erum á upphafsskeiði afdrifaríkustu átaka í veraldarsögunni. Her okkar á í átökum í Noregi og Hollandi, við verðum að vera við öllu búin á Miðjarðarhafi, stöðugt er barist í lofti og í mörg horn að líta hér á heimavelli. Í ljósi þessara erfiðu aðstæðna vona ég að þingheimur virði mér til vorkunnar þótt ég lýsi ekki stefnu minni í smáatriðum hér í dag. Ég vona að þeir vinir mínir, samstarfsmenn og fyrrverandi samstarfsmenn sem þessi stjórnarbreyting snertir með einhverjum hætti sjái gegnum fingur með að hér þurfti skjót handtök, fremur en fastheldni við ýtrustu formsatriði. Ég vil segja við þingheim það sama og ég sagði við ráðherra ríkisstjórnarinnar: „Ég hef ekkert að bjóða, nema blóð, strit, svita og tár.“

Við stöndum frammi fyrir alvarlegri þolraun. Við stöndum frammi fyrir löngu og ströngu tímabili baráttu og þjáninga. Þér spyrjið hvaða stefnu stjórnin hafi. Svar mitt er þetta: „Stefna stjórnarinnar er að heyja stríð af alefli, á landi, í lofti og á legi, og neyta þar allra þeirra krafta sem drottinn ljær okkur. Sú verður stefna okkar.“ Þá spyrjið þér vafalaust að hverju stefnan miði. Þeirri spurningu má svara með einu orði: „Sigri – sigri, hvað sem það kostar, sigri, hversu mörg sem áföllin kunna að verða á leið okkar, sigri án tillits til þess hve löng og ströng vegferðin að þeim sigri verður.“ Ef við vinnum ekki sigur, eigum við enga framtíð. Við skulum gera okkur það ljóst að ella eru dagar breska heimsveldisins taldir; ella líður undir lok allt það sem verið hefur aðal breska heimsveldisins; ella verður bundinn endi á viðleitni mannkyns allt frá örófi alda til að þoka sér áfram á þroskabrautinni. Ég geng til verka vonglaður og fullur trúnaðartrausts ... Á þessari stundu tel ég mér heimilt að ákalla alla um stuðning og því segi ég: „Fylkjum liði og sækjum fram, sterk og einhuga.“

Brot úr útvarpsræðum Charles de Gaulle frá London:

Úr ræðu 18. júní
... Ég, de Gaulle hershöfðingi, er á þessari stundu staddur í London. Ég hvet alla franska hermenn, foringja jafnt sem óbreytta liðsmenn, sem dveljast á breskri grund eða eiga síðar eftir að koma þangað, til að hafa samband við mig. Ég beini sömu tilmælum til verkfræðinga og sérþjálfaðra verkamanna sem unnið hafa í vopnaverksmiðjum.

Hvað sem í skerst má andspyrnuglóð frönsku þjóðarinnar ekki kulna. Það mun aldrei verða ...

Úr ræðu 23. júní
Vopnahlésskilmálarnir sem stjórnin í Bordeaux hefur samþykkt jafngilda uppgjöf. Þessi uppgjöf var undirrituð áður en reynt hafði verið að berjast til þrautar. Með uppgjöfinni afhendum við fjandmanninum vopn okkar, flugvélar, herskip og gullbirgðir og öllu þessu verður beitt gegn bandamönnum okkar. Þessi uppgjöf gerir Frakkland að engu og stjórnin í Bordeaux verður algerlega upp á náð Þjóðverja og Ítala komin.

Ekki er lengur til staðar á franskri grund nein sjálfstæð ríkisstjórn til að gæta hagsmuna Frakklands eða lendna þess handan hafs ...

Því verður á grundvelli neyðarréttar [„force majeure“] sett á stofn Þjóðarráð Frakka í samráði við bresku stjórnina. Það mun gæta hagsmuna lands og þjóðar og halda á lofti merki sjálfstæðs Frakklands ...

Franska þjóðarráðið mun standa réttkjörinni ríkisstjórn Frakklands reikningsskil gerða sinna jafnskjótt og slíkri stjórn hefur verið komið á, ellegar þá fulltrúum þjóðarinnar, jafnskjótt og aðstæður gera þeim kleift um frjálst höfuð að strjúka og þeir geta komið saman við öruggar og sæmandi aðstæður.

Þjóðarráð Frakka tekur að sér lögsögu yfir öllum frönskum þegnum sem um þessar mundir dveljast á breskri grund og það mun hafa með höndum yfirstjórn alls þess herafla og stjórnsýslustofnana sem nú eru til staðar hérlendis eða kunna að koma til síðar.

Stríðið er ekki tapað, landið er ekki búið að vera, vonin er ekki kulnuð. Frakkland lifi! [„Vive la France“]

Bandalagssamningur öxulveldanna, Þýskalands, Ítalíu og Japans:

27. september 1940

Ríkisstjórnir Þýskalands, Ítalíu og Japans álíta það forsendu fyrir varanlegum friði að allar þjóðir í heiminum skipi þann sess sem þeim ber. Ríkin þrjú hafa ákveðið að snúa bökum saman og vinna sameiginlega að framgangi markmiða sinna í gervallri Asíu og Evrópu. Þar er forgangsverkefnið að koma á og tryggja í sessi nýskipan sem er til þess fallin að efla hagsæld og hamingju þeirra þjóða er þar búa. Ráðamenn ríkjanna þriggja bera einnig þá von í brjósti að fá til samstarfs þær þjóðir annars staðar í heiminum sem aðhyllast svipaðar hugmyndir um framtíðina. Þannig verður best náð markmiði stjórnanna þriggja um heimsfrið. Í samræmi við það sem að framan greinir hafa stjórnir Þýskalands, Ítalíu og Japans orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. grein: Japanar virða og viðurkenna forystuhlutverk Þjóðverja og Ítala í nýskipan Evrópu.
2. grein: Þjóðverjar og Ítalir virða og viðurkenna forystuhlutverk Japana í nýskipan Asíu.
3. grein: Þýskaland, Ítalía og Japan eru ásátt um að vinna saman að markmiðum sínum á þeim grunni sem áður er lýst. Ríkin undirgangast einnig þá skuldbindingu að styðja hvert annað af fremsta megni stjórnmálalega, efnahagslega og hernaðarlega, ef einhver samningsaðila verður fyrir árás ríkis sem nú á ekki aðild að styrjöldinni í Evrópu eða stríðinu í Kína.
4. grein: Ríkisstjórnir Þýskalands, Ítalíu og Japans skulu nú þegar tilnefna sérfræðinga til setu í nefndum sem fylgi eftir framkvæmd þessa samnings.
5. grein: Aðildarríki samningsins árétta að ákvæði hans hafa engin áhrif á þá stöðu sem einstakir aðilar hans eru nú í gagnvart Sovétríkjunum.
6. grein: Samningur þessi tekur gildi við undirskrift hans, og er gildistími tíu ár frá undirskriftardegi að telja. Ef einhver samingsaðila óskar þess með hæfilegum fyrirvara, áður en samningstímanum lýkur, að hafnar verði viðræður um endurnýjun hans, skulu slíkar viðræður hafnar ...

Samningur Breta og Sovétmanna frá 12. júlí 1941:

Ríkisstjórn Sovétríkjanna og ríkisstjórn hans hátignar Bretakonungs hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag og sameinast um þessa yfirlýsingu:
1. Ríkisstjórnir landanna tveggja skuldbinda sig til að veita hvor annarri allan þann gagnkvæma stuðning sem þær megna í stríði því sem nú geisar við Þýskaland Hitlers.
2. Stjórnir landanna binda einnig fastmælum að ganga ekki til vopnahlésviðræðna eða til gerðar friðarsamninga í stríði þessu, nema að undangengnu samkomulagi sín í milli ...

Atlantshafsyfirlýsingin, birt 14. ágúst 1941:

Forseti Bandaríkjanna og Churchill, forsætisráðherra ríkisstjórnar hans hátignar Bretakonungs, hafa átt með sér fund, og þeir telja rétt að gera heyrinkunn ákveðin grundvallaratriði í stefnu landanna sem þeir eru í forsvari fyrir. Leiðtogarnir byggja vonir sínar um betri heim á því að þessi atriði séu í heiðri höfð.

Í fyrsta lagi: Lönd þeirra gera engar landakröfur á hendur öðrum.

Í öðru lagi: Þeir styðja engar þær breytingar á ríkjaskipan og landamærum sem ekki samrýmast vilja þeirra þjóða er hlut eiga að máli, eins og hann birtist með óþvinguðum hætti.

Í þriðja lagi: Þeir vilja virða rétt hverrar þjóðar til að kjósa sér stjórnarfar eftir vild og þeir eiga sér einnig þá ósk að þjóðir sem sviptar hafa verið sjálfstæði og fullveldi með ofbeldi megi endurheimta það.

Í fjórða lagi: Að teknu eðlilegu tilliti til þeirra skuldbindinga sem ríkin hafa undirgengist vilja leiðtogarnir vinna að því að öll ríki geti á jafnréttisgrundvelli stundað verslun og átt aðgang að hráefnum. Gildir þá einu hvort um er að ræða stórveldi eða smáríki, sigurvegara eða sigraða í stríðinu.

Í fimmta lagi: Leiðtogarnir vilja efla sem mest efnahagssamvinnu ríkja heims svo að bæta megi vinnuskilyrði verkafólks, efla framfarir á efnahagssviðinu og tryggja öllum félagslegt öryggi.

Í sjötta lagi: Að unnum lokasigri á einræðisstjórn nasista vona leiðtogarnir að á komist friður, sem tryggi öryggi og landamæri allra ríkja og sjái einnig til þess að almenningur hvarvetna njóti frelsis og þurfi ekki að óttast skort.

Í sjöunda lagi: Slíkur friður ætti að gera öllum kleift að fara allra sinna ferða um heimsins höf.

Í áttunda lagi: Miðað við þann veruleika sem við blasir trúa leiðtogarnir því að þjóðir heims verði í framtíðinni að afneita valdbeitingu. Sú afstaða styðst einnig við siðferðisrök. Ef þjóðir sem vígbúist hafa á láði, í lofti og á legi halda áfram að hóta eða beita valdi gegn öðrum þjóðum, álíta leiðtogarnir afar brýnt að slíkar þjóðir verði afvopnaðar. Slík afvopnun væri þá undanfari þess að komið yrði á víðtæku og varanlegu öryggiskerfi í heiminum. Á þann hátt einan er unnt að varðveita friðinn til frambúðar. Leiðtogarnir munu einnig styðja og beita sér fyrir hvers konar aðgerðum öðrum sem létt gætu drápsklyfjum vígbúnaðarins af friðelskandi þjóðum.

Boðskapur Roosevelts til Bandaríkjaþings 8. desember 1941:

Dagurinn í gær, 7. desember 1941, mun um alla eilífð markast af vansæmd. Þá réðst flugher og floti Japana á Bandaríkin; óvænt en að yfirlögðu ráði.

Friður ríkti milli landanna og ríkisstjórn okkar átti í viðræðum við keisarastjórnina í Japan að sérstakri ósk hennar. Markmið viðræðnanna var að varðveita frið á Kyrrahafi. Árásarflugvélar Japana höfðu meira að segja haldið uppi loftárásum á Oaku [helsta eyjan í Hawaiieyjaklasanum] í eina klukkustund þegar sendiherra Japana í Bandaríkjunum og aðstoðarmaður hans afhentu utanríkisráðherra okkar formlegt svar við nýlegu erindi Bandaríkjastjórnar. Raunar kom fram í svari þessu að stjórn Japans taldi ekki þjóna neinum tilgangi að stjórnarerindrekar landanna héldu áfram að talast við, en bréfið hafði ekki að geyma neinar hótanir, né heldur var látið að því liggja að stríð eða árás væri yfirvofandi.

Hafa verður í huga að vegalengdin frá Japan til Hawaii er slík að árásin hefur verið ákveðin og undirbúin ekki bara með margra daga, heldur vikna, fyrirvara. Meðan á árásarundirbúningnum stóð reyndi ríkisstjórn Japans markvisst að blekkja bandarísk stjórnvöld með lygum og með því að láta í veðri vaka að henni væri í mun að varðveita friðinn.

Árás gærdagsins á Hawaiieyjar olli flota og flugher Bandaríkjanna alvarlegu tjóni. Fjölmargir Bandaríkjamenn hafa týnt lífi. Fréttir herma einnig að bandarísk skip hafi orðið fyrir árásum kafbáta á úthafinu milli San Francisco og Honolulu.

Í gær réðust Japanar einnig til atlögu á Malakkaskaga.

Í gær réðst japanskur her á Hong Kong.
Nú í nótt réðst japanskur her á Gvam.
Nú í nótt réðst japanskur hér á Filippseyjar.
Nú í nótt réðust Japanar á Wake-eyju.
Í morgun réðust Japanar á Midway.

Þannig hafa Japanar öðrum að óvörum ráðist til sóknar á öllu Kyrrahafssvæðinu. Atburðir gærdagsins tala sjálfir sínu máli. Bandaríska þjóðin hefur þegar tekið sína afstöðu og gerir sér fulla grein fyrir þeirri ógn sem nú steðjar að tilveru og öryggi hennar.

Sem æðsti yfirmaður hers og flota hef ég gefið skipun um að snúist verði til varnar með öllum tiltækum ráðum.

Við munum aldrei gleyma því hvernig þessa árás bar að. Bandaríkjamenn hafa réttinn sín megin og við munum ekki unna okkur hvíldar fyrr en alger sigur hefur unnist á árásarmönnunum, og gildir þá einu hve langan tíma það mun taka.

Ég hygg að ég tali klárlega fyrir munn þings og þjóðar þegar ég árétta að þessari árás verður ekki aðeins hrundið, heldur munum við í áframhaldinu búa þannig um hnúta að viðlíka sviksemi geti aldrei framar kallað hættu yfir okkur.

Átökin eru hafin og við verðum að vera vakandi fyrir þeirri staðreynd að þjóð okkar og ættjörð og þjóðarhagsmunum er alvarlega ógnað.

Við hljótum að treysta á að varnir okkar og einbeittur ásetningur þjóðarinnar færi okkur öruggan sigur – með guðs hjálp.

Ég beini því til þingsins að það staðfesti eftirfarandi yfirlýsingu: Frá þeirri stundu, hinn 7. desember, að Japanar hófu án tilefnis huglausa árás sína hefur geisað styrjöld milli Bandaríkjanna og japanska keisaradæmisins.

Boðskapur Roosevelts Bandaríkjaforseta 11. desember 1941:

Til Bandaríkjaþings
Nú í morgun sögðu Þjóðverjar Bandaríkjunum stríð á hendur og stigu þar með nýtt skref í viðleitni sinni til heimsyfirráða.

Við höfum búist við þessu, og nú hefur það gerst. Þau ríki sem reynt hafa að hneppa gervalla heimsbyggðina í þrælafjötra beina nú geiri sínum að vesturhveli jarðar.

Allur frestur eykur hættuna stórlega. Allar þjóðir í heiminum sem staðfastlega vilja búa við frelsi verða að bindast samtökum og bregðast skjótt við, ef réttvísi og réttlæti eiga að verða grimmd og ómenningu yfirsterkari.

Ítalía hefur einnig sagt Bandaríkjunum stríð á hendur ...

Allir þeir textar sem fara hér að framan eru teknir úr sömu heimild: *Tekster og tal til belysning af det 20. århundredes historie 2*. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1971.

Andspyrna í Þýskalandi:

Andspyrna gegn stjórn nasista í Þýskalandi á stríðsárunum var ekki öflug. Banatilræði hóps herforingja við Hitler 20. júlí 1944 er vafalaust þekktasta dæmið. Hér skal vakin athygli á öðru dæmi um andspyrnu sem trúlega er miður kunnugt, en á þó mikið erindi til ungmenna á menntaskólaaldri. Hér er átt við andspyrnuhópinn „Hvíta rósin“ sem skipaður var ungmennum í Suður-Þýskalandi.

Heimild: Inge Scholl. *Hvíta rósin*. Reykjavík, 1987.

IV.10 : Heimsstyrjöldin á Íslandi

Umræðuefni

#1. Hvar og hvernig haldið þið að tilkynning breska hernámsliðsins hafi orðið til, dæmt eftir þeim setningum úr henni sem eru birtar stafréttar í kaflanum? – Sýnilega

hefur höfundur, eða vélritari, hennar ekki haft fullkomið vald á íslensku, en þó hefur einhver með verulega íslenskukunnáttu komið þarna nálægt. – Notkun p í stað þ gæti bent til þess að notuð hafi verið ritvél sem hafði ekki íslenska stafi, en sjáið þið önnur merki þess að svo hafi verið? – Ef þið viljið sjá tilkynninguna í heild er hún prentuð í *Virkinu í norðri* eftir Gunnar M. Magnúss, 2. útgáfu, I (1984), 32, og mynd af henni er í bók Þórs Whitehead, *Bretarnir koma* (1999), bls. 34. Þar má líka lesa svar við því hver þýddi bréfið á íslensku og hvar.

#2. Í kaflanum segir: „hafa sumir haldið því fram að áhyggjur manna af ástandinu hafi einkum stafað af öfund og afbrýðisemi íslenskra karlmanna sem vildu hafa íslenskar konur fyrir sig eina. Vafalaust er nokkuð til í því.“ – Er eitthvað athugavert við slíka öfund eða afbrýðisemi? Var hún nægilega réttmæt og eðlileg til þess að teldist rétt að hindra samskipti hermanna og íslenskra kvenna?

#3. Í kaflanum segir: „En snemma á árinu 1941, undir hernámi Breta, var strax tekið að leika furðu-djarfan leik með lýðræðið. Kjörtímabil Alþingis var þá á enda (síðast kosið 1937), en þingið samþykkti að fresta alþingiskosningum um eitt ár og framlengja sjálft umboð sitt.“ – Hvað var eiginlega djarft við þennan leik? Hvaða hætta gat steðjað að lýðræðinu vegna þessarar ákvörðunar Alþingis?

#4. Trúið þið á skýringu íslenskra stjórnvalda á frestun alþingiskosninga 1941? – Ef ekki, hvers vegna haldið þið að kosningunum hafi í raun og veru verið frestað?

IV.11 : Lýðveldisstofnun

Umræðuefni

#1. Hvaða stefna um lýðveldisstofnun á Íslandi var *rétt:* stefna hraðskilnaðarmanna, lögskilnaðarmanna eða millileiðin sem varð fyrir valinu?

#2. Í kaflanum segir um 17. júní 1944: „Frelsisbarátta þjóðarinnar var talin vera á enda.“ – Finnst ykkur það vera rétt eða rangt? – Við því er kannski ekkert einhlítt eða sannanlegt svar, en samt er hægt að hafa skoðun á því.

#3. Í lok kaflans er sagt að forseti hafi einkum pólitískt vald þegar hann úrskurðar hvaða stjórnmálaleiðtoga skuli falin stjórnarmyndun eftir kosningar, þó um það gildi ákveðnar venjureglur. – Hvenær var það eiginlega sem sú regla lagðist af á Íslandi að þjóðhöfðingi landsins réði því hverjir færu með ráðherraembætti, og hvað er það fyrirkomulag kallað sem þá tók við?

IV.12 : Kalda stríðið

Athugunarefni í texta

°1. Hverjir komu saman á Jaltafundinum og hver voru helstu umfjöllunarefni hans og niðurstöður?
°2. Hverjir komu saman á Potsdamfundinum og hverjar voru niðurstöður hans varðandi stöðu og framtíð Þýskalands?
°3. Í kennslubókinni er komist svo að orði að í lok heimsstyrjaldarinnar síðari hafi tvískauta valdakerfi leyst af hólmi fjölskauta kerfi í heimsmálum. Hvað er átt við með því?
°4. Á hvaða þáttum byggðu Bandaríkin stórveldisstöðu sína í stríðslok?
°5. Á hvaða þáttum byggðu Sovétríkin stórveldisstöðu sína í stríðslok?
°6. Glöggvaðu þig á þróun Þýskalandsmálsins 1945–49.
°7. Við hvað er átt með hugtakinu staðgenglastríð? Nefndu dæmi.
°8. Hverjar voru hvatir Bandaríkjamanna fyrir því að bjóða fram Marshallaðstoðina?
°9. Hvenær var Atlantshafsbandalagið stofnað og hver voru stofnríki þess? Hvaða lönd bættust síðan í hóp aðildarríkjanna á allra næstu árum?
°10. Hver voru aðildarríki Varsjárbandalagsins?
°11. Kóreustríðið: Aðdragandi og upphaf, gangur þess og niðurstaða.
°12. Hvert var inntak hinnar svokölluðu dómínókenningar?
°13. Skýrðu það fyrirbæri sem nefnt hefur verið mccarthyismi.
°14. Hvað hafa menn einkum í huga þegar talað er um „kalda stríðið síðara“ á árunum upp úr 1980?
°15. Hvað var það í aðstæðum innanlands í Sovétríkjunum sem knúði á um það að Gorbatsjov leitaði leiða til að vinda ofan af kalda stríðinu og binda enda á það?

Umræðuefni

#1. Flestir eru sammála um að Kúbudeilan hafi markað hápunkt kalda stríðsins. – Sú skoðun verði vegin og metin, auk þess sem aðdragandi deilunnar, einstakar aðgerðir og viðbrögð deiluaðila, auk niðurstöðunnar, verði rædd frá sem flestum hliðum. Það á þá einnig við um þá lærdóma sem leiðtogar risaveldanna drógu af deilunni. Nýtið meðfylgjandi frumheimildir í þessu viðfangi.
#2. Hvenær lauk kalda stríðinu? Kennslubókin svarar þeirri spurningu fyrir sitt leyti, en mætti kannski allt eins svara spurningunni á annan hátt, og þá hvernig?

Heimildaverkefni

*1. Nýtið meðfylgjandi heimildir til að fá dýpri skilning og skýrari mynd af einstökum þáttum í sögu kalda stríðsins.

I. *Tortryggni og trúnaðarbrestur í röðum bandamanna*

Undir lok stríðsins óttuðust sovéskir ráðamenn að Bandaríkjamenn og Bretar semdu sérfrið við Þýskaland. Kveikjan að slíkum hugrenningum fólst að hluta til í því að foringi SS-sveitanna á Ítalíu, Karl Wolff, hafði með hjálp meðalgöngumanna sett sig í samband við fulltrúa bandarísku leyniþjónustunnar í Sviss í því skyni að kanna möguleikana á uppgjöf. Churchill rekur bréfaskipti þeirra Roosevelts og Stalíns í riti sínu um síðari heimsstyrjöldina

Úr bréfi Stalíns til Roosevelts 3. apríl 1945:
Þér haldið því fram að engar samningaviðræður hafi enn átt sér stað.

Við verðum að ætla að þér hafið ekki enn fengið allar upplýsingar um málið. Hvað samstarfsmenn mína í hernum varðar, eru þeir ekki í minnsta vafa um að þessar viðræður hafa átt sér stað og byggja þá skoðun sína á upplýsingum sem þeir hafa fengið í hendur. Viðræðunum lauk með samkomulagi við Þjóðverja og á grundvelli þess hefur yfirmaður þýska heraflans á vesturvígstöðvunum, Kesselring marskálkur, fallist á að opna víglínu Þjóðverja og gera þannig hersveitum Bandaríkjamanna og Breta kleift að sækja austur á bóginn. Í endurgjaldsskyni hafa Bandaríkjamenn og Bretar heitið því að milda friðarskilmála Þjóðverja.

Ég geri mér grein fyrir því að herjum Bandaríkjamanna og Breta er nokkur akkur í niðurstöðum þessara viðræðna í Bern, eða hvar svo sem þær fóru fram, því að með þeim opnast þeim leið til að sækja inn í hjarta Þýskalands mótspyrnulítið af hálfu Þjóðverja. En hvers vegna lá svo mikið við að leyna þessu máli fyrir Rússum, og hvers vegna var okkur bandamönnum yðar ekki gerð grein fyrir málavöxtum?

Í framhaldinu hefur þýski herinn á vesturvígstöðvunum líka eins og stendur hætt að berjast við Breta og Bandaríkjamenn. Á sama tíma halda Þjóðverjar áfram að berjast gegn Rússum sem eru þó bandamenn Bretlands og Bandaríkjanna. Það gefur augaleið að aðstæður af þessu tagi eru engan veginn til þess fallnar að viðhalda trúnaði milli ríkja okkar eða efla hann.

Úr bréfi Roosevelts til Stalíns 5. apríl 1945:
Með vísun til sameiginlegrar baráttu okkar í stríðinu við Þjóðverja, sem nú gefur fyrirheit um skjótan sigur og endalok þýska herveldisins, hlýt ég nú sem fyrr að ganga út frá því sem gefnu að þér treystið mér jafn staðfastlega til að vera sannferðugur og áreiðanlegur og ég hef ávallt treyst yður að þessu leyti.

Ég met líka að verðleikum framlag hins hugdjarfa hers yðar til að auðvelda Eisenhower hershöfðingja að komast austur yfir Rín. Sama er að segja um þátt rússneska hersins í að brjóta innan skamms endanlega á bak aftur mótspyrnu Þjóðverja með sameiginlegri atlögu.

Ég ber fullt traust til Eisenhowers hershöfðingja og veit fyrir víst að hann mun ekki gera neina samninga við Þjóðverja, nema að höfðu samráði við mig. Hann hefur fyrirmæli um – og þeim mun hann hlíta – að krefjast skilyrðislausrar uppgjafar af þeim herjum óvinarins sem verða undir á þeim hluta vígstöðvanna sem lúta stjórn hans. Sókn okkar á vesturvígstöðvunum er afrakstur hernaðaraðgerða. Sóknarhraðann má einkum þakka öflugum aðgerðum flughersins sem hafa lamað algerlega samgöngu- og flutningakerfi Þjóðverja. Þá tókst her Eisenhowers einnig að gera mestan hluta þýska hersins óvígan meðan hann enn var vestan Rínarfljóts.

Ég veit með vissu að aldrei fóru fram neinar viðræður í Bern. Ég er sannfærður um að upplýsingar sem þér hafið fengið þess efnis eru runnar undan rifjum Þjóðverja sem láta nú einskis ófreistað til að sá fræjum sundurlyndis með okkur í von um að geta að einhverju marki vikið sér undan ábyrgð á stríðsglæpum sínum.

Að endingu þetta: Það væri meiri háttar sögulegur harmleikur, ef trúnaðarbrestur og vantraust gæfi undan sameiginlegri viðleitni okkar, einmitt á þeirri stundu þegar sigur er innan seilingar, eftir þær gífurlegu mannfórnir og efnislegu verðmæti sem kostað hefur verið til.

Í hreinskilni sagt finn ég til réttlátrar reiði í garð þeirra sem eru heimildarmenn yðar, og gildir þá einu hverjir þar eru á ferð, því hér er gefin villandi mynd af verkum mínum og nánustu samstarfsmanna minna.

Álitamál

Hvers vegna óttaðist Stalín að Bandaríkjamenn og Bretar semdu sérfrið við Þjóðverja?

Uppreisnin í Varsjá

Í ágúst 1944 var rauði herinn í mikilli sókn í Póllandi sem fjaraði út skammt frá Varsjá. Á sama tíma hóf pólska neðanjarðarhreyfingin uppreisn gegn Þjóðverjum í borginni. Rússneski herinn hélt kyrru fyrir í stöðvum sínum og Þjóðverjar brutu uppreisnina á bak aftur án þess að Rússar veittu uppreisnarmönnum lið. Stalín synjaði líka breskum og bandarískum flugvélum um lendingarleyfi að baki sovésku víglínunni eftir að þær höfðu varpað niður vistum handa uppreisnarmönnum. Eftirfarandi bréf eru sótt í rit sem hefur að geyma bréfaskipti Churchills og Stalíns á stríðsárunum: *Krigskorrespondance mellem Churchill og Stalin*. Hasselbachs forlag, 1965.

Bréf Stalíns til Churchills að mótteknum beiðnum um að veita Pólverjum aðstoð:
Eftir að hafa rætt við hr. Mikolajczyk [forsætisráðherra pólsku útlagastjórnarinnar í London] gaf ég yfirstjórn rauða hersins fyrirmæli um að varpa niður miklu af skotfærum á Varsjársvæðinu. Foringi, sem ætlað var að vera tengiliður, varpaði sér niður í fallhlíf en aðalstöðvar hersins tilkynntu að Þjóðverjar hefðu skotið hann til bana áður en hann komst á leiðarenda.

Nú er ég búinn að kynna mér allt Varsjármálið betur og niðurstaða mín er sú að uppreisnin í Varsjá sé ábyrgðarlaus ævintýramennska sem bitnar harkalega á íbúum borgarinnar. Sú hefði ekki orðið raunin, ef aðalstöðvum rauða hersins hefði verið gert viðvart um uppreisnina fyrirfram og Pólverjar haldið uppi stöðugu sambandi við þær.

Eins og allt er í pottinn búið hefur yfirstjórn rauða hersins ákveðið að hafa engin samskipti við forsvarsmenn hinnar ábyrgðarlausu uppreisnar, því að við viljum hvorki beint né óbeint bera minnstu ábyrgð á henni.

Hraðskeyti frá Churchill og Roosevelt til Stalíns:
Hver verða viðbrögð almenningsálitsins í heiminum, ef ekkert verður gert til aðstoðar baráttumönnum gegn nasistum í Varsjá? Við erum þeirrar skoðunar að okkur þremur beri að láta einskis ófreistað til að bjarga eins mörgum föðurlandsvinum og unnt er. Við vonum að þér látið án tafar varpa niður vistum og skotfærum handa pólskum föðurlandsvinum í borginni, eða eruð þér kannski reiðubúinn að aðstoða flugvélar okkar við að gera það nú þegar? Við vonum að þér séuð sama sinnis og við. Skjót hjálp skiptir öllu máli.

Svar Stalíns við símskeytinu:
Mér hefur borist símskeyti yðar og hr. Roosevelts um Varsjármálið og langar mig að koma sjónarmiðum mínum í þeim efnum á framfæri.

Fyrr eða síðar hlýtur sannleikurinn að koma fram um þá valdasjúku glæpamannaklíku sem hleypti af stað uppreisnarævintýrinu í Varsjá. Þessi öfl, sem færa sér trúgirni borgarbúa í nyt, hafa ofurselt nær vopnlausan almenning flugvélum, fallbyssum og skriðdrekum Þjóðverja. Afleiðingarnar eru þær að þessa dagana eru, – ekki Pólverjar að frelsa Varsjá, heldur handlangarar Hitlers að útrýma almennum borgurum á grimmilegan hátt.

Þessi staða veldur því að athygli Þjóðverja er mjög bundin við Varsjá, en frá hernaðarsjónarmiði er það hvorki hallkvæmt fyrir rauða herinn né Pólverja. Sovéski herinn hefur þurft að hrinda nokkrum gagnárásum Þjóðverja, en hann gerir þrátt fyrir það allt sem í hans valdi stendur til að hrinda atlögu Hitlers og liðsodda hans og undirbýr að hefja nýja stórsókn við Varsjá. Ég fullvissa ykkur um að rauði herinn mun láta einskis ófreistað að brjóta Þjóðverja á bak aftur við Varsjá og frelsa Pólverja. Í því felst besta og í reynd eina raunhæfa hjálpin við þá Pólverja sem berjast gegn nasistum.

Álitamál

1. Hvert var mat Stalíns á uppreisninni í Varsjá?
2. Hvaða ástæður geta hafa legið til þess að Stalín kom ekki uppreisnarmönnum til aðstoðar?

II. *Prósentusamningurinn*

Winston Churchill var gjarnt að hugsa um heimsmálin í áhrifasvæðum stórvelda og var í þeim efnum á svipaðri bylgjulengd og Jósep Stalín. Því gerði Churchill sér skýrari grein fyrir því en samherji hans, Roosevelt, hvað það merkti í raun að rauði herinn mundi augljóslega leysa alla austanverða Evrópu undan yfirráðum Þjóðverja.

Churchill fór til Moskvu í október 1944 í því skyni að eiga viðræður við Stalín um skipan mála á Balkanskaga að stríði loknu. Á fundum þeirra bar á góma skiptingu skagans í gagnkvæm áhrifasvæði, og hripaði Churchill þá eftirfarandi á pappírsblað:

Rúmenía:	Rússar 90%
	Aðrir 10%
Júgóslavía:	Helmingaskipti
Ungverjaland:	Helmingaskipti
Grikkland:	Bretar 90% (að höfðu samráði við Bandaríkjamenn)
	Rússar 10%
Búlgaría:	Rússar 75%
	Aðrir 25%

Churchill segir svo frá fundi þeirra Stalíns:

> Ég ýtti pappírsblaðinu til Stalíns ... Það varð andartaksþögn. Síðan tók hann bláan blýant, krotaði stóran kross á blaðið og rétti mér það aftur. Að því búnu sátum við hljóðir stundarkorn. Pappírsblaðið með pári okkar lá kyrrt á miðju borði. Loks rauf ég þögnina og sagði: Hér erum við að ræða mikilvæg mál sem snerta milljónir manna. Væri ekki hægt að leggja málin út á versta veg fyrir okkur, ef einhver kæmist í þetta plagg og þætti sem afgreiðsla okkar á málinu væri nokkuð yfirborðsleg. Eigum við ekki að brenna snepilinn? Nei, geymdu hann, sagði þá Stalín.

Flest bendir til að Stalín hafi skilið þetta atvik svo að hér væri verið að opna Sovétríkjunum leið til áhrifa, í því fælist að vesturveldin hefðu veitt sovétstjórninni frjálsar hendur um að gera Austur-Evrópu að sovésku áhrifasvæði.

III. *Jaltaráðstefnan*

Yfirlýsing Jaltaráðstefnunnar 2. febrúar 1945

1. Lokasóknin gegn Þjóðverjum

Við höfum rætt og ákveðið hvernig staðið skuli að lokasókn herja bandamanna gegn sameiginlegum óvini okkar ...

Þýskaland nasismans er dæmt til tortímingar. Ósigurinn verður þýsku þjóðinni því þungbærari, þeim mun lengur sem hún heldur áfram vonlausri baráttu sinni.

2. Hernám Þýskalands og stjórn þess

Við höfum sammælst um stefnu og áætlanir til að hrinda í framkvæmd markmiði okkar um skilyrðislausa uppgjöf Þjóðverja. Þeirri stefnu munum við fylgja eftir í sameiningu, eftir að öll vopnuð andspyrna Þjóðverja hefur verið brotin á bak aftur.

Samkvæmt þeim áætlunum sem við höfum náð samstöðu um munu hersveitir frá hverju ríkja okkar um sig hernema sinn hluta Þýskalands. Sameiginleg stjórnarnefnd með aðsetur í Berlín mun annast sameiginlega yfirstjórn og eftirlit. Í henni eiga sæti yfirhershöfðingjar ríkjanna þriggja.

Samstaða er um það með ríkjunum þremur að Frakkar fái sérstakt hernámssvæði til stjórnar ef þeir óska þess og þá um leið aðild að stjórnarnefndinni ...

Við höfum það óhagganlega markmið að uppræta nasismann og þýska hernaðarhyggju og viljum búa svo um hnútana að Þýskaland geti aldrei framar ógnað heimsfriði. Við erum staðráðnir í að leysa þýska herinn algerlega upp og afvopna Þjóðverja. Þannig verður þýska herforingjaráðið endanlega upprætt, en það hefur hvað eftir annað gegnt lykilhlutverki við að endurreisa þýska hernaðarhyggju. Allur vopnabúnaður Þjóðverja verður fjarlægður eða eyðilagður, allur iðnaður Þjóðverja sem framleitt getur til hernaðarþarfa verður upprættur eða settur undir eftirlit, stríðsglæpamenn dregnir fyrir lög og dóm og þeim refsað svo skjótt sem auðið er og metið verður nákvæmlega hve miklar skaðabætur í fríðu Þjóðverjum ber að greiða fyrir eyðileggingu þá sem þeir hafa valdið. Nasistaflokkurinn verður upprættur, svo og löggjöf í anda nasismans, nasískar stofnanir og samtök. Útrýma skal öllum áhrifum nasisma og hernaðarhyggju úr andlegu og efnalegu lífi þjóðarinnar, og bandamenn munu grípa til allra þeirra aðgerða í Þýskalandi sem nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja frið og öryggi í heiminum í framtíðinni.

Við ætlum okkur ekki að standa yfir höfuðsvörðum þýsku þjóðarinnar, en þá fyrst þegar nasisminn og hernaðarhyggjan hafa verið upprætt geta Þjóðverjar vænst þess að lifa mannsæmandi lífi og hljóta að nýju sæti sitt í fjölskyldu þjóðanna.

3. Skaðabótagreiðslur Þjóðverja

Við höfum fjallað um það tjón sem Þjóðverjar hafa valdið bandamönnum í styrjöldinni og lýsum þeirri skoðun okkar að réttlátt væri að Þjóðverjar bættu eftir fremsta megni þann skaða sem þeir hafa valdið. Sett hefur verið á fót skaðabótanefnd. Hlutverk hennar er að meta hversu mikill þessi skaði er og af hvaða völdum. Nefndin skal ráða ráðum sínum í Moskvu.

4. Stofnfundur Sameinuðu þjóðanna

Við erum staðráðnir í að stofna svo fljótt sem verða má, ásamt bandamönnum okkar, alþjóðleg samtök til varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Við álítum að náið áframhaldandi samstarf allra friðelskandi þjóða skipti höfuðmáli, bæði til að koma í veg fyrir árásarstríð og til að uppræta stjórnmálalegar, efnahagslegar og félagslegar orsakir styrjalda ...

Við erum ásáttir um að kölluð verði saman ráðstefna með fulltrúum Hinna sameinuðu þjóða [öll þau ríki sem sagt höfðu öxulríkjunum stríð á hendur] í San Francisco í Bandaríkjunum 25. apríl nk. til að undirbúa gerð stofnsáttmála slíkra samtaka ...

5. Yfirlýsing um frjálsa Evrópu

Við höfum samið og staðfest með undirskrift okkar yfirlýsingu um frjálsa Evrópu. Yfirlýsing þessi felur í sér sameiginlega stefnumörkun ríkjanna þriggja og sameiginlega framgöngu þeirra við að leysa stjórnmála- og efnahagsvanda í frelsuðum löndum Evrópu í samræmi við meginreglur lýðræðis ...

Þegar hafist verður handa við að endurreisa efnahagslíf Evrópu og koma skipan á málefni álfunnar, skal standa þannig að málum að hinar frelsuðu þjóðir geti upprætt nasismann og fasismann með öllu og komið á fót lýðræðislegum stjórnarstofnunum að eigin vali.

Þessar meginreglur er að finna í Atlantshafsyfirlýsingunni – rétt allra þjóða til að kjósa sér þá stjórnarhætti sem þær vilja búa við og endurreisn sjálfstæðis og fullveldis þeirra þjóða sem urðu árásarþjóðunum að bráð ...

a) Friður verði tryggður
b) Neyðaraðstoð veitt þeim sem á því þurfa að halda
c) Myndaðar verði bráðabirgðastjórnir með aðild allra lýðræðisafla í hverju landi. Hlutverk þeirra verði að efna til frjálsra kosninga svo fljótt sem unnt er, þannig að mynda megi til framtíðar ríkisstjórnir sem grundvallast á þjóðarviljanum
d) Að auðvelda framkvæmd slíkra kosninga þar sem þess gerist þörf

6. Pólland

... Við höfum á nýjan leik ítrekað sameiginlega ósk okkar að Pólland verði endurreist sem öflugt, frjálst og sjálfstætt ríki á lýðræðisgrundvelli. Viðræður okkar hafa leitt til sameiginlegrar niðurstöðu um

hvernig mynda megi til bráðabirgða í landinu samsteypustjórn sem stórveldin þrjú geta viðurkennt. Samkomulag okkar í því efni er svohljóðandi:

Nú þegar rauði herinn hefur frelsað Pólland að fullu hafa skapast nýjar aðstæður í landinu.

Þetta útheimtir að mynduð verði bráðabirgðastjórn í Póllandi á breiðari grundvelli en unnt var áður en vesturhluti Póllands var frelsaður nú fyrir skömmu ...

Þessi nýja fjölflokka bráðabirgðastjórn skuldbindur sig til að efna til frjálsra kosninga eins fljótt og mögulegt er á grundvelli almenns kosningaréttar og með leynilegri kosningu. Öllum lýðræðissinnuðum og andnasískum flokkum skal heimilt að bjóða fram í kosningum ...

Leiðtogar ríkjanna þriggja eru þeirrar skoðunar að austurlandamæri Póllands eigi að fylgja Curzonlínunni ... [kennd við Curzon lávarð, utanríkisráðherra Breta. Hugmynd Breta og Frakka um austurlandamæri Póllands á Versalafundinum. Landamæri Póllands á millistríðsárunum lágu mun austar eftir landvinninga Pólverja í stríði við Sovétríkin 1919–20]. Leiðtogarnir eru þeirrar skoðunar, að Pólland verði að fá umtalsverða landauka til norðurs og vesturs. Viðhorf þeirra er að taka verði tillit til sjónarmiða nýju pólsku bráðabirgðastjórnarinnar hvað varðar landauka þessa, en endanleg ákvörðun um vesturlandamæri Póllands verði síðan tekin um leið og gengið verður frá friðarsamningum. ...

8. Utanríkisráðherrafundir

... utanríkisráðherrar ríkjanna þriggja skulu koma reglulega saman til skrafs og ráðagerða ...

9. Samstaða um styrjaldarmarkmið og stefnu á friðartímum

Fundur okkar hér í Jalta er ný staðfesting á sameiginlegum ásetningi okkar að viðhalda og styrkja að stríði loknu þá samstöðu um stefnu og aðgerðir sem hefur tryggt hinum sameinuðu þjóðum sigur í stríðinu ...

Winston S. Churchill
Franklin D. Roosevelt
J.V. Stalín

Leynilegt samkomulag Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands á Jaltafundinum í febrúar 1945

Leiðtogar ríkjanna þriggja, Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands, eru ásáttir um að Sovétríkin hefji þátttöku í stríðinu í Asíu tveimur eða þremur mánuðum eftir uppgjöf Þjóðverja í Evrópu.[1)] Það er bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. grein. Staða Ytri-Mongólíu haldist óbreytt [landið var undir áhrifavaldi Sovétríkjanna].

2. grein. Sovétríkin endurheimti fyrri réttindi Rússlands sem Japanar gerðu að engu með sviksamlegri árás sinni árið 1904. Í því felst:

a) Sovétríkin fái yfirráð yfir suðurhluta Sakkalíneyjar ásamt smáeyjum sem undan henni liggja

b) hafnarborgin Dairen verði sett undir alþjóðlega stjórn og grundvallarhagsmunir Sovétríkjanna í þessari höfn tryggðir. Sovétríkin fái að nýju rétt til að taka Port Arthur á leigu sem flotastöð.

c) stofnað verði sameiginlegt rekstrarfélag Kínverja og Rússa um járnbrautirnar sem liggja til Dairen um austanvert Kína og sunnanverða Mansjúríu. ... Kínverjar hafi fullveldisrétt yfir Mansjúríu að teknu tilliti til hagsmuna Sovétríkjanna.

3. grein. Sovétríkin fái yfirráð yfir Kúrileyjum.

Varðandi ákvæði samningsins um Ytri-Mongólíu og áðurnefndar hafnir og járnbrautir þarf samþykki Sjang Kai-sheks marskálks að koma til. Að tillögu Stalíns beitir Bandaríkjaforseti sér fyrir því að slíkt samþykki verði veitt.[2)]

Leiðtogar stórveldanna þriggja eru sammála um að þessar kröfur sovétstjórnarinnar verði uppfylltar að unnum sigri á Japönum. Sovétstjórnin lýsir yfir því fyrir sitt leyti að hún er reiðubúin til að gera vináttu- og bandalagssamning við stjórn þjóðernissinna í Kína til að létta Kínastjórn og her hennar það verk að frelsa Kína undan hernámsoki Japana.

Winston S. Churchill
Franklin D. Roosevelt
J.V. Stalín

Athugasemd

1. Sovétríkin sögðu Japönum stríð á hendur hinn 8. ágúst 1945, nákvæmlega þremur mánuðum eftir uppgjöf Þjóðverja í Evrópu.
2. Sovétmenn og Kínverjar gerðu með sér samning í ágúst 1945 þar sem efni Jaltasamningsins var staðfest.

Álitamál

1. Hvers vegna skyldi Roosevelt hafa verið reiðubúinn til að koma svo langt til móts við kröfur Stalíns um landauka og ítök í Austur-Asíu á Jaltafundinum?
2. Hvað segir framangreint leynisamkomulag okkur um viðhorf og afstöðu Stalíns til hinna tveggja stríðandi fylkinga í kínverskum stjórnmálum, þjóðernissinna og kommúnista?

Heimildir

Tekster og tal til belysning af det 20. århundredes historie 2. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1971.
Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945–1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

IV. *Potsdamfundurinn*
2. ágúst 1945

Hinn 17. júlí 1945 komu Harry S. Truman Bandaríkjaforseti, J.V. Stalín marskálkur, formaður Þjóðfulltrúaráðs Sovétríkjanna [forsætisráðherra], og Winston S. Churchill forsætisráðherra Breta, ásamt hr. Clement R. Attlee, saman á þríveldafund í Berlín. Með þeim í för voru utanríkisráðherrar ríkjanna þriggja, James F. Byrnes, V.M. Molotov og Anthony Eden, starfsmannastjórar leiðtoganna og aðrir ráðgjafar.

Á tímabilinu 17.–25. júlí voru haldnir níu fundir. Þá var gert hlé á fundum í tvo daga, meðan úrslit kosninga í Bretlandi voru birt. 28. júlí kom hr. Attlee aftur til fundarins, nú sem forsætisráðherra, í fylgd með nýjum utanríkisráðherra Breta, Ernest Bevin ...

Stofnun fastaráðs utanríkisráðherra

Á fundinum var gert samkomulag um að stofna ráð utanríkisráðherra stórveldanna fimm. Hlutverk þess er að halda áfram nauðsynlegu undirbúningsstarfi að gerð friðarsamninga, en einnig að fjalla um önnur þau mál sem upp kunna að koma og ríkisstjórnir aðildarríkja ráðsins verða sammála um að vísa til meðferðar þess ...

3.1 : Fyrsta mikilvæga verkefnið sem ráðið fær umboð til að vinna að er gerð friðarsamninga við Ítalíu, Rúmeníu, Búlgaríu, Ungverjaland og Finnland[1)], sem síðan

verði lagðir fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Einnig að undirbúa tillögur til ákvörðunar um landamæri sem ekki voru útkljáð þegar ófriðnum lauk í Evrópu. Ráðinu er ætlað að undirbúa friðarsamning við Þýskaland sem ríkisstjórn þess er ætlað að samþykkja þegar búið er að koma þar á fót ríkisstjórn sem bær er til þess.

3.2 : Að lausn einstakra verkefna sem hér hefur verið getið skulu koma fulltrúar þeirra ríkja í ráðinu sem undirrituðu uppgjafarskilmála þeirra ríkja sem í hlut eiga hverju sinni. Hvað Ítalíu áhrærir skal litið svo á að Frakkar hafi verið aðilar að uppgjafarskilmálum Ítala. Leitað verður álits annarra aðila í ráðinu þegar upp koma mál sem varða þau með beinum hætti ...

Samkvæmt ákvörðun fundarins hafa ríkisstjórnirnar þrjár hver um sig sent samhljóða áskoranir til ríkisstjórna Kína og Frakklands um að þær gerist aðilar að þessu samkomulagi og taki þátt í stofnun ráðsins.

Stofnun fastaráðs utanríkisráðherra til að sinna þeim verkefnum sem getið er í samkomulaginu, hefur engin áhrif á samkomulag á Jaltafundinum þess efnis, að utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna eigi með sér viðræður með hæfilegu millibili ...

Þýskaland

Herir bandamanna hafa hernumið allt Þýskaland, og þýska þjóðin er byrjuð að taka út refsingu sína fyrir þá ógnarglæpi sem framdir voru undir forystu leiðtoga sem hún fylkti sér á bak við og hlýddi í blindni meðan allt lék í lyndi.

Fundarmenn hafa náð samkomulagi um þann grundvöll sem samræmd efnahags- og stjórnmálastefna bandamanna gagnvart hinu sigraða Þýskalandi á að byggja á meðan hernámsstjórn þeirra varir.

Markmið þessa samkomulags er að hrinda í framkvæmd því sem segir um Þýskaland í yfirlýsingu Jaltafundarins. Nasismanum og þýsku hernaðarhyggjunni verður útrýmt og bandamenn munu nú og framvegis sjá til þess með viðeigandi aðgerðum að Þýskaland muni aldrei framar geta ógnað nágrönnum sínum eða heimsfriðnum.

Bandamenn hafa ekki í hyggju að steypa Þjóðverjum í glötun eða gera þá að þrælum. Markmið þeirra er að Þjóðverjar fái tækifæri til að hefja undirbúning að því að reisa þýskt þjóðlíf úr rústum á friðsælan og lýðræðislegan hátt. Ef þjóðin starfar til frambúðar í þeim anda, munu Þjóðverjar í fyllingu tímans hljóta sinn sess meðal frjálsra og friðelskandi þjóða heims.

A. *Pólitísk grundvallarviðmið*

1. Samkomulagið um hernámsstjórnina ákvarðar hvernig æðstu stjórn Þýskalands verður háttað. Æðstu yfirmenn herafla fjórveldanna fara með hana hver á sínu

hernámssvæði samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórna sinna. Sem fulltrúar í stjórnarnefndinni fara þeir í sameiningu með þau mál er varða Þýskaland í heild.
2. Öllum Þjóðverjum skulu, eftir því sem framast er unnt, búin sömu tilveruskilyrði, sama hvar í landinu þeir búa.
3. Stjórnarnefndin skal taka mið af eftirtöldum atriðum sem bera með sér tilgang hernámsstjórnarinnar:
3.1. Þýskaland verði algerlega afvopnað og öllum herbúnaði og hernaðarmannvirkjum eytt. Öllum þeim þýsku iðnfyrirtækjum sem hagnýta má til framleiðslu í hernaðartilgangi verður lokað eða þau sett undir eftirlit. Svo að þetta megi verða að veruleika skal gripið til eftirfarandi aðgerða:

a) landher, sjóher og flugher Þjóðverja skulu leystir upp með öllu. Sama gildir um SS-sveitirnar, stormsveitirnar (SA), öryggisþjónustu ríkisins (SD) og Gestapo með öllum sínum undirdeildum, starfshópum og stofnunum sem og herforingjaráðið, foringjalið hersins, varalið hersins, herskólar, samtök uppgjafahermanna og hvers konar samtök önnur, sem telja má af hernaðarlegum toga og stuðla að því að ala á hernaðarhyggju meðal þjóðarinnar. Þannig verði um aldur og ævi girt fyrir að nasisminn og þýsk hernaðarhyggja geti nokkru sinni reist höfuðið að nýju.
b) bandamönnum skulu afhent öll vopn, skotfæri og önnur vígtól, svo og vélbúnaður til framleiðslunnar, en þessu eytt ella. Komið skal í veg fyrir framleiðslu eða viðhald á flugvélum, skotvopnum, skotfærum og hvers konar vígtólum.

3.2. Þjóðverjar skulu látnir meðtaka að fullu að þeir hafa beðið algeran ósigur og þeir geti ekki vikið sér undan ábyrgðinni á því sem það hefur kostað þá. Það er harkalegur stríðsrekstur þeirra sjálfra og ofstækisfull andspyrna nasista sem eyðilagt hefur þýskt efnahagslíf og óhjákvæmilega kallað þjáningar og öngþveiti yfir fólk ...
3.4. Viðreisn stjórnmálalífs í Þýskalandi í framtíðinni skal byggja á grundvelli lýðræðis og miða að því að Þjóðverjar geti síðar orðið friðsamir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu.
4. Felld skal úr gildi öll sú löggjöf nasista sem veldi Hitlers byggði á eða mismunaði fólki á grundvelli kynþáttar, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Engin mismunun af því tagi verður látin viðgangast, og gildir þá einu hvort hún styðst við lög, stjórnarframkvæmd eða annað.
5. Stríðsglæpamenn skulu teknir fastir og sóttir til saka. Sama gildir um þá sem átt hafa þátt í að undirbúa og framkvæma þær aðgerðir nasistastjórnarinnar sem leiddu til illvirkja eða stríðsglæpa. Leiðtogar nasista, áhrifamenn sem studdu nasista, forsvarsmenn stofnana og samtaka nasista, svo og þeir sem eru ógn við hernámsveldin eða markmið þeirra, skulu teknir fastir og hnepptir í varðhald.[2)]
6. Allir félagar Nasistaflokksins sem tóku virkan þátt í starfi hans, svo og aðrir þeir sem beita sér gegn markmiðum bandamanna, skulu sviptir embættum á vegum hins opinbera. Það gildi einnig um forsvarsmenn mikilvægra einkafyrirtækja í sömu stöðu. Í þeirra stað verði skipaðir einstaklingar sem í krafti stjórnmála- og siðferðisviðhorfa sinna eru færir um að leggja grunn að þróun lýðræðislegra stjórnarstofnana í Þýskalandi.

7. Eftirlit verði haft með menntakerfinu í Þýskalandi, svo að boðskap nasismans og hernaðarhyggjunnar verði með öllu útrýmt úr kennslunni, en lýðræðisleg viðhorf efld að sama skapi.
8. Réttarkerfið verði endurskipulagt með þá lýðræðislegu meginreglu í huga að allir fái notið réttlætis og séu jafnir að lögum, óháð kynþætti, þjóðerni eða trúarskoðun.
9. Valddreifing verði aukin í stjórnkerfi Þýskalands og ábyrgð sveitarstjórna efld. Því marki verði náð með eftirfarandi aðgerðum:
9.1. Sveitarstjórnir verði endurreistar um land allt eins fljótt og hernaðaröryggi og markmið hernámsstjórnarinnar leyfa. Það verði ekki síst gert með kosningu sveitarstjórna með lýðræðislegum hætti.
9.2. Heimila skal starfsemi allra þeirra stjórnmálaflokka sem starfa á lýðræðisgrundvelli, fundafrelsi þeirra tryggt og hvatt til opinberrar umræðu um land allt ...
9.4. Eins og sakir standa verði ekki sett á laggirnar nein þýsk alríkisstjórn ...
10. Málfrelsi, prentfrelsi og trúfrelsi skal tryggt með þeirri takmörkun einni sem hernaðaröryggi krefur. Stofnanir kirkjunnar skulu njóta friðhelgi. Stofnun óháðra verkalýðssamtaka er heimil að teknu tilliti til hernaðarlegra öryggissjónarmiða.

B. *Efnahagsleg grundvallarviðmið*
11. Hernaðarmáttur Þjóðverja skal að engu gerður með því að banna og koma í veg fyrir framleiðslu vopna, skotfæra og vígtóla og sömuleiðis haffærra skipa og flugvéla, hverju nafni sem þær nefnast. Framleiðsla á málmum, efnavarningi, vélbúnaði og öðru því sem nýta má til hernaðarþarfa verði takmörkuð og hún fari fram undir öflugu eftirliti. Miðað verði við að hún fullnægi Þýskalandi eftirstríðsáranna á friðartímum ... Búnaður til framleiðslu umfram leyfilegt hámark verði tekinn niður og fjarlægður í samræmi við fyrirliggjandi áætlun nefndar bandamanna um skaðabótagreiðslur sem hlutaðeigandi þjóðir hafa samþykkt. Verði búnaðurinn ekki fjarlægður ber að eyðileggja hann.
12. Komið verði á dreifstýringu í þýsku efnahagslífi eins fljótt og unnt er. Markmiðið er að binda enda á þá ofursamþjöppun efnahagsvalds sem nú er við lýði og endurspeglast einkum í tilvist auðhringa og efnahagssamsteypa og einokunarfyrirkomulagi af ýmsu öðru tagi.
13. Við uppbyggingu þýsks atvinnulífs verði megináhersla lögð á eflingu landbúnaðar og iðnaðarframleiðslu til friðsamlegra þarfa.
14. Meðan hernámsstjórnin varir skal stefnan miðast við að Þýskaland sé ein efnahagsleg heild ...
18. Stjórnarnefnd hernámsveldanna skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná umráða- og ráðstöfunarrétti yfir þeim eignum Þjóðverja erlendis sem ekki eru nú þegar í umsjá þeirra ríkja sem þátt tóku í stríðsbandalaginu gegn Þýskalandi.

19. Greiðsla stríðsskaðabóta skal miðast við að Þjóðverjar hafi úr nógu að spila til að geta framfleytt sér án utanaðkomandi aðstoðar. Við mörkun efnahagsstefnu fyrir landið verður að sjá til þess að nægt fé sé fyrir hendi til að greiða fyrir innflutning á því vörumagni sem stjórnarnefnd hernámsveldanna veitir leyfi fyrir ...

Borgin Königsberg og nágrenni [3)]
... Fundarmenn samþykktu í grundvallaratriðum tillögu sovétstjórnarinnar um að borgin Königsberg og land umhverfis hana verði framvegis hluti af Sovétríkjunum ...

Pólland
... Stórveldin þrjú halda því til haga að bráðabirgðastjórnin í Póllandi hefur fallist á að efna til frjálsra kosninga eins og komist var að niðurstöðu um á Jaltaráðstefnunni. Kosningar þessar verða haldnar eins fljótt og auðið verður á grundvelli almenns kosningaréttar og með leynilegri atkvæðagreiðslu. Þar hafa allir lýðræðissinnaðir og andnasískir flokkar rétt til framboðs og þátttöku og skulu blaðamenn frá ríkjum bandamanna njóta fyllsta frjálsræðis til að miðla upplýsingum um aðstæður í Póllandi til lesenda sinna í aðdraganda kosninganna og meðan á þeim stendur.

B. Eftirfarandi samkomulag var gert um vesturlandamæri Póllands:
Í samræmi við samkomulag það um Pólland sem náðist á Jaltaráðstefnunni hafa leiðtogarnir þrír leitað álits pólsku bráðabirgðastjórnarinnar á því hvaða landaukar skuli falla Pólverjum í skaut í norðri og vestri. Forseti þjóðarráðs Póllands og ráðherrar úr bráðabirgðastjórninni hafa komið á fundinn og gert ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum. Leiðtogarnir þrír árétta þann skilning sinn að lokaákvörðun um landamæri Póllands verði ekki tekin fyrr en gerður verður friðarsamningur. Leiðtogarnir eru sammála um að þar til landamæri Póllands verða endanlega ákveðin skuli Pólverjar fara með stjórn á öllu fyrrum þýsku landi austan línu sem dregin er skammt vestan við Swinemünde og fylgir síðan Oderfljóti að mótum þess við ána Neisse vestari og síðan ánni Neisse allt að landamærum Tékkóslóvakíu. Þessu fylgja yfirráð yfir þeim hluta Austur-Prússlands, sem ekki hefur verið falinn í umsjá Sovétríkjanna með samkomulagi á þessum fundi. Tekur yfirráðarsvæði Pólverja einnig til fyrrum fríborgarinnar Danzig. Svæði þau sem hér um ræðir teljast ekki hluti af hernámssvæði Sovétríkjanna í Þýskalandi.

Gerð friðarsamninga og aðild að samtökum Sameinuðu þjóðanna
... Hvað varðar aðild annarra ríkja að Sameinuðu þjóðunum segir svo í 4. grein stofnskrár samtakanna:

„1. Aðild að Sameinuðu þjóðunum er heimil öllum öðrum friðelskandi ríkjum sem undirgangast skuldbindingar stofnskrár þessarar og aðildarríki samtakanna telja fær um og fús til að standa við þessar skuldbindingar.

2. Allsherjarþingið tekur ákvörðun um aðild slíkra ríkja að samtökunum að fengnum meðmælum öryggisráðsins.“

Stjórnir ríkjanna þriggja vilja fyrir sitt leyti lýsa stuðningi við aðildarumsóknir ríkja sem voru hlutlaus í stríðinu, en fullnægja framangreindum skilyrðum.

Stjórnirnar þrjár telja sér þó skylt að árétta að þær munu ekki styðja aðildarumsókn frá núverandi ríkisstjórn Spánar sem er sköpunarverk öxulríkjanna og getur því ekki talist uppfylla aðildarskilyrðin vegna eðlis síns og uppruna, framgöngu sinnar og tengsla við árásarríkin.

Skipulegur brottflutningur Þjóðverja frá einstökum löndum

Fundarmenn komust að eftirfarandi sameiginlegri niðurstöðu varðandi brottflutning Þjóðverja frá Póllandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi:

> Eftir að hafa ígrundað mál þetta frá öllum hliðum er niðurstaða ríkisstjórnanna þriggja að brottflutningur þeirra Þjóðverja sem enn er að finna í Póllandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi sé óhjákvæmilegur. Stjórnirnar eru sammála um að fólksflutningar þessir verði að fara fram skipulega og með sem mannúðlegustum hætti.
>
> Þar eð aðstreymi mikils fjölda Þjóðverja til Þýskalands eykur þann vanda sem hernámsyfirvöld þar hafa þegar við að glíma eru ríkisstjórnirnar þrjár þeirrar skoðunar að stjórnarnefnd bandamanna í Þýskalandi skuli hefja athugun málsins með það í huga að jafna þessum Þjóðverjum sem best niður á hernámssvæðin ...
>
> Ríkisstjórn Tékkóslóvakíu, bráðabirgðastjórn Póllands og stjórnvöldum í Ungverjalandi hefur verið tilkynnt um þetta og þær beðnar um að skjóta frekari brottflutningi fólks á frest uns ríkisstjórnir stórveldanna þriggja hafa kynnt sér niðurstöðurnar úr athugun stjórnarnefndarinnar.

Athugasemdir

1. Friðarsamningar við Ítalíu, Rúmeníu, Búlgaríu, Ungverjaland og Finnland voru undirritaðir í París 10. febrúar 1947. – Samningur við Austurríki var undirritaður 15. maí 1955.
2. Réttarhöldin sem kennd eru við Nürnberg hófust 15. október 1945. Þar voru eftirlifandi stjórnmálaleiðtogar hins nasíska Þýskalands sóttir til saka ásamt nokkrum æðstu foringjum hersins. Af 22 sakborningum voru tólf dæmdir til dauða, sjö hlutu langa fangelsisdóma, en þrír voru sýknaðir.
3. Hér er átt við það svæði sem nú er kennt við Kaliningrad, en það er nútímanafnið á Königsberg. Svæði þetta er nú hluti af Rússlandi, en landfræðilega aðskilið frá öðrum hlutum ríkisins.

Heimild

Tekster og tal til det 20. århundredes historie 2. Ritstj. Paul Holt. Kaupmannahöfn, 1971.

V. *Ræða Winstons Churchills um „járntjaldið“*

Ræðan var haldin í Westminster College í Fulton í Missouri 5. mars 1946.

Skuggi hefur fallið yfir það svið sem sigur bandamanna brá bjarma yfir fyrir svo skömmu. Enginn veit hvað Sovétríkin og heimshreyfing kommúnista hafa í hyggju í náinni framtíð, eða hvaða mörk útþenslustefna þeirra hefur – ef þá nokkur. Ég ber í brjósti innilega aðdáun og virðingu fyrir hugprýði rússnesku þjóðarinnar og vopnabróður mínum úr stríðinu, Stalín marskálki. Í Bretlandi ríkir djúprætt samúð og velvilji í garð þjóða Sovétríkjanna – eins og ég geri ráð fyrir að eigi líka við hérlendis – og vilji til að viðhalda vináttu þjóðanna þrátt fyrir deilur og áföll. Við höfum skilning á þörf Sovétríkjanna fyrir að tryggja öryggi vesturlandamæra sinna með því að girða fyrir alla möguleika á þýskri árás. Við bjóðum Sovétmenn velkomna til að hljóta sinn réttmæta sess meðal forystuþjóða heims. Við bjóðum fána landsins velkominn á heimshöfunum. Umfram allt mundum við fagna varanlegum, auknum og tíðum samskiptum þjóða Sovétríkjanna og enskumælandi þjóða beggja vegna Atlantshafs. En skyldan býður mér – því að ég þykist þess fullviss að þér viljið að ég sé hreinskilinn – að vekja athygli yðar á nokkrum staðreyndum um stöðu mála í Evrópu um þessar mundir.

Járntjald hefur fallið um meginland Evrópu þvert frá Stettin við Eystrasalt til Trieste við Adríahaf. Handan þessarar markalínu liggja höfuðborgir allra gömlu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu. Varsjá, Berlín, Prag, Vínarborg, Búdapest og Sofia, allar þessar frægu borgir og þjóðirnar sem byggja löndin umhverfis þær eru nú á því sem ég kalla valdsvæði Sovétríkjanna. Þær eru allar með sínum hætti ekki bara undir áhrifavaldi sovétstjórnarinnar, heldur er þeim að miklu leyti og í vaxandi mæli stýrt frá Moskvu. Aðeins gríska þjóðin – Grikkland með ódauðlega forna frægð sína – er í aðstöðu til að kjósa sér framtíð í kosningum undir eftirliti Breta, Bandaríkjamanna og Frakka. Leppstjórn Sovétmanna í Póllandi hefur verið hvött til að beita Þjóðverja stórfelldu harðræði og milljónir þeirra eru nú hraktir á brott með mikilli hörku. Kommúnistaflokkunum, sem voru fylgislitlir í öllum þessum Austur-Evrópuríkjum, hefur verið sköpuð forréttindastaða og þeim tryggð völd langt umfram það sem fylgi þeirra segir til um, og alls staðar freista þeir þess að taka öll völd í sínar hendur. Víðast hvar eru orðin til lögregluríki og Tékkóslóvakía er eina eiginlega lýðræðisríkið á svæðinu.

Tyrkir og Íranar eru hvorir tveggju afar áhyggjufullir vegna þeirra krafna sem hafðar hafa verið uppi gagnvart þeim og þeim þrýstingi sem þeir verða fyrir af hálfu stjórnvalda í Moskvu. Í Berlín hafa Sovétmenn leitast við að byggja upp flokk í ætt við kommúnistaflokka á hernámssvæði sínu með því að hygla sérstaklega hópum vinstrisinnaðra þýskra stjórnmálamanna. Þegar vopnaviðskiptum lauk í fyrra vor hörfuðu sveitir Breta og Bandaríkjamanna vestur á bóginn, eins og um hafði verið samið. Þannig var gefið eftir svæði sem var allt að 240 km breitt á víglínu sem var 600 km löng svo að sovéskir bandamenn okkar gætu hernumið þetta stóra landsvæði sem vestrænu lýðræðisríkin höfðu lagt undir sig.

Ef sovétstjórnin skyldi nú beita valdi sínu til að koma upp á sitt eindæmi á laggirnar hálfkommúnísku ríki í Þýskalandi, mundi það valda nýjum og alvarlegum vandkvæðum á hernámssvæðum Breta og Bandaríkjamanna. Það gæfi hinum sigruðu Þjóðverjum tækifæri til að láta Sovétríkin og hin vestrænu lýðræðislíki beinlínis bjóða í sig. Hverjar svo sem þær ályktanir eru sem draga má af þessum staðreyndum – því að staðreyndir eru það – þá er hér ekki á ferðinni sú frjálsa Evrópa sem við börðumst fyrir því að byggja upp. Sú Evrópa sem hér var lýst er heldur ekki ávísun á varanlegan frið. ...

Við sem stöndum andspænis járntjaldinu sem liggur um Evrópu þvera höfum frekari ástæður til að ugga að okkur. Það hamlar Kommúnistaflokki Ítalíu [stærsti og öflugasti kommúnistaflokkur á Vesturlöndum] að honum hefur verið gert að styðja kröfur Titos marskálks og kommúnistastjórnar hans til ítalskra landsvæða fyrir botni Adríahafs. Engu að síður getur brugðið til beggja vona um pólitíska framtíð Ítalíu ... Kommúnistar hafa nú endurvakið undirróðursstarfsemi sína í fjölmörgum löndum um heim allan, líka fjarri Sovétríkjunum, og sá undirróður er stundaður í nánu samráði og með algerri fylgisspekt við þau fyrirmæli sem berast frá miðstöð heimskommúnismans. Kommúnistaflokkarnir, eða önnur fimmtuherdeildarstarfsemi, felur í sér alvarlega ógn og hættu fyrir kristna siðmenningu alls staðar utan Bandaríkjanna og Breska samveldisins þar sem kommúnisminn hefur litlum rótum skotið ... Kynni mín af Sovétmönnum, vinum okkar og bandamönnum í stríðinu, sannfærðu mig um það að þeir meta aflsmuni meira en nokkuð annað og þeim finnst ekki eins lítið til neins koma og veikleika, einkum á hernaðarsviðinu. Þegar af þeirri ástæðu er gamla kenningin um valdajafnvægi illkynjuð. Ef hjá því verður komist megum við ekki taka neina áhættu með styrk okkar og freista þannig hugsanlegum andstæðingi til að láta vopnin tala. Ef vestræn lýðræðisríki standa saman á grundvelli þeirra meginreglna sem stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna geymir, munu þau hafa feikimikil áhrif á að gera þær að veruleika. En ef þau standa ekki saman, eða bregðast

skyldum sínum, og við látum yfirstandandi úrslitaár renna okkur úr greipum, gæti í sannleika reiðarslag riðið yfir okkur ...

Heimild

Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945-1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

Andsvar Stalíns við ræðu Churchills

Úr viðtali í *Pravda*, málgagni sovéska kommúnistaflokksins, 13. mars 1946.

Spurning: Hvert er álit yðar á nýlegri ræðu Winstons Churchills í Bandaríkjunum?
Svar: Ég álít hana hættulegt tiltæki, til þess ætlað að sá fræjum sundrungar meðal bandamanna og spilla fyrir samvinnu þeirra.
Spurning: Má líta svo á að ræða Churchills sé skaðleg fyrir málstað friðar og öryggis í heiminum?
Svar: Já, án nokkurs vafa. Churchill kemur hér beinlínis fram sem stríðsæsingamaður og hann er ekki einn um það. Hann á sér skoðanabræður, ekki einungis í Bretlandi, heldur einnig í Bandaríkjunum.

Það er athygli vert hve líkur málflutningur Churchills og samherja hans er því sem Hitler og kumpánar hans sögðu. Fyrsta skref Hitlers á leið hans til styrjaldar var að boða kynþáttahyggju sem fól í sér að þýskumælandi menn væru öðrum þjóðum æðri. Churchill ýtir undir styrjaldarhættu með annarri kynþáttakenningu um að enskumælandi þjóðir séu öllum öðrum æðri og til þess kallaðar að ráða örlögum alls mannkyns. Kenningin um þýska kynþáttinn leiddi Hitler og kumpána hans að þeirri niðurstöðu að yfirburðaþjóðin Þjóðverjar ætti að drottna yfir öðrum þjóðum. Kenningin um engilsaxneska kynþáttinn leiðir Churchill og málvini hans að þeirri niðurstöðu að hinar engilsaxnesku þjóðir, sem þeir telja öllum öðrum fremri, eigi að drottna yfir afganginum af heimsbyggðinni ...

Menn ættu að muna eftir því að Þjóðverjar réðust á Sovétríkin frá Finnlandi, Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu og Búlgaríu. Þjóðverjar gátu gert innrás sína um þessi lönd vegna þess að þá voru við völd í þessum ríkjum stjórnir sem voru fjandsamlegar í garð Sovétríkjanna. Innrás Þjóðverja í Sovétríkin og baráttan gegn innrásarliðinu olli óbætanlegu tjóni, og sama má segja um hernám Þjóðverja og nauðungarbrottflutning sovétborgara í þýskan þrældóm, manntjónið varð alls um sjö milljónir manns [þótt Stalín geri hér mikið úr manntjóni Sovétmanna er talan sem hann nefnir langt undir því manntjóni sem þeir urðu fyrir, en það nam yfir 20 milljónum]. Manntjón Sovétríkjanna varð með öðrum orðum margfalt á við það sem Bretland og Bandaríkin urðu fyrir samanlagt. Hugsanlega eru einhverjir þeir til sem helst vildu gleyma þeim gífurlegu fórnum sem þjóðir Sovétríkjanna færðu svo að frelsa mætti Evrópu undan oki Hitlers. En íbúar Sovétríkjanna gleyma þeim ekki. Þarf því nokkurn að undra að sovétstjórnin, sem umhugað er um framtíðaröryggi ríkisins, beiti sér fyrir því að í fyrrnefndum ríkjum séu við völd ríkisstjórnir vinsamlegar í garð Sovétríkjanna? Hvernig getur nokkur maður með fullum sönsum lýst þessu friðsamlega markmiði Sovétríkjanna sem útþenslustefnu af okkar hálfu?

Heimild
The Origins of the Cold War 1941-1949. Ritstj. Martin McCauley. London og New York, 1995.

„Því meiri hörku sem við sýnum, þeim mun harðskeyttari verða Rússarnir“

Henry Wallace, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, óaði við járntjaldsræðu Churchills. Hann var hlynntur samstarfi við Sovétríkin og taldi aukna utanríkisverslun Bandaríkjanna lykilinn að því að koma í veg fyrir nýja heimskreppu. Á fyrri hluta árs 1946 mælti hann fyrir gerbreyttri utanríkisstefnu innan Bandaríkjastjórnar. Hinn 12. september 1946 greindi hann frá áhyggjum sínum í ræðu á stjórnmálafundi í New

York. Byrnes utanríkisráðherra krafðist þá afsagnar hans. Wallace sagði skilið við Truman og bauð sig fram gegn honum í forsetakosningunum 1948, en hafði ekki erindi sem erfiði.

Í þessu samhengi langar mig að gera eitt algerlega ljóst. Ég er hvorki bretahatari né bretavinur, rússahatari né rússavinur. Þegar Truman forseti las þessi orð mín fyrir tveimur dögum sagði hann að þau væru í samræmi við stefnu stjórnar sinnar.

Ég mæli fyrir því að Bandaríkin setji friðinn öllu ofar – á sama hátt og ég er talsmaður þess að hin uppvaxandi kynslóð um allan heim fá notið þeirra allsnægta sem nú fremur en nokkru sinni eru frumburðarréttur mannkyns.

Ef tryggja á varanlegan frið verðum við að kynna okkur nákvæmlega hvernig hugsunarháttur Rússa hefur mótast – af innrásum Tartara, Mongóla, Þjóðverja, Pólverja, Svía og Frakka, að ógleymdri íhlutun Breta, Frakka og Bandaríkjamanna í borgarastyrjöldina 1919–1921. Sú landfræðilega staðreynd að víðerni Rússlands hafa lykilstaðsetningu milli Evrópu og Asíu hefur líka haft sín áhrif og lífmagn hinnar frjóu rússnesku moldar og erfitt loftslag. Þegar við þetta bætast þau djúpstæðu áhrif sem marxisminn og lenínisminn hafa á hugarheim rússneskra ráðamanna má ljóst vera að hér er á ferðinni afl sem ekki er hægt að takast farsællega á við, ef menn láta stjórnast af boðorðinu „sýnum Rússum hörku“. Það eitt „að sýna hörku“ hefur aldrei tryggt neinn varanlegan eða raunverulegan ávinning – það fá allir að reyna, hvort sem í hlut eiga þeir sem standa fyrir einelti á skólalóðinni, kaupsýslumenn eða stórveldi. Því meiri hörku sem við sýnum, þeim mun harðskeyttari verða Rússarnir ...

Við megum í stefnu okkar gagnvart Rússum ekki fylgja eða láta stjórnast af þeim aðilum, hérlendis eða erlendis, sem vilja stríð við Rússland. Slík afstaða á ekkert skylt við friðkaupastefnu.

Við viljum í fyllstu einlægni búa í friði með Rússum – en þá verðum við líka að mætast á miðri leið. Við viljum samstarf. Og ég trúi því að slíkt samstarf geti komist á þegar Rússar hafa áttað sig á að forgangsmál okkar eru hvorki að lengja lífdaga breska heimsveldisins né greiða fyrir olíu frá Austurlöndum nær með lífi bandarískra hermanna.

Heimild
The Origins of the Cold War 1941-1949. Ritstj. Martin McCauley. London og New York, 1995.

VI. *Trumankenningin*

Trumankenningin svokallaða er eitt af lykilskjölunum á upphafsskeiði kalda stríðsins. Í febrúar 1947 tilkynntu Bretar, sem glímdu við mikinn efnahagsvanda, Bandaríkjastjórn að þeir hefðu ekki lengur tök á að styrkja Grikkland og Tyrkland fjárhagslega. Í Grikklandi stóð þá yfir hörð og blóðug borgarastyrjöld milli stjórnarhersins og skæruliðahreyfingar undir forystu kommúnista. Bretar hugðust fella niður aðstoð sína 31. mars. 12. mars 1947 lagði Truman fyrir þingið boðskap þar sem hann fór fram á 400 milljóna dala fjárveitingu sem varið yrði til aðstoðar við fyrrnefnd lönd. Trumankenningin er kjarninn í rökstuðningi hans fyrir fjárbeiðninni. Við þetta tækifæri gerði Truman af ráðnum hug sem mest úr þeirri hættu sem hann taldi stafa frá Sovétríkjunum í því skyni að tryggja stuðning þingsins við fjárbeiðnina. Tónninn að þessu sinni var mun herskárri en var nokkrum mánuðum síðar þegar Marshalláætlunin var á döfinni.

... Eitt helsta markmið bandarískrar utanríkisstefnu er að skapa skilyrði til þess að við og aðrar þjóðir eigum kost á að búa við aðstæður sem eru lausar við nauðung. Þetta var grundvallaratriði í stríðinu við Þjóðverja og Japana. Þá sigruðumst við á ríkjum sem voru að reyna að þröngva vilja sínum og lífsháttum upp á aðrar þjóðir. ...

Nýlega hefur alræðisstjórn verið þröngvað upp á margar þjóðir í heiminum. Bandaríkjastjórn hefur hvað eftir annað borið fram mótmæli gegn því að brotið sé gegn Jaltasamkomulaginu með nauðung og þrýstingi í löndum eins og Póllandi, Rúmeníu og Búlgaríu. ...

Á þessum tímapunkti í sögu mannkyns standa nær allar þjóðir frammi fyrir vali milli tvenns konar lífshátta. Og allt of oft eru menn ekki frjálsir að því að velja.

Annars vegar er hér um að ræða þá lífshætti sem byggja á meirihlutavilja og á frjálsum stjórnarstofnunum, fulltrúalýðræði, frjálsum kosningum, einstaklingsfrelsi, tjáningar- og trúfrelsi og frelsi frá stjórnmálakúgun.

Á hinn bóginn eru þeir lífshættir þar sem minnihluti þvingar vilja sínum upp á meirihlutann. Þar ríkir kúgun og ógnarstjórn, útvarp og dagblöð sæta ritskoðun, kosningaúrslit eru ákveðin fyrirfram og persónufrelsi er ekkert.

Mín skoðun er sú, að Bandaríkin hljóti að fylgja þeirri stefnu að styðja frjálsar þjóðir, sem risið hafa gegn tilraunum og þrýstingi utanaðkomandi aðila eða vopnaðra minnihluta heima fyrir til að koma þeim undir járnhæl sinn.

Ég er þeirrar skoðunar að við hljótum að styðja frjálsar þjóðir til að ráða örlögum sínum eftir eigin höfði.

Mín skoðun er sú að aðstoð okkar eigi fyrst og fremst að vera af efnahagslegum og fjárhagslegum toga, en slík aðstoð ræður úrslitum um hvort tekst að koma á efnahagslegum stöðugleika og festu á stjórnmálasviðinu. ... Frjókorn alræðisins nærast á hungri og neyð. Það breiðist út og dafnar í jarðvegi fátæktar og illdeilna. Það springur út þegar vonir fólks um betri heim hafa kulnað með öllu. Við verðum að sjá til þess að vonin lifi.

Frjálsar þjóðir heims horfa til okkar um stuðning til að varðveita frelsi sitt. Ef við veitum ekki óhvikula forystu, stefnum við heimsfriðnum í hættu og þá örugglega velferð þjóðar okkar um leið. Hin hraða rás viðburða hefur lagt okkur miklar skyldur á herðar. Ég treysti því að þingið veiti rétt svör frammi fyrir þessari ábyrgð.

Heimild
Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945-1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

Viðbrögð sovétstjórnarinnar við Trumankenningunni

Eitt einkenni kalda stríðsins var stigmögnun þess, einkum á fyrstu árunum. Hver einasta aðgerð annars aðilans kallaði fram andsvar af hálfu hins. Jafnframt magnaðist tortryggni stöðugt milli aðila og hinar pólitísku skotgrafir dýpkuðu. Hér fer á eftir ritstjórnargrein úr *Izvestija*, málgagni sovésku ríkisstjórnarinnar, hinn 13. mars, en þar er lagt út af Trumankenningunni.

12. mars leitaði Truman forseti til Bandaríkjaþings með beiðni um að 400 milljónir dala yrðu veittar til áríðandi hjálpar við Grikkland og Tyrkland. Einnig óskaði hann heimildar til að senda herlið og borgaralega starfsmenn til þessara landa, auk þess sem valinn hópur Grikkja og Tyrkja gæti fengið þjálfun í Bandaríkjunum.

Að sögn Trumans er efnahags- og stjórnmálaástand í Grikklandi afar bágborið og Bretar geti ekki lengur staðið við bakið á grísku stjórninni. Tyrkir hafi farið fram á skjóta aðstoð frá Bandaríkjamönnum. Tyrkland hefði, ólíkt Grikklandi, verið hlutlaust í stríðinu, en þarfnaðist fjárhagsaðstoðar Breta og Bandaríkjamanna til að hrinda í framkvæmd þeirri nývæðingu sem nauðsynleg væri til að varðveita fullveldi landsins. Þar eð breska stjórnin væri ekki í færum með að styðja Tyrki fjárhagslega eða á annan hátt, yrðu Bandaríkjamenn að taka við keflinu.

Þannig bað Truman þingið um að gera tvö „góðverk“ í einu – bjarga Grikklandi undan borgarastyrjöld og borga brúsann við „nývæðingu“ Tyrklands.

Hástemmd bón Grikklandsstjórnar til bandarískra stjórnvalda er ótvíræð sönnun um pólitískt gjaldþrot hennar. En þetta er ekki einungis mál gríska konungssinna og fylgismanna þeirra sem nú er hampað á Bandaríkjaþingi sem beinum afkomendum hetjanna í Laugaskarði; alkunna er að það eru foringjar breska heraflans í landinu sem eru og hafa verið eiginlegir valdhafar Grikklands.

Bretar hafa haft her á grískri grund allt frá árinu 1944. Að frumkvæði Churchills tókust Bretar á hendur það verkefni að „koma á röð og reglu“ í grískum stjórnmálum. Bresk stjórnvöld létu sér ekki nægja að framlengja lífdaga afturhaldssamra og ólýðræðislegra afla á valdastóli og skirrðust þá ekki við að styðja jafnvel gríska kvislinga. Þeir hafa líka mótað stefnuna og ráðið ferðinni í pólitískum og atvinnulegum efnum hjá ríkisstjórnum Grikklands sem hver hefur rekið aðra.

Nú blasir árangur þessarar stefnu við – hann er þrotabú eitt. Breska hernum tókst ekki að koma á friði og ró í hinu hrjáða Grikklandi. Grísku þjóðinni hefur verið steypt í hyldýpi nýrra þjáninga, hungurs og fátæktar. Borgarastyrjöldin magnast í sífellu.

Varð ekki vera erlendra herja á grískri grund einmitt ein helsta ástæðan fyrir þessum ósköpum? Bera ekki Bretar, hinir sjálfskipuðu verndarar Grikklands, ábyrgð á því hvernig komið er fyrir skjólstæðingi þeirra?

Í boðskap Bandaríkjaforseta er algerlega horft framhjá þessum þáttum. Bandaríkjamenn vilja ekki gagnrýna Breta, af því að þeir ætla nú sjálfir að fara í fötin þeirra. Orð Trumans eru til marks um að Bandaríkin ætla sér ekki að víkja frá stefnu Breta í málefnum Grikklands. Því er ekki að vænta neinna breytinga til batnaðar.

Bandaríkjastjórn ætlar ekki að beita sér í málefnum Grikklands með þeim hætti sem búast mætti við af aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, sem hefur áhyggjur af stöðu mála í öðru aðildarríki. Það er greinilegt að stjórnvöld í Washington ætla ekki að horfa til þeirra skuldbindinga sem þau hafa tekist á hendur gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Truman taldi ekki einu sinni nauðsynlegt að bíða eftir niðurstöðum nefndar þeirrar sem öryggisráðið sendi til Grikklands þeirra erinda að kynna sér aðstæður af eigin raun.

Truman horfði í raun algerlega framhjá bæði hlutverki alþjóðasamtakanna og fullveldi Grikklands. Hvað verður eftir af fullveldi Grikklands þegar „bandarískt herlið og borgaralegir starfsmenn“ hefjast handa í Grikklandi með 250 milljónir dala upp á vasann? Sjálfstæði og fullveldi Grikklands verður fyrsta fórnarlamb þess sérkennilega „varnarviðbúnaðar“.

Rök Bandaríkjanna fyrir stuðningnum við Tyrki eru þau að fullveldi og landamærum Tyrklands sé ógnað – þótt ekki sé unnt að benda á neinn eða neitt sem feli í sér slíka ógnun. Þessum „stuðningi“ er greinilega ætlað að koma líka þessu landi undir áhrifavald Bandaríkjanna.

Ýmsir bandarískir stjórnmálaskýrendur draga enga dul á þessa fyrirætlan. Þannig bendir t.d. Walter Lippman hreinskilnislega á það í *Herald Tribune* að bandalag við Tyrki gefi Bandaríkjamönnum ákjósanlegustu vígstöðu sem kostur sé á til áhrifa í Austurlöndum nær.

Blaðið *New York Times* kemst svo að orði í ummælum sínum um boðskap Trumans til þingsins að nú sé upp runnin „sú öld þegar Bandaríkin verði að axla ábyrgð á málefnum heimsins“. Með þessu ábyrgðarhjali er ekki verið að gera annað en slá ryki í augun á fólki um útþenslustefnu Bandaríkjanna. Ákallið um að bjarga verði Grikklandi og Tyrklandi undan útþenslustefnu „alræðisríkja“ er ekkert nýtt af nálinni. Þegar Hitler vildi auðvelda sér landvinninga sína klifaði hann á hættunni af bolsévismanum. Þegar Bandaríkjamenn ætla sér nú að ná valdi á Grikklandi og Tyrklandi, hrópa þeir hástöfum um „alræðisríki“. Þetta er þeim mun viðfelldnara þegar horft er til þess að Bandaríkjamenn stjaka Bretum, sem ekki teljast alræðisþjóð, burt úr tveimur löndum til viðbótar.

Við erum hér vitni að því hvernig Bandaríkjamenn hlutast enn á ný til um málefni annarra ríkja. Krafa Bandaríkjamanna um forystuhlutverk á alþjóðavettvangi magnast í réttu hlutfalli við græðgi þeirra áhrifaafla í bandarísku þjóðlífi sem hér eiga hlut að máli. En forystumenn Bandaríkjanna gleyma við núverandi aðstæður í heimsmálum að taka með í reikninginn þá staðreynd að hinar gömlu aðferðir nýlenduherra og afturhaldsseggja hafa lifað sjálfar sig og duga ekki lengur. Í því felst meginveilan í boðskap Trumans.

Heimild

Det kalla kriget. (*Problem i modern historia*). Ritstj. Göran Rystad. Malmö, 1979.

VII. *Marshalláætlunin*

Síðari hluta vetrar og vorið 1947 fóru starfsmenn þeirrar deildar í bandaríska utanríkisráðuneytinu sem kennd var við *Policy Planning Staff* að undirbúa áætlun um efnahagsaðstoð við ríki Evrópu. Þau áttu um þessar mundir við mikla

efnahagserfiðleika að stríða og vestanhafs gerðu menn sér grein fyrir því að efnahagsbati og viðreisn í Evrópu var líka hagsmunamál Bandaríkjanna. En stjórnmálaástæður áttu hér líka hlut að máli. Stóraukið fylgi kommúnistaflokka í mörgum Evrópuríkjum var rakið til efnahagsóreiðu og bágra félagslegra aðstæðna og því mundi efnahagsbati og aukin hagsæld draga vindinn úr seglum kommúnista.

George C. Marshall utanríkisráðherra kynnti hjálparáætlunina í ræðu í Harvardháskóla hinn 5. júní árið 1947 og er hún jafnan við hann kennd.

Um þessar mundir var innflutningur Evrópuríkja frá Bandaríkjunum tvöfaldur á við útflutning þeirra þangað. Dollaraforði Evrópuríkja var á þessum tíma uppurinn. Því var áframhaldandi vöruútflutningur Bandaríkjamanna háður því að þeir veittu lán, efnahagsaðstoð og aðra fyrirgreiðslu. Á árunum 1948–52 nam aðstoð sem veitt var skv. Marshallhjálpinni samtals tólf milljörðum dollara og báru Bretar, Frakkar og Ítalir mest úr býtum (Íslendingar þó ef miðað er við höfðatölu).

Ræða Marshalls í Harvard 5. júní 1947

Ég þarf ekki að fjölyrða um það við ykkur, tilheyrendur góðir, að ástand heimsmála er mjög alvarlegt. ...

Við höfum rannsakað hvað útheimtist til viðreisnar Evrópu og höfum gert okkur glögga grein fyrir beinu manntjóni, svo og þeirri eyðileggingu efnislegra verðmæta sem liggur í ónýtum húsum, verksmiðjum, námum og járnbrautum. En nú á síðustu mánuðum hefur runnið upp fyrir okkur að sú eyðilegging sem beinlínis blasir við augum er trúlega ekki eins skaðvænleg og hitt að sjálf burðarvirki atvinnulífsins eru brostin. Aðstæður síðasta áratug hafa verið afar afbrigðilegar. Ákafur undirbúningurinn undir stríð og sjálft stríðið, sem tók enn meira á, grófu undan efnahag þjóðanna. Vélar og önnur framleiðslutæki eru orðin lúin eða algerlega úr sér gengin. Meðan stjórn nasista fór sínu fram og lét greipar sópa urðu öll fyrirtæki í hernumdum löndum að þjóna hernaðarvél nasista. Rótgróin viðskiptasambönd rofnuðu og einkafyrirtæki á borð við banka, tryggingarfélög og skipaútgerðir hurfu af sviðinu þegar þau komust í fjárhagslegt þrot, voru þjóðnýtt eða urðu beinni eyðileggingu að bráð. ...

Einn þáttur [þessa efnahagsvanda] er í senn alvarlegur og eftirtektarverður. Bændur hafa ætíð framleitt matvæli handa borgarbúum í skiptum fyrir aðrar nauðsynjar. Þessi verkaskipting er hinn eiginlegi grundvöllur nútíma siðmenningarsamfélags. Nú er þessari verkaskiptingu ógnað. Borgarbúar og þau fyrirtæki og verksmiðjur sem þar starfa megna ekki að framleiða nógu mikið af varningi til að láta bændum í té fyrir þau matvæli sem þeir framleiða. Það er skortur á hráefnum og orku til framleiðslunnar. Vélbúnað ýmist vantar eða hann er úr sér genginn. Bændur og annað sveitafólk á þess ekki kost að kaupa það sem þau vanhagar um. Bændur telja sér lítinn akk í því að selja afurðir sínar fyrir peninga sem ekki er hægt að kaupa neitt fyrir. Því liggja akrar ósánir ... En á sama tíma skortir borgarbúa bæði mat og eldsneyti. Því neyðast stjórnvöld til að verja erlendum gjaldeyrisforða sínum og fáanlegu lánsfé til að flytja slíkar nauðsynjar inn erlendis frá. Þannig eru þurrausnir þeir sjóðir sem brýn þörf er á til viðreisnarstarfsins. ... Verkaskipting nútímans, sem hvílir á viðskiptum, er að hruni komin.

Sannleikurinn er sá að næstu þrjú eða fjögur árin er innflutningsþörf Evrópu – og þá aðallega frá Bandaríkjunum – miklum mun meiri en álfan getur staðið undir án verulegrar utanaðkomandi aðstoðar. Komi slík aðstoð ekki til mun ástand stjórnmála og efnahagsmála í Evrópu fara hríðversnandi.

Lausnin felst í því að rjúfa vítahringinn og endurvekja með þjóðum Evrópu trúna á betri tíð efnahagslega fyrir einstök ríki og álfuna í heild sinni. ...

Nái örvæntingin tökum á þeim þjóðum sem hér eiga hlut að máli gætu áhrifin orðið ólga og vonleysi um heim allan og öllum ættu að vera augljós áhrif þess á efnahag Bandaríkjanna. Öll rök hníga að því að Bandaríkin láti einskis ófreistað til að koma efnahagslífi heimsins að nýju á traustan grundvöll, en það er eina tryggingin fyrir friði og stöðugleika í stjórnmálum. Stefnu okkar er ekki

beint gegn neinni þjóð eða pólitískri hugmyndafræði, heldur gegn hungri, fátækt, örvæntingu og öngþveiti. Markmið hennar er að koma gangvirki atvinnustarfseminnar í heiminum á skrið að nýju, þannig að skapa megi félagsleg og pólitísk skilyrði fyrir því að frjálsar stjórnarstofnanir dafni.

Ég er sannfærður um að hjálp af þessu tagi á ekki að veita með smáskammtalækningum í það og það skiptið þegar eitthvað kemur upp á. Öll sú aðstoð sem bandarísk stjórnvöld kunna að veita í framtíðinni verður að miða að því að lækna meinsemdina fremur enn sefa versta sársaukann. Ég er þess fullviss að allar ríkisstjórnir sem reiðubúnar eru til að hefjast handa við viðreisnarstarfið muni eiga Bandaríkjastjórn að bakhjarli. En engin stjórn sem leggur stein í götu efnahagsviðreisnar í öðrum löndum getur vænst aðstoðar frá okkur. Jafnframt munu Bandaríkin beita sér gegn öllum þeim ríkisstjórnum, stjórnmálaflokkum og hópum sem leitast við að viðhalda eymdarkjörum fólks í því skyni að hagnast pólitískt eða á annan hátt á þeim aðstæðum.

Áður en Bandaríkin geta stigið frekari skref til að bæta hag Evrópuríkjanna og aðstoða þau við að hefja endurreisnarstarfið, verða þau að bindast samtökum um nauðsynlegar aðgerðir. Þau þurfa líka að koma sér saman um hvað þau ætla sjálf að leggja af mörkum, svo að aðgerðir okkar komi að tilætluðu gagni. Það er ekki við hæfi, og væri heldur ekki vænlegt til árangurs, ef Bandaríkjastjórn ákvæði upp á sitt eindæmi til hvaða aðgerða þyrfti að grípa í því skyni að koma efnahag Evrópu á réttan kjöl. Það hlýtur að vera mál Evrópubúa sjálfra. Frumkvæðið verður að koma frá Evrópu. Hlutur okkar fælist þá í vinsamlegri aðstoð við að setja saman evrópska viðreisnaráætlun sem við síðar styddum eftir megni. Áætlunin ætti að vera ein heild og að henni ættu margar Evrópuþjóðir að eiga aðild þótt sumar þeirra stæðu utan við ...

Álitamál

1. Hvaða ástæður eru tíundaðar fyrir Marshallhjálpinni í ræðunni?
2. Veltu upp hvaða aðrar hvatir Bandaríkjamenn höfðu fyrir að bjóða aðstoðina fram.

Yfirlýsing Molotovs, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, á Parísarfundinum 2. júlí 1947

Hér var um að ræða undirbúningsfund Evrópuríkja vegna Marshallhjálparinnar. Molotov var oddviti sovésku sendinefndarinnar á fundinum. Sovétmenn sátu þennan fund vegna þess að fræðilega séð a.m.k. stóð þeim þátttaka til boða, þótt Bandaríkjamenn grétu það þurrum tárum þegar Sovétríkin höfnuðu aðild. Öðru máli gegndi vafalaust um það þegar stjórnvöld í öðrum ríkjum Austur-Evrópu tóku sama pól í hæðina eftir þrýsting frá sovétstjórninni. Hér á eftir fara rök sovétstjórnarinnar fyrir því að hafna þátttöku og afstaða hennar til áætlunarinnar í heild.

Sendinefnd Sovétríkjanna hefur kynnt sér vandlega tillögurnar sem franska sendinefndin lagði fram 1. júlí. Eins og breska sendinefndin, gerir sendinefnd Frakka að tillögu sinni að samin verði efnahagsáætlun fyrir alla Evrópu, þótt alkunna sé að flest Evrópuríki hafi ekki enn gert eigin efnahagsáætlanir. Lagt er til að komið verði á laggirnar sérstökum samtökum til að semja slíka heildaráætlun og leggja mat á auðlindir og þarfir Evrópuríkjanna. Jafnvel á að ganga svo langt að leggja línurnar um þróun mikilvægustu þáttanna í atvinnulífi þessara landa. Ákvörðun um hvort ríki geti orðið aðnjótandi bandarískrar aðstoðar verður ekki tekin fyrr en því verki er lokið.

Þannig hefur hugmyndin um bandaríska efnahagsaðstoð, sem enn er margt á huldu um, orðið ríkisstjórnum Bretlands og Frakklands átylla til að reyna að koma á fót stofnun með yfirþjóðlegu valdi yfir Evrópuríkjunum sem hlutast gæti til um innri málefni þeirra. Það væri síðan á valdi þessarar stofnunar að gefa fyrirmæli um þróun helstu atvinnugreina í einstökum ríkjum. Í því sambandi hafa Bretland og Frakkland og ríkin sem næst þeim standa í hyggju að tryggja sér lykilstöðu innan þessara samtaka, í sjálfri „stjórnarnefndinni“ fyrir Evrópu, eins og komist er að orði í bresku tillögunum.

Nú gera menn að vísu munnlega fyrirvara um að þessi samtök eigi ekki að hlutast til um innanlandsmál aðildarríkjanna og fullveldi þeirra verði virt. Hins vegar blasir við, þegar litið er til

þeirra verkefna sem samtökunum og „stjórnarnefndinni“ eru ætluð, að Evrópuríkin verða háð eftirliti sem hafa mun þær afleiðingar að þau glata efnahagslegu sjálfstæði sínu og þjóðlegu fullveldi í hendur ákveðnum stórveldum. Samkvæmt tillögunum eru möguleikar einstakra ríkja til að verða bandarískrar fjárhagsaðstoðar aðnjótandi að minnsta kosti háðir því að þau hlíti fyrirmælum áðurnefndra samtaka og „stjórnarnefndar“ þeirra. ...

Sendinefnd Sovétríkjanna telur að aðstæður á heimavelli í hverju ríki og viðleitni hverrar einstakrar þjóðar til að rétta úr kútnum, hljóti að skipta mestu, ekki vonir um utanaðkomandi aðstoð sem aldrei getur ráðið neinum úrslitum.

Jafnvel þegar harðast var á dalnum treystu Sovétmenn fyrst og fremst á eigin getu; þess vegna sækja Sovétríkin fram hröðum skrefum á viðreisnarbrautinni.

Alþjóðasamstarf getur verið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi getur það byggst á því að ríki efli efnahags- og stjórnmálasamvinnu sína á jafnréttisgrundvelli án þess að fullveldi einstakra ríkja sé skert með utanaðkomandi afskiptum. Þetta er alþjóðasamstarf á lýðræðisgrundvelli sem þjappar þjóðum saman og auðveldar gagnkvæma aðstoð.

Í annan stað höfum við svo alþjóðasamstarf á þeim grunni að eitt eða fleiri stórveldi séu í drottnunarstöðu gagnvart öðrum ríkjum sem þá eru ekki annað en aftaníossar stórveldisins. Ljóst má vera að fyrri tegundin af alþjóðasamstarfi, þar sem byggt er á jafnræðisgrundvelli, á lítið skylt við hina tegundina þar sem þessi meginregla er þverbrotin. ... Þar eð [sovétstjórnin] álítur tillögur Breta og Frakka um myndun sérstakra samtaka, sem hafa eiga yfirumsjón með efnahagsmálum Evrópuríkjanna, fela í sér íhlutun um innanríkismál þeirra – og einkum þá í þeim ríkjum þar sem þörfin fyrir hjálp er brýnust – getur hún ekki samþykkt þá áætlun sem hér liggur fyrir ...

Álitamál

Hver eru rök Sovétmanna fyrir því að hafna aðstoðinni?

Heimild

Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945-1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

Úr ræðu Andreys Vyshinskys, aðstoðarutanríkisráðherra Sovétríkjanna og aðalfulltrúa landsins hjá Sameinuðu þjóðunum, 18. september 1947.

Í ræðunni fjallar hann um Trumankenninguna og Marshallhjálpina.

Trumankenningin svokallaða og Marshalláætlunin stinga sérstaklega í augu fyrir það hve hróplega þær brjóta gegn þeim meginreglum sem starfsemi Sameinuðu þjóðanna byggist á og hvernig með þeim er í raun lýst frati á samtökin.

Reynsla undangenginna mánaða hefur sýnt að með Trumankenningunni hefur Bandaríkjastjórn tekið skref í átt til þess að afneita beinlínis meginreglunum um alþjóðlegt samstarf og nána samvinnu stórveldanna, en stefnir þess í stað að því að knýja sjálfstæð ríki til undirgefni við sig. Ekki fer milli mála að í þessu viðfangi beitir hún efnahagsaðstoð við einstök ríki, sem á hjálp þurfa að halda, sem tæki til að ná fram pólitískum markmiðum sínum. Glögg sönnun þessa birtist í aðgerðum Bandaríkjastjórnar gagnvart Grikklandi og Tyrklandi, en í því máli var látið sem Sameinuðu þjóðirnar væru ekki til, og sama má segja um áform þau sem felast í hinni svokölluðu Marshallhjálp í Evrópu. Þessi stefna gengur í berhögg við þau meginsjónarmið sem fram komu í ályktun allsherjarþingsins frá 11. desember 1946, þar sem segir að neyðaraðstoð við önnur ríki megi „aldrei nýta í pólitísku augnamiði“.

Nú má öllum vera ljóst að Marshalláætlunin er í raun ekkert annað en tilbrigði við Trumankenninguna sem tekur mið af aðstæðum í Evrópu eftirstríðsáranna. Þegar Bandaríkjastjórn kom fram með áætlun sína reiddi hún sig augljóslega á stuðning ríkisstjórna Bretlands og Frakklands við að knýja stjórnir þeirra Evrópuríkja sem voru hjálpar þurfi til að gefa upp á bátinn þann óafsalanlega rétt að ráðstafa sjálf auðlindum sínum og haga þjóðarbúskap sínum eftir eigin höfði. Bandaríkin treystu einnig á að geta gert þessi lönd beinlínis háð bandarískum auðhringum sem reyna af alefli að bægja frá yfirvofandi kreppu með því að auka vöruútflutning til Evrópu og fjárfestingar þar ...

Það verður ljósara með degi hverjum að með framkvæmd Marshalláætlunarinnar eru Evrópuríkin sett undir efnahagslega og pólitíska stjórn Bandaríkjanna sem jafnframt hlutast með beinum hætti til um innanlandsmál þessara ríkja.

Ennfremur felur áætlunin í sér tilraun til að kljúfa Evrópu í tvo hluta og koma, með tilstyrk Breta og Frakka, á ríkjablokk sem fjandskapast við lýðræðisríki Austur-Evrópu og hagsmuni þeirra en þó einkum og sér í lagi við hagsmuni Sovétríkjanna.

Gildur þáttur áætlunarinnar felst í tilraun til að stofna ríkjablokk í Vestur-Evrópu, með Vestur-Þýskaland innanborðs, gegn ríkjum Austur-Evrópu. Ætlunin er að nýta Vestur-Þýskaland og þýska þungaiðnaðinn í Ruhrhéraðinu sem eina helstu efnahagsundirstöðuna undir útþenslustefnu Bandaríkjanna í Evrópu og horfa þannig gersamlega framhjá hagsmunum þeirra landa sem voru þolendur yfirgangsstefnu Þjóðverja.

Heimild
The Origins of the Cold War 1941-1949. Ritstj. Martin McCauley. London og New York, 1995.

VIII. *Atlantshafsbandalagið og viðbrögð sovétstjórnarinnar við stofnun þess*

Sáttmáli bandalagsins var undirritaður í Washington 4. apríl af utanríkisráðherrum tólf ríkja. Þau voru Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Ísland, Ítalía, Kanada, Luxemborg, Noregur og Portúgal.

Stofnsáttmála bandalagsins er að finna í íslenskri þýðingu á vef utanríkisráðuneytisins, slóðin er www.utanrikisraduneytid.is/media/Varnarmal/Atlantshafssattmalinn_NAT.pdf

Orðsending sovétstjórnarinnar til vesturveldanna 31. mars 1949 í tilefni væntanlegrar stofnunar Atlantshafsbandalagsins.

Í fyrri hluta orðsendingarinnar er farið yfir sjálfan bandalagssáttmálann í einstökum atriðum, en hér á eftir fer niðurlagskafli hennar.

1. Sáttmáli Norðuratlantshafsbandalagsins snýst á engan hátt um varnarþörf aðildarríkjanna, enda steðjar ekki nein ógn að þeim og enginn hefur í hyggju að ráðast á þau. Árásareðli samnings þessa er á hinn bóginn ljóst og hann beinist gegn Sovétríkjunum. Forsvarsmenn þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum draga heldur enga dul á þetta í opinberum yfirlýsingum sínum.
2. Því fer víðsfjarri að bandalagssáttmálinn stuðli að tryggari friði og meira öryggi í heiminum, eins og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna ber að vinna að, heldur stríðir hann beinlínis gegn markmiðum og meginreglum SÞ og grefur þannig undan samtökunum.
3. Bandalagssáttmálinn stríðir gegn samningi þeim sem Bretland og Sovétríkin gerðu með sér árið 1942, en þar var kveðið á um að bæði ríkin skuldbyndu sig til að eiga samstarf um að tryggja frið og öryggi og „gerðu ekkert bandalag né tækju þátt í ríkjasamstarfi sem beindist gegn hinum samningsaðilanum“.
4. Bandalagssáttmálinn stríðir gegn samningi sem Frakkland og Sovétríkin gerðu með sér árið 1944, þar sem bæði ríkin skuldbundu sig til að eiga samstarf um að tryggja frið og öryggi og „ganga ekki til bandalagsstofnunar eða taka þátt í neins konar ríkjasamstarfi, sem beindist gegn hinum samningsaðilanum“.
5. Sáttmáli Norðuratlantshafsbandalagsins stangast á við þá samninga sem Sovétríkin, Bandaríkin og Bretland gerðu með sér á fundunum í Jalta og Potsdam, svo og á öðrum þeim fundum sem fulltrúar þessara ríkja áttu með sér á stríðsárunum og eftir að stríðinu lauk. Samkvæmt þeim samningum öxluðu Bandaríkjamenn og Bretar, engu síður en Sovétmenn, þá ábyrgð að vinna sameiginlega að því að styrkja frið og öryggi á alþjóðavettvangi og efla starf Sameinuðu þjóðanna sem mest.

Heimild
Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945-1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

Stofnun Varsjárbandalagsins 14. maí 1955

Aðilar stofnsamnings Varsjárbandalagsins staðfesta þann vilja sinn að komið verði á sameiginlegu öryggiskerfi í Evrópu með þátttöku allra ríkja álfunnar, án tillits til þess hvernig samfélags- og stjórnkerfi þau búa við. Þannig geta þau sameinast í viðleitni sinni til að tryggja frið í Evrópu. Í þessu sambandi er horft til þeirrar stöðu sem upp er komin í álfunni eftir staðfestingu Parísarsamningsins,[1)] en hann kemur fótum undir nýtt hernaðarbandalag í mynd Vestur-Evrópubandalagsins. Einnig er tekið mið af endurvígbúnaði Þýskalands og innlimun Vestur-Þýskalands í Atlantshafsbandalagið, en þær ráðstafanir auka hættuna á nýrri heimsstyrjöld og tefla öryggi friðelskandi þjóða í tvísýnu. Stofnaðilar bandalagsins álíta staðfastlega að við þessar aðstæður verði friðelskandi ríki að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að vernda öryggi sitt og tryggja frið í Evrópu. Því hafa stofnríki bandalagsins ákveðið að gera með sér samning um vináttu, samvinnu og gagnkvæma aðstoð – á grundvelli meginreglna og stofnskrár Sameinuðu þjóðanna. Tilgangurinn er sá að styrkja stöðu samningsaðila og treysta vináttu, samstarf og gagnkvæma aðstoð milli aðildarríkjanna á grundvelli þeirra meginreglna að virða beri sjálfstæði og fullveldi einstakra ríkja og utanaðkomandi aðilar skuli ekki hlutast til um málefni einstakra ríkja.

[1. og 2. gr.: Hér skuldbinda samningsaðilar sig til að leysa alþjóðleg ágreiningsmál á friðsamlegan hátt svo sem mælt er fyrir um í stofnskrá SÞ]
3. gr.: Samningsaðilar skulu ráðgast hver við annan um öll mikilvæg alþjóðamál þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, með það í huga að efla frið og öryggi í heiminum.
Telji einhver samningsaðili að eitt eða fleiri aðildarríki samningsins eigi á hættu að verða fyrir árás, skulu samningsaðilar tafarlaust hefja samráð sín í milli um það hvernig skipuleggja megi sameiginlegar varnir og tryggja frið og öryggi.
[4. gr.: Með henni skuldbinda samningsaðilar sig til að skerast í leikinn, ef á einhvern þeirra verður ráðist; þeir skulu þó hætta hernaðaraðgerðum, þegar öryggisráð SÞ hefur gert nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á friði]
5. gr.: Samningsaðilar eru ásáttir um að koma á fót sameiginlegri yfirstjórn herafla síns. Yfirherstjórn þessa sameiginlega herafla skal starfa á grundvelli reglna sem aðilar semja um sín á milli. Samningsaðilar skulu einnig samkvæmt nánara samkomulagi grípa til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að efla varnir þeirra, í því skyni að tryggja friðsamlega iðju þjóðanna, fullveldi ríkja, öryggi landamæra og vörn gegn hugsanlegum árásaraðilum.
6. gr.: Stofnuð verði pólitísk ráðgjafarnefnd sem í eiga sæti ráðherra eða annar sérlegur fulltrúi frá hverju aðildarríki samningsins. Nefndin hefur það hlutverk að vera vettvangur þess samráðs milli aðildarríkjanna sem samningurinn gerir ráð fyrir og þar skulu rædd álitamál sem upp kunna að koma varðandi framkvæmd samningsins. Ráðgjafarnefndin getur sett á fót þær stoðdeildir sem hún telur nauðsynlegar ...
[Undir þennan stofnsáttmála rituðu fulltrúar eftirtalinna ríkja: Albaníu, Búlgaríu, Póllands, Rúmeníu, Sovétríkjanna, Tékkóslóvakíu, Ungverjalands og Þýska alþýðulýðveldisins (DDR)]

1) Árið 1948 stofnuðu nokkur ríki Vestur-Evrópu með sér hernaðarbandalag. Má líta á stofnun þess sem eins konar undanfara að Atlantshafsbandalaginu. Haustið 1954 fengu Ítalir og Vestur-Þjóðverjar aðild að þessu Vestur-Evrópubandalagi með samningum sem undirritaðir höfðu verið í París. Eftir að franska þingið hafnaði stofnun svokallaðs Evrópuhers með þátttöku Vestur-Þjóðverja sumarið 1954 varð niðurstaðan sú að Vestur-Þýskaland fékk aðild að NATO árið eftir.

Heimild
Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945-1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

IX. *Þýskalandsmálið*

Í kennslubókinni er bent á að deilur um Þýskaland og stöðu þess hafi verið nokkur þungamiðja kalda stríðsins á fyrstu árum þess. Þar er einnig rakið hvernig ákveðin „niðurstaða“ hafi komið í það mál með stofnun tveggja ríkja á þýskri grund árið 1949.

Hér fara á eftir nokkrar heimildir sem varpa ljósi á þróun Þýskalandsmálsins í framhaldinu. Hafa má í huga að þegar sovétstjórnin sendi orðsendingu sína til vesturveldanna hafði um hríð staðið yfir umræða um endurvígbúnað Vestur-Þýskalands og það með hvaða hætti Vestur-Þjóðverjar gætu axlað að sínum hluta kostnað af sameiginlegum vörnum með ríkjum Atlantshafsbandalagsins.

Útdráttur úr orðsendingu sovétstjórnarinnar til vesturveldanna 10. mars 1952

[Tillaga að friðarsamningi við Þjóðverja]
... Ríkisstjórnir Sovétríkjanna, Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands telja að ljúka skuli undirbúningi að gerð friðarsamnings við Þýskaland með þátttöku ríkisstjórnar sem taki til landsins í heild. Friðarsamningurinn við Þýskaland verði gerður á eftirfarandi grunni:
1. Þýskaland verði sameinað að nýju. Þar með væri bundinn endi á skiptingu landsins og sameinað þýskt ríki gæti þróast sem sjálfstætt og friðelskandi lýðræðisríki.
2. Allur liðsafli hernámsveldanna skal hverfa frá Þýskalandi eigi síðar en einu ári frá gildistöku friðarsamningsins. Jafnframt skulu allar herstöðvar erlendra ríkja á þýskri grund eyðilagðar.
[Í greinum 3–6 er kveðið á um að lýðræðisleg réttindi borgaranna verði tryggð og bann lagt við starfsemi andlýðræðislegra samtaka]
7. Þýskaland skuldbindi sig til að gerast ekki aðili að neins konar ríkjabandalögum eða hernaðarbandalögum sem beinast gegn einhverju því ríki er átti í höggi við Þjóðverja í stríðinu.

Landrými: Landrými Þýskalands ákvarðast af þeim landamærum sem stórveldin urðu ásátt um á Potsdamfundinum ...

Efnahagsaðstæður: Engar hömlur má leggja á uppbyggingu þýsks efnahagslífs vegna framleiðslu til friðarþarfa og til eflingar velferð almennings í landinu. Ekki má heldur leggja neinar hömlur á verslun Þjóðverja við önnur lönd, kaupsiglingar þeirra eða aðgang að heimsmarkaði.

Hernaðarleg skilyrði: 1) Þýskaland getur komið sér upp þeim landher, flugher og flota sem nauðsynlegur er til að verja landið. 2) Þjóðverjar mega framleiða vopn og vígtól sem hæfa þeim herafla sem friðarsamningurinn gerir ráð fyrir að komið verði á fót.

Ummæli Konrads Adenauers, kanslara Vestur-Þýskalands, um orðsendingu sovétstjórnarinnar 16. mars 1952

Markmið vesturþýsku stjórnarinnar er nú sem fyrr að vesturveldin verði svo öflug að þau geti náð árangri í samningaviðræðum við Sovétríkin. Sannfæring okkar er sú – og síðasta orðsending sovétstjórnarinnar staðfestir það – að haldi menn óbreyttri stefnu, líði ekki á löngu þar til Sovétríkin lýsa sig reiðubúin til viðræðna á raunhæfum grundvelli. Orðsending sovétstjórnarinnar um friðarsamninga við Þýskaland er greinilegt skref í rétta átt og við megum ekki láta neitt tækifæri til að koma á nýrri og friðvænlegri skipan í Evrópu ganga okkur úr greipum. Hins vegar má ekki undir neinum kringumstæðum skjóta á frest stofnun Evrópuhers og myndun varnarsamtaka Vestur-Evrópu. Allur dráttur í þeim efnum jafngildir trúlega endalokum slíkrar viðleitni, en hún hefur úrslitaþýðingu fyrir samstöðu Vesturlanda ...

Svar Bandaríkjamanna við orðsendingu sovétstjórnarinnar 25. mars 1952

Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur, ásamt stjórnum Bretlands og Frakklands, gaumgæft vandlega orðsendingu sovétstjórnarinnar frá 10. mars sl. þar sem lagt er til að gerður verði friðarsamningur við

Þýskaland. Ríkisstjórnirnar þrjár hafa einnig ráðfært sig við stjórn Vestur-Þýskalands og fulltrúa frá Berlín.

Bandaríkjastjórn hefur alla tíð verið og er enn þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að gera réttlátan og varanlegan friðarsamning sem bindi enda á skiptingu Þýskalands. Eins og fram kemur í orðsendingu sovétstjórnarinnar útheimtir gerð slíks samnings að mynduð verði ríkisstjórn fyrir allt Þýskaland sem grundvallist á þjóðarvilja. Slíka ríkisstjórn er aðeins unnt að mynda á grundvelli frjálsra kosninga í Vestur-Þýskalandi, á sovéska hernámssvæðinu og í Berlín. Kosningar af þessu tagi er einungis unnt að halda við aðstæður þar sem frelsi Þjóðverja sem þjóðar og einstaklingsfrelsi er tryggt. Í því skyni að leiða í ljós hvort fullnægja megi þessum frumskilyrðum hefur allsherjarþing SÞ kjörið nefnd til að kynna sér aðstæður í Vestur-Þýskalandi, á sovéska hernámssvæðinu og í Berlín. Nefndinni hefur verið tryggð viðhlítandi starfsaðstaða í Vestur-Þýskalandi og Vestur-Berlín. Það yrði Bandaríkjastjórn óblandin ánægja, ef nefndinni yrðu búin sambærileg skilyrði til að sinna hlutverki sínu á sovéska hernámssvæðinu og í Austur-Berlín.

Í tillögu sovétstjórnarinnar er ekki kveðið á um samsetningu og gerð þeirrar alríkisstjórnar í Þýskalandi sem koma skal að gerð friðarsamnings. Bandaríkjastjórn telur að þýsk alríkisstjórn eigi jafnt fyrir sem eftir gerð friðarsamnings að vera frjáls að því að gerast aðili að hvers konar ríkjabandalögum sem samrýmast markmiðum og grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna ...

Heimild
Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945-1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

Berlínarmúrinn – andstæð sjónarmið

Berlínarmúrinn var í margra augum eins konar tákn kalda stríðsins. Hann var reistur árið 1961 og opnun hans árið 1989 markaði í margra huga táknræn endalok þess. Hér fara á eftir stuttir kaflar úr vestur- og austurþýskum sögukennslubókum þar sem múrinn er til umfjöllunar.

Um gerð múrsins. Úr vesturþýskri sögukennslubók (1971)
Hafist var handa um að loka á milli borgarhlutanna aðfaranótt 13. ágúst árið 1961. Sveitir úr alþýðulögreglunni, alþýðuhernum og baráttusveitir úr einstökum fyrirtækjum reistu gaddavírsgirðingar og settu upp umferðarhindranir á mörkum austur- og vesturhluta borgarinnar. Skriðdrekar og flutningabílar með hermenn komu á vettvang við aðaltengibrautirnar til Vestur-Berlínar. Tæknideildir úr alþýðuhernum grófu skurði, brutu upp götur og reistu virki í skini ljósa frá ljóskösturum. Öllum íbúum Austur-Berlínar og Austur-Þýskalands var meinað að fara til Vestur-Berlínar. Næstu daga reistu menn úr tæknideild hersins múr úr steinsteypueiningum; múrað var upp í glugga á húsum sem stóðu á eða við markalínuna milli borgarhlutanna og íbúar þessara húsa fluttir á brott undir ströngu eftirliti. Þungvopnuðum landamæravörðum voru gefin fyrirmæli um að skjóta á þá sem reyndu að flýja.

Um gerð múrsins. Úr austurþýskri sögukennslubók (1971)
Snemma morguns 13. ágúst árið 1961 var komið á öruggu eftirliti á mörkum Austur- og Vestur-Berlínar, en þau höfðu verið uppspretta ófriðarhættu. Það gerðist með byggingu varnarmúrsins gegn fasismanum. Þarna voru að verki vopnaðar sveitir austurþýsks hers og lögreglu ásamt baráttusveitum verkamanna og nutu þessir aðilar stuðnings sovéska setuliðsins í Austur-Þýskalandi. Með þessari aðgerð var bundinn endi á ævintýramennsku og ögranir vesturveldanna og dregið stórlega úr hættunni á því að heimsstyrjöld brytist út í Mið-Evrópu. Ráðstafanir austurþýskra stjórnvalda 13. ágúst 1961 fólu í sér alvarlegasta áfallið sem vesturþýskir heimsvaldasinnar höfðu orðið fyrir frá því Þýska alþýðubandalagið (DDR) var stofnað. Aðgerðirnar frá 13. ágúst 1961 treystu fullveldi Þýska alþýðulýðveldisins til mikilla muna. Með þeim var bundinn endi á efnahagsarðrán vesturþýskra heimsvaldasinna á Austur-Þýskalandi og skapaðar mikilvægar forsendur fyrir stöðugt bættum þjóðarhag. Með því að gera landamærin örugg varð unnt að láta efnahagslögmál sósíalismans njóta sín í alþýðulýðveldinu, eftir að komið hafði verið á sameign á framleiðslutækjunum og pólitísk og siðferðileg samstaða hafði eflst meðal þjóðarinnar. Aðgerðirnar 13. ágúst voru sönnun þess að

sósíalisminn hefur endanlega sigrað í alþýðulýðveldinu, og áhrif hans á þýskri grund eiga aðeins eftir að aukast.

Heimild
A. Sveen og S.A. Aastad. *Kilder og bakgrunnsstoff til Verden 2.* J. W. Cappelens Forlag, Oslo.

X. *Kúbudeilan*

Kúbudeilan markaði hápunkt kalda stríðsins í þeim skilningi að þá komust risaveldin tvö næst því að lenda í beinum átökum sín í milli. Hér á eftir fara nokkur bréf sem gengu á milli leiðtoganna, Kennedys og Krústsjovs, á lokastigi deilunnar.

Föstudaginn 26. október 1962 sendi Krústsjov tvö bréf til Kennedys. Í bréfum þessum komu fram nokkuð mismunandi áherslur sem túlka má á þann veg að forystumenn Sovétríkjanna hafi ekki verið alveg samstiga í málinu. Fyrra bréfið, sem ekki var birt, fylgdi „mjúkri“ línu: Sovétmenn lýstu sig reiðubúna til að fjarlægja eldflaugar sínar frá Kúbu gegn því að hafnbanninu á landið yrði aflétt og Bandaríkjamenn hétu því að ráðast ekki á landið. Í síðara bréfinu var harðari tónn, og þar komu fram viðbótarkröfur. Bandaríkjastjórn var nokkur vandi á höndum um svör við bréfum þessum. Varð niðurstaðan sú að horfa fram hjá síðara bréfinu, en svara einungis því fyrra.

Bréf Nikita Krústsjovs, forsætisráðherra Sovétríkjanna, til Johns F. Kennedys Bandaríkjaforseta 26. október 1962 (kallað „síðara bréfið“):

Ég hef með mikilli ánægju kynnt mér svar yðar við bréfi U Thants [aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna] um aðgerðir til að koma í veg fyrir að bandarísk og sovésk skip komist í snertingu hvert við annað, en það gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar sem ekki verður séð fyrir endann á. Þetta skynsamlega skref af yðar hálfu hefur sannfært mig um að yður sé umhugað um að varðveita friðinn og það mun ég hafa hugfast ...

Í fyrrnefndu erindi skrifið þér að aðalmálið sé ekki það eitt að komast að samkomulagi og gera ráðstafanir til að skip ríkja okkar komist ekki í tæri við hvert annað, en það mundi skerpa átakalínurnar og jafnvel valda vopnuðum átökum. Ef það gerðist væri úti um alla samninga því að þá ríktu önnur lögmál og öfl – lögmál stríðsins. Ég er sammála yður um það að þarna er aðeins um fyrsta skref að ræða. Öllu máli skiptir að takast megi að bæta ástand heimsmála og treysta samskipti þjóða og einstaklinga.

Ég hef fullan skilning á því að yður, hr. forseti, sé umhugað um öryggi Bandaríkjanna, enda er það embættisskylda yðar. Sama skylda hvílir á mér sem forsætisráðherra Sovétríkjanna. Þér hafið lýst áhyggjum af því að við höfum látið Kúbu í té vopn í því skyni að efla varnir landsins – ég legg áherslu á varnir – því að án tillits til þess hvaða vopnum Kúbverjar hafa yfir að ráða verður aldrei neitt jafnræði með Kúbu og Bandaríkjunum. Til þess eru aflsmunir of ólíkir þegar gereyðingarvopn nútímans eru höfð í huga.

Markmið okkar hefur verið og er að styðja við bakið á Kúbverjum, og þar gengur okkur til það mannúðlega markmið að Kúbverjar megi búa við frið og geti þróað samfélag sitt í samræmi við vilja þjóðarinnar. Þér viljið bægja hættu frá landi yðar, og það er skiljanlegt. Kúbverjar bera sömu ósk í brjósti fyrir sitt leyti. Öll ríki vilja búa við öryggi. En hvað má þá segja um stöðu okkar sem í Sovétríkjunum búum og ríkisstjórnar Sovétríkjanna gagnvart gerðum yðar og Bandaríkjastjórnar? Bandaríkin hafa í raun umkringt Sovétríkin með herstöðvum, og sama er að segja um bandamenn okkar. Herstöðvarnar eru eins og perlur á festi umhverfis land okkar og þar hafið þér komið fyrir

eldflaugum. Þetta er ekkert launungarmál. Bandaríkin hafa komið fyrir eldflaugum í Bretlandi og á Ítalíu, og þær beinast að okkur. Þau hafa einnig komið fyrir eldflaugum í Tyrklandi.

Þér hafið áhyggjur af Kúbu. Þér segið að Kúba valdi yður áhyggjum sökum þess að eyjan er aðeins 140 km frá strönd Bandaríkjanna. Við eigum hins vegar landamæri að Tyrklandi. Landamæraverðir ríkjanna tveggja ganga fram og aftur og horfast nánast í augu. Er það skoðun yðar, að þér getið krafist öryggis fyrir land yðar með því að fjarlægð verði vopn sem þér kallið árásarvopn, en neitað okkur um leið um sama rétt?

Bandaríkin hafa komið fyrir kjarnaflaugum, sem búa yfir miklum eyðingarmætti, í Tyrklandi, rétt við bæjardyr okkar. Þér flokkið slíkar flaugar sem árásarvopn. Hvernig er hægt að koma hugmyndum um hernaðarjafnvægi milli landa okkar heim og saman við slíkt misvægi? Það gengur hreinlega ekki upp.

Það er fagnaðarefni að þér, hr. forseti, hafið fallist á að fulltrúar stjórna okkar setjist að samningaborði ásamt U Thant, aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Hann mun þá gegna hlutverki eins konar sáttasemjara, og stjórn mín álítur að hann geti risið undir þeirri miklu ábyrgð, auðvitað að því tilskildu að báðir deiluaðilar sýni samkomulagsvilja í verki.

Ég er þeirrar skoðunar að unnt sé að lægja öldurnar og koma ástandinu í eðlilegt horf á skömmum tíma. Þá mun almenningur geta varpað öndinni léttar og sagt með sanni að þeir þjóðarleiðtogar sem ábyrgðina bera séu yfirvegaðir, geri sér ábyrgð sína ljósa og búi yfir getu til að leysa flókin vandamál, en láti ekki mál fara úr böndum þannig að til gereyðingarstríðs komi.

Því geri ég eftirfarandi að tillögu minni: Við föllumst á að fjarlægja frá Kúbu þau vopn sem þér teljið vera árásarvopn. Við föllumst á að gera þetta og staðfesta þessa skuldbindingu á vettvangi SÞ. Á móti gefi fulltrúi yðar út yfirlýsingu um að Bandaríkin muni fjarlægja sams konar vopn frá Tyrklandi. Við skulum komast að samkomulagi um hve langan tíma ríkin þurfa til að gera þetta ... [Sovétríkin eru reiðubúin til] að gefa yfirlýsingu í öryggisráðinu þess efnis að þau muni í hvívetna virða fullveldi og landamæri Tyrklands, þau muni ekki hlutast til um innanríkismál þess, ekki gera innrás í landið eða ljá land sitt til undirbúnings slíkrar innrásar og einnig muni þau halda öllum þeim í skefjum sem hyggjast abbast upp á Tyrki, hvort heldur frá sovésku yfirráðasvæði eða yfirráðasvæði annarra ríkja sem landamæri eiga að Tyrklandi.

Bandaríkin mundu síðan gefa út sams konar yfirlýsingu í öryggisráðinu um Kúbu ...

Vopn þau á Kúbu sem þér hafið rætt um og valda yður áhyggjum eru í umsjá sovéskra herforingja. Því er engin minnsta hætta á að þeim verði fyrir mistök beint gegn Bandaríkjunum. Vopnin eru staðsett á Kúbu samkvæmt beiðni kúbverskra stjórnvalda og einvörðungu í varnarskyni. Verði ekki ráðist á Kúbu eða árás gerð á Sovétríkin eða einhverja aðra bandamenn okkar, ógna þessi vopn engum og á því mun engin breyting verða því að þau eru einungis ætluð til varnar ... Almenningur í heiminum er fullur skelfingar og væntir þess að við tökum skynsamlega á málum. Ekkert mundi gleðja þjóðir heims meira en tilkynning um að við hefðum náð samkomulagi og bundinn hefði verið endi á það hættuástand sem upp er komið áður en það fór úr böndum. Ég tel afar mikilvægt að deilan verði leyst því að lausn hennar gæti orðið upphafið að öðru og meira, og hef ég þá einkum í huga samning um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. ... Í því máli er ekki mikill skoðanamunur milli ríkjanna. ...

Bréf Kennedys til Krústsjovs laugardaginn 27. október 1962:

Ég hef lesið bréf yðar frá því í gær mjög vandlega og geri mér grein fyrir að þér viljið leysa yfirstandandi deilu tafarlaust. Það er þó forgangsmál að hætt verði uppsetningu skotpalla fyrir árásarflaugar á Kúbu og öll þau vopn sem komið hefur verið fyrir á Kúbu og nota má til árása verði gerði óvirk undir öruggu eftirliti SÞ.

Að því tilskildu að þetta gerist án tafar hef ég gefið fulltrúum Bandaríkjanna hjá SÞ fyrirmæli sem gera þeim kleift að hefjast nú um helgina handa við – í samráði við aðalritara SÞ og fulltrúa yðar – að undirbúa aðgerðir til varanlegrar lausnar á Kúbudeilunni, í samræmi við þær hugmyndir sem þér settuð fram í bréfi yðar frá í gær. Ég skil bréf yðar þannig að kjarni tillagna yðar felist í eftirfarandi atriðum sem ég get í megindráttum fallist á:

1. Þér fallist á að vopn þau sem hér um ræðir verði flutt frá Kúbu undir viðeigandi eftirliti fulltrúa SÞ og jafnframt verði tryggt með fullgildum hætti að ekki verði flutt meira af slíkum vopnum til Kúbu.

2. Bandaríkin samþykkja fyrir sitt leyti – að fengnum fullnægjandi tryggingum SÞ fyrir því að fyrrgreind fyrirheit séu komin í framkvæmd og við þau sé staðið – að grípa til eftirfarandi aðgerða: a) að aflétta núverandi hafnbanni tafarlaust, og b) gefa loforð um að ekki verði ráðist á Kúbu. Ég er sannfærður um að önnur ríki á vesturhveli jarðar eru reiðubúin til að gera slíkt hið sama.

Ef þér eruð reiðubúnir t.d. til að gefa fulltrúa yðar hliðstæð fyrirmæli, sé ég enga ástæðu til þess að ekki eigi að vera unnt að hrinda þessu í framkvæmd og gera heimsbyggðinni það heyrinkunnugt innan fárra daga. Áhrif slíkrar lausnar á deilunni í þá veru að draga úr spennu í heiminum munu gera okkur kleift að ná árangri að því er varðar annan vopnabúnað, eins og þér bendið á í síðara bréfi yðar sem þér hafið látið birta opinberlega. Mér er ljúft að árétta að Bandaríkjastjórn hefur mikinn áhuga á að draga úr spennu og hægja á vígbúnaðarkapphlaupinu, og ef skilja ber bréfið svo að þér séuð reiðubúnir að ræða hvernig slaka megi á spennu milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, mun ekki standa á okkur, eða bandamönnum okkar, að taka sérhverja raunhæfa tillögu til athugunar.

En allt byggist þetta á því – og það verð ég að árétta – að vinnunni við skotpallana verði hætt og vopnin, sem hér um ræðir, verði gerð óvirk undir tryggu, alþjóðlegu eftirliti. Sé okkur áfram ógnað af þessum vopnum eða skoðanaskiptin um Kúbumálið dregin á langinn með því að tengja það mál umræðum um öryggi í Evrópu eða heimsbyggðarinnar allrar, er þeirri hættu boðið heim að Kúbudeilan harðni og þá er heimsfriði alvarleg hætta búin. Af þeim ástæðum vona ég að við getum náð skjótu samkomulagi á þeim grunni sem lýst er í þessu bréfi og bréfi yðar frá í gær.

Bréf Krústsjovs til Kennedys frá sunnudeginum 28. október 1962:

Ég hef móttekið bréf yðar frá 27. þessa mánaðar. Ég er ánægður með það sem þar kemur fram og þakka yður fyrir það raunsæi sem þar birtist og viðurkenningu yðar á þeirri ábyrgð sem þér berið á varðveislu heimsfriðarins.

Ég hef fullan skilning á áhyggjum yðar og bandarísku þjóðarinnar vegna vopnanna sem þér gerið að umræðuefni því að þau eru sannarlega ógnvekjandi. Okkur er öllum ljóst hvers konar vopn um er að ræða.

Sovétstjórnin hefur fylgt eftir fyrri fyrirmælum um að hætt skuli vinnu við uppsetningu eldflaugaskotpalla, einnig gefið fyrirmæli um að vopn þau sem þér kallið árásarvopn verði gerð óvirk, búið um þau og þau síðan flutt aftur til Sovétríkjanna. Við gerum þetta til að kveða sem skjótast niður deilu sem nú ógnar friði í heiminum, en einnig til að róa alla þá sem þrá frið og til að lægja ótta bandarísku þjóðarinnar. Ég er viss um að friðarvilji hennar er engu minni en friðarvilji þjóða Sovétríkjanna.

Ég vil hér árétta, hr. forseti, það sem ég sagði við yður í fyrri bréfum mínum – sovétstjórnin hefur veitt Kúbu efnahags- og hernaðaraðstoð vegna þess að landið og íbúar þess hafa átt innrás yfir höfði sér. ...

Kúbverjar æskja þess að ráða sér sjálfir og móta sér framtíðarstefnu í samræmi við eigin hagsmuni og án utanaðkomandi íhlutunar. Sá er réttur þeirra og engin leið að álasa þeim fyrir að vilja sjálfir ráða eigin málum og njóta ávaxta erfiðis síns. Innrásarhótanir gagnvart Kúbu og annars konar moldviðri sem þyrlað hefur verið upp um landið til að skapa spennu hefur átt að þjóna þeim tilgangi að sá ótta í hjörtu íbúanna, kúga þá til undirgefni og koma í veg fyrir að þeir geti byggt upp nýtt samfélag á friðsamlegan hátt.

Mér er í mun, hr. forseti, að árétta enn einu sinni að við gátum ekki staðið aðgerðalausir hjá meðan þessu fór fram. Sovétríkin ákváðu að styðja við bakið á Kúbverjum svo að þeir gætu varist árás – með vopnum í varnarskyni. Þér álítið vopnin sem við höfum látið Kúbverjum í té vera árásarvopn. Við höfum látið þau í té svo að koma megi í veg fyrir árás á Kúbu – eða að gripið væri til aðgerða sem haft gætu ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Ég virði og tek gilda yfirlýsingu yðar í bréfinu frá 27. október, þess efnis að ekki verði ráðist á Kúbu, að hvorki Bandaríkin né nokkurt annað ríki á vesturlandi jarðar muni gera innrás á Kúbu, eins og þér komist að orði í bréfinu. Þar með er ekki lengur þörf fyrir hernaðaraðstoð af því tagi sem við töldum okkur knúna til að veita Kúbverjum.

Þetta er ástæða þess að herforingjar okkar – eins og ég hef áður greint frá eru umrædd vopn í umsjá sovéskra herforingja – hafa fengið fyrirmæli um að stöðva uppsetningu áðurnefndra skotpalla, taka vopnin úr sambandi og senda þau aftur til Sovétríkjanna. Eins og ég tjáði yður í bréfinu frá 27. október stendur ekki á okkur að gera samning sem felur í sér að fulltrúar SÞ geti fylgst með

framkvæmdinni. Með hliðsjón af þeim tryggingum sem þér hafið veitt og fyrirmælum okkar um að vopnin verði tekin niður og flutt á brott, hafa nú skapast öll skilyrði til að leysa þá deilu sem staðið hefur yfir.

Ég lýsi ánægju minni með jákvæð viðbrögð yðar við ósk minni um að binda enda á áðurnefnt hættuástand, en ekki síður með undirtektirnar við því að fara vandlega yfir allt ástand heimsmála, en þar eru ýmsar blikur á lofti og í mörg horn að líta: kjarnavopn, eldflaugar, geimferðir, langdrægar flaugar og önnur gereyðingarvopn. Öllum er í mun að friður verði tryggður.

Því segi ég: Okkur hefur verið sýnt mikið traust og mikil ábyrgð verið lögð okkur á herðar. Við megum ekki láta ástandið fara úr böndunum og okkur ber skylda til að greiða úr málum, ef upp koma aðstæður sem ógna friði í heiminum. Ef okkur tekst, með aðstoð annarra góðviljaðra manna, að eyða þeirri spennu sem nú ríkir, þurfum við að búa svo um hnúta að ekki komi aftur upp hættulegar deilur sem leitt gætu til þess að heimurinn eyddist í eldslogum kjarnorkustyrjaldar.

Að lokum vil ég drepa á það sem þér sögðuð um möguleikana á því að draga úr spennu milli aðildarríkja Atlantshafs- og Varsjárbandalagsins. Þetta er ekki nýtt viðfangsefni, og það stendur ekki á okkur að eiga áfram skoðanaskipti við yður um þetta efni og leysa ágreining sem uppi er.

Okkur er í mun að áfram verði skipst á skoðunum um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn í andrúmsloftinu, um almenna afvopnun og annað það er verða mætti til þess að draga úr spennu í heiminum.

Þó að ég taki yfirlýsingu yðar gilda, eru til ábyrgðarlausir menn sem ekkert hefðu á móti því að gera nú innrás á Kúbu og stofna þannig til styrjaldar. Þó að við hefjumst nú handa og tilkynnum um, að umrædd vopn á Kúbu verði gerð óvirk og síðan flutt burt, viljum við jafnframt að Kúbverjar velkist ekki í vafa um að við erum samherjar þeirra og skorumst ekki undan þeirri ábyrgð að styðja þá í hvívetna ...

Bréf Kennedys til Krústsjovs frá 28. október:

Ég dreg ekki að svara boðskap yðar frá í dag, enda þótt formlegt bréf sé ekki enn komið mér í hendur. Með því legg ég áherslu á hve brýnt ég tel að við leysum Kúbudeiluna án tafar. Á okkur tveimur hvílir sú mikla ábyrgð að varðveita frið í heiminum, og ég held að okkur báðum hafi verið ljóst að það stefndi í að atburðarásin færi úr böndunum. Því fagna ég efni bréfs yðar og tel það þungt lóð á vogarskálar friðar í heiminum.

Það frábæra starf sem U Thant, aðalritari SÞ, hefur unnið hefur gert okkur mun auðveldara um vik að vinna að lausn málsins. Ég lít svo á að það sem fram kemur í bréfi mínu frá 27. þessa mánaðar og svarbréfi yðar sama dag feli í sér skýrar skuldbindingar af hálfu ríkisstjórna landanna beggja og þeim skuldbindingum verði að fylgja eftir í verki tafarlaust. Ég vænti þess að þegar verði, með milligöngu SÞ, gripið til þeirra ráðstafana sem þér ræðið um í bréfi yðar svo að Bandaríkin geti fyrir sitt leyti aflétt hafnbanni því sem nú er í gildi. Ég hef þegar látið boð út ganga um framvindu mála til Samtaka Ameríkuríkja, en öllum aðildarríkjum þeirra samtaka er einkar umhugað um að varanlegur friður verði tryggður á Karíbahafi. ...

Ég er sammála yður um það að við verðum að leggjast yfir afvopnunarmálin, þar eð þau varða allar þjóðir heims og ekki síst þau svæði þar sem spenna ríkir. Ef til vill getum við með samstilltu átaki náð marktækum árangri á þessu mikilvæga sviði nú þegar ófriðarhættan er liðin hjá. Mín skoðun er sú að spurningin um dreifingu kjarnorkuvopna, hvort heldur á jörðu niðri eða úti í geimnum, eigi að vera forgangsverkefni, svo og það mikilvæga verk að ganga frá samningi sem bannar tilraunir með kjarnorkuvopn. En einnig á að leggja kapp á að kanna hvort samkomulag getur náðst um frekari afvopnun sem kæmi þá til framkvæmda svo fljótt sem auðið er. Bandaríkjastjórn er reiðubúin til uppbyggilegra viðræðna um þessi mál við fyrstu hentugleika, hvort heldur í Genf eða annars staðar.

Heimild

Kilder til belysning af Cubakrisen 1962. Inger Bertelsen og Karl Jacobsen (ritstj.). Kaupmannahöfn, 1971.

IV.13 : Kalt stríð á Íslandi

Athugunarefni í texta
°1. Skoðið myndirnar á bls. 274 og áætlið út frá þeim hve margt fólk var á Austurvelli 30. mars 1949. Þeir sem eru í skóla nærri Austurvelli, eða eiga auðvelt með að koma við þar, ættu að breyta verkefninu í heimildaverkefni, skoða staðinn og meta hve margt fólk kæmist fyrir á því svæði sem virðist þakið fólki á myndunum sem voru teknar kl. 14:30 og kl. 15:00.

Umræðuefni
#1. Var rétt af Íslendingum að yfirgefa hlutleysisstefnuna 1949 og taka við bandarískum her 1951? – Hvað hefði orðið ólíkt því sem varð á Íslandi ef þjóðin hefði haldið fast við hlutleysisstefnuna?

#2. Sósíalistaflokkar hafa að jafnaði verið fremur alþjóðasinnaðir en þjóðlegir. Sósíalistar voru andvígir þjóðríkinu og töldu að öreigar allra landa ættu að sameinast, enda ættu þeir meira sameiginlegt en öreigar hvers ríkis með auðmönnum sama ríkis. Hvernig stendur þá á því að Sósíalistaflokkurinn og Alþýðubandalagið, arftaki hans, eru staðsett efst á skýringarmyndinni á bls. 272 þar sem upp táknar þjóðvörn?

#3. Hvernig er rétt að skipa íslensku stjórnmálaflokkunum í tvívítt flokkakerfi núna? – Hafið meðal annars í huga afstöðu þeirra til Evrópusambandsins.

#4. Í lok kaflans segir að bandaríski herinn á Íslandi hafi „dregið úr starfsemi sinni, en íslensk stjórnvöld hafa fremur reynt að halda í hann en losna við hann. Þegar þessi bók fer í prentun lítur ekki út fyrir að það muni takast.“ – Rekið hvað hefur gerst í því máli eftir að bókin fór í prentun.

IV.14 : Frelsisbarátta nýlendnanana

Athugunarefni í texta
°1. Hvernig var tekið á málefnum nýlenduþjóða á friðarfundinum í Versölum?
°2. Dragðu upp mynd af Mahatma Gandhi og þeim aðferðum sem hann beitti í baráttu Indverja fyrir sjálfstæði undan stjórn Breta.
°3. Rómverjar mótuðu fyrstir hugtakið að deila og drottna. Þeir höfðu gjarnan þann háttinn á að tefla einni undirþjóð sinni gegn annarri til að auðvelda sér stjórn skattlanda sinna. Hvað var það í aðstæðum á Indlandi sem gerði Bretum kleift að beita svipaðri aðferði í nýlendustjórn sinni?
°4. Hver var Sun Yat-sen og hver var kjarninn í stjórnmálahugmyndum hans?

°5. Taktu saman yfirlit í annálsformi um átök borgarastyrjaldarinnar í Kína 1921–1949.
°6. Hvaða atriði réðu mestu um sigur kommúnista yfir þjóðernissinnum í borgarastyrjöldinni?
°7. Hvernig bar sjálfstæði nýlendu Breta á Indlandi að árið 1947?
°8. Hver var fyrsta nýlendan sunnan Sahara til að fá sjálfstæði og hver varð leiðtogi hennar?
°9. Hver voru helstu áhersluatriðin í stefnu Einingarsamtaka Afríku þegar þau voru stofnuð?

Umræðuefni
#1. Eftir síðari heimsstyrjöld leið hefðbundin nýlendustefna undir lok með skjótari hætti en menn hafði almennt órað fyrir. Í kennslubókinni er teflt fram ýmsum þáttum þessu til skýringar. Farið verði yfir þessi atriði í umræðum og reynt að meta vægi einstakra þátta og heimfæra þá upp á sjálfstæðisheimt einstakra nýlenduþjóða.

Heimildaverkefni
*1. Vinnið með þær heimildir sem fylgja þessum kafla á grundvelli þeirra athugunarefna sem bent er á.

Stefnuskrá Gandhis
Eftir að nýlenda Breta á Indlandi fékk sjálfstæði og hafði verið skipt upp í þrjú ríki, Indland, Pakistan og Ceylon (Sri Lanka), var ærið verk að vinna fyrir leiðtoga hins nýja Indlands. Gandhi, sem verið hafði leiðtogi og sameiningartákn í sjálfstæðisbaráttunni, vildi vinna að sáttum milli hindúa og múslima. Í stefnuskrá hans, sem hér fer á eftir, felast þær áherslur sem hann vildi ganga út frá við að byggja upp sjálfstætt Indland.

Það má líka kenna markmið uppbyggingaráætlunarinnar við frelsi öllum til handa og óskorað sjálfstæði sem tryggt yrði með friðsamlegum aðferðum. Það merkir frelsi og sjálfstæði til handa hverjum einstaklingi, líka þeim snauðustu í hópi landsmanna, án tillits til kynþáttar, hörundslitar eða trúarbragða. Sjálfstæði er ekki það sama og einangrun. Samvinna og gagnkvæmt traust verður að vera með í för. Stefnuskráin felur í sér eftirfarandi áherslur:

1. Friður og sátt á að ríkja milli ólíkra trúarsamfélaga.
   Þessu markmiði verður því aðeins náð að hver einasti félagi Þjóðþingsflokksins komi fram við áhangendur annarra trúarbragða á sama hátt og við trúbræður sína.
2. Afnema verður erfðastéttakerfið.
   Því miður virðist mér sem margir félagar Þjóðþingsflokksins líti einungis á þetta sem illa pólitíska nauðsyn, en átti sig ekki á að afnám þess hefur úrslitaþýðingu fyrir framtíðartilveru hindúasiðar.
3. Áfengisbann.
   Ef við stefnum að því að ná markmiðum okkar með friðsamlegum hætti, getum við ekki vísað því yfir á stjórnvöld framtíðarinnar að annast þá karla og konur sem eiga við þann djöful að draga að vera ofurseld nautn áfengis eða annarra vímuefna.
4. Framleiðsla handofinna klæða.

Hún er lykillinn að efnahagslegu frelsi og jafnrétti allra landsmanna. Með ástundun hennar geta allir landsmenn haft til hnífs og skeiðar, því að í slíkri framleiðslu nýtist vinnuafl og framtak fólks í sveitaþorpum landsins.

5. Önnur iðja og iðnaður í þorpunum.

Atvinnustigið í einstökum þorpum er ekki ásættanlegt nema þar fari fram þresking, sútun og vinnsla á jurtaolíu og menn framleiði handmálaða gripi, sápu, eldspýtur og pappír.

6. Hollustuhættir í sveitaþorpunum.

Það mikla djúp sem staðfest er milli menntamanna og sveitaalþýðunnar hefur valdið því að sveitaþorpin eru í glæpsamlegri niðurníðslu. Þeim mörgu félögum Þjóðþingisflokksins sem upprunnir eru úr slíkum sveitaþorpum ætti að vera ljóst hve mikilvægt er að þorpin verði til fyrirmyndar um hreinlæti. Samt líta þeir ekki á það sem skyldu sína að samsama sig daglegri lífsbaráttu sveitaalþýðunnar. Okkur skortir þá dyggð sem kenna má við hreinlæti almannarýmisins. Það vantar ekki að við laugum okkur, en við kærum okkur kollótt um það þótt við mengum brunninn eða lækinn sem við laugum okkur upp úr.

7. Uppeldismál.

Uppeldisstefnan á að miða að því að gera uppvaxandi kynslóð í sveitaþorpunum að fyrirmyndarþjóðfélagsþegnum.

8. Fullorðinsfræðsla.

Sjónhringur indverskrar sveitaalþýðu markast af heimaþorpinu. Indland er í vitund hennar naumast annað en landfræðilegt hugtak. Sveitaalþýðan í þorpunum kann lítil skil á hinum erlendu stjórnarherrum og öllu því illa sem af þeim hefur stafað. Hún stendur ráðþrota. Því óttast hún og hatar hina erlendu valdsmenn og allt það sem framandi er, en veit ekki, hvernig hún á að fara að því að hrista þetta af sér.

9. Staða kvenna.

Með andófsbaráttu án valdbeitingar („satyagraha“) hefur tekist að leiða indverskar konur frá myrkri til ljóss, en mikið skortir á að félagar Þjóðþingsflokksins hafi enn gert það sem til þarf til að konur geti orðið jafnokar karla í frelsisbaráttunni. Konur hafa að ósekju mátt búa við kúgun fyrir tilstilli hefðar og gildandi laga. Í samfélagi þar sem hvers konar valdbeiting hefur verið bannfærð eiga konur að hafa sama rétt og karlar til að ráða örlögum sínum.

10. Fræðsla um heilsuvernd.

11. Unnið verði að útbreiðslu þjóðtungnanna.

Við höfum skipað enskri tungu skör hærra en móðurmáli okkar, og það hefur valdið því að mikið djúp er staðfest milli menntafólks, sem fylgist með og tekur þátt í stjórnmálum, og hins breiða fjölda í þjóðfélaginu. Þjóðtungurnar hafa ekki náð því að þróast eðlilega. Okkur rekur í vörðurnar þegar við reynum að tjá okkur á þjóðtungunum um flókin viðfangsefni. Okkur skortir vísinda- og fræðiheiti. Afleiðingar þessa eru skelfilegar. Almenningi er lokuð leiðin að hugmyndaheimi nútimans. En forsendan fyrir frelsi og sjálfstæði er að allir geti tekið virkan þátt í frelsisbaráttunni. Samskiptamál okkar á því að vera sú tunga sem flestir hafa á valdi sínu og aðrir geta auðveldlega lært, en það er án efa hindí.

12. Hlúa skal að einstökum þjóðtungum (þ.e. svæðisbundnum tungumálum).

13. Aðgerðir sem miða að efnahagslegu jafnræði.

Næst meginreglunni um að afneita valdbeitingu er þetta síðasta áhersluatriði helsti lykillinn að sjálfstæði. Ríkisvaldið heldur áfram að vera valdbeitingar- og kúgunartæki meðan við höfum örfáa auðkýfinga annars vegar, en á hinn bóginn ótaldar milljónir manna sem búa við sult og seyru. Blóðug bylting með tilheyrandi ofbeldi er óhjákvæmileg ef auðmenn afsala sér ekki af frjálsum og fúsum vilja auðæfum sínum og því valdi sem þeim tengist og deila auði sínum með allsleysingjunum.

Athugunarefni

1. Við hvaða stig þjóðfélagsþróunar er miðað í þessari stefnuskrá?
2. Er hér um raunhæfa stefnuskrá að ræða?
3. Hvaða vanda skapar tungumálaástandið í Indlandi?

Heimild

Källor till historien III. Ritstj. Graninger og Tägil. Lundi – Stokkhólmi, 1968.

Borgarastyrjöldin í Kína og kínverska byltingin

Svo vel vill til að til eru á íslensku ritgerðir Mao Tse-tungs í tveimur bindum:

Mao Tse-tung: *Ritgerðir* I. Reykjavík, 1959.

Mao Tse-tung: *Ritgerðir* II. Reykjavík, 1963.

Í þessum ritgerðum greinir Mao kínverska sögu og þjóðfélagsaðstæður og reifar þá stefnu og baráttuleiðir sem dugðu kínverskum kommúnistum til sigurs í borgarastyrjöldinni, en hann var fullnaður með stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins hinn 1. október 1949.

Bandungráðstefnan 1955

Á ráðstefnunni komu saman fulltrúar 23 Asíuríkja og sex Afríkuríkja. Markmið fundarins var að efla samstöðu þátttökuríkjanna gegn kynþáttamismunun og nýlendustefnu í öllum myndum og stuðla að samvinnu ríkjanna á efnahags- og stjórnmálasviðinu og í menningarlegum efnum. Sukarno, forseti Indónesíu, var gestgjafi fundarins og fer setningarræða hans hér á eftir.

Við upphaf þessa fundar okkar ríkir ekki friður, eindrægni og samvinna meðal ríkja heims. Mikið djúp er staðfest milli einstakra þjóða og þjóðahópa. Ólánsöm veröld okkar er hrjáð og sundurtætt, og almenningur um heim allan óttast – algerlega án eigin tilverknaðar – að hýenur stríðsins fái enn einu sinni að leika lausum hala.

Og ef það skyldi nú gerast, þrátt fyrir allt það sem þjóðir heims kannski megna til að afstýra því – hverjar yrðu afleiðingar þess? Hvað yrði þá um nýfengið sjálfstæði okkar? Hvað yrði þá um foreldra okkar og afkvæmi?

Þátttakendur á þessari ráðstefnu eiga ekki létt verk fyrir höndum því að ég veit að áðurgreindar spurningar, sem snúast um sjálfa framtíðartilveru eða endalok mannkyns, hljóta að vera þeim ofarlega í huga eins og mér. Og þjóðir Asíu og Afríku geta ekki vikið sér undan því að ræða hver þeirra skerfur á að vera til lausnar vandanum, jafnvel þótt þær vildu helst leiða hann hjá sér ...

Ég er sannfærður um að það eru fleiri og mikilvægari þættir sem sameina okkur en það sem fljótt á litið skilur okkur að. Við sameinumst til dæmis í óbeit okkar á nýlendustefnu í öllum birtingarmyndum hennar. Sama er að segja um óbeit okkar allra á kynþáttahyggju. Og við stöndum staðföst saman í þeim ásetningi að tryggja og varðveita frið í heiminum. Eru ekki öll þessi markmið tíunduð í boðsbréfinu sem þið brugðust við?

Ég játa hreinskilnislega að ég er ekki hlutlaus í þessum efnum, enda er mér málið skylt.

Hvernig ætti að vera unnt að vera hlutlaus þegar nýlendustefnan er annars vegar? Nýlendustefnan er ekki eitthvað sem liggur í blámóðu fjarlægðarinnar. Við höfum kynnst harðrægni hennar á eigin skinni. Við höfum horft upp á þá óskaplegu sóun mannlegra verðmæta sem af henni hlýst, þá fátækt sem hún veldur og þá arfleifð sem hún skilur eftir sig þegar framvinda mannfélagsins knýr nýlenduherrana til undanhalds, þótt þeim sé óljúft að víkja sæti. Þjóð mín þekkir þessa sögu, og sama er að segja um margar aðrar Asíu- og Afríkuþjóðir sem reynt hafa það sama.

Við getum ekki sagt að við höfum enn frelsað lönd okkar að fullu. Sums staðar stritar fólk enn undir nýlenduokinu. Og sú er líka enn raunin víða í Asíu og Afríku, og þau lönd eiga ekki fulltrúa sína hér á meðal okkar.

Lönd okkar og þjóðir hafa ekki enn öðlast frelsi að fullu. Þess vegna getum við ekki sagt að brautin hafi verið brotin til enda. Engin þjóð getur talist fyllilega frjáls meðan hluti ættjarðarinnar er í

fjötrum erlendra yfirráða. Frelsið er eitt og ódeilanlegt eins og friðurinn. Það er ekkert helmingsfrelsi til fremur en maður getur verið bæði lifandi og dauður.

Oft er klifað á því að „nýlendustefnan [hafi] sungið sitt síðasta vers“. Ég segi hins vegar að nýlendustefnan lifi enn góðu lífi. Hvernig er hægt að taka öðruvísi til orða meðan víðlend svæði í Afríku og Asíu búa enn við nýlenduáþján?

Og ég bið ykkur að hafa ekki aðeins í huga nýlendustefnu í sinni hefðbundnu mynd, eins og við hér í Indónesíu og bræðraþjóðir okkar víða í Asíu og Afríku höfum kynnst henni. Nýlendustefnan fyrirfinnst einnig í nútímaútgáfu og birtist í efnahagslegum undirtökum, andlegu forræði og beinni valdstjórn sem lítill hópur aðkomumanna beitir í einstökum samfélögum. Nýlendustefnan er öflugur og einbeittur andstæðingur og hún á sér margar birtingarmyndir. Nýlenduherrarnir sleppa ekki bráð sinni sjálfkrafa. Nýlendustefnan er uppspretta ills, alls staðar, ætíð og án tillits til þess hvaða mynd hún tekur á sig, og hana verður að uppræta með öllu úr mannlegu félagi. ...

Ekki alls fyrir löngu lýsti ég þeirri skoðun að friður væri okkur nauðsyn því að styrjaldarátök í okkar heimshluta mundu ógna dýrmætu sjálfstæði okkar sem við öðluðumst nýlega og guldum svo dýru verði.

Nú eru enn meiri blikur á lofti. Styrjöld mundi ekki einvörðungu ógna sjálfstæði okkar, heldur gæti hún leitt af sér endalok siðmenningarinnar og sjálfs mannkynsins. Nú hafa verið leyst úr læðingi í heiminum öfl sem leitt gætu af sér meira illt en fólk getur gert sér í hugarlund. Jafnvel heræfingar geta haft áhrif í þá veru að vekja mönnum ótta við hið óþekkta.

Til skamms tíma gátu menn leitað sér nokkurrar huggunar í því að átök, ef til þeirra kæmi, yrðu hugsanlega útkljáð með svokölluðum „hefðbundnum vopnum“ – sprengjum, skriðdrekum, fallbyssum og hermönnum á vígvelli. Nú höfum við verið svipt þeirri lítilfjörlegu huggun því að ljóst er að beitt mundi verða vopnum sem leiða af sér stórkostlegar hörmungar, og hernaðaráætlanir stórveldanna eru byggðar á þeim grunni. Það sem áður var nýjung er nú ætlað til hversdagsbrúks, og hvað vitum við nema vísindamenn á villigötum gangi með í kolli sínum hugmyndir um djöfulskap af einhverju tagi sem gert gæti fólki lífið óbærilegt.

Og trúið því ekki að höfin geti orðið skjól okkar og skjöldur. Maturinn sem við leggjum okkur til munns, vatnið sem við drekkum og andrúmsloftið, sem við drögum að okkur getur verið mengað eiturefnum sem borist hafa af fjarlægum slóðum. Og jafnvel þótt við sjálf slyppum án stórvægilegra skakkafalla, mundu vanskapaðir líkamar óborinna kynslóða afkomenda okkar vera til marks um það að mistekist hefði að halda í skefjum þeim öflum sem leyst hafa verið úr læðingi í umhverfi okkar.

Varðveisla friðarins er brýnast allra verkefna. Sjálfstæði okkar fer fyrir lítið ef menn slíta sundur friðinn. Endurreisn og uppbygging í löndum okkar skiptir þá litlu máli. Þá mun okkur ekki takast að ljúka því ætlunarverki sem stefnt var að með byltingum okkar.

Hvaða kosta eigum við völ? Þjóðir Asíu og Afríku búa ekki yfir miklum áþreifanlegum styrk. Efnahagsvald þeirra er dreift og óverulegt. Við getum ekki stundað valdstjórnarstefnu. Í samskiptum þjóða erum við ekki í stöðu til að ógna með þungum refsivendi. Það verður aldrei sagt að leiðtogar þessara ríkja hafi sprengjuþotnabreiðu að baki sér.

Hvað getum við því tekið til bragðs? Það er heilmargt! Við getum verið rödd skynseminnar á vettvangi heimsmála. Við getum lagt á vogarskálar friðarins allan þann andlega, pólitíska og siðferðislega styrk sem Asía og Afríka búa yfir. Það er málið! Íbúar Asíu og Afríku eru 1400 milljónir, rúmur helmingur mannkyns, og við getum virkjað í þágu friðar það sem ég hef kallað *hinn ómótstæðilega siðferðiskraft fjöldans*. Við getum sýnt og sannað fyrir þeim minnihluta heimsbyggðarinnar sem býr í öðrum álfum að við, meirihluti íbúa heimsins, viljum frið, en ekki stríð og við munum ávallt – án tillits til afls okkar – styðja málstað friðarins.

Athugunarefni

1. Hvernig túlkar Sukarno forseti hugtakið nýlendustefna?
2. Hvernig mat hann stöðu heimsmála árið 1955?
3. Hvaða hlutverki taldi hann fyrrverandi nýlendur hafa að gegna í heimsmálum?

Heimild

Stormagtspolitikken 1945-1982 belyst ved kilder. Ritstj. Bender og Gade. Kaupmannahöfn, 1983.

Staða kvenna í Afríku eftir sjálfstæðisheimtina

Hér fer á eftir stuttur kafli úr bókinni *Afrikas historie – nye perspektiver* eftir Jarle Simensen. Oslo, 1983.

Áður hefur verið fjallað um það hvernig peningaviðskipti, menntun og þéttbýlismyndun hafði áhrif á stöðu kvenna á nýlendutímanum. Þróunin hélt áfram eftir svipaðri braut að fengnu sjálfstæði. Í landbúnaðarsamfélögum, en mikill meirihluti kvenna bjó í slíku umhverfi, voru áhrifin afar mismunandi og réðust af því hver lagaleg og efnahagsleg staða þeirra hafði verið. Þegar karlar tóku að einbeita sér að framleiðslu á afurðum til sölu á markaði eða hurfu meira en áður að launavinnu, urðu konur í enn ríkari mæli að axla ábyrgðina á þeirri framleiðslu sem gekk til að fullnægja fæðuþörf fjölskyldunnar. En hefðarréttur tryggði körlum vald yfir konum. Það átti við um heimilisstörf, matargerð, ákvörðunarvald um það, hvaða störf konur gætu unnið út í frá, aðsetursstað kvenna og hvaða forræði þær gætu haft yfir börnum sínum. Sums staðar héldu konur ráðstöfunarrétti yfir þeim tekjum sem þær öfluðu með því að framleiða afurðir til sölu á markaðstorginu í nágrannabænum. Í Vestur-Afríku var sjaldgæft að konur ættu allt sitt undir því fé sem eiginmanninum þóknaðist að leggja til heimilisrekstrarins, heldur héldu þær ráðstöfunarrétti yfir sjálfsaflafé sínu og verslun í smáum stíl var áfram í þeirra höndum. Stórefling menntakerfisins kom einkum körlum til góða, en skólaganga opnaði konum líka ný atvinnutækifæri, þótt það væru yfirleitt lægst launuðu störfin sem féllu þeim í skaut og heimilishaldið væri áfram að öllu leyti á þeirra könnu. Þegar á heildina er litið, staðfesta fjölmargar staðbundnar rannsóknir að konur bjuggu við lakari kjör en karlar: vinnudagur þeirra var lengri og þær höfðu minna til eigin ráðstöfunar af því sem þær báru úr býtum. Einstæðar mæður voru óhugnanlega margar í hópi hinna snauðustu í samfélaginu. Þó voru líka til samfélög þar sem nánast var jafnræði með kynjunum, hvað efnisleg gæði varðaði.

Fjölskyldugerðin hélt áfram að breytast. Það dró úr fjölkvæni, einkum í þeim löndum Afríku þar sem íslam var ekki ríkjandi. En þróunin gekk ekki í þá átt að til yrðu bændaheimili þar sem traust kjarnafjölskylda ríkti, eins og tíðkanlegt er á Vesturlöndum. Breytinga á fjölskyldugerðinni gætti sérstaklega í borgunum.

Konur, einkum í borgunum, virðast í vaxandi mæli hafa sóst eftir frjálslegra sambúðarformi. Þeim konum fór fjölgandi, sem sáu fyrir sér sjálfar, og gilti þá einu hvort þær voru barnlausar eða áttu börn. Fjöldi giftra kvenna bjó ekki með eiginmanni sínum, en stórfjölskyldan hélt áfram að vera mikilvægur bakhjarl allra aðila.

Sums staðar beittu stjórnir nýfrjálsra ríkja sér fyrir samþykkt laga sem miða áttu að því að tryggja betur jafnrétti kvenna á við karla. Ný hjúskaparlöggjöf frá árinu 1971 veitti konum í Tansaníu sama rétt og körlum til að krefjast skilnaðar vegna hjúskaparbrota. Þar fengu þær einnig rétt til að neita að ganga í hjónaband sem foreldrar sömdu um að þeim fornspurðum, sjálfsákvörðunarrétt um notkun getnaðarvarna, ef þær voru aðgengilegar, og rétt til forræðis yfir börnum sínum, ef til skilnaðar kæmi. Önnur lög, sem vörðuðu stöðu fjölskyldunnar miklu, kváðu á um fullt sjálfræði ungmenna gagnvart foreldravaldi eftir að ákveðnum aldri var náð. En þótt ákvæði af þessu tagi hafi verið leidd í lög, var veruleikinn þó stundum allur annar.

Athugunarefni

Hvaða breytingar hafði sjálfstæðisheimt Afríkuþjóða í för með sér fyrir stöðu kvenna í Afríku?

Afríka að fengnu sjálfstæði

Hér fer á eftir kafli úr bókinni *Afrikas historie – nye perspektiver* eftir Jarle Simensen. Oslo, 1983.

Þróun efnahagsmála og félagslegra þátta

Vanþróun Afríku var ekki einvörðungu nýlendustjórninni að kenna, og hún hvarf heldur ekki með sjálfstæðinu. Efnahagsþróunin hélt að mestu áfram eftir svipaðri braut og áður, mest áhersla var lögð á að tengjast heimsmarkaðnum sem best. Afríka stóð enn öðrum heimsálfum að baki í framleiðslugetu og efnalegri hagsæld, og þjóðir álfunnar voru eftir sem áður í brýnni þörf fyrir að afla sér tækniþekkingar og verkkunnáttu frá öðrum þjóðum. Af 26 „vanþróuðustu löndum heims“, eins og komist var að orði, á áttunda áratugi síðustu aldar, voru 19 í Afríku. Gjaldeyristekjur af útflutningi voru meginforsenda þess að unnt væri að afla fjár til uppbyggingar og sérfræðiþekkingar erlendis frá. Að fengnu sjálfstæði kom til það nýmæli að öll iðnríki veittu nú Afríku þróunarhjálp. Það gerðist bæði með tvíhliða áætlunum um stuðning og fyrir meðalgöngu alþjóðastofnana á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann. Fénu var ýmist varið til uppbyggingar velferðarþjónustu, skóla eða samgöngukerfisins eða til sérfræðiaðstoðar og fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum. Þróunarhjálpin greiddi einnig fyrir eflingu peningaviðskipta og aukinni þátttöku í heimsversluninni. Þróunarhjálpin hafði líka mikil áhrif að því leyti að framboð á hráefnum handa evrópskum iðnaði jókst, og hópar sérfræðinga frá þeim löndum sem létu fé af hendi rakna fengu áhugaverð og vel launuð verkefni til úrlausnar. Georges Pompidou Frakklandsforseti dró enga dul á þetta: „Efnahagsávinningurinn af þessu samstarfi er ótvíræður ... Iðnríkin vilja auka útflutning sinn til þróunarríkja, og reynslan hefur leitt í ljós að við verðum að auka kaupmátt þeirra, annaðhvort með því að kaupa af þeim hráefni, veita þeim lán eða beinlínis með peningagjöfum.“

Annað nýmæli sem ruddi sér til rúms að fengnu sjálfstæði var þung sókn fjölþjóðafyrirtækja til ítaka og áhrifa. Á nýlendutímanum voru það einkum fyrirtæki frá löndum nýlenduherranna sjálfra sem stóðu fyrir nútímalegri atvinnuþróun í Afríku. En áratugina eftir heimsstyrjöldina síðari fór alþjóðavæðing auðmagnsins á Vesturlöndum vaxandi, og stórfyrirtæki, með dótturfyrirtæki eða eignarhlut í fyrirtækjum í mörgum löndum, stóðu með hverju ári fyrir æ stærri hluta fjárfestingar í Afríku eins og annars staðar.

Í upphafi voru menn bjartsýnir, og framfarirnar á „þróunaráratugnum“ eftir 1960 eru einkar athyglisverðar. Á þeim áratug jókst þjóðarframleiðsla Afríkuríkja að jafnaði um fimm af hundraði. Þetta var mikil aukning þegar borið er saman við upphafsskeið iðnvæðingar í Evrópu og meiri aukning en var í mörgum iðnvæddum löndum á sama tíma. Þeir sem heimsóttu þessi lönd sáu að ásýnd höfuðborganna breyttist; þær fengu flugvöll, unnið var að hafnargerð, reistar voru glæsilegar stjórnarráðsbyggingar, verslunarmiðstöðvar og einbýlishúsahverfi. Efling menntakerfisins skilaði mestum tölulegum árangri. Herferðir til útrýmingar á ólæsi stórjuku lestrar- og skriftarkunnáttu úr fimm af hundraði í fjórðung meðal fullorðins fólks á árunum 1960–79 í Afríku sem heild. Tansaníumenn lögðu ofurkapp á slíkar herferðir og þar í landi jókst læsi úr 33% íbúanna árið 1967 í 79% árið 1981. Stórátak var gert í vegagerð og bifreiðaeign jókst gífurlega. Vegagerðin var að verulegu leyti kostuð með þróunarhjálp. En grundvallaruppbygging flutningakerfisins breyttist ekki frá því sem verið hafði á nýlendutímanum: leiðirnar lágu inn til kjarnasvæða hvers ríkis og tengdu þau út á við við heimsmarkaðinn. Ríkismyndun og útflutningsverslun útheimti slíkt skipulag í Afríku eins og annars staðar, og gilti þá einu þótt beinni nýlendustjórn væri lokið.

Á árunum eftir 1970 dró úr hagvexti. Það olli almennum vonbrigðum, ekki síst meðal erlendra fræðimanna og annarra sem fylgdust með framvindu mála. Þróunin í átt til einsflokkskerfis á stjórnmálasviðinu hafði áhrif í sömu veru. Sú mynd sem við blasti var þó ekki einsleit. Við skulum halda okkur við Afríku sunnan Sahara að lýðveldinu Suður-Afríku frátöldu. Sé þessi hluti álfunnar skoðaður sem heild fór hagvöxtur þar einnig vaxandi á áttunda tugi aldarinnar. Hagvöxtur jókst í löndum þar sem olíuvinnsla hófst (Nígería, Gabon). En fólksfjölgun í Afríku var örari en í nokkrum öðrum heimshluta, 2,7% á ári á áttunda áratugnum miðað við 2,2% í þróunarlöndunum sem heild. Ef Nígeríu er haldið utan við útreikningana kemur í ljós að hagvöxturinn hélt ekki í við fólksfjölgunina, og því lækkuðu meðaltekjur á mann um einn af hundraði. Minni vöxtur útflutningstekna á áttunda áratugnum borið saman við áratuginn á undan, 3% í stað 4%, var sérstakt áhyggjuefni. Þessi samdráttur stafaði ekki af því að dregið hefði úr eftirspurn á heimsmarkaði, heldur lækkaði *hlutdeild* Afríku í útflutningi þróunarlandanna (úr 17% í 11%). Ef hlutdeild Afríku hefði haldist óbreytt, hefði það jafngilt árlegum vexti upp á átta af hundraði. Afríka lenti raunar í þeim sérstaka vanda að samdráttur varð á heimsmarkaði í eftirspurn eftir útflutningsafurðum ýmissa landa í álfunni. Það átti við um námaafurð á borð við kopar og landbúnaðarafurðir eins og kakaó, kaffi og baðmull, en skiptagildi þeirra lækkaði um helming. En viðskiptakjör með aðrar vörur bötnuðu. Þegar á heildina er litið, versnuðu viðskiptakjör Afríkuríkjanna um 15% á áttunda áratugnum. Það dugar þó ekki til að skýra nema helminginn af samdrættinum í hlutdeild Afríku af heildarútflutningi þróunarlandanna.

Tölur af þessu tagi fela auðvitað ekki í sér tæmandi skýringu á flóknu vandamáli, en þær sýna þó að skýringanna er að verulegu leyti að leita í aðstæðum í Afríku sjálfri. Hvaða aðstæður er hér um að ræða?

Athugunarefni

1. Hvaða ástæður bendir höfundur á fyrir því að efnahagur Afríkuríkja batnaði ekki eftir að sjálfstæði fékkst?
2. Kaflanum lýkur með spurningu. Veltið fyrir ykkur hvaða ástæður á heimavelli í Afríku geta skýrt minnkandi hagvöxt.

IV.15 : Sjálfstæðisbarátta á Íslandsmiðum

Athugunarefni í texta

°1. Í kaflanum segir: „Tilskipun konungs um þriggja sjómílna lögsögu var lögð fyrir Alþingi árið 1871, og mótmælti það þessum þröngu mörkum. En það kom fyrir ekki, enda var þingið enn aðeins ráðgjafarþing á þessum tíma, og tilskipun konungs gekk í gildi árið eftir.“ – Rifjið upp eða finnið framar í bókinni hvenær Alþingi hætti að vera aðeins ráðgjafarþing og hvers konar þing það varð þá.

°2. Í kaflanum er sagt frá útfærslum fiskveiðilögsögunnar í þremur lotum, frá þremur ólíkum sjónarmiðum:
a) Hvenær fært var út og hve langt.
b) Hver urðu viðbrögð Breta við útfærslunum og viðbrögð Íslendinga við viðbrögðum þeirra.
c) Hverjir voru í ríkisstjórn á Íslandi og stóðu þannig að útfærslunum.
Gerið nú stuttan *annál* yfir þessar útfærslur, segið um hverja þeirra í stuttu máli það sem er sagt um þær í lið a), b) og c) í kaflanum. Til dæmis:
1950: Fært út í fjórar sjómílur fyrir Norðurlandi. Ekki getið um viðbrögð Breta. Sjálfstæðisflokkur fór með sjávarútvegsmál í ríkisstjórn.
Þegar þið hafið gert þetta þekkið þið efni kaflans miklu betur en þið gætuð gert með því að lesa hann, jafnvel aftur og aftur.

°3. Línuritið á bls. 284 sýnir að fiskveiðar útlendinga við Ísland hafi lagst gersamlega af á árunum 1940–45. Óbeina skýringu á því má finna framar í bókinni. Hver er hún?

°4. Hvað getið þið lesið út úr línuritinu á bls. 284 um áhrif af útfærslum fiskveiðilögsögunnar á veiðar útlendinga á Íslandsmiðum? Sjáið þið merki um allar útfærslurnar í aflasamdrætti hjá útlendingum? Finnst ykkur þessi áhrif mikil eða lítil miðað við það sem hefði mátt búast við, til dæmis miðað við viðbrögð við Breta við þeim?

Umræðuefni
#1. Í kaflanum segir: „Allar útfærslur fiskveiðilandhelginnar voru gerðar með reglugerð samkvæmt heimild í þessum lögum.“ – Hver er munurinn á lögum og reglugerð?

#2. Ef gengið væri út frá hernaðarsjónarmiði eingöngu væri einsýnt að Bretar hefðu sigrað Íslendinga í þorskastríðunum. Þeir höfðu auðvitað margfaldan herafla miðað við landhelgisgæslu Íslendinga. Veltið fyrir ykkur spurningunni: Hvers vegna sigruðu Íslendingar?

#3. Hvers vegna sendu Bretar einir herskip á Íslandsmið til að verja fiskveiði sína þar? – Hvers vegna ekki Vestur-Þjóðverjar, sem höfðu þó mikla hagsmuni þar?

IV.16 : Átökin um þjóðríkið í Evrópu

Athugunarefni í texta
°1. Hver varð til að hreyfa hugmyndum um stóraukna samvinnu Evrópuríkja á árunum milli stríða og hvernig reiddi þeim af?
°2. Hvert má telja upphaf umræðunnar um nánara samstarf Evrópuríkja laust eftir heimsstyrjöldina síðari?
°3. Hvað er Evrópuráðið og hverjar hafa verið megináherslur í starfi þess?
°4. Hvað var Kola- og stálsamsteypan?
°5. Hvaða ríki stofnuðu Efnahagsbandalag Evrópu árið 1957 og hvaða markmið settu þau sér með Rómarsamningnum?
°6. Hvað varð til þess að Bretar ákváðu að standa utan við Efnahagsbandalag Evrópu í upphafi þótt þeir hefðu tekið þátt í undirbúningsviðræðum að stofnun þess?
°7. Hvaða ríki urðu til þess að stofna Fríverslunarbandalag Evrópu (EFTA) og hver var megintilgangurinn með stofnun þess?
°8. Gerðu yfirlit (annál með tímaás) yfir stækkunarferli Evrópusambandsins allt til dagsins í dag.
°9. Með hvaða rökum beitti de Gaulle neitunarvaldi gegn umsókn Breta um aðild að EBE árið 1963?
°10. Taktu saman stutt yfirlit um hvernig samskipti EFTA og ESB þróuðust yfir í það form sem þau eru nú í.
°11. Hvaða nýju áfangar í samstarfi ESB-ríkja má segja að hafi verið staðfestir með Maastricht-samningnum árið 1992?
°12. Hvað er Evrópska efnahagssvæðið (EES) og hvernig varð það til?

°13. Hvert var inntakið í umbótastefnu Mikhails Gorbatsjovs í Sovétríkjunum og hvernig reiddi henni af?
°14. Hvaða þættir urðu einkum til að ýta undir upplausn Júgóslavíu á árunum eftir 1980?

Umræðuefni

#1. Ísland er aðili að EFTA og þar með Evrópska efnahagssvæðinu. Hér er stöðugt í gangi einhver umræða um stöðu Íslands gagnvart ESB, hvort vænlegt sé að leita eftir aðild, eða hvort farsælast sé fyrir Íslendinga sem þjóð að standa utan þess. Um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir meðal þjóðarinnar.

Verkefnið felur í sér að efnt verði til málfundar í bekknum eða námshópnum. Áður en hann fer fram lesi menn sér til og afli sér upplýsinga. Sú vinna gæti m.a. falið í sér eftirfarandi:

– heimsækja félagasamtökin Evrópuhreyfinguna og Heimssýn sem eru á öndverðum meiði í þessu máli og kynna sér rök talsmanna þeirra fyrir afstöðu sinni.
– fara á skrifstofur stjórnmálaflokkanna og afla upplýsinga um stefnu þeirra og kanna ályktanir þeirra og bæklinga sem þeir kunna að hafa gefið út um málið.
– kanna viðhorf hagsmunasamtaka í atvinnulífinu, svo sem Samtaka iðnaðarins og LÍÚ, sem verið hafa á mjög öndverðum meiði í þessu efni.
– kynna sér viðhorf launþegasamtaka á borð við ASÍ og BSRB.
– leita upplýsinga og álits hjá viðeigandi starfsmanni Seðlabankans um umræðuefnið og álitamálið króna eða evra.

Einnig má hafa gagn af heimildum sem birtar eru eða vísað er til hér á eftir.

Í lok umræðna gætu menn, ef þeim sýndist svo, efnt til skoðanakönnunar í hópnum sem leiddi í ljós afstöðu manna til málsins.

Heimildaverkefni

*1. Gerðu yfirlit yfir þau ríki sem til urðu þegar Sovétríkin leystust upp og dragðu saman upplýsingar um stærð þeirra, íbúafjölda, þjóðarframleiðslu, tungumál og trúarbrögð.
*2. Gerðu yfirlit yfir þau ríki sem til urðu þegar Júgóslavía liðaðist í sundur og dragðu saman upplýsingar um stærð þeirra, íbúafjölda, þjóðarframleiðslu, tungumál og trúarbrögð.

Útdráttur úr samningnum um Kola- og stálsamsteypuna (ECSC).[1)] Samningurinn var staðfestur í París 18. apríl 1951:

Aðilar samningsins eru Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemburg og Sambandslýðveldið Þýskaland.

Inngangur:
Við álítum að friður í heiminum verði aðeins tryggður með skapandi starfi sem tekur mið af þeirri ógn sem steðjar að honum.

Við erum sannfærð um að óhjákvæmilegt sé að til komi framlag samstilltrar og öflugrar Evrópu, ef takast á að varðveita friðinn.

Við erum okkur þess meðvitandi að endurreisn Evrópu útheimtir raunverulegar aðgerðir sem í fyrsta lagi glæða samkennd, en leggja jafnframt grunninn að þróun efnahagslífsins.

Við viljum efla grundvallaratvinnuvegi okkar og á þann hátt bæta lífskjör og stuðla að friði.

Við viljum segja skilið við aldagamla samkeppni, en standa þess í stað saman um grundvallarhagsmuni okkar. Við viljum leggja grunn að víðtækara og nánara samstarfi með því að koma til leiðar efnahagssamvinnu með þjóðum sem lengi hafa borist á banaspjót og koma á fót stofnunum sem geta varðað veginn á sameiginlegri framtíðarbraut. Fyrir því hafa [áðurnefnd ríki] ákveðið að stofna með sér Kola- og stálsamsteypu Evrópu ...

Úr samningstextanum:

7. grein. Stofnanabundið skipulag Kola- og stálsamsteypunnar er sem hér segir: Framkvæmdastjórn, með ráðgjafarnefnd sér við hlið, sameiginlegt fulltrúaráð, hér eftir nefnt þingið, ráðherranefnd, hér eftir nefnd ráðið, og dómstóll ...
8. grein. Verkefni framkvæmdastjórnarinnar er að sjá til þess að markmið þau sem lýst er í samningi þessum nái fram að ganga.
9. grein. Framkvæmdastjórnin skal skipuð níu fulltrúum. Kjörtímabil þeirra er sex ár, og skulu þeir valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar. Heimilt er að skipa menn til áframhaldandi setu í framkvæmdastjórninni að loknu kjörtímabili þeirra ... Einungis þegnar aðildarríkjanna eru kjörgengir í framkvæmdastjórnina. Að hámarki mega tveir fulltrúar sama ríkis sitja í stjórninni.

Fulltrúar í framkvæmdastjórninni eiga að vera algerlega sjálfstæðir í störfum sínum og taka ákvarðanir með heildarhagsmuni samtakanna í huga. Í störfum sínum mega þeir ekki taka við fyrirmælum frá einstökum ríkisstjórnum eða hagsmunasamtökum né heldur reyna að hafa áhrif á þessa aðila. Þeir verða að forðast allar þær athafnir sem brjóta í bága við yfirþjóðleg viðfangsefni þeirra.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að virða yfirþjóðlegt eðli samtakanna, og þau mega ekki undir neinum kringumstæðum reyna að beita fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar þrýstingi í störfum þeirra.

Fulltrúum í framkvæmdastjórninni er óheimilt að sinna nokkrum störfum, jafnt launuðum sem ólaunuðum, í þágu fyrirtækja sem tengjast kolanámi eða stáliðnaði. Þeir mega heldur ekki eiga eða eignast hlut í slíkum fyrirtækjum, hvorki beint né óbeint. Þetta bann gildir meðan þeir eiga sæti í framkvæmdastjórninni og þrjú ár eftir að setunni lýkur. ...
18. grein. Framkvæmdastjórnin hefur ráðgjafarnefnd sér við hlið. Í henni skulu sitja minnst 30 fulltrúar, en 51 að hámarki. Þeir skulu koma úr hópi atvinnurekenda, verkamanna, neytenda og kaupmanna og skulu allir hagsmunahópar eiga þar jafnmarga fulltrúa ...
19. grein. Framkvæmdastjórnin skal kynna ráðgjafarnefndinni markmið og áætlanir sínar ... og gera nefndinni grein fyrir störfum sínum í megindráttum ...
21. grein. Þingið skal skipað fulltrúum sem þjóðþing aðildarríkjanna kjósa til eins árs í senn úr sínum röðum. Þá má einnig kjósa beinni almennri kosningu samkvæmt reglum sem einstök aðildarríki samtakanna setja sér.

Fulltrúafjöldi einstakra ríkja er sem hér segir: Belgía tíu, Frakkland 18, Holland tíu, Ítalía 18, Lúxemburg fjórir og Sambandslýðveldið Þýskaland 18. ...
22. grein. Þingið skal koma saman til funda árlega. Samkomudagur þess er annar þriðjudagur maímánaðar. Það má ekki sitja á rökstólum lengur en til loka yfirstandandi fjárhagsárs ...
24. grein. Þingið fjallar í heyrenda hljóði um skýrslu þá sem framkvæmdastjórnin leggur fram. ... Ef þingið samþykkir vantraust á framkvæmdastjórnina með 2/3 atkvæða, og meirihluti þeirra sem sæti eiga á þinginu stendur að baki samþykktinni, ber fulltrúum í framkvæmdastjórninni að leggja niður umboð sitt. Þeir skulu þó sinna daglegum viðfangsefnum sínum uns nýir fulltrúar hafa verið tilnefndir í þeirra stað samkvæmt ákvæðum 10. greinar ...
26. grein. Starf ráðsins ... beinist einkum að því að tryggja að stefna framkvæmdastjórnarinnar rími við stefnu ríkisstjórnanna sem bera ábyrgð á almennri efnahagsstefnu hver í sínu landi. Svo að þetta megi takast er ætlast til að ráðið og framkvæmdastjórnin skiptist á upplýsingum og ræði mál sín í

milli. Ráðið getur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún kanni allar tillögur og úrræði sem það telur nauðsynleg eða til þess fallin að láta samtökin ná markmiðum sínum.
27. grein. Ráðið er skipað fulltrúum allra aðildarríkjanna. Hvert ríki á þar einn fulltrúa og skal hann koma úr röðum ráðherra í ríkisstjórn viðkomandi ríkis. Fulltrúar í ráðinu skulu skiptast á um að vera í forsæti, þrjá mánuði í senn, samkvæmt stafrófsröð aðildarríkjanna.
28. grein. Forseti ráðsins kallar það saman til fundar að ósk einstakra aðildarríkja eða framkvæmdastjórnarinnar ...
31. grein. Dómstóll samtakanna gætir þess að farið sé að lögum við túlkun og beitingu þessa samnings og við framkvæmd hans.

Heimild
Kilder til belysning af forholdet mellem Sovjetunionen og vestmagterne 1945–1955. Ritstj. Sv. Aage Bay. Kaupmannahöfn, 1972.

1) ECSC: European Coal and Steel Community

Ýmis grundvallarplögg er varða samstarf Evrópuríkja á efnahags- og stjórnmálasviði eru aðgengileg:

1. Rómarsamningurinn. Samningur um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu (fram til 1991).

Heimild: Stefán Már Stefánsson. *Evrópuréttur. Réttarreglur og stofnanir Efnahagsbandalagsins*, bls. 321-392.

2. Maastrichtsamningurinn. – Sjá www.eurotreaties.com/maaastrichttext.html

3. Stofnsamningur EFTA og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. – Sjá www.utanrikisraduneyti.is/samningar

V. VELFERÐ Í DEIGLU

V.1 : Inngangur

Umræðuefni

#1. Hvað ræður því hvað við teljum venjulega til velferðarkerfis og hvað ekki?
a) Í víðari merkingunni: Ekki er venja að telja löggæslu eða hervarnir til velferðarmála, þótt ríkið annist venjulega hvort tveggja og telji sig gera það til þess að bæta líðan íbúanna. Ríkisrekin samgöngukerfi eru ekki talin til velferðarkerfis, varla sorphirða heldur þótt sveitarfélögin annist hana, jafnvel ókeypis. – Hvers vegna ekki?
b) Í þrengri merkingunni: Ekki teljast allar tryggingar til velferðarkerfis, ekki bifreiðatryggingar, brunatryggingar eða heimilistryggingar, jafnvel ekki skyldutryggingar af þessu tagi. – Hvers vegna ekki?
Hugsanlega ræðst það að einhverju leyti af venjum hvað við teljum til velferðarmála og hvað ekki. Ekki þarf nauðsynlega að gera ráð fyrir að alltaf sé skynsamlegur, röklegur munur á því sem telst með og því sem telst ekki með.

#2. Finnst ykkur velferðarkerfi réttlátt? Er til dæmis rétt að láta þá heilbrigðu greiða skatta til að kosta lækningakostnað þeirra sem verða veikir? – Flýtið ykkur ekki að komast að endanlegri niðurstöðu, finnið heldur rök bæði með og á móti réttlæti velferðarkerfisins.

Heimildaverkefni

*1. Flettið upp eftir nafna- og hugtakaskrá *Fornra tíma* hvað þar er sagt um upplýst einveldi.

V.2 : Hugmyndir um velferðarríki

Athugunarefni í texta

°1. Hvar og hvenær var fyrst hafist handa við að byggja upp velferðarkerfi á nútimavísu? Hver var hvatamaður þess og hvað gekk honum til?
°2. Taktu saman stutt yfirlit yfir félagsmálalöggjöf Bismarcks.
°3. Hvað olli því að Bretar urðu mun seinni til en Þjóðverjar að hefja uppbyggingu velferðarkerfis fyrir forgöngu hins opinbera?
°4. Hvaða stjórnmálamaður í Bretlandi beitti sér einkum fyrir löggjöf á sviði félags- og velferðarmála? Hverjir voru helstu lagabálkarnir sem samþykktir voru?
°5. Hvernig þróaðist velferðarkerfið á árunum milli stríða?

°6. Glöggvaðu þig á því hvað átt er við þegar talað er um Norðurlönd sem sérstaka fyrirmynd á sviði velferðarmála.
°7. Hvaða ferli hafa menn í huga þegar svo er tekið til orða að velferðarkerfi nútímans sé síðasti ávöxtur mannréttindahugsunar sem kviknaði fyrir 250–300 árum?

Umræðuefni
#1. Hvernig á að haga fjármögnun velferðarkerfisins? Á að kosta það af almennu skattfé eða með þjónustu- og notendagjöldum í vaxandi mæli (skólagjöld í framhalds- og háskólum, komugjöld á heilsugæslustöðvar og göngudeildir, greiðslur fyrir rannsóknir, greiðslur fyrir heimsóknir til sérfræðilækna o.s.frv.)?
#2. Að undanförnu hefur mikið verið rætt um tekjutengingar í velferðar- og bótakerfinu. Það mál verði tekið til athugunar og rætt frá ýmsum hliðum og reynt að fá yfirlit yfir þau rök sem fram hafa verið borin með og á móti.

Heimildaverkefni
*1. Hópur nemenda fari á fund forystumanna eða talsmanna Landssambands eldri borgara til að fræðast um hvaða velferðarmál brenna heitast á umbjóðendum þeirra og hvaða hugmyndir samtökin hafa um breytingar til bóta. Niðurstöður verði kynntar með fyrirlestri í bekknum / námshópnum.
*2. Hópur nemenda fari á fund forystumanna eða talsmanna Öryrkjabandalags Íslands til að fræðast um hvaða mál brenna heitast á félögum bandalagsins og kröfur samtakanna um breytingar til bóta. Niðurstöður verði kynntar með fyrirlestri í bekknum námshópnum.

V.3 : Umsvif velferðarríkisins

Athugunarefni í texta
°1. Hverjar voru áherslurnar þegar hið opinbera tók fyrst að beita sér á sviði skólamála?
°2. Hver urðu áhrifin af auknum afskiptum ríkisvaldsins af skólamálum í kaþólskum löndum á borð við Frakkland?
°3. Gerðu stutt yfirlit yfir þær hugmyndir og sjónarmið sem bjuggu að baki stóraukinni áherslu stjórnvalda á stefnumörkun og uppbyggingu í menntamálum á árunum eftir 1870 og áfram eftir það?
°4. Um hvað var tekist á þegar menn deildu um „lærða skóla“ annars vegar og „gagnfræðaskóla“ hins vegar?
°5. Hvaða eðlisbreyting hefur orðið á háskólum og háskólamenntun þegar nútíminn er borinn saman við fyrstu áratugi 20. aldar?

°6. Hverjum er eignaður heiðurinn af því að hafa fært sönnur á að bakteríur yllu sjúkdómum?
°7. Fyrir hvaða uppgötvanir hefur Robert Koch öðlast frægð í sögu læknavísindanna?
°8. Hvaða uppgötvun á Alexander Fleming heiðurinn af?
°9. Á síðari árum hafa heilsuvernd og forvarnir orðið æ ríkari þáttur í heilbrigðisþjónustunni. Taktu saman stutt yfirlit yfir þau atriði af þessu tagi sem nefnd eru í kennslubókinni og bættu við nokkrum fleiri frá eigin brjósti.

V.4 : Velferðarríkið Ísland

Athugunarefni í texta
°1. Í inngangskafla þessa bókarhluta í nemendabókinni segir:

Með lýðræðisþróuninni á 19. og 20. öld jókst áhersla stjórnvalda á velferð þegnanna. Í fyrstu lotu stafaði hún oft af því að íhaldssöm stjórnvöld vildu slæva óánægju alþýðu og tryggja sér vinsældir hennar til að koma í veg fyrir að hún snerist til sósíalisma. Þegar kom fram á 20. öld komust víða til pólitískra valda flokkar sósíaldemókrata sem sóttu fylgi sitt einkum til alþýðu, og aukin velferð var jafnan stefnumál þeirra.

Hvernig var þessu háttað á Íslandi eftir því sem upphafi kerfisins er lýst í kafla V.4? Var velferðarkerfið skapað af íhaldssömum, hægrisinnuðum stjórnmálaflokkum eða vinstrimönnum og sósíalistum?

°2. Allt frá 1991 hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið í ríkisstjórn samfellt. Á árunum 1995–2004 var samstarfsflokkur Sjálfstæðismanna Framsóknarflokkurinn og Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var forsætisráðherra. Ríkisstjórn Davíðs hlýtur að teljast fremur til hægri en vinstri í stjórnmálum. Sjáið þið merki þess í kaflanum að þetta langa hægristjórnartímabil hafi bitnað á velferðarkerfinu? Hefur það verið skert á einhvern hátt?

°3. Í kaflanum er umfang trygginga metið með því að bera útgjöld vegna þeirra saman við þrjár hagstærðir:
a) *ríkisútgjöld;*
b) *útgjöld opinberra aðila:* ríkis og sveitarfélaga
c) *þjóðarframleiðslu* (nokkurn veginn það sama og (vergar) þjóðartekjur og landsframleiðslu)
Hlutföllin milli þessara stærða eru dálítið misjöfn frá einum tíma til annars; til dæmis minnkuðu útgjöld ríkisins hlutfallslega en útgjöld sveitarfélaga hækkuðu þegar

rekstur grunnskóla var færður frá ríkinu til sveitarfélaganna. Hirðið samt ekki um það heldur reiknið út frá tölum sem eru birtar á bls. 312 hlutföllin á milli þessara stærða þriggja.

Umræðuefni

#1. Lesið út úr myndinni á bls. 310:

a) Hvað haldið þið að torfbærinn fremst á myndinni sé mörg herbergi?

b) Hvaða tilgangi haldið þið að litli skúrinn við hlið hans þjóni, sá sem er nánast eins og stór kassi reistur upp á endann?

c) Haldið þið að byggingarnar á myndinni séu í sveit eða þéttbýli? – Af hverju ráðið þið það?

#2. Þegar almannatryggingalögin voru sett árið 1946 voru bætur og iðgjöld höfð hærri á stórum þéttbýlisstöðum en í sveitum og litlum þorpum af því að talið var dýrara að lifa á fjölmennari stöðunum. Hvernig hefur getað staðið á þessum mun? Hvernig haldið þið að þessu sé háttað núna?

#3. Hvers vegna eru sjúkra-, slysa- og viðlagatryggingar gegn náttúruhamförum hafðar á vegum ríkisstofnana en ekki vátryggingarfélaga eins og aðrar vátryggingar, til dæmis bruna- og bifreiðatryggingar? Væri rétt að færa eitthvað af þessum tryggingum á milli opinberra aðila og einkafyrirtækja?

#4. Í kaflanum segir: „á síðustu árum áður en þetta er skrifað, á árinu 2005, hefur atvinnuleysi verið í kringum 3% af vinnuafli og er talið vel viðunandi.“ – Því má bæta við þetta að stundum er talað um að nauðsynlegt sé að hafa alltaf nokkurt atvinnuleysi. Hafið þið hugmynd um hvers vegna þetta er sagt? Getið þið fallist á það?

#5. Samkvæmt núgildandi lögum um fæðingarorlof (nr. 95/2000) eiga greiðslur til fólks í fæðingarorlofi að nema „80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tvö tekjuár á undan fæðingarári barns ...“ Foreldrar sem eru ekki á vinnumarkaði eiga að fá kr. 40.409 á mánuði en fólk í fullu námi kr. 91.200 á mánuði. Af þessu leiðir að forstjóri getur haft margfalt hærri laun við að gæta barns síns en verkamaður eða námsmaður. Er það réttlátt? – Getur verið að það sé nauðsynlegt þó að það sé ekki réttlátt? – Hvernig ættu reglurnar að vera?

V.5 : Jafnréttishugmyndir

Athugunarefni í texta

°1. Hvaða breyting varð á stöðu blökkumanna í suðurríkjum Bandaríkjanna eftir að alríkisstjórnin í Washington aflétti hernámi sínu þar árið 1877?
°2. Hvert var inntakið í afdrifaríkum úrskurði hæstaréttar Bandaríkjanna frá 1896 er mjög varðaði stöðu blökkumanna?
°3. Hvað var Ku Klux Klan?
°4. Hvaða þáttaskil urðu í réttindabaráttu blökkumanna með hæstaréttardómi árið 1954?
°5. Hver beitti sér fyrir að fá mannréttindalöggjöfina (Civil Rights Act) frá 1964 samþykkta í Bandaríkjunum og hvert var megininntak hennar?
°6. Hvað merkir orðið apartheid og hvað fólst í þeirri stefnu sem við það er kennd?
°7. Hvaða hlutverki gegndu hin svokölluðu heimalönd (bantustans) í apartheid-stefnunni.
°8. Hvað er Afríska þjóðarráðið (ANC)?
°9. Hvað varð til að grafa undan apartheidstefnunni og hver urðu endalok hennar?
°10. Hver var Simone de Beauvoir?
°11. Hver var Betty Friedan?
°12. Að hvaða leyti var jarðvegurinn frjór fyrir boðskap nýju kvennahreyfingarinnar á árunum um og upp úr 1970?

Heimildaverkefni

*1. Eitt af því sem einkennt hefur þróun á alþjóðavettvangi eftir 1945 er aukin áhersla á hvers konar mannréttindi. Það endurspeglast í gerð mannréttindasáttmála af ýmsu tagi, og hefur Ísland staðfest marga þeirra. Ákvæði slíkra alþjóðlegra mannréttindasáttmála höfðu veruleg áhrif á endurskoðun ákvæða í mannréttindabálki stjórnarskrárinnar íslensku árið 1995.

Verkefnið felst í því að nemendur, einir sér eða í hópvinnu, taki til skoðunar einstaka sáttmála af þessu tagi. Verkefnaskil geta verið ýmist skrifleg, í formi skýrslu eða stuttrar ritgerðar, eða munnleg í formi stutts fyrirlestrar í bekknum/námshópnum.

Heimildir

Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar sem Ísland er aðili að. Reykjavík, 2003.
Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar. Reykjavík, 1992.
Mannréttindasáttmáli Evrópu. Reykjavík, 2001.
Genfarsamningarnir. Akureyri, 2004.
Mannréttindi koma þér við. Málþing um Genfarsáttmála og önnur mannúðarlög. Reykjavík, 1991.

Einnig skal hér bent á veffang Mannréttindaskrifstofu Íslands, humanrights.is, og erlendar netsíður um þetta efni.

*2. Taktu saman fyrirlestur um Martin Luther King og baráttu hans.

Heimildir

Ég á mér draum. Sagan um Martin Luther King í máli og myndum. Ritstj. Charles Osborne. Reykjavík, 1968.

Gunnar Kristjánsson. „Martin Luther King: um hugmyndir hans og baráttuaðferðir." *Kirkjuritið*, 49. árg., 1. hefti, bls. 57–65.

Martin Luther King. – Tvær myndsnældur, hljóðsettar, í lit. Leikstjóri: Abby Mann. Reykjavík, 1978.

Gylfi Gröndal. *Róbert Kennedy.* Reykjavík, 1969, bls. 112–115 (bakgrunnsefni).

Einnig skal bent á þann möguleika að afla sér upplýsinga á Netinu.

Staða blökkumanna í Bandaríkjunum á 4. tugi fyrri aldar

Árið 1938 lét öldungadeildarþingmaðurinn Allen J. Ellender úr flokki demókrata eftirfarandi orð falla þegar öldungadeild Bandaríkjaþings hafði til umfjöllunar frumvarp til laga gegn sjálftökumorðum („lynching") á blökkumönnum:

Bandaríkjamenn mega ekki gefa upp á bátinn hugtakið „yfirdrottnun hvítra manna". Gerist það mun siðmenning okkar líða undir lok, líkt og siðmenning Egypta, Indverja og íbúa Haiti og margra annarra menningarþjóða í aldanna rás. Það gæti líka hent okkur, og gerist það, verður að minnsta kosti ekki hægt að segja að ég hafi ekki haft uppi varnaðarorð ...

Mér er ljúft að leggja áherslu á að allt gott og sómakært fólk ber mikinn hlýhug til negra sem hóps. Við höfum ætíð haft dýpstu samúð með þeim og tekið tillit til þeirra. Okkur hefur þótt sjálfgefið að líta á negra sem skjólstæðinga okkar, enda finnum við til ábyrgðar gagnvart þeim. Efnahagslífi suðurríkjanna er mikill akkur að þeim. Við sýnum þeim fulla vinsemd, og þegar ég segi það, á ég við allan þorra íbúanna í suðurríkjunum. Ég er þeirrar skoðunar – það er raunar fullvissa mín – að negrar í suðurríkjunum unna hvítum íbúum þar hugástum. Þannig hefur því alltaf verið farið, og yfirleitt eru negrar boðnir og búnir að gera hvítum mönnum til geðs. ... Hvað sjálfan mig varðar, er ég enn þann dag í dag reiðubúinn til að greiða atkvæði með því að afnema 15. stjórnarskrárbreytinguna um kosningarétt negrum til handa – áður en það verður um seinan. Ég vil ekki að negrar verði kjörnir til setu í öldungadeildinni, og ég vil heldur ekki að negri gegni embætti ríkisstjóra í nokkru ríki landsins. Ég er einlæglega þessarar skoðunar! Og ég vil ekki að menn misskilji það sem ég segi! Þessi orð mín eru sprottin af djúpum náungakærleika, og þau endurspegla þá virðingu og samúð sem ég hef og hef alla tíð haft í garð negra í Bandaríkjunum.

Negrar hafa meiri þörf fyrir hvíta menn en hvítir menn hafa fyrir þá. ...

Negrar komu í hlekkjum hingað til Bandaríkjanna. Þeir komu hingað sem þrælar. Öll siðmenning var þeim gersamlega lokuð bók, uns þeir stigu hér á land. Því leyfi ég mér að segja að bandaríska þjóðin hafi orðið negrum til blessunar. Hér hafa þeir tekið framförum og hér þykir þeim gott að vera. En guð hjálpi okkur öllum, jafnt þeim sem okkur, ef hér yrði til eitthvert kyn blendingsbastarða negra og hvítra manna ...

Heimild

I.A. Newby (ritstj.). *The Development of Segregationist Thought.* Homewood, Illinois, 1968.

*3. Taktu saman fyrirlestur um Nelson Mandela.

Heimildir

Nelson Mandela. *Leiðin til frelsis. Sjálfsævisaga.* Reykjavík, 1996.
Nelson Mandela. *The Struggle is my Life.* His speeches and writings brought together with historical documents and accounts of Mandela in prison by fellow prisoners. New York, 1990.
Winnie Mandela. *Brot af sálu minni.* Reykjavík, 1987.
Einar Olgeirsson. „Nelson Mandela“. *Réttur*, 1966, 49. árg., 2. hefti, bls. 100–104.
Einar Olgeirsson. „Nelson Mandela gerður heiðursborgari Glasgow“. *Réttur*, 1981, 64. árg., 4. hefti, bls. 215.
Sigursveinn D. Kristinsson. „Winnie og Nelson Mandela: frelsisbarátta hinnar svörtu þjóðar Suður-Afríku“. *Réttur*, 1987, 70. árg., 1. hefti, bls. 35–38.
Gylfi Páll Hersir. „Nelson Mandela og frelsisbaráttan í Suður-Afríku“. *Réttur*, 1989, 72. árg., 4. hefti, bls. 162–175.
Margrét Margeirsdóttir. *Paradís ferðamannsins. Suður-Afríka. Land mikilla örlaga.* Reykjavík, 1994, bls. 26–31 og 150–156.
Mandela [myndband]. Leikstjóri: Philip Saville. [Hafnarfjörður], 1990.

Einnig skal bent á þann möguleika að afla sér upplýsinga á Netinu.

*4. Taktu saman fyrirlestur um Simone de Beauvoir.

Heimildir

Dagný Kristjánsdóttir o.fl. *Simone de Beauvoir: heimspekingur, rithöfundur, femínisti.* Ritstj. Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir.
Soffía Guðmundsdóttir. „Úr frelsisbaráttu konunnar: markmið og leiðir. Betty Friedan og Simone de Beauvoir ræðast við“. *Réttur*, 1978, 61. árg., 1. hefti, bls. 46–63.
Irma Erlingsdóttir o.fl. „Simone de Beauvoir: lífshlaup“. *Vera*, 1999, 18. árg., 3. tbl., bls. 22–26.
Gunnhildur Hrólfsdóttir. „Mín kona á 20. öldinni“. *19. júní*, 2000, 49. árg., bls. 54–57.
Sonja B. Jónsdóttir. „Kona – eða hvað?“. Lokaritgerð við H.Í. 1981.

Einnig skal bent á þann möguleika að leita sér upplýsinga á Netinu.

*5. Taktu saman fyrirlestur um Betty Friedan.

Heimildir

Soffía Guðmundsdóttir. „Þjóðsagan um konuna: the feminine mystique; í útvarpinu fyrir 30 árum“. *Vera*, 1999, 18. árg., 2. tbl., bls. 22–27.

Soffía Guðmundsdóttir. „Úr frelsisbaráttu konunnar: markmið og leiðir. Betty Friedan og Simone de Beauvoir ræðast við“. *Réttur*, 1978, 61. árg., 1. hefti, bls. 46–63.
Inga Dóra Björnsdóttir. „Betty Friedan. Við verðum að komast úr sporunum“. *19. júní*, 1990, 40. árg., bls. 22–28, 30.
„Betty Friedan á Íslandi“. *Vera*, 1990, 9. árg., 4. tbl., bls. 31.

Goðsögnin um konuna

Árið 1963 gaf Betty Friedan (1921–2006) út bók sína *Goðsögnin um konuna* (The Feminine Mystique). Sú bók kynti mjög undir jafnréttisumræðunni hvarvetna á Vesturlöndum.

> Draumur ungra, bandarískra kvenna var að verða húsmóðir í úthverfi – og að sögn var hún öfundarefni allra kvenna í heiminum. Fyrir tilstilli vísindanna og nýrra hjálpartækja við heimilisstörfin hafði verið létt af henni því líkamlega erfiði sem verið hafði hlutskipti ömmu hennar og þeirri áhættu sem tengdist barnsburði og sjúkdómum fyrri tíðar. Hún var hraust, heilbrigð og aðlaðandi, vel menntuð og helgaði krafta sína eiginmanninum, börnunum og heimilinu. Hún hafði í hendi lykilinn að því að geta notið sín til fulls í samræmi við eðli sitt sem kona. Sem eiginkona og móðir naut hún virðingar sem jafnoki eiginmannsins í þeim heimi sem hann hrærðist í. Hún var frjáls að því að kaupa sér þann bíl sem hún vildi og sömuleiðis fatnað og heimilistæki í verslunarmiðstöðvunum. Hún átti allt sem konur höfðu girnst um aldir.
>
> Fyrstu fimmtán árin eftir að heimsstyrjöldinni síðari lauk var goðsögnin um hina fullkomnu tilveru kvenna tignuð sem sjálfur kjarninn í bandarískri nútímamenningu. Ótaldar milljónir kvenna lifðu lífi sínu í endurskini dásamlegra mynda þar sem sjá mátti húsmóður í bandarísku úthverfi kyssa eiginmann sinn í kveðjuskyni, aka troðfullum bíl af börnum áleiðis í skólann eða renna nýrri rafknúinni bónvélinni yfir spegilskyggnt eldhúsgólfið með bros á vör ...
>
> Þær dreymdi ekki um annað en að verða hin fullkomna eiginkona og móðir, æðsta markmið þeirra í lífinu var að eignast fimm börn og fallegt hús og það eina sem skipti máli var að ná í eiginmann og halda síðan í hann. Þær leiddu ekki hugann að „ókvenlegum“ vandamálum úti í hinum stóra heimi og þær vildu að karlarnir tækju allar ákvarðanir sem máli skiptu ...
>
> Í meira en fimmtán ár hefur allt sem hefur verið skrifað fyrir bandarískar konur, allt sem þær hafa rætt um sín í milli, snúist um börnin, skólagöngu þeirra og heimanám, um hvað þær gætu gert til að gera eiginmennina hamingjusama, um það hvernig matreiða skuli kjúkling eða skipta um áklæði á húsgögnum. Á þessum nótum hefur tal þeirra verið meðan karlarnir hafa setið í hinum enda stofunnar og rætt um stjórnmál og viðskipti ...
>
> Ef konur leysa nú ekki úr læðingi þann kraft sem til þarf svo að þær geti þroskast sem einstaklingar, munu þær koðna niður sem manneskjur. Það jaðrar við sjálfsmorð að konur eigi sér ekkert takmark eða tilgang í lífinu og enga framtíðarsýn sem nær út yfir það stutta tímabil þegar líffræðileg sérstaða þeirra hefur hlutverki að gegna. Bandarískar nútímakonur mega ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd að þær geta átt eftir að lifa í hálfa öld þegar barneignunum er lokið. Og þær ættu heldur ekki að loka augunum fyrir því að sem húsmæður einvörðungu verða þær í hlutverki áhorfandans, þótt allur heimurinn sé á fleygiferð utan við stofugluggann hjá þeim. Óttinn sem þær finna til er raunverulegur meðan þær gegna engu hlutverki í þessum ytri heimi ...
>
> Ég væri á miklum villigötum, ef ég þættist hafa á boðstólum einhverja patentlausn á þessu vandamáli handa öllum konum. Bandaríki nútímans gefa ekki neitt einfalt svar. Hver kona fyrir sig verður að finna sitt svar. Það verður erfitt og sársaukafullt og getur tekið tímann sinn. Umfram allt verður hún að afneita húsmóðurhugsjóninni algerlega. Í því felst að sjálfsögðu ekki að hún eigi að skilja við eiginmann sinn, yfirgefa börnin og ganga út af heimilinu. Hún á ekki að þurfa að velja milli hjónabands og starfsframa, í því var einmitt valþröng goðsagnarinnar fólgin. Það er í raun réttri ekki eins erfitt og goðsögnin vill vera láta að sameina hjónaband og móðurhlutverk ævilöngu starfi einhvers einstaklings að ákveðnu málefni. Það útheimtir einungis að maður marki sér nýja lífsbraut – og hafi alla ævina í huga.
>
> Efst á blaði í slíkri áætlun er að ætla húsverkunum þann sess sem þau verðskulda – þau eiga ekki að vera sjálft ævistarfið, heldur verkefni sem leysa ber á eins skjótan og hagkvæman hátt og unnt er. ...

Næsta mál á dagskrá er að líta hjónabandið í réttu ljósi og hreinsa úr augum sér þá glýju gegndarlausrar tilbeiðslu sem goðsögnin hefur sveipað það í. Það verður kannski þrautin þyngri fyrir þann sem mótaður er af kynbundinni menntun ...

Það er líka tími til kominn að hætta að klifa á því að engin þörf sé fyrir kvennabaráttu því að konur hafi nú þegar öðlast öll réttindi ...

Á nánast öllum starfssviðum í viðskiptalífinu, í listum og vísindum er enn komið fram við konur eins og þær séu annars flokks þjóðfélagsþegnar ...

Stúlkur eiga ekki að ætlast til neinna kynbundinna forréttinda, en þær eiga heldur ekki að sætta sig við hleypidóma og mismunun ...

Og þegar konur neyðast ekki til að lifa lífi sínu sem eins konar framlenging á eiginmanni og börnum, hefur karlinn ekki lengur neina ástæðu til að óttast ást og styrk konunnar, hann þarf ekki lengur á veikleika annarrar manneskju að halda til að sanna karlmennsku sína. Þá loksins getur hvor aðilinn um sig áttað sig á því hvernig hinn er gerður. Það verður kannski næsta þrepið í þróunarsögu mannsins.

Getur nokkur gert sér í hugarlund hversu langt konur geta náð, ef þær aðeins fá frelsi til að njóta sín? Hverjum er gefið að segja fyrir um hvað gáfaðar konur geta lagt af mörkum, fái þær tækifæri til að beita gáfum sínum án þess að afneita ástinni? Þekkir nokkur möguleika ástarinnar þegar karlar og konur láta sér ekki nægja að standa saman um barnauppeldi, heimilishald og umhirðu garðblettsins kringum húsið og um viðhald kynstofnsins, heldur axla sameiginlega og í einlægni ábyrgðina á því starfi sem sker úr um framtíð mannkyns og læra þannig til fullnustu að þekkja sjálf sig.

Einnig skal bent á þann möguleika að leita sér upplýsinga á Netinu.

Athugunarefni

1. Hvað telur Betty Friedan að hafi einkennt ríkjandi kvenímynd í Bandaríkjunum á árunum kringum 1960?
2. Hvers vegna telur hún að konur verði að hafna þessari kvenímynd og hvernig eiga þær að hennar dómi að fara að því?
3. Hvaða áhrif telur hún að frelsi kvenna muni hafa á sambúð og samskipti karla og kvenna?
4. Skipta viðhorf Bettyar Friedan einhverju máli nú á dögum?

V.6 : Jafnréttismál á Íslandi

Athugunarefni í texta

°1. Glöggvið ykkur á kvennasöguefni kaflans með því að skipta 20. öldinni upp í þrjú eða fleiri tímabil með tilliti til réttindabaráttu kvenna.

Umræðuefni

#1. Í kaflanum segir að Rauðsokkahreyfingin og Samtök um kvennalista hafi haft nokkuð ólíka stefnu, rauðsokkur hafi lagt áherslu á það sem væri sameiginlegt með körlum og konum, kvennalistakonur á sérstakan reynsluheim kvenna sem greindi þær frá körlum. – Hvor stefnan haldið þið að eigi meira fylgi hjá feministum núna? – Hvor haldið þið að sér vænlegri til að uppræta misrétti karla og kvenna?

#2. Í 1. grein laga um málefni fatlaðra árið 1992 segir: „Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.“ – Hefur þessu markmiði verið náð? – Væri hægt að gera eitthvað meira en þegar hefur verið gert til þess að ná því? – Þekkið þið dæmi um ónauðsynlegt misrétti fatlaðra og ófatlaðra? – Ef svo er, hvað væri hægt að gera til að bæta úr því?

Heimildaverkefni

*1. Í kaflanum kemur fram að árið 1966 var aðeins einn verkfræðingur af 439 kona, það er 0,23%. Flettið í gegnum önnur sérfræðingatöl sem þið finnið frá svipuðum tíma, til dæmis læknatalið *Læknar á Íslandi* I eftir Lárus Blöndal og Vilmund Jónsson (1970), *Lögfræðingatal 1736–1963* eftir Agnar Kl. Jónsson (1963) eða *Kennaratal á Íslandi* eftir Ólaf Þ. Kristjánsson (1958–65). Athugið hvaða konur þið finnið og reiknið út hlutfall þeirra af heildarfjölda í bókunum.

*2. Hve margir karlar og hve margar konur eru í ríkisstjórn Íslands þegar kaflinn er kenndur? Reynið að rifja upp hver fer með hvert ráðuneyti og leitið heimilda til að bæta við þekkingu ykkar og staðfesta hana.

*3 Skrifið stutta ritgerð, um eina til tvær blaðsíður, um fordóma gagnvart samkynhneigð á Íslandi. Leitið heimilda á vefsíðunni http://www.samtokin78.is. Leitið þar að greinum um efnið undir *Greinar.*

V.7 : Misskipting lífsgæða

Athugunarefni í texta

°1. Glöggvaðu þig á merkingu hugtakanna fyrsti, annar, þriðji og fjórði heimurinn.
°2. Hvað var UNCTAD? Hvaða kröfur báru þróunarlöndin fram á þeim vettvangi?
°3. Hversu margt fólk í heiminum taldist búa við allsleysi um aldamótin 2000? Hvað einkennir stöðu þessa fólks og hvar er það einkum að finna?
°4. Hvaða ríki standa á bak við nafngiftina „tígrarnir fjórir“? Hvernig er nafngift þessi til komin?
°5. Í hverju fólst sú viðhorfsbreyting sem varð í alþjóðlegum efnahagsmálum á árunum eftir 1980?
°6. Hvernig þróuðust viðskiptakjör þróunarríkjanna á síðustu áratugum liðinnar aldar?
°7. Hvað er OPEC og hver er tilgangurinn með starfsemi þeirra samtaka?
°8. Við hvað er átt með hugtakinu „öfug þróunaraðstoð“?
°9. Fyrir hvað stendur skammstöfunin WTO?

Umræðuefni

#1. Þessi kafli kennslubókarinnar hefur að geyma allmörg súlurit og kökurit með tölulegum upplýsingum af ýmsu tagi. Þessar upplýsingar ættu að geta orðið útgangspunktur umræðna og skoðanaskipta af ýmsum toga.

Heimildaverkefni

*1. Bent er á að spurningar þær sem varpað er fram í tengslum við kaflana úr skýrslu Brandt-nefndarinnar, sem fara hér á eftir, verði teknar til athugunar.

Brandt-nefndin

Hún varð til að frumkvæði Roberts McNamara, þáverandi forseta Alþjóðabankans. Hann varpaði árið 1977 fram hugmynd um að sett yrði á fót nefnd til að fjalla um andstæðurnar milli norðurs og suðurs, þ.e. vandamál þróunarlandanna. Willy Brandt, fyrrverandi kanslari Vestur-Þýskalands, var formaður nefndarinnar, og í henni áttu sæti 18 manns frá fimm heimsálfum.

Þarfir þeirra sem snauðastir eru

Úrlausn á vanda þeirra landa og svæða sem snauðust eru verður að hafa forgang. Við hvetjum til víðtækra aðgerða til hagsbóta fyrir fátækustu hluta Afríku og Asíu. Við gerum okkur grein fyrir því að fátæktinni verður ekki útrýmt nema iðnríkin leggi fram umtalsverða fjármuni í því skyni og þróunarlöndin taki hagstjórnina fastari tökum og ráðist til atlögu gegn félagslegu og efnalegu ófremdarástandi.

Baráttan gegn hungri í heiminum

Mannkynið verður að setja sér það markmið að hungri og næringarskorti verði útrýmt fyrir lok þessarar aldar. Í því viðfangi verður að tryggja að enginn búi við allsleysi. Mikilvægir þættir þessa eru aukin matvælaframleiðsla, aukinn afrakstur í landbúnaði og aðgerðir sem miða að því að til séu varabirgðir matvæla sem miðla má um heiminn.

Hráefni

Auka verður tekjur hráefnaframleiðenda, svo að afrakstur slíkrar framleiðslu geti gegnt veigameira hlutverki til eflingar ríkjum þriðja heimsins, en flest þeirra eru enn mjög háð útflutningi hráefna. Gera verður þeim kleift að vinna úr eigin hráefnum heima fyrir og taka þátt í sölu þeirra á heimsmarkaði, svo og í flutningi og dreifingu á þeim. Tryggja þarf fast verð á hráefnum, og það verður að vera svo hátt að framleiðslan beri sig. Þannig verða þróunarlöndin síður háð verðsveiflum á heimsmarkaði. ...

Iðnvarningur

Iðnríkin verða að láta af þeirri tilhneigingu sinni að girða sig tollmúrum til að verja iðnað sinn fyrir samkeppni frá ríkjum þriðja heimsins ... Meginreglur þær sem niðurstaða fékkst um í GATT-samningunum[1)] í Tokyo árið 1979 geta komið að gagni, verði þeim fylgt fast eftir. Þróunarlöndin verða að fara afar varlega í verndaraðgerðir af sinni hálfu. Þær mundu hafa áhrif á samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna í einstökum löndum og draga úr möguleikum þeirra til að eiga viðskipti sín í milli, en slík viðskipti eru lykilþáttur í innbyrðis samstarfi þróunarlandanna.

Fjölþjóðafyrirtæki, tækni og námavinnsla

Setja þarf alþjóðlegar leikreglur og skilvirka löggjöf í einstökum ríkjum svo að auðveldara verði að breiða út tæknikunnáttu, hafa eftirlit með samkeppnishamlandi aðgerðum og setja starfsemi fjölþjóðafyrirtækja ákveðna umgjörð. Skýrari alþjóðlegar reglur um fjárfestingar ættu annars vegar að þjóna því hlutverki að gera þróunarlöndunum kleift að fá hlutdeild í sérþekkingu og fjármagni fjölþjóðafyrirtækjanna, en hins vegar stuðla að traustum samskiptum milli þessara fyrirtækja og stjórnvalda í þeim löndum þar sem þau hafa starfsemi með höndum. Festa í þessum efnum gæti orðið hvati að nýju frumkvæði og aukinni fjárfestingu í málm- og olíuleit í þróunarlöndunum sem aftur er forsenda þess að fullnægja megi eftirspurninni í framtíðinni. Ef snauðustu löndin eiga að verða hlutgeng á þessu sviði verður að veita þeim sérstaka aðstoð!

Athugasemdir

1) GATT stendur fyrir *General Agreement on Tariffs and Trade*. Hér var um að ræða alþjóðasamninga sem upphaflega voru gerðir árið 1947 og miðuðu að því að lækka og afnema tolla í milliríkjaviðskiptum. Samningarnir voru síðar endurskoðaðir nokkrum sinnum. Líta má á þá sem undanfara WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Atriði til athugunar

1. Hvaða hugmyndir setur nefndin fram um aðgerðir af hálfu iðnríkjanna sem stuðlað gætu að framþróun í efnahagslífi þriðja heims ríkja?
2. Leiddu hugann að efnahagsstöðu og aðstæðum þróunarlandanna, eins og þær blöstu við um aldamótin 2000, í ljósi tillagna Brandt-nefndarinnar.

Heimild

Nord-sør. Et program for å overleve. Oslo, 1980.

*2. Í kaflanum í kennslubókinni er bent á að SÞ gefi árlega út skýrsluna *Human Development Report*. Lagt er til að hópar nemenda kynni sér ákveðna efnisþætti nýjustu skýrslunnar af þessu tagi og glöggvi sig á því hvert þróunin stefnir á einstökum sviðum.

V.8 : Vaxtartakmarkanir á Íslandi

Athugunarefni í texta

°1. „Á löngum tímabilum voru laun *vísitölutryggð,*“ segir í kaflanum. Rifjið upp hvað *vísitala* er. Ef með þarf getið þið flett upp í Nafna- og hugtakaskrá bókarinnar, séð hvar hugtakið hefur komið við sögu og athugað hvort það er skýrt þar eða skýrist kannski af samhenginu.

°2. Eruð þið nokkuð í vafa um hver er „sá guli“ sem er nefndur í kaflanum? Vissuð þið það fyrir eða getið þið lesið það út úr textanum?

°3. Skiptið 20. öldinni upp í fjögur tímabil með tilliti til þeirra vandamála sem spruttu af framleiðsluvexti í landbúnaði og sjávarútvegi og ólíkum viðbrögðum landsmanna við þeim.

Umræðuefni

#1. Hvernig væri best að stjórna fiskveiðum Íslendinga? – Er kvótakerfið besta leiðin til þess? – Hvaða leiðir eru betri? – Hvaða kostir og gallar mundu fylgja *leigukvóta,* ef ríkissjóður leigði útgerðarmönnum fiskveiðikvóta til ákveðins tíma? – Hvaða kostir og gallar eru á byggðarkvóta, þegar útgerðaraðilum í ákveðnum byggðarlögum er úthlutað kvóta?

#2. Í kaflanum er sagt: „Ef þjóðin vill að sveitir landsins haldist í byggð verður að tryggja það í velferðarsamfélagi að þeir sem búa þar hafi um það bil sömu lífskjör og aðrir.“ – En vill þjóðin það? – Hvers vegna skyldi hún vilja það? – Viljið þið það?

#3. Íslendingar hafa haldið því fram á alþjóðavettvangi að þeir eigi að fá sérstakan rétt til að auka orkunotkun sína, ólíkt öðrum hátækniþjóðum, vegna þess að þeir geti framleitt orku á umhverfisvænni hátt en flestir aðrir til að bræða ál og framleiðsla á áli sé í sjálfri sér umhverfisvæn iðja vegna þess að það er léttur málmur og kostar því hlutfallslega litla orku að knýja farartæki sem eru að miklu leyti úr því. – Fallist þið á þessa rökfærslu? – Væri hægt að segja líka að Íslendingar ættu að brenna minni olíu en aðrar þjóðir vegna þess að þeir eru svo heppnir að búa í landi þar sem hægt er að framleiða rafmagn með vatnsafli og varmaorku?

Heimildaverkefni

*1. Í kaflanum segir um kvótakerfið í fiskveiðistjórn:

Bent hefur verið á að réttlátara væri að ríkissjóður, sameiginlegur sjóður þjóðarinnar, leigði útgerðarmönnum kvótann tímabundið. Við gætum öll notið góðs af því í lægri sköttum eða meiri þjónustu ríkisins. Rétturinn til að veiða fisk sé verðmæti sem sanngjarnt sé að menn borgi fyrir. En á slíku kerfi þykja líka gallar.

Rekið í stuttri ritgerð hverjir þessir gallar þykja einkum vera og metið sjálf hve alvarlegir þeir séu, hver fyrir sig. Notið sem heimild bók Helga Skúla Kjartanssonar, *Ísland á 20. öld* (2003), 498–99.